

Ársskýrsla 2007

Ársskýrsla 2007



Persónuvernd

Ljósmyndir: Bjarni Eiríksson
Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja
ISSN 1670-3782.

Formáli forstjóra



Inntak persónuverndar og einkalífsréttar er víðfeðmt. Það lýtur ekki aðeins að því að tryggja leynd um viðkvæmar upplýsingar heldur líka að því að tryggja áreiðanleika þeirra og öryggi. Síðustu misseri hafa systurstofnanir Persónuverndar í Evrópu í auknum mæli beint sjónum sínum að því síðastnefnda. Á það meðal annars rætur að rekja til margra nýlegra atvika þar sem misbrestir hafa verið á öryggismálum með þeim afleiðingum að persónuupplýsingar hafa glatast.

Í því sambandi má nefna tíðar fréttir frá Stóra-Bretlandi. Í ársbyrjun fundust þar t.d. hundruð skjala á víð og dreif á hringtorgi, en á þeim voru upplýsingar um greiddar bætur til fjölda manna, bankayfirlit og vegabréfaupplýsingar. Þá hvarf geisladiskur sem á voru erfðaupplýsingar sem safnað hafði verið í Hollandi við rannsókn þúsunda alvarlegra glæpa. Einnig týndist fartölva með fjölbættum persónuupplýsingum um 600.000 starfsmenn breska hersins, tveir tölvudiskar með upplýsingum um heilsufar þúsunda Breta og sömuleiðis tölvudiskar skattýfirvalda, en á þeim munu hafa verið fjárhagsupplýsingar um hálfá þjóðina. Nýverið var og greint frá því að fartölva með trúnaðarupplýsingum um 21.000 sjúklinga var stolið frá Colchester-sjúkrahúsínu á Englandi, en á henni voru nöfn sjúklinga, kennitölur, heimilisföng og heilsufarsupplýsingar. Einnig má nefna dæmi frá Bandaríkjunum um gáleysislega meðferð gagna. Þar týndust t.d. tölvudiskar með upplýsingum um 3 milljónir bílprófsúmsækjenda og í Svíþjóð gleymdi starfsmaður leyniþjónustu hersins minnislykli í tölvu á almennu bókasafni, en á honum var mikið af viðkvæmum gögnum.


Hér heima hafa því miður ýmis áþekk mál komið upp. Frést hefur af kortasvindli á Netinu, misnotkun greiðslukortaupplýsinga til að ná fé úr hraðbönkum og fartölvuþjófnum, m.a. þjófnaði á tölvum sem á voru heilsufarsupplýsingar og ýmsar aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar.

Vönduð meðferð persónuupplýsinga og tryggjar öryggisráðstafanir skipta sköpum. Er því afar mikilvægt að menn láti ekki undir höfuð leggjast að fylgja settum reglum þar að lútandi. Margt bendir til að þess muni sjá merki í starfi Persónuverndar í framtíðinni, þ.e. að aukin áhersla verði lögð á mál er tengjast öryggisráðstöfunum og eftirliti með beitingu þeirra.

Það þýðir þó ekki að nú megi gefa eftir á öðrum sviðum. Það er staðreynd að aldrei hefur eftirlit með borgurunum verið jafnmikið og nú. Af innlendum vettvangi má geta þess að á síðasta þingi var samþykkt að upplýsingar um lyfjakaup Íslendinga yrðu varðveittar í 30 ár í gagnagrunni hjá Landlæknisembættinu. Af erlendum vettvangi má nefna að á næsta ári mun verða komið á laggirnar gagnabanka með líffræðilegum upplýsingum um 70 milljónir manna sem fara um landamæri ríkja Evrópusambandsins. Sænska þingið hefur samþykkt lög sem veita yfirvöldum víðtækar heimildir til að hafa eftirlit með fjarskiptum til og frá landinu; tölvupósti, símtölum og sms-skilaboðum. Ný tækni verður bráðlega tekin í notkun á tíu flugvöllum í Bandaríkjunum sem gerir öryggisvörðum kleift að skima í gegnum fót flugfarþega; sjá þá sem naktir væru.

Sagan sýnir að í tilraunum manna til að verjast því sem þeir óttast mest grípa þeir gjarnan til örþrifaráða. Hrætt fólk lætur sannfærast um réttmæti þess að skerða einkalífsréttindi þeirra sem kastljós grunsemda og tortryggni beinist að hverju sinni. En gleymum ekki að enginn veit að hverjum því ljósi verður beint næst og að það getum hvenær sem er orðið við sjálf.

Í júní 2008
Sigrún Jóhannesdóttir



Efnisyfirlit

1. Almenn

1.1. Stofnunin Persónuvernd	9
1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2007	9
1.3. Um starfið 2007	9
1.4. Um fjárreiður 2007	10

2. Hlutverk Persónuverndar

2.1. Nánar um ýmis verkefni Persónuverndar	12
2.1.1. Um leyfisveitingar og tilkynningar	13
2.1.2. Um úttektir	14

3. Nánari umfjöllun um ýmis mál – Leyfisveitingar og aðrar afgreiðslur; úrskurðir, álit, umsagnir og svör við fyrirspurnum

3.1. Veitt leyfi 2007	15
3.1.1. Starfsleyfi	15
3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðisviði	15
3.2. Nánar um ýmis mál	24
3.2.1. Álit á túlkun 15. gr. reglugerðar nr. 569/1999 um sakaskrá ríkisins – mál 2006/694	24
3.2.2. Miðlun vinnuveitanda á upplýsingum um starfslok starfsmanns til ráðgjafarþjónustu – mál 2006/620	26
3.2.3. Aðgangur tryggingafélaga að upplýsingum um umferðarlagabrot; eðli upplýsinga í ökuferilsskrá – mál 2006/708	29
3.2.4. Öryggi rafrænna sjúkraskráa innan Landspítala – Háskólasjúkrahúss – mál 2005/384	33
3.2.5. Lögmæti miðlunar upplýsinga úr Landskrá fasteigna – mál 2007/30	34
3.2.6. Upplýsingar um kostnaðarhlutdeild sjúklings í lyfjaverði; skráning þeirra í lyfjagagnagrunn landlæknis, sem rekinn er samkvæmt lyfjalögum – mál 2007/51	37
3.2.7. Skráning Alcan á upplýsingum um skóðanir manna á stækkun álversins í Straumsvík; inntak hugtaksins „ábyrgðaraðili“ – mál 2007/258	38
3.2.8. Skráning Alcan á upplýsingum um skóðanir manna á stækkun álversins í Straumsvík; um fræðsluskyldu – mál 2007/258	40
3.2.9. Aðgangur að upplýsingum úr fæðingaskrá og gögnum um fóstureyðingar – mál 2007/259	44
3.2.10. Úttekt á vinnslu persónuupplýsinga hjá Lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarviðs KÍ – mál 2005/463	48

3.2.11. Úttekt á vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í Lífsýnabanka KÍ – mál 2005/463	51
3.2.12. Íslenskri erfðagreiningu ehf. synjað um leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Viðtækrar erfðamengisleitar orsaka sjúkdóma og einkenna þeim tengdra á grundvelli B-samþykkja og gagna í lífsýnasafni ÍE“; hugtakið „samþykki“, „ábyrgðaraðili“, um beitingu markmiðsákvæðis 1. gr., um hagsmunamat o.fl. – mál 2007/497	58
3.2.13. Bráðabirgðaheimild fyrir Ícelandair til flutnings farþegaupplýsinga til yfirvalda í Bandaríkjunum – mál 2006/332	71
3.2.14. Miðlun upplýsinga úr félagaskrá FÍB og notkun þeirra við beina markaðssetningu – mál 2007/564	76
3.2.15. Notkun fingrafaralesara við afgreiðslu máltíða í skólamötuneyti – mál 2007/584	77
3.2.16. Synjun um leyfi til vinnslu upplýsinga um greiðsluhegðun einstaklinga – mál 2007/555	80
3.2.17. Umsóknareyðublað Menntaskólans Hraðbrautar – mál 2007/514	82
3.2.18. Aðgangur læknanema að sjúkraskrá – mál 2005/616	86
3.2.19. SWIFT-málið – mál 2006/447	87
3.2.20. Samræmd Eurodac-úttekt – mál 2007/140	88
3.2.21. Uppfletting fyrirtækis í vanskilaskrá LT; frávísun – mál 2007/536	90
3.2.22. Vinaleið Þjóðkirkjunnar í Flataskóla; frávísun – mál 2007/678	92
3.2.23. Tálbeita í Kompás; frávísun – mál 2007/724	92

4. Erlent samstarf

4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana	93
4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana	93
4.3. Alþjóðlegt samstarf	93
4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins	93
4.5. Erlent samstarf vegna ýmissa sérverkefna eða einstakra mála	94
4.6. Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er hér að framan..	94
4.6.1. Um fund forstjóra norrænna persónuverndarstofnana	94
4.6.2. Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana	94
4.6.3. Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana	94
4.6.4. Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB	95
4.6.5. Um vorfund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana	112
4.6.6. Um starf sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar – JSA	113
4.6.7. Um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og starf EDPS í tengslum við hann	115
4.6.8. Um starf vinnuhóps um lögreglumál	116
4.6.9. Um 29. alþjóðaráðstefnu forstóra persónuverndarstofnana	118
4.6.10. Um samstarf á vettvangi Evrópuráðsins	119

5. Lög nr. 77/2000

5.1. Lög nr. 77/2000, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 90/2001, lögum nr. 81/2002, lögum nr. 46/2003, lögum nr. 72/2003 og lögum nr. 50/2006	120
---	-----



Persónuvernd

1. Almenn

1.1. Stofnunin Persónuvernd

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og -reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2007

Formaður stjórnar var Dr. Páll Hreinsson hæstaréttardómari. Auk hans sátu í stjórn stofnunarinnar Haraldur Briem sóttvarnalæknir, Svana Helen Björnsdóttir verkfræðingur og formaður Skýrslutækni-félags Íslands og Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður. Valur Árnason sat í stjórn Persónuverndar þar til í október er við tók Aðalsteinn Jónasson. Vilhelmína Haraldsdóttir læknir var varamaður Haraldar en Arnaldur Axfjörð, verkfræðingur og varaformaður Skýrslutækni-félags Íslands, var varamaður Svönu Helenar. Aðrir varamenn voru Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður og Ástríður Grímsdóttir dómari. Haldnir voru 9 stjórnarfundir á árinu.


Forstjóri stofnunarinnar var Sigrún Jóhannesdóttir. Aðrir starfsmenn voru Kristín Rós Björnsdóttir fjármála- og skrifstofustjóri, Hrund Sigurðardóttir ritari og Þórður Sveinsson, Særún María Gunnarsdóttir, Raket Jensdóttir, Bragi Rúnar Axelsson, Lárus Sigurður Lárusson, Þórunn Pálína Jónsdóttir og Anna Pála Sverrisdóttir lögfræðingar. Ingvi Snær Einarsson lét af störfum í júlí og Arnhildur G. Guðmundsdóttir í ágúst.

1.3. Um starfið 2007

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 37. gr. l. nr. 77/2000, er sjöunda ársskýrsla Persónuverndar. Stöðug aukning hefur orðið í fjölda innkominna erinda. Ný mál árið 2002 voru 606, árið 2003 voru þau 627, árið 2004 voru þau 676, árið 2005 voru þau 720 og árið 2006 voru þau 764.


Á árinu 2007 voru ný mál 904 talsins. Óafgreidd erindi frá fyrra ári voru 135 þannig að alls hafði stofnunin til meðferðar 1039 mál á árinu. Hún afgangi 742 mál.

Skráð mál 2002-2007



Eftirfarandi tafla sýnir tegundir afgangra mála og fjölda:

Tegundir	Fjöldi
Frumkvæðismál	4
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	329
Kvartanir/kæror/úrskurðir	25
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	12
Veitt leyfi	109
Mál vegna tilkynninga	69
Erlent samstarf	95
Annað	99



Auk framangreindra mála bárust Persónuvernd 476 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. Eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar

1.4. Um fjárreiður 2007

Fjárveitingar í fjárlögum til Persónuverndar námu samtals 60 millj. kr., en það er hækkun um 2,4 millj. kr. frá árinu 2006. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu námu samtals rúmlega 71,063 millj. kr. og var tekjuhali því liðlega 11,1 millj. kr. eða 15,6%.

Af framangreindum kostnaði var kostnaður vegna launa og launatengdra gjalda 52,2 millj. kr., starfstengdur kostnaður (ferðareikningar, fundir, námskeið, akstur o.fl.) nam 5,3 millj. kr. og kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðipjónustu (öryggisúttektir, tölvumál og fleira) nam 4,1 millj. kr. Stofnunin er í leiguhúsnæði í eigu Fasteigna ríkissjóðs og nam kostnaður vegna húsnæðis 3,2 millj. kr.

Samkvæmt rekstrarreikningi hefur kostnaður tengdur skrifstofuhaldi lækkað milli ára sem nemur 37,9%. Meginskýring lækkunarinnar má rekja til afnotaleyfa af hugbúnaði á árinu 2006 og tilfærslu vegna samninga um tölvupjónustu. Á árinu varð hækkun á funda- og ferðakostnaði sem nam 130% en ástæður þess má að mestu rekja til norræns fundar systurstofnana Persónuverndar sem haldinn

var hér á landi í ágúst og kostnaðar vegna 25 ára afmælis persónulöggjafar á Íslandi. Breyting varð á milli ára á liðnum aðkeypt þjónusta en hann má rekja til uppsetningar á netbúnaði, viðgerða og kaupa á smátækjum og áhöldum.

Hér að neðan er rekstrarreikningur Persónuverndar.

Rekstrarreikningur ársins 2007

Tekjur	<u>2007</u>	<u>2006</u>
Seld þjónusta.....	109.022	1.515,079
	109.022	1.515,079
 Gjöld		
Launagjöld.....	52.186.780	42.347.418
Aðkeypt þjónusta.....	4.058.836	4.026.350
Starfstengdur kostnaður.....	5.285.157	2.293.924
Húsnæðiskostnaður.....	3.106.266	2.744.120
Rekstrarkostnaður.....	5.242.702	8.309.882
Tilfærslur.....	237.350	0
	<u>70.256.45</u>	<u>60.083.840</u>
Tækjakaup/húsbúnaður o.fl.....	916.054	1.345.472
	71.172.510	61.429.312
Tekjuafgangur (- halli) fyrir ríkisframlag.....	(71.063.488)	(59.914.233)
Ríkisframlag.....	<u>60.000.000</u>	<u>57.600.000</u>
Tekjuafgangur (-halli) ársins	(11.063.488)	(2.314.233)



2. Hlutverk Persónuverndar

Í fyrri ársskýrslum Persónuverndar hefur verið gerð grein fyrir helstu áherslum í vinnu stofnunarinnar á hverju starfsári. Fyrstu starfsár Persónuverndar fór mikil vinna í samningu fjölþættra stjórnvaldsfyrirmæla og samræmdra reglna um verklag og daglega starfsemi. Á þriðja og fjórða starfsári Persónuverndar var einkum lögð áhersla á gerð öryggisúttekta og er þeim verkefnum sem þá var hleypt af stokkunum nú að mestu lokið. Almennt má segja að sú vinna hafi leitt í ljós að víðast hvar sé öryggi persónuupplýsinga nokkuð vel tryggt. Hafa þeir sem vinna með persónuupplýsingar flestir tekið slíkum úttektum vel og orðið við ábendingum Persónuverndar og fyrirmælum um aðgerðir til úrbóta hvað varðar vinnubrögð og öryggi og skipulag á vinnslu persónuupplýsinga. Fimmsta starfsárið var mikil áhersla lögð á fjölþætt kynningarstarf. Heimsóttu starfsmenn Persónuverndar fjölda skóla og vinnustaða og kynntu starfsemi stofnunarinnar. Á árinu 2007 var tekin sú stefna að kynna Persónuvernd vel á meðal almennings. Gefið var út afmælisrit af tilefni 25 ára afmælis persónuverndarlagi á Íslandi.

2.1. Nánar um ýmis verkefni Persónuverndar

Helstu verkefni Persónuverndar eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Ennfremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og síðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu um persónuvernd.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög nr. 77/2000, reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífisrétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði laga nr. 77/2000 og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráð eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga, þ. á m. kennitölu, eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkom-

andi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað. Hún getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum hennar.

Brot á ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögáðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer er: 510 9600. Faxnúmer er: 510 9606. Netfang er: postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is, er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni, reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

2.1.1. Um leyfisveitingar og tilkynningar

Persónuvernd afgreiðir leyfisumsóknir og tekur við tilkynningum.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 9. gr. sömu laga sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju, einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur alla jafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna, þ.e. þeim sem búa yfir viðkomandi upplýsingum, en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd. Áður en vinnsla persónuupplýsinga hefst skal ábyrgðaraðili almennt senda Persónuvernd *tilkynningu* um vinnsluna. Hér er ekki um að ræða umsókn um leyfi Persónuverndar heldur einungis tilkynningu um að vinnslan muni fara fram. Tilkynningin er send rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is (smellið á „Tilkynningar“), og vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Það hefur hún gert með setningu reglna nr. 698/2004 sem tóku við af reglum nr. 90/2001. Í 7. gr. reglnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lífsýnalögum nr. 110/2000 og lögum um réttindi sjúklunga nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera ítarlega rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina sérstaklega *á grundvelli hvaða reglu um leyfisskyldu hún byggir* og hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Í því sambandi skal bent á að afhending og móttaka upplýsinga telst til vinnslu þeirra. Umsókn skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

Persónuvernd hefur sett sérstakar verklagsreglur, nr. 340/2003, um afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskráum vegna aftursýnna vísindarannsókna. Meginreglan er sú að þegar unnið er með persónuupplýsingar við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði skal vinnsla upplýsinganna byggjast á samþykki þátttakenda í rannsókninni. Þessar verklagsreglur gilda um nokkrar undantekningar frá framangreindri meginreglu sem byggjast á 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklunga. Þær gilda einvörðungu um umsóknir lækna, annarra heilbrigðisstarfsmanna og háskólanema á sviði heilbrigðisfræða um leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna aftursýnna vísindarannsókna og um afgreiðslu Persónuverndar á þeim umsóknum, en með aftursýnri vísindarannsókn er hér átt við rannsókn þar sem ekki er gert ráð fyrir virkri þátttöku sjúklings, s.s. með því að hann gefi upplýsingar eða láti lífsýni í té, heldur aðeins vinnslu upplýsinga úr fyrirliggjandi skráum og sjúkraskráum sem færðar hafa verið í samræmi við fyrirmæli 14. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklunga. Þessar verklagsreglur gilda ekki um aðgang að lífsýnum í þágu vísindarannsókna á heilbrigðissviði.

2.1.2. Um úttektir.

Samkvæmt 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til þess að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf þó ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Gert er ráð fyrir að úttektir af þessu tagi fari fram í góðri samvinnu Persónuverndar og ábyrgðaraðila. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.

Úttekt er framkvæmd í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og fara yfir skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila, sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga. Seinni hlutinn er skoðun á þeim stað eða stöðum þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram á vegum ábyrgðaraðila. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lútandi. Persónuvernd lýkur svo úttektinni með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft á tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar oft takmarkast við afmarkaðan þátt starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samanburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Er þá jafnan reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megi að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.



3. Nánari umfjöllun um ýmis mál

Leyfisveitingar og aðrar afgreiðslur; úrskurðir, álit, umsagnir og svör við fyrirspurnum

Hér á eftir er gerð grein fyrir ýmsum ákvörðunum, einkum þeim sem þykja hafa fordæmisgildi. Ítarlegar er fjallað um ýmis mál á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

3.1. Veitt leyfi 2007

3.1.1. Starfsleyfi

2007/306 – Lánstraust hf. fékk bráðabirgðastarfsleyfi til að annast söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust *einstaklinga*, í því skyni að miðla þeim til annarra, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna Persónuverndar nr. 698/2004 og 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001.

2007/306 – Lánstraust hf. fékk bráðabirgðastarfsleyfi til að annast söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust *lögaðila*, í því skyni að miðla þeim til annarra, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000.

2007/442 – Lánstraust hf. fékk starfsleyfi til að annast söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust *einstaklinga*, í því skyni að miðla þeim til annarra, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna Persónuverndar nr. 698/2004 og 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001.

2007/441 – Lánstraust hf. fékk starfsleyfi til að annast söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust *lögaðila*, í því skyni að miðla þeim til annarra, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000.

2007/888 – Lánstraust hf. fékk endurnýjað starfsleyfi til að safna og skrá upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust *lögaðila*, í því skyni að miðla þeim til annarra, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000.

3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði

Veitt voru leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð ýmissa vísindarannsókna á heilbrigðissviði:

2004/133 – Hlíf Steingrimsdóttir fékk endurútgafna heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna könnunar á ættlægni mergfrumuæxlis/góðkynja einstofna immúnóglóbúlínhækkunar (MGUS) í 8 fjölskyldum sem þekktar eru hér á landi.

2005/367 – Þórarinn Gíslason, yfirlæknir og prófessor, fékk viðbótarleyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tengsl svitunar, hitastigsstjórnunar og vanstarfsemi æðabels hjá kæfisvefnssjúklingum“.

2005/464 – Hulda Hákonardóttir hjá Háskólanum í Reykjavík, fékk framlengt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Almannatryggingar: Hlutverk þeirra og samspil við önnur bótaúrræði“.

2006/17 – Helga Jónsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á stuðningsmeðferð fyrir fólk með langvinna lungnateppu og fjölskyldur þeirra.

2006/68 – Hlíf Steingrimsdóttir fékk endurútgafna heimild til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknina „Arfgengar orsakir einstofna mótefnahækkunar og skyldra B-frumusjúkdóma“.

2006/68 – Helga Ögmundsdóttir, prófessor og yfirlæknir á LSH, fékk viðbótarleyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Tengsl HAS 1 stökkbreytinga við ættlæga einstofna mótefnahækkun“.

2006/523 – Þóra Björk Bjarnadóttir fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga úr þjóðskrá um þá sem misst höfðu maka sinn, þ.e. vegna „Rannsóknar á einkennum áfallaröskunar og annarra sálfræðilegra erfiðleika hjá öldruðum eftir að hafa misst maka sinn (innan 8 vikna)“.

2006/693 – Kolbrún Benediktsdóttir og Laufey Kristín Valdimarsdóttir fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Er hagkvæmt að nota nýja myndröð til þess að sjá betur heila- og mænisiggs (MS) breytingar í mænu?“.

2006/703 – Kristbjörn Reynisson læknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Samanburður á vökva við hliðarlegu rannsókn af lungum og tölvusneiðmynd af lungum“.

2006/730 – Hildur Thors læknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Langtímaárangur eins árs offitumeðferðar á Heilsustofnun NLFÍ: Tveggja ára eftirfylgd“.

2006/732 – Þorvaldur Jónsson, sérfræðingur í skurðlækningum á LSH, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á gildi EFST-rannsókna við staðsetningu á ofvirkum kalkkirtilsvef.

2006/753 – Bárður Sigurgeirsson, sérfræðingur í húðsjúkdómum, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Slembiröðuð, opin, fjölsetra rannsókn með samanburði við virkt efni, hjá samhliða hópum, til að leggja mat á verkun, öryggi og þol 10% terbinafínhydrógenklóríð (HC1) samsetningar til útvortis notkunar borið saman við 5% amorolfín naglalakk við 48 vikna meðferð hjá sjúklingum með vægan til í meðallagi slæman naglasvepp í tánöglum“.

2007/1 – Felix Valsson, sérfræðingur í hjarta- og gjörgæslulækningum, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Endurhitun og viðhald líkamshita eftir hjartaskurðaðgerðir með hjálp varmaskiptaæðaleggs (endovascular heat exchange catheter) sem lagður er í holæð á hálsi“.

2007/7 – Jón Snædal, yfirlæknir á öldrunarlækningadeild LSH, og Kristinn Johnsen, framkvæmdastjóri Mentis Cura, fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina: „Construction of an EEG database“.

2007/17 – Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár, fékk heimild til samkeyrslu skráa vegna rannsóknarinnar „GARDASIL Vaccine Impact in Population (VIP study) – Áhrif hins nýja bóluefnis Gardasil á HPV tengdar sýkingar“.

2007/24 – Vilmundur Guðnason fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga, n.t.t. með erfðaeftni, vegna rannsóknarinnar „Erfðamarkagreining í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar“.

2007/31 – Guðjón Birgisson skurðlæknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Afdrif sjúklinga sem útskrifast af bráðamóttöku með óútskýrða kviðverki“.

2007/36 – Sigurður Böðvarsson, sérfræðingur í krabbameinlækningum, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Opin rannsókn á bevacizumab (AVASTIN) ásamt lyfjameðferð sem inniheldur platínumlyf sem fyrsta meðferð hjá sjúklingum með langt gengið eða endurtekið lungnakrabbamein sem er hvorki af smáfrumu- né flögubekjugerð“.

2007/37 – Bjarni A. Agnarsson, læknir, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Orsakir eitlastækkana á Íslandi“.

2007/45 – Guðjón Birgisson, Margrét Oddsdóttir, Bergþór Björnsson og Vilhelmína Haraldsdóttir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Valmiltistökur á LSH 1994-2005, langtíma eftirfylgd“.

2007/46 – Ingibjörg Hinriksdóttir, yfirlæknir á Heyrnar- og talmeinaæð, og Claes Möller, prófessor við Háskólann í Örebro, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Greiningaraldur barna sem greindust með heyrnarskerðingu á tímabilinu 2002 til 2006 á Íslandi“.

2007/56 – Barnavernd Reykjavíkur fékk heimild til að afhenda Aðalbjörgu Bjarnadóttur upplýsingar úr málaskrá sinni vegna rannsóknarinnar „Börn innflytjenda í barnaverndarkerfinu“.

2007/67 – Guðlaugur Einarsson og Hjördís Pétursdóttir fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Geislaálag barna við tölvusneiðmyndarannsóknir“.

2007/78 – Ingibjörg Eiríksdóttir, hjúkrunarfræðingur, brjóstgafaráðgjafi og ljósmóðir MSc, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Notkun syntocinons dreypis til örvunar í eðlilegri fæðingu og reynsla og viðhorf ljósmæðra til þess“.

2007/85 – Jón Jóhannes Jónsson, dósent og yfirlæknir, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Medium-chain acyl-CoA dehydrogenase (MCAD) skortur á Íslandi“.

2007/85 – Pétur Lúðvígsson barnalæknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á skorti á MCAD í börnum á Íslandi.

2007/92 – Þórður Þórkelsson barnalæknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Opin fósturæð í fyrirburum“.

- 2007/104** – Rafn Benediktsson sérfræðilæknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Æxli í heiladingli á Íslandi: faraldsfræði í 50 ár“.
- 2007/114** – Jóhanna Bernharðsdóttir, lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, og Reiknistofnun HÍ, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknina „Sálrán líðan kvenstúdenta við Háskóla Íslands; Tíðni depurðar- og kvíðaeinkenna“.
- 2007/116** – Gunní Petru Þórisdóttur, f.h. AstraZeneca c/o Vistor, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á áhrifum og hagkvæmni af lyfinu Symbicort, sem viðhaldsmeðferð við bráðaeinkennum hjá astmasjúklingum.
- 2007/142** – Guðmundur Þorgeirsson sérfræðingur fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og vinnslu með erfðafni vegna samamburðarrannsóknar á LTB4-blóðgildum hjá einstaklingum sem fengið hafa hjartaáfall og þeirra sem ekki hafa fengið hjartaáfall.
- 2007/158** – Gísli H. Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Alvarleg sýklasótt á íslenskum gjörgæsludeildum. Tíðni og meðferðarárangur“.
- 2007/159** – Sigurfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Áhrif helgiathafna (bæn við dánarbed, bæn við kistulagningu og útfararathöfn) á úrvinnslu sorgar þar sem líffæri eru gefin úr látnum gjafara. Viðhorf ástvína til líffæragjafarinnar og til samskiptanna við það starfsfólk sem hafði milligöngu um gjöfina.“
- 2007/167** – Þráinn Rósmundsson, yfirlæknir barnaskurðlækninga, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á botnlangabólgu hjá börnum.
- 2007/168** – Ásgeir Haraldsson, prófessor í barnalækningum, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Hemólýtískir streptókokkar af flokki B (GBS): Sjúkdómsmynd í börnum, meinvirkni og faraldsfræði“.
- 2007/169** – Ásgeir Haraldsson, prófessor í barnalækningum, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Osteomyelitis og osteoarthritis hjá börnum á árunum 1995-2005“.
- 2007/171** – Ingibjörg Hjaltadóttir, sviðsstjóri hjúkrunar á öldrunarsviði LSH, Ingalill Rahm Hallberg, prófessor við heilbrigðisdeild háskólans í Lundi, og dr. Anna Ekwall Kristensson, rannsakandi við sama háskóla, fengu heimild til aðgangs að RAI-mats-gagnagrunninum vegna rannsóknarinnar „Þróun á heilsufari, færni og lífun íbúa á hjúkrunarheimilum“.
- 2007/184** – Jón Jóhannes Jónsson, dósent og yfirlæknir, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár og vinnslu persónuupplýsinga, m.a. um erfðafni manna, vegna rannsóknarinnar „Breytingar í fjölda erfðafnisraða í erfðamengi mannsins greindar með örsýnaraðsöfnum“.
- 2007/185** – Halldór Kolbeinsson, yfirlæknir á geðsviði LSH að Kleppi, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsókn á áhættuþáttum kransæðasjúkdóma og efnaskiptavillum hjá geðklofasjúklingum í eftirfylgd á legu- og göngudeild geðsviðs LSH að Kleppi“.
- 2007/188** – Ólafur E. Sigurjónsson, forstöðumaður grunnrannsókna og nýsköpunar í Blóðbanka LSH, Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir á LSH, og Ólafur Einarsson, lýtalæknir og sérfræðingur á LSH, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar

sem unnið er með erfðæfni, þ.e. rannsóknarinnar „Einangrun á stromal stofnfrumum úr fituvef fengnum úr fitusogsaðgerðum“.

2007/195 – Kristín Björnsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber heitið „Sjálfskilningur, samskiptavenjur og sérfræðiþekking á lystarstoli: Orðræðugreining“.

2007/208 – Sigrún Reykdal, læknir á blóðlækninga- og blóðmeinafræðideild LSH, og Krabbameinsfélag Íslands fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrár og vinnslu persónuupplýsinga úr Krabbameinsskrá vegna rannsóknar sem ber heitið „Árangur meðferðar bráðaeitilfrumuhvítblæðis (ALL) hjá fullorðnum á Íslandi 1987–2007“.

2007/217 – Gísli E. Haraldsson, deildarlæknir á slysa- og bráðasviði LSH, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á árangri af endurlífgunum utan spítala á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2004–2006.

2007/222 – Þorsteinn Blöndal, yfirlæknir á lungna- og berklavarnardeild Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Meðferð lungnaberkla á Íslandi 1940–1969 með sérstöku tilliti til hælismeðferðar og skurðaðgerðar“.

2007/224 – Eiríkur Örn Arnarson, forstöðusálfræðingur á endurhæfingarsviði Sálfræðiþjónustu LSH, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber heitið „Tengsl sálfélagslegra breyta, langtíma blóðsykursgildis og meðferðarheldni hjá fólki á aldrinum 20–30 ára með sykursýki af tegund 1“.

2007/233 – Þóra Steingrímsdóttir, yfirlæknir á Miðstöð mæðraverndar á Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Pelvic floor muscle strength before and after first childbirth (and womens perception of quality of the contraction)“.

2007/237 – Þórarinn Guðnason hjartalæknir fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Áhættuþættir, meðferðarárangur, fylgikvillar og horfur sjúklinga með hjarta- og æða-sjúkdóma sem gangast undir hjartaþræðingu eða kransæðavíkkun á Landspítala“.

2007/238 – Þorbjörn Jónsson, Leifur Þorsteinsson og Sveinn Guðmundsson fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna vísindarannsóknar þar sem m.a. er unnið með erfðæfni manna, þ.e. rannsóknarinnar „Söfnun og vinnsla á stofnfrumum ætluðum til stuðnings eftir háskammta-lyfjameðferð sjúklinga með eitlakrabbamein og mergfrumuæxli“.

2007/253 – María K. Jónsdóttir, sálfræðingur á sálfræðiþjónustu LSH, endurhæfingarsviði, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Gagnsemi klukkuprófa í greiningu heilabilunar“.

2007/257 – Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, Finnbogi Jakobsson og Hilmir Ásgeirsson fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrár og vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. um erfðæfni manna, vegna „Rannsóknar á dystoniusjúkdómum á Íslandi. Faraldsfræðileg rannsókn og rannsókn á hugsanlegum erfða-mörkum dystoniu hérlendis.“

2007/266 – Nick Cariglia, yfirlæknir á FSA, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Holsjár af gallgöngum og brispípu (ERCP) FSA 1984–2006“.

2007/268 – Vilmundur Guðnason fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrá og vinnslu persónuupplýsinga vegna vísindarannsóknar þar sem m.a. átti að nota erfðæfni frá 2. áfanga „Öldr-unarrannsóknar Hjartaverndar“.

2007/276 – Sigrún Garðarsdóttir, Sigrún Knútsdóttir og Marta Kjartansdóttir fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber heitið „Könnun á gagnsemi reglulegs mænuskaðæftirlits á LSH fyrir mænuskaðaða einstaklinga á Íslandi“.

2007/302 – Elías Ólafsson og Ágúst Hilmarsson fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber heitið „Afdrif sjúklinga með tímabundna heilablóðþurrð (TIA) sem leituðu á LSH á fjögurra ára tímabili 1998-2001“.

2007/303 – Elías Ólafsson, yfirlæknir á taugalækningadeild LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar á faraldsfræði heilameinvarpa.

2007/308 – Hrefna Guðmundsdóttir, sérfræðingur í lyflækningum og nýrnalækningum, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsókn til að meta lyfjahvörf og lyfhrif rannsóknarlyfsins DG-041 á storkunarferli í heilbrigðum einstaklingum með því að mæla Pvasp“.

2007/310 – Margrét Birna Andrésdóttir, sérfræðingur í nýrnalækningum, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Bráð nýrnabilun í kjölfar natríum fosfat úthreinsunar – sjúkratilfelli“.

2007/318 – Brynjólfur Mogensen, yfirlæknir, fékk heimild til aðgangs að upplýsingum í dánarmeinaskrá vegna rannsóknarinnar „Áverkadauði Íslendinga 1996–2005“.

2007/320 – Rannsóknarstofa í næringarfræði við HÍ og LSH fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Jöðhagur þungaðra kvenna og unglingsstúlkna á Íslandi“.

2007/323 – Pétur H. Hannesson, yfirlæknir á röntgendeild LSH, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Næmi „diffusion weighted“ segulómun á líffarlesionir samanborið við eldri aðferðir“.

2007/349 – Páll E. Ingvarsson og Raymond P. Onders fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Electrical Activation of the Diaphragm for Ventilatory Assist“.

2007/366 – Tryggingastofnun ríkisins og Miðstöð tannverndar fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga um öll þau börn þriggja og 12 ára gömul, sem höfðu fengið endurgjaldslausa forvarnaskoðun hjá tannlækni.

2007/380 – Novo Nordis A/S, Ragnar Bjarnason, Árni V. Þórsson, Ágústa Sigurjónsdóttir og Rafn Benediktsson fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „NordiNet® International Outcome Study (NordiNet IOS)“.

2007/391 – Íslensk erfðagreining, Kári Stefánsson, Jón Hjaltalín Ólafsson og Bárður Sigurgeirsson fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrá og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknina „Kortlagning og einangrun áhættugena húðofnæmis (atopic dermatitis)“.

2007/412 – Magnús Gottfredsson, sérfræðingur í smitsjúkdómum á lyflækningadeild LSH, fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Geislagerlabólga á Íslandi 1980-2006“.

2007/425 – Íslensk erfðagreining, Jón Hjaltalín Ólafsson, Rafn A. Ragnarsson, Ólafur Einarsson, Kristín Þórisdóttir og Kristrún Benediktsdóttir fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrá og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsókn á erfðum húðkrabbameina.

2007/429 – Þorvaldur Ingvarsson framkvæmdastjóri lækninga á FSA, og Lilja Rut Arnardóttir læknanemi fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Er klínískum leiðbeiningum um notkun sýklalyfja fyrir skurðaðgerðir fylgt á skurðeildum FSA?“

2007/430 – Elías Ólafsson, prófessor og yfirlæknir við taugalækningadeild LSH, og Ágúst Hilmarsson, deildarlæknir á slysa- og bráðadeild LSH, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Faraldsfræði heilaslags“.

2007/452 – María Ragnarsdóttir, rannsóknasjúkraþjálfari á Landspítala (LSH) fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Áhrif innöndunarþjálfunar á öndunarhreyfingar og lungnarúmmál eftir hjartaskurðaðgerðir“.

2007/459 – Hulda Hákonardóttir, Margrét Vala Kristjánsdóttir, Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir fengu leyfi til aðgangs að persónuupplýsingum hjá Tryggingastofnun ríkisins, úrskurðarnefnd almannatrygginga og úrskurðarnefnd félagsþjónustu vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Almannatryggingar: Hlutverk þeirra og samspil við önnur bótaúrræði“.

2007/472 – Gunnar Skúli Ármannsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar á blóðflæðimælingu í legslagæð og mælingu á glútatíoni í blóði á fyrri hluta meðgöngu.

2007/477 – Geir Gunnlaugsson, forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsókn á áhrifum þess á heilsu barna að gefa eingöngu brjóstamjólk í fjóra eða sex mánuði“.

2007/500 – Ásta Thoroddsen, dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands (HÍ), fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar á tíðni sýkinga á ganglim eftir bláæðatöku við opnar hjartaaðgerðir.

2007/518 – Þorvaldur Jónsson, ábyrgðarmaður Íslenska krabbameinsverkefnisins (ÍKV), og Kristleifur Kristjánsson, framkvæmdastjóri heilbrigðisviðs Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍÉ), fengu leyfi til samkeyrslu gagna úr krabbameinsrannsóknum Urðar, Verðandi, Skuldar ehf. og ÍÉ.

2007/519 – Finnbogi Jakobsson, sérfræðingur á taugalækningadeild LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar á sterameðferð við MS-sjúkdómi á dagdeild taugalækningadeildar LSH.

2007/568 – Þórarinn Gíslason, lungnalæknir á LSH, fékk viðbótarleyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Arfgengi og erfðapættir kæfisvefnis“.

2007/579 – Ólöf H. Bjarnadóttir, yfirlæknir á Reykjalundi, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Prófun á réttmæti og áreiðanleika á íslenskri þýðingu á lífs-gæðalista fyrir fólk með parkinsonsveiki, PDQ-39 IS, 2. útgáfa“.

2007/580 – Viðar Örn Eðvarðsson barnalæknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Langvinnur nýrnasjúkdómur í íslenskum börnum“.

2007/609 – Þóra Víkingsdóttir, verkefnastjóri á ónæmisfræðideild LSH, fékk leyfi til aðgangs að sermi úr blóðsýnum 100 heilbrigðra einstaklinga vegna stöðlunar á greiningarprófi til mælingar á virkni styttri ferils komplementkerfisins.

2007/619 – Þorbjörn Jónsson, læknir hjá LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Magn og virkni próteina í lektínferli komplementkerfisins hjá sjúklingum með Henoch-Schönlein purpura og IgA nýrnamein - Samanburður á íslenskum og finnskum sjúklingum“.

2007/624 – Elías Ólafsson, yfirlæknir á taugalækningadeild LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar: „Byrjunareinkenni Multiple Sclerosis, þýðisrannsókn á Íslandi“.

2007/627 – Lára G. Sigurðardóttir, deildarlæknir á skurðeild LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á bruna af völdum heitavatns úr neysluvatnslögnum.

2007/627 – Margrét Árnadóttir, nýrnasérfræðingur á LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á sérstöku formi bráðrar nýrnabilunar.

2007/650 – Sigurður Júlíusson, sérfræðingur á háls-, nef- og eyrnadeild LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á því hvort kokaðgerð hjálpi þeim kæfisvefnissjúklingum sem ekki geta nýtt sér blásturstækjameðferð.

2007/654 – Ásgerður Sverrisdóttir, sérfræðilæknir á Landspítalanum, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár, til aðgangs að krabbameinsskrá, til aðgangs að dánarmeinaskrá Hagstofu Íslands og til samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Eftirfylgni kvenna sem fengið hafa geislameðferð við brjóstakrabbameini“.

2007/662 – Þórarinn Gíslason lungnalæknir fékk heimild til flutnings persónuupplýsinga úr landi, þ.e. lífsýna sem safnað var vegna rannsóknarinnar „Arfgengi og erfðabættir kæfisvefnis“.

2007/689 – Valgerður Sigurðardóttir, yfirlæknir á Líknardeild LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Innleiðing á meðferðarferli fyrir deyjandi“.

2007/729 – Elfa Björk Hermannsdóttir hjúkrunarfræðinemi fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Reynsla fyrirburamæðra af brjóstagjöf: Áhersla á fræðsluþarfir“.

2007/732 – Þórður Þorkelsson, barnalæknir, Atli Dagbjartsson, yfirlæknir og dósent, Ásgeir Haraldsson, barnalæknir og prófessor, og Hildur Harðardóttir, sviðsstjóri Kvinnadeildar LSH og lektor, fengu leyfi til aðgangs að mæðraskrá í tengslum við rannsókn sem ber heitið „Áhrif eðlilegrar fæðingar á súrefnisflutning til fósturs“.

2007/735 – Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár, fékk viðbótarleyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Eftirfylgni kvenna sem tóku þátt í Future II rannsókn MSD, Landlæknis og Leitarstöðvar á bóluefninu Gardasil: Langtíma virkni, ónæmissvörun og öryggi“.

2007/759 – Björn Guðbjörnsson, læknir á LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna norrænnar rannsóknar á sóraliðlöskun.

2007/767 – Elías Ólafsson prófessor, Arna Einarsdóttir deildarlæknir, Jón Hrafnkelsson yfirlæknir, Aron Björnsson yfirlæknir og Ólafur Kjartansson yfirlæknir fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Bráður þrýstingur mænu á Íslandi 1998-2007“.

2007/768 – Hrefna Guðmundsdóttir, sérfræðingur í lyflækningum og nýrnalækningum hjá Íslenskum lyfjarannsóknnum ehf., Árni Kristinsson yfirlæknir, Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir, heilsugæslulæknir og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Samanburðarrannsóknar við lyfleysu til að meta lyfjahvörf rannsóknarlysins DG-041 og áhrif á storkunarfæri (með mælingu pVASP), þegar DG-041 er gefið eitt og sér, samhliða klópidógrei og asetýlsalísýlsýru“.

2007/793 – Helga Gottfreðsdóttir, lektor og ljósmóðir á Miðstöð Mæðraverndar, Þóra Jenní Gunnarsdóttir lektor og Stefánía Guðmundsdóttir, nemi í ljósmóðurfræði, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif nálastungumedeferðar á grindarverki á meðgöngu: þróun meðferðar og forprófun mælitækis“.

2007/793 – Helga Gottfreðsdóttir, lektor í ljósmóðurfræði við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif nálastungumedeferðar sem veitt er eftir 41 viku (+/- 2 dagar) í eðlilegri meðgöngu á sjálfkrafa byrjun fæðingarhríða og þroskun legháls. Forprófun.“

2007/802 – Birkir Örn Hlynsson læknanemi, Ívar Gunnarsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir á LSH, og Þráinn Rósmundsson, yfirlæknir á Barnaspítala Hringins, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif aprotinis á blæðingar við aðgerðir vegna craniosynostosis“.

2007/811 – Sveinn Kjartansson, sérfræðilæknir á Vökudeild Barnaspítala Hringins, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á blóðhlutanotkun á Vökudeild Barnaspítala Hringins 2002-2006.

2007/824 – Viðar Örn Eðvarðsson, sérfræðingur í nýrnalækningum barna og gæðastjóri lækninga við Barnaspítala Hringins, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tengsl blóðþrýstings á barnsaldri við hjarta- og æðasjúkdóma síðar á ævinni“.

2007/839 – Rafn Benediktsson læknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar til að bera saman lyfið pioglitazón við lyfið sitagliptín og samsetta lyfið sitagliptín/metaformín í sjúklingum með sykursýki af tegund 2.

2007/842 – Davíð O. Arnar, læknir á LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Umfang og árangur endulífgunartílauna á LSH 2006 og 2007“.

2007/845 – Tómas Guðbjartsson, sérfræðingur og aðjúkt við Læknadeild Háskóla Íslands, og Þórarinn Arnórsson, sérfræðingur í hjarta- og lungnaskurðlækningum á LSH, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur míturlokuskiptaáðgerða á Íslandi 1985-2006“.

2007/859 – Sigrún Vala Björnsdóttir, lektor og doktorsnemi í lýðheilsuvísindum við HÍ, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á árangri nýrrar meðferðar við langvinnum stoðkerfisverkjum á Íslandi.

3.2. Nánar um ýmis mál

3.2.1. Álit á túlkun 15. gr. reglugerðar nr. 569/1999 um sakaskrá ríkisins – mál 2006/694

Persónuvernd veitti ríkissaksóknara umsögn af tilefni tveggja beiðna sem honum höfðu borist um að hann veitti upplýsingar úr sakaskrá. Hann óskaði álits á því hvort honum væri heimilt að verða við umræddum beiðnum, annarri eða báðum, og/eða ábendinga Persónuverndar um hvernig standa bæri að því hagsmunamati sem er forsenda þess að upplýsingar séu veittar úr sakaskrá samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 569/1999 um sakaskrá ríkisins.

Persónuvernd sendi svar, dags. 11. janúar 2007. Þar sagði m.a.:

„Annars vegar er um að ræða beiðni váttryggingafélags í tengslum við bótakröfu og er þar vísað til 15. gr. rg. nr. 569/1999. Hins vegar er um að ræða beiðni fyrirsvarsmanns leigubifreiðastöðvar vegna ákvæðis 5. gr. laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar og skilur ríkissaksóknari beiðnina þannig að hún sé einnig byggð á 15. gr. rg. nr. 569/1999. [...]

15. gr. rg. nr. 569/1999 er svohljóðandi: „Ríkissaksóknari getur veitt einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum ákveðnar upplýsingar úr sakaskrá, enda sé það gert til þess að mögulegt verði að gæta lögvarinna hagsmuna sem greinilega eru ríkari en þeir hagsmunir sem felast í að halda upplýsingunum leyndum.“

[...]

1.

Almennt

Í sakaskrá eru færðar upplýsingar um tilteknar lyktir opinberra mála á hendur einstaklingum og lög-
aðilum. Þær upplýsingar er varða einstaklinga teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna.

Til þess að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 að vera uppfyllt. Ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða verður jafnframt að uppfylla eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil standi til hennar sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum.

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 segir að mat á því hvort lagastof sé fyrir hendi ráðist hverju sinni af skýringu viðkomandi sérlagaákvæðis, en því meiri íhlutun í einkalíf einstaklingsins sem umrædd vinnsla hafi í för með sér þeim mun ótvíræðari þurfi lagaheimildin að vera. Skýring slíks ákvæðis ráðist þá m.a. af því hvort löggjafinn hafi í raun tekið tillit til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reyni við meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga. Verði skilyrði 2. tölul. tæplega talið uppfyllt nema fyrir liggja að löggjafinn hafi skoðað slík sjónarmið en engu síður talið vinnsluna nauðsynlega vegna almannahagsmuna. Af þessu leiðir að við mat á því hvort lagaákvæði verði talið fela í sér heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga er rétt að líta til þess hvort vinnslan hefur þýðingu fyrir breiðan hóp manna.

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. hefur ekki einungis verið talið taka til settra laga, heldur einnig til reglna sem handhafar framkvæmdarvalds setja með stof í lögum. Eðli málsins samkvæmt eru gerðar sömu kröfur til slíkra reglna og til ákvæða settra laga.

2.

Afhending upplýsinga úr sakaskrá

Í 19. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er að finna sérstaka heimild fyrir ríkissaksóknara til að halda sakaskrá fyrir allt landið. Nánari ákvæði um gerð og varðveislu sakaskrár, aðgang að henni og sakavottorð er að finna í reglugerð nr. 569/1999 um sakaskrá ríkisins, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1991. Heimildir ríkissaksóknara til *afhendingar* upplýsinga úr sakaskrá er því að finna í þeirri reglugerð. Það heimildarákvæði sem hér er fyrst og fremst til athugunar er að finna í 15. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt 2. gr. rg. nr. 569/1999 er tilgangur sakaskrár m.a. að gefa út sakavottorð og veita upplýsingar úr skránni eftir því sem mælt er fyrir um í III.-VI. kafla reglugerðarinnar.

Í III. kafla er fjallað um miðlun upplýsinga úr sakaskrá til hins skráða sjálfs, þ.e. útgáfu sakavottorða, og í IV. kafla er fjallað um miðlun upplýsinga til yfirvalda. Í V. kafla er síðan fjallað um miðlun upplýsinga úr sakaskrá til einkaaðila og í VI. kafla er fjallað um miðlun upplýsinga úr sakaskrá til notkunar í vísindalegu skyni.

Í 10. gr. reglugerðarinnar eru tilgreind þau yfirvöld sem geta fengið afhent sakavottorð samkvæmt beiðni. Samkvæmt 12. gr. getur ríkissaksóknari ákveðið að aðrir opinberir aðilar geti fengið afhent sakavottorð eða ákveðnar upplýsingar úr sakaskrá, enda hafi þeir lögvarða hagsmuni af að fá slíkar upplýsingar.

14. gr. reglugerðarinnar er í V. kafla hennar. Þar er kveðið á um að upplýsingar úr sakaskrá megi ekki veita einstaklingum (þ.e. öðrum en hinum skráða sjálfum), fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, nema það leiði af 15. eða 16. gr. eða fyrir því sé heimild í lögum.

16. gr. reglugerðarinnar er í VI. kafla hennar. Þar er að finna heimildir til þess að veita upplýsingar úr sakaskrá í þágu vísinda- eða tölfræðirannsóknna, en í 15. gr., sem hér er til athugunar, er kveðið á um að ríkissaksóknari geti veitt einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum ákveðnar upplýsingar úr sakaskrá, enda sé það gert til þess að mögulegt verði að gæta lögvarinna hagsmuna *sem greinilega eru ríkari* en þeir hagsmunir sem felast í að halda upplýsingum leyndum.

Af framangreindu leiðir að ákvæði 15. gr. rg. nr. 569/1999 felur í sér undanþágu frá þeirri meginreglu að einkaaðilum séu ekki veittar upplýsingar úr sakaskrá og ber því að skýra ákvæðið *þröngt*.

II.

Afhending upplýsinga til leigubifreiðastöðva

Í 5. gr. laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar eru tilgreind þau skilyrði sem uppfylla þarf til að fá útgefið atvinnuleyfi samkvæmt lögnum. Samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins má umsækjandi um atvinnuleyfi ekki hafa verið dæmdur til refsivistar eða framið alvarlegt eða ítrekað brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögnum. Skilyrði þetta er sett með öryggi farþeganna að leiðarljósi og ljóst er að hagsmunir almennings standa til þess að strangar kröfur séu gerðar til leigubifreiðastjóra, þ. á m. að tryggt sé að einstaklingum sem hafa gerst brotlegir við tiltekin ákvæði refsilöggjafarinnar sé ekki veitt atvinnuleyfi.

Eftirlit með framkvæmd laga nr. 134/2001, þ. á m. útgáfa atvinnuleyfa, er í höndum Vegagerðarinnar, sbr. 6. og 11. gr. laganna og ákvæði reglugerðar nr. 397/2003 um leigubifreiðar með áorðnum breytingum. Komi upp rökstuddur grunur um að leyfishafi uppfylli ekki lengur skilyrði 4. mgr. 5. gr. laga nr. 134/2001 getur Vegagerðinni því verið þörf á að fá á því staðfestingu. Með hliðsjón af meginreglum 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, einkum 1. tölul. sem kveður á um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti, verður að telja eðlilegt að fyrst sé leitað eftir því að viðkomandi leyfishafi leggi sjálfur fram sakavottorð sem hann fær gefið út samkvæmt 8. gr. rg. nr. 569/1999. Verði leyfishafinn ekki við því getur Vegagerðin óskað eftir því að fá afhentar upplýsingar úr sakaskrá samkvæmt 12. gr. nr. 569/1999.

Með vísan til þess að stjórnvald sem fer með eftirlitshlutverk hefur færi á því að fá afhentar upplýsingar úr sakaskrá, í því skyni að koma í veg fyrir að einstaklingar sem hafa gerst brotlegir við tiltekin ákvæði refsilöggjafarinnar stundi leigubifreiðaaakstur, verður ekki séð að hagsmunir leigubifreiðastöðva standi til þess að fá upplýsingar afhentar í sama skyni skv. 15. gr. rg. nr. 569/1999.

Persónuvernd minnir þó á að 12. gr. rg. nr. 569/1999 felur í sér *heimild, en ekki skyldu* til að afhenda umræddar upplýsingar.

III.

Afhending upplýsinga til váttryggingafélaga

Við mat á því hvort ákvæði 15. gr. rg. nr. 569/1999 feli í sér heimild til að afhenda váttryggingafélögum upplýsingar úr sakaskrá í tengslum við bótakröfu verður að líta til þeirra sjónarmiða sem almennt gilda um skýringu laga- og reglugerðarákvæða er heimila vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Eins og fyrr segir ræðst skýring slíks ákvæðis m.a. af því hvort tekið hafi verið tillit til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reynir við meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga og verður að liggja fyrir að lítið hafi verið til slíkra sjónarmiða en engu síður talið að vinnslan væri nauðsynleg, s.s. vegna almannahagsmuna. Samkvæmt 15. gr. verða hagsmunir af afhendingu upplýsinga úr sakaskrá að vera *greinilega rikari* en hagsmunir hins skráða af því að þær séu ekki afhentar og er því ljóst að ákvæðið ber að skýra þröngt.

Ekki verður séð að hagsmunir breiðs hóps manna standi til þess að váttryggingafélög geti fengið afhentar upplýsingar úr sakaskrá. Með vísan til þess og með hliðsjón af tilgangi sakaskrár, en hún er fyrst og fremst haldin í þágu starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu, verður ekki talið að 15. gr. rg. nr. 569/1999 feli í sér ótvíræða heimild til þess að afhenda váttryggingafélögum upplýsingar úr sakaskrá í tengslum við bótakröfur.

3.2.2. Miðlun vinnuveitanda á upplýsingum um starfslok starfsmanns til ráðgjafarþjónustu; um hugtakið „samþykki“ – mál 2006/620

Þann 22. janúar 2007 kvað Persónuvernd upp svofelldan úrskurð í máli nr. 2006/620:

„I.

Grundvöllur máls

Þann 2. nóvember 2006 barst Persónuvernd kvörtun [R] yfir því að Landspítali háskólasjúkrahús (LSH) hafi miðlað persónuupplýsingum um hana til ráðningarþjónustunnar Capacent. Í bréfi [R] segir m.a.:

„Málsatvik eru þau að mér, ásamt fjórum öðrum starfsmönnum, var sagt upp störfum á Upplýsingatæknisviði Landspítala háskólasjúkrahúss þ. 28. september sl. Uppsögn fór fram með viðtali og ég látin undirrita uppsagnarbréf. Í bréfinu kom fram að starf mitt væri lagt niður frá og með 1. október 2006.

Í kjölfarið var mér afhent bréf með yfirskriftinni „LSH býður upp á ráðgjöf hjá Capacent“ (sjá fylgiskjal). Í bréfinu er tiltekið að Capacent Ráðningar hafi verið fengið til þess að verða mér innan handar við atvinnuleit. Neðst í bréfinu stendur: vinsamlega vertu í sambandi við [Æ], ráðgjafa hjá Capacent. Haft verður samband við þig ef ekki heyrst í þér innan 10 daga.

Ég hafði ekki samband við Capacent en þann 10. október hringdi [Æ] í mig og bauð mér að koma í viðtal. Þar með varð mér ljóst að LSH hafði afhent Capacent Ráðningum upplýsingar um mig og uppsögn mína, að mér forspurðri.

Sjálf óskaði ég ekki eftir aðstoð frá ráðningarþjónustunni og þaðan af síður að upplýsingar um mig væru afhentar henni. Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga tel ég að á mér hafi verið brotið, með því að afhenda þriðja aðila (Capacent Ráðningum) upplýsingar um uppsögn mína.

Það er óásættanlegt að farið sé með viðkvæmar upplýsingar, sem uppsögn er, til þriðja aðila. Sérstaklega í ljósi þess að allar líkur eru á að Capacent hafi fengið upplýsingar um uppsögn mína, áður en mér var tjáð frá henni. Samkvæmt lögum hefði ekki átt að afhenta Capacent upplýsingar um mig að mér forspurðri, heldur leita eftir mínu samþykki fyrst.

Ég tel að LSH hafi brotið lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og að hér sé um alvarlegt trúnaðarbrot gegn starfsmönnum að ræða.“

Með bréfi [R] fylgdi kynningarbréf frá LSH á þjónustu Capacent en yfirskrift bréfsins er „LSH býður upp á ráðgjöf hjá Capacent“ í bréfinu segir m.a.:

„Þegar stofnun eða fyrirtæki á frumkvæði að starfslokum starfsmanns getur það oft valdið ýmiss konar vanda, sárindum og jafnvel tilfinningarróti hjá viðkomandi aðila. Það er síður en svo vilji stjórnenda LSH að valda slíkri röskun hjá starfsfólki sínu. Því viljum við hjá LSH leggja okkar af mörkum til að draga úr því umróti sem þessar skipulagsbreytingar valda og hjálpa þeim sem standa uppi án atvinnu að finna nýja vinnu á ný. Við höfum fengið Capacent Ráðningar (áður Mannafi) okkur til aðstoðar til þess að vera þér innan handar og aðstoða þig í atvinnuleit.... Vinsamlegast vertu í sambandi við [Æ], ráðgjafa hjá Capacent, í síma [...]. Haft verður samband við þig ef ekki heyrst frá þér innan 10 daga.“

Með bréfi, dags. 8. nóvember 2006, bauð Persónuvernd Landspítala háskólasjúkrahúsi að tjá sig um mál [R]. Skrifstofa starfsmannamála Landspítala háskólasjúkrahúss svaraði með bréfi, dags. 22. s.m. Þar segir m.a.:

„Til glöggvunar telur LSH rétt að bæta eftirfarandi við málsatvikalýsingu [R]. Þann 1. október 2006 tók gildi nýtt skipulag og endurskoðuð stefnumótun á upplýsingatæknisviði LSH. Markmið skipulagsbreytinganna var að stuðla að hagræðingu í rekstri og skilvirkari þjónustu og var deildum sviðsins og millistjórnendum fækkað. Til að ná þeim markmiðum sem stefnt var að með skipulagsbreytingunum var nauðsynlegt að gera ákveðnar breytingar á starfsmannahaldi sviðsins. Voru fimm störf lögð niður og gegndi [R] einu þeirra. Í málsatvikalýsingu [R] segir jafnframt að uppsögn hafi farið fram með viðtali og hún látin undirrita uppsagnarbréf þar sem fram kom að starf hennar væri lagt niður frá og með 1. október 2006. Umrætt bréf bar fyrirögnina: *Niðurlagning starfs vegna skipulagsbreytinga....* Stjórnendum LSH er fyllilega ljóst að niðurlagning starfa eru sársaukafullar aðgerðir fyrir þá sem hlut eiga að máli. Í þessu tilviki var mikil áhersla lögð á að standa eins vel og mannlega að umræddum niðurlagningum eins og kostur var. Einn liður í því var að semja við Capacent um að ráðgjafi fyrirtækisins, [Æ], yrði þeim starfsmönnum sem gegndu þeim störfum sem lögð voru niður innan handar og aðstoðaði við atvinnuleit og það á kostnað LSH. Einnig var haft samband við stuðnings- og ráðgjafateymi starfsmanna LSH í þeim tilgangi að veita umræddum starfsmönnum aðstoð ef þeir óskuðu þess. Jafnframt var umræddum starfsmönnum bent á að reynt yrði að aðstoða þá við að finna annað starf innan LSH ef þeir óskuðu og var haft samband við skrifstofu starfsmannamála vegna þessa.

Aðdragandi samkomulags stjórnenda upplýsingatæknisviðs og Capacent var sá að sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs átti fund með [Æ], ráðgjafa hjá Capacent, áður en umræddum starfsmönnum var tilkynnt um niðurlagningu starfanna. Tilgangur fundsins var að semja um aðstoð Capacent til handa umræddum starfsmönnum þegar og ef þeir óskuðu eftir slíkri aðstoð. Á fundinum fékk [Æ] þær upplýsingar frá sviðsstjóra að um fimm starfsmenn væri að ræða. Hvorki nöfn né aðrar upplýsingar um starfsmennina voru gefnar upp á þessum fundi. Það var ekki fyrr en eftir að starfsmennirnir höfðu fengið tilkynningu um niðurlagningu starfa þeirra að sviðsstjóri gaf [Æ] upp nöfn starfsmannanna og GSM símanúmer þeirra. Til þess að LSH gæti staðið við samkomulagið við Capacent í þágu umræddra starfsmanna var nauðsynlegt að [Æ] myndi hafa samband við starfsmennina ef ekki myndi heyrast frá þeim innan 10 daga frá afhendingu bréfsins. LSH var því ekki kunnugt um að [R] væri mótfallin því fyrirkomulagi sem kveðið var á um í bréfinu sem henni var afhent er hún tók við uppsagnarbréfinu.

Niðurlagning starfanna fimm tengdist á engan hátt starfsmönnum sem störfunum gegndu eða frammistöðu þeirra í starfi. Hér var einungis um að ræða skipulagslegar aðgerðir sem leiddu til þess að óhjákvæmilegt var að leggja niður tiltekin störf. Þykir stjórnendum LSH það miður að velvilji sá sem bjó að baki ofanefndum aðgerðum í þágu starfsmannanna hafi ekki komið [R] að gagni.“

Með bréfi, dags. 24. nóvember 2006, bauð Persónuvernd [R] að tjá sig um bréf LSH. [R] svaraði með bréfi dags. 5. desember 2006. Þar segir m.a:

„Ég vil hnykkja á nokkrum atriðum vegna athugasemda frá LSH sem bárust Persónuvernd 23. nóvember sl. varðandi kæru mína. Þrátt fyrir tilraunir LSH til að fullyrða að samþykki mitt sé fólgið í því að taka á móti óundirrituðu bréfi á haus frá Capacent og LSH get ég engan veginn fallist á það. Með vísun í niðurlags bréfsins: *Vinsamlega vertu í sambandi við [Æ], ráðgjafa hjá Capacent, í síma [...]. Haft verður samband við þig ef ekki heyrst frá þér innan 10 daga. – gangi þér vel.*

Mér er fyrirmunað að skilja, samkvæmt þessum orðum, að [Æ] muni hafa samband og tel eðlilegt að hugsa sem svo að starfsmannahald LSH hefði milligöngu í málinu, þar sem þeir voru fagaðilar LSH í uppsagnarferlinu.

Í bréfinu segir enn fremur að [Æ] hafi þurft að fá upplýsingar um starfsmenn, til að LSH gæti staðið við samkomulag við Capacent. Það tel ég vera rangt. Eðlilegur gangur þessa ferils hefði verið sá að ráðgjafi Capacent hefði samband við starfsmannahald LSH, að tíu dögum liðnum og gefið skýrslu um hverjir hefðu haft samband við hann. Hlutverk starfsmannahalds hefði svo verið að hafa samband, við þá sem ekki höfðu haft samband við Capacent.“

Með bréfi, dags. 12. desember 2006, bauð Persónuvernd LSH að tjá sig um bréf [R]. Svör bárust með bréfi, dags. 18. s.m., en þar kemur fram að LSH telur ekki að bréf [R] gefi tilefni til efnislegra athugasemda.

Í ljósi þess að Persónuvernd taldi fyrirsjáanlegt að niðurstaða hennar um lögmæti miðlunar upplýsinganna myndi að miklu leyti ráðast af eðli þeirra persónuupplýsinga sem miðlað var óskaði hún, með bréfi til LSH dags. 8. janúar sl., eftir upplýsingum um hvaða persónuupplýsingum var miðlað til Capacent. Var þess óskað að svar bærst eigi síðar en 16. janúar sl. Þann 15. janúar sl. barst Persónuvernd bréf frá LSH þar sem fram kemur að upplýsingum um nafn og símanúmer [R] hafi verið miðlað til Capacent eftir að henni var tilkynnt um niðurlagningu starfs hennar.

II.

Niðurstaða

1.

Lagaumhverfi

Almennt

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gilda lögin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga en einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar teljast vera sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þær upplýsingar sem greinir í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga en aðrar upplýsingar, s.s. upplýsingar um nafn og símanúmer, ekki. *Vinnsla* persónuupplýsinga er skilgreind sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum með ákvæðinu kemur fram að með vinnslu sé t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það falli m.a. flokkun, varðveisla, breyting og *miðlun*. Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður ávallt að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laganna, en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að auki að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna.

Af framangreindu leiðir að miðlun LSH á upplýsingum um [R] til ráðningaráþjónustunnar Capacent telst vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur álítaefni máls þessa þar af leiðandi undir gildissvið laga nr. 77/2000 og þar með undir starfssvið Persónuverndar.

*Lögmæti miðlunar upplýsinga frá LSH
til Capacent um kvartanda*

Fyrir liggur að Landspítali háskólasjúkrahús miðlaði til ráðningarþjónustunnar Capacent upplýsingum um nafn og símanúmer [R]. Slíkar upplýsingar teljast ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Þurfti miðlunin því aðeins að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Í því máli sem hér um ræðir kemur aðeins til greina að uppfyllt hafi verið skilyrði 1. töluliðar þessarar greinar og verður hér að neðan tekin afstaða til þess.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla persónuupplýsinga, þ. á m. miðlun þeirra, heimil hafi hinn skráði ótvírætt samþykkt hana eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr. laganna. Þegar lög nr. 77/2000 tóku gildi, 1. janúar 2001, var í þessum tölulið aðeins vísað til samþykkis samkvæmt 7. tölul. 2. gr. laganna. Með því er átt við að fyrir hendi sé „sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinnar upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.“ Með lögum nr. 90/2001, er breyttu lögum nr. 77/2000, var ákvæðið rýmkað þannig að vinnsla persónuupplýsinga getur talist heimil ef líta má svo á hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt hana. Er því ekki lengur nauðsynlegt að hann hafi veitt samþykki sem uppfyllir skilyrði 7. tölul. 2. gr. Með ótvíræðu samþykki er í skilningi ákvæðisins m.a. átt við að af athöfn einstaklings, eða eftir atvikum *athafnaleysi*, megi ótvírætt ráða að hann hafi sé samþykkur tiltekinni vinnslu upplýsinga. Forsenda þess er að hann hafi áður fengið fræðslu um vinnsluna og tækifæri til að andmæla henni.

Í máli þessu liggur fyrir að þegar LSH afhenti [R] bréf með tilkynningu um niðurlagningu þess starfs sem hún gegndi þar var henni einnig afhent bréf með fyrirsögninni „LSH býður upp á ráðgjöf hjá Capacent“. Þar kom fram að LSH hafði gert samkomulag við Capacent Ráðningar um að vera sér innan handar við að aðstoða umrædda starfsmenn í atvinnuleit. Af efni síðarnefnda bréfsins mátti ráða að [R] hefði 10 daga frest til að hindra afskipti Capacent af sínum málum. Hefur verið fullyrt af hálfu LSH að spítalinn hafi ekki veitt Capacent upplýsingar um nafn [R] og GSM-símanúmer hennar fyrr en eftir að hún fékk umrætt bréf. Þá liggur fyrir að [R] gerði engar athugasemdir.

Með vísun til framangreinds ræðst lögmæti miðlunar umræddra upplýsinga frá LSH til Capacent af því hvort líta megi svo á að [R] hafi í verki veitt samþykki sitt. Við mat á því verður hins vegar ekki framhjá því litið að í 1. mgr. 8. gr. er gerður áskilnaður um að samþykkið sé ótvírætt. Að mati Persónuverndar verður ekki fullyrt að svo hafi verið í því tilviki sem hér um ræðir. Til þess hefði LSH þurft að gera [R] grein fyrir fyrirhugaðri miðlun upplýsinganna til Capacent með skýrari hætti en gert var. Er það því niðurstaða Persónuverndar að lögmæti umræddrar miðlunar upplýsinga verði ekki byggt á 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Þá hefur Persónuvernd, í ljósi meginreglna 1. töluliðar 7. gr. laganna um sanngjarna og málefnalega vinnslu, m.a. litið til þess að í raun var ekki aðeins miðlað upplýsingum um nafn og símanúmer hennar heldur og um að hún hefði misst starf sitt hjá LSH. Enda þótt slíkar upplýsingar teljist ekki til viðkvæmra upplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 er engu að síður ljóst að þær geta verið það í huga viðkomandi einstaklings og ber að taka tillit til þess.

Úrskurðarorð:

Miðlun Landspítala háskólasjúkrahúss á persónuupplýsingum um [R] til Capacent af tilefni starfsloka hennar var óheimil.“

3.2.3. Aðgangur tryggingafélaga að upplýsingum um umferðarlagabrot; eðli upplýsinga í ökuferilsskrá – mál 2006/708

Persónuvernd barst beiðni samgönguráðuneytisins um álit á erindi Sjóvar-Almennra trygginga hf. varðandi aðgang tryggingafélaga að ökuferilsskrá.

Persónuvernd veitti umbeðið álit með bréfi, dags. 22. janúar 2007. Í því sagði m.a.:

„I.

Erindi Sjóvár-Almennra

Í erindi Sjóvár-Almennra til samgönguráðuneytisins segir að kostnaður vegna tjóna sem rekja megi til ofsaaðsturs sé mikill og að mati félagsins væri æskilegt að láta þá sem brjóta alvarlega af sér í umferðinni greiða hærri iðgjöld af ökutækjatrýggingum en aðra ökumenn. Slíkt hafi varnaðaráhrif og leiði til eðlilegri dreifingar áhættu. Því sé nauðsynlegt að tryggingafélög fái aðgang að upplýsingum um umferðarlagabrot.

Þrjár leiðir eru nefndar í dæmaskyni: [...]

II.

Lagaumbverfi

1.

Almennt

Í ökuferilsskrá eru færðar upplýsingar um umferðarlagabrot sem varða ökumenn og byggðar eru á kærur lögreglumanna, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 929/2006 um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Einnig skal færa í skrána upplýsingar um öll umferðarslys sem lögregluskýrslur hafa verið ritaðar um, en þær eru þó ekki til umfjöllunar hér þar sem erindi Sjóvár-Almennra tekur eingöngu til umferðarlagabrota.

Skráning, notkun, miðlun og aðrar aðferðir til að gera upplýsingar í ökuferilsskrá tiltækilegar teljast til vinnslu persónuupplýsinga, sé unnt að rekja upplýsingarnar til tiltekinna einstaklinga, sbr. 1. og 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Auk sérlagaákvæða gilda því um slíka vinnslu ákvæði laga nr. 77/2000, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, með þeim undantekningum sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr., en þar segir m.a. að 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gildi ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu.

Til þess að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 að vera uppfyllt. Ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða verður jafnframt að uppfylla eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna. Af 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 leiðir að umferðarlagabrot eru refsiverð, sbr. þó 2. mgr. 100. gr. sömu laga. Því teljast upplýsingar um umferðarlagabrot ökumanna til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna, og verður að uppfylla eitthvert skilyrði bæði 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. til þess að vinnsla þeirra sé heimil.

Auk ákvæða 8. og 9. gr. ber að gæta í hvívetna annarra ákvæða laga nr. 77/2000. Má þar nefna meginreglur um gæði gagna og vinnslu sem er að finna í 1. mgr. 7. gr. laganna, en þar er m.a. kveðið á um að persónuupplýsingar skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.) og að þær skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.). Þá er, í 11.–13. gr., að finna ákvæði um áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga, innra eftirlit og trúnaðarskyldu vinnsluaðila. Þau ákvæði eru nánar útfærð í reglum nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

2.

Heimildir til vinnslu

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil standi til hennar sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum.

Í athugasemdum við þessa grein í frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 segir að mat á því hvort lagastoð sé fyrir hendi ráðist hverju sinni af skýringu viðkomandi sérlagaákvæðis, en því meiri íhlutun í einkalíf einstaklingsins sem umrædd vinnsla hafi í för með sér þeim mun ótvíræðari þurfi

lagaheimildin að vera. Skýring slíks ákvæðis ráðist þá m.a. af því hvort löggjafinn hafi í raun tekið tillit til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reyni við meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga.

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. hefur ekki einungis verið talið taka til settra laga, heldur einnig til reglna sem handhafar framkvæmdarvalds setja með skýrri stoð í lögum.

2.1

Skráning upplýsinga í ökuferilsskrá

Í 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 132/2003, er kveðið á um að lögreglustjórar haldi skrár um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum sem samgönguráðherra setur.

Þá er, í 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 132/2003, kveðið á um að samgönguráðherra setji, að fenginni umsögn ríkissaksóknara, reglugerð um punktakerfi vegna umferðarlagabrota, þar á meðal um vægi einstakra brota í punktum talið við ákvörðun um sviptingu ökuréttar vegna uppsöfnunar punkta.

Með stoð í þessum lagaákvæðum hefur samgönguráðherra sett reglugerð nr. 929/2006 um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Í henni er kveðið á um að ríkislögreglustjóri skuli halda landskrá um ökuferil ökumanna og punkta sem þeir hafa hlotið vegna umferðarlagabrota samkvæmt reglugerðinni, sbr. 1. gr. Mælt er fyrir um þau brot sem færa skal í ökuferilsskrá, upplýsingar sem skulu skráðar í hana og grundvöll skráningar. Einnig er kveðið á um að lögreglustjórar skuli sjá til þess að upplýsingar séu rétt færðar í ökuferilsskrá og að skráin verði nýtt til eftirlits með ökuferli manna sem búsettir eru í umdæmi þeirra til aðhalds og í forvarnarskygni. Í II. kafla reglugerðarinnar er að finna ákvæði um punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

Í 2. gr. reglugerðarinnar kemur fram að ökuferilsskrá er hluti af *tölvutækri málaskrá lögreglu*. Ber því að líta til þeirra sérreglna sem um hana gilda.

2.2

Meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu

Í 3. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er að finna sérákvæði um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar segir að dómismálaráðherra skuli, í reglugerð, mæla fyrir um eftirlit Persónuverndar með vinnslunni. Þar skuli og m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði eigi rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Með stoð í framangreindu ákvæði laga nr. 77/2000, 3. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og i-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1996 hefur dómismálaráðherra sett reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, sbr. rg. nr. 926/2004. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að persónuupplýsingum verði aðeins miðlað til einkaaðila:

1. samkvæmt heimild hins skráða
2. samkvæmt lagaheimild
3. samkvæmt heimild Persónuverndar
4. ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu

III.

Álit Persónuverndar varðandi aðgang tryggingafélaga að upplýsingum um umferðarlagabrot

Samkvæmt 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er eitt af verkefnum Persónuverndar að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álítaefni varðandi meðferð persónuupplýsinga. Með vísan til þessa lítur Persónuvernd svo á að hún geti veitt samgönguráðuneytinu álit á hugmyndum Sjóvá-Almennra um aðgang tryggingafélaga að ökuferilsskrá.

1.

Af ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987, laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og lögregluglaga nr. 90/1996, er ljóst að skráning á upplýsingum um umferðarlagabrot manna fer fram í þágu starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Í samræmi við það hefur aðgangur að upplýsingunum fyrst og fremst verið takmarkaður við þar til bær stjórnvöld til þess að þau geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu. Sjóvá-Almennar leggja hins vegar til að tryggingafélög fái aðgang að þessum upplýsingum til útreiknings iðgjalda. Sú notkun er augljóslega önnur og ósamrýmanleg þeim tilgangi skráningarinnar sem lesa má út úr ákvæðum fyrrnefndra laga. Af 2. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000, sem kveður á um að persónuupplýsingar skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, leiðir að slík notkun yrði að byggja á skýrri lagaheimild eða reglu sem handhafi framkvæmdarvalds setur með skýrri stoð í lögum.

Ákvæði 3. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er ekki sjálfstæð heimild til handa ráðherra til að ákveða hverjir hafi aðgang að persónuupplýsingum hjá lögreglu, heldur mælir einungis fyrir um að hann skuli mæla nánar fyrir um þær heimildir í reglugerð. Heimildirnar sjálfar verður að grundvalla á ákvæðum annarra laga og í samræmi við það er reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu einnig sett með stoð í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og i-lið 1. mgr. 5. gr. lögregluglaga nr. 90/1996.

Af framangreindu er ljóst að til þess að heimila þá almennu og umfangsmiklu miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga frá lögreglu til einkaaðila sem Sjóvá-Almennar leggja til þyrfti í það minnsta að breyta ákvæðum reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Sú breyting sem Sjóvá-Almennar leggja til á fyrirkomulagi upplýsingavinnslu lögreglunnar felur hins vegar í sér nýja efnisreglu, gjörólíka þeim sem nú eru í gildi, og verður ekki séð að hana sé unnt að grundvalla á ákvæðum laga nr. 19/1991 og lögregluglaga nr. 90/1996. Að mati Persónuverndar þyrfti því að finna slíkri breytingu stoð í ákvæðum settra laga.

2.

Eins og að framan hefur verið rakið verður aðgangur tryggingafélaga að upplýsingum um umferðarlagabrot að grundvallast á heimild í settum lögum. Persónuvernd telur hins vegar, út frá sjónarmiðum um persónuvernd, ýmsa annmarka á því að slík heimild verði veitt.

Í fyrsta lagi bendir Persónuvernd á að upplýsingar í málaskrá lögreglu eru vinnugögn lögreglunnar. Tryggja verður að þau séu áreiðanleg, aðgengileg þeim lögreglumönnum sem á þeim þurfa að halda vegna starfa sinna og vernduð gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þau glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar bera ábyrgð á öryggi þeirra og ber m.a. að framkvæma öryggismat, gera kerfisbundnar öryggisráðstafanir og viðhafa og skipuleggja viðvarandi innra eftirlit. Innan lögreglunnar eru viðhafðar aðgangsstýringar og unnt á að vera að staðreyna hver hefur flett upp í skránni. Verði aðila utan lögreglunnar veittur aðgangur að tilteknum hluta málaskrár er við því búið að það hafi áhrif á öryggi upplýsinga í skránni og að eftirlit með meðferð þeirra verði örðugra í framkvæmd.

Í öðru lagi bendir Persónuvernd á að lögreglumenn bera þagnarskyldu samkvæmt 22. gr. lögregluglaga nr. 90/1996 og geta sett refsingu samkvæmt ákvæðum 136. gr. almennra hegningarlaga nr.

19/1940 segi þeir frá nokkru sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi. Í lögum er ekki kveðið á um sambærilegar skyldur eða ábyrgð einkaaðila, s.s. starfsmanna tryggingafélaga.

Í þriðja lagi bendir Persónuvernd á að í 71. gr. stjórnarskrár er gerður áskilnaður um að lagaheimildir sem takmarka friðhelgi einkalífs skuli einungis veittar ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Þá gildir sú grunnregla um meðferð persónuupplýsinga að ekki skuli unnið með upplýsingar umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar – m.ö.o. skal gæta meðalhöfs. Vart verður séð að brýn nauðsyn sé á hækkun iðgjalda vegna réttinda fólks í landinu, þrátt fyrir að þau geti hugsanlega skilað sér í auknum varnaðaráhrifum, eða að forvörnum verði ekki náð fram með öðrum hætti en að veita tryggingafélögum aðgang að upplýsingum í málaskrá lögreglu.

Í fjórða lagi bendir Persónuvernd á að með setningu lagaákvæðis sem myndi heimila einkaaðila aðgang að viðkvæmum persónuupplýsingum hjá stjórnvöldum yrði sett fordæmi sem gæti haft afdrifaríkar afleiðingar til framtíðar. Skráning stjórnvalda á upplýsingum um einstaklinga á að takmarkast við það sem er nauðsynlegt í þágu starfa þeirra. Miðlun slíkra upplýsinga til annarra aðila felur í sér aukna ihlutun af hálfu ríkisins.“

3.2.4. Öryggi rafrænna sjúkraskráa innan Landspítala – Háskólasjúkrahúss – mál 2005/384

Persónuvernd lagði mat á öryggi rafrænna sjúkraskráa innan Landspítala – Háskólasjúkrahúss og aðgang að þeim. Var fjallað um aðgang lækna, hjúkrunardeildarstjóra og heilbrigðisstarfsmanna í skilgreindum teymum og talið að forsenda þess að fyrirkomulag rafrænna sjúkraskráa teldist lögmætt væri að viðeigandi öryggisráðstafanir yrðu viðhafðar.

Forsaga athugunarinnar var sú að árið 2005 bárust Persónuvernd upplýsingar um aðgangsheimildir starfsmanna LSH að rafrænum sjúkraskráum. Kom fram að læknar og hjúkrunardeildarstjórar myndu hafa aðgang að öllum sjúkraskráum allra klínískra skipulagskjarna sjúkrahússins. Sama ætti við um heilbrigðisstarfsmenn í skilgreindum teymum sem sinna sjúklingum víða á sjúkrahúsinu.

Með tilkomu rafrænna sjúkraskráa hafa forsendur fyrir aðgangi að þeim breyst og aðgangur að þeim orðið auðveldari og algengari. Því taldi Persónuvernd ekki verða undan því skorist að taka afstöðu til lágmarksöryggis varðandi aðgang að rafrænum sjúkraskráum, þrátt fyrir að nokkuð skorti á skýrleika gildandi laga og reglugerðarákvæða sem báru þess merki að hafa að mestu leyti verið sett fyrir tilkomu slíkra skráa.

Um lögmæti vinnslunnar sagði Persónuvernd í niðurstöðu sinni, dags. 19. febrúar 2007:

„Að svo miklu leyti sem skráning og meðferð heilbrigðisupplýsinga byggist ekki á samþykki sjúklings er almennt talið að hún verði að byggjast á reglum sem settar hafa verið í lög, enda þótt heimilt sé að færa fyrirmæli þeirra nánar út í reglugerð. Sett hafa verið í lög ákvæði um heimildir aðgangs þeirra heilbrigðisstarfsmanna að heilbrigðisupplýsingum *sem hans þurfa nauðsynlega í þágu lækni meðferðar*, en aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafa ekki sambærilegar heimildir.

Á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi hafa læknar og hjúkrunardeildarstjórar aðgang að öllum sjúkraskráum allra klínískra skipulagskjarna sjúkrahússins. Sama á við um heilbrigðisstarfsmenn í líknarteymi, sýkingavarnateymi, útskriftar- og öldrunarteymi og teymi um sérhæfða heimaþjónustu fyrir veika aldraða. Persónuvernd dregur ekki í efa að lög standi til aðgangs þeirra að sjúkraskráum, enda séu uppfyllt lagaákvæði um upplýsingaöryggi.“

Um öryggi vinnslunnar sagði síðan:

„Í „upplýsingaöryggi“ felast þrjár grundvallarþættir: (a) Að persónuupplýsingum sé leynt gagnvart óviðkomandi, (b) að þær séu áreiðanlegar og (c) að þær séu aðgengilegar þeim sem nauðsynlega þurfa á þeim að halda. Allir þessir þættir eru mikilvægir við vernd sjúkraskráupplýsinga, en almennt er þó talið að við notkun þeirra í heilbrigðisþjónustu vegi áreiðanleiki upplýsinga og nauðsynlegt aðgengi heilbrigðisstarfsmanna að þeim þyngst, enda er hvoru tveggja mikilvægt til að tryggja góða heilbrigðisþjónustu. Með því er þó ekki gert lítið úr mikilvægi leyndar gagnvart óviðkomandi.

Varðandi öryggi og aðgang að rafrænum sjúkraskráum má með mikilli einföldun segja að velja verði á milli tveggja höfuðsjónarmiða: (a) að leggja megináherslu á setningu strangra reglna um *aðgangsstýringar*, er undurspeglir raunverulega þörf fyrir aðgang, eða (b) að leggja megináherslu á virkt *eftirfarandi eftirlit* með notkun aðgangsheimilda. Því minni áhersla, sem lögð er á strangar reglur um aðgangsstýringar, þeim mun meiri áhersla þarf að leggja á eftirfarandi eftirlit. Af hálfu LSH hefur því verið lýst yfir að miklir meinbugir séu á setningu strangra reglna um aðgangsstýringar því flestir læknar og hjúkrunardeildarstjórar fari um allt sjúkrahúsið. Sama eigi við um heilbrigðisstarfsmenn í líknarteymi, sýkingavarnarteymi, útskriftar- og öldrunarteymi og teymi um sérhæfða heimaþjónustu fyrir veika aldraða.“

Að virtu framangreindu tók Persónuvernd svohljóðandi *ákvörðun*:

„1. Allur aðgangur að rafrænum sjúkraskráum skal vera háður því að viðkomandi starfsmaður þurfi hann nauðsynlega starfs síns vegna og að hann noti sérstakt *persónubundið aðgangsorð* í hvert sinn sem hann opnar sjúkraskrá. Skal hann ávallt tilgreina tilganginn, s.s. með því að haka við tiltekinn reit.

2. Sérstök nefnd á vegum stjórnar LSH skal hafa með höndum úthlutun aðgangsorða. Skal líftími aðgangsorða vera að hámarki fjórir mánuðir.

3. Færa skal í *aðgerðaskrár (log-skrár)* upplýsingar um alla skoðun sjúkraskráa og færslu upplýsinga í þær.

4. Sérstök eftirlitsnefnd skal fylgjast með aðgerðaskráningu (log-skrám) og starfa eftir verklagsreglum sem stjórn LSH setur. Með þeim skal tryggt að nefndin hafi kerfisbundið og virkt eftirlit með öllum handhöfum aðgangsheimilda/ aðgangsorða. Skal hún skila skýrslu um störf sín til stjórnar LSH eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

5. Gera skal greinarmun á upplýsingum í sjúkraskráum eftir eðli þeirra og hafa upplýsingar, sem þurfa sértæka vernd, í sérstaklega *vörðum „hólfum“*. Þetta á við um upplýsingar á geðsviði, sem og m.a. upplýsingar um viðkvæm, félagsleg atriði; tilurð sjúkdómsástands, s.s. ofbeldi; og frásagnir þriðja aðila. Þær skulu aðeins aðgengilegar starfsfólki á þeirri deild þar sem upplýsingar í umrædd hólf eru skráðar.

6. Við skoðun persónuupplýsinga samkvæmt 5. tölul. skal tilgreina *ástæðu til viðbótar* því sem gera þarf samkvæmt 1. tölul. Hið sama gildir þegar skoðaðar eru sjúkraskrár manna sem ekki hafa verið til meðferðar á sjúkrahúsinu í sex mánuði eða lengur, sem og þegar starfsfólk á öðrum deildum en þeirri þar sem sjúklingur er til meðferðar þarf að skoða sjúkraskrá hans.

7. Í þeim tilvikum, sem tilgreind eru í 6. tölul., skal skoðun á persónuupplýsingum merkt sérstaklega í aðgerðaskráum (log-skrám) til að auðvelda eftirlit þeirrar nefndar sem starfar samkvæmt 4. tölul. Skal hún, eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, gera sérstakar athuganir á skoðun þessara persónuupplýsinga og skila skýrslu um niðurstöður þeirra athugana til stjórnar LSH.

8. Fara skal yfir athugasemdir sem breska staðlastofnunin gerði við úttekt í desember 2006 á því hvort uppfyllt væru skilyrði öryggisstaðalsins ISO 27001 og gera viðeigandi úrbætur í ljósi þeirra.“

3.2.5. Lögmæti miðlunar upplýsinga úr Landskrá fasteigna – mál 2007/30

Persónuvernd barst fyrirspurn frá Fasteignamati ríkisins varðandi miðlun upplýsinga úr Landskrá fasteigna. Hún var tvíþætt. Annars vegar laut hún að því hvort heimilt væri að miðla upplýsingum um ákveðna hópa fasteignaeigenda og hins vegar að því hvort heimilt væri að veita upplýsingar um hvort tilteknir einstaklingar ættu fasteignir án þess þó að fram kæmi hverjar þær væru.

Í svari Persónuverndar, dags. 26. apríl 2007, sagði m.a.:

„2.1.

Við mat á því hvort miðla megi upplýsingum um ákveðna hópa fasteignaeigenda ber sem endranær að líta til þess hvort heimild sé fyrir vinnslu persónuupplýsinga í 8. gr. laga nr. 77/2000 um pers-

ónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Öll vinnsla slíkra upplýsinga verður ávallt að samrýmast einhverju þeirra skilyrða sem þar eru tilgreind. Meðal þeirra er að vinnsla sé heimil hafi hinn skráði samþykkt vinnsluna (1. tölul. 1. mgr.); að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna (5. tölul. 1. mgr.); og að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna, enda vegi grundvallarréttindi og frelsi hins skráða ekki þyngra (7. tölul. 1. mgr.).

Allar þessar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga geta eftir atvikum átt við um miðlun umræddra upplýsinga. Fer það eftir tilgangi vinnslu hverju sinni hver þeirra á við, sem og hvort einhver þeirra eða annarra heimilda 8. gr. til vinnslu persónuupplýsinga geti löghelgað vinnslu. Í því sambandi ber að líta til 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 þar sem mælt er fyrir um að persónuupplýsingar skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Sé skilyrðum þessa ákvæðis ekki fullnægt getur vinnsla aldrei talist heimil.

Í 1. mgr. 7. gr. eru fleiri skilyrði sem ávallt verður að vera fullnægt við vinnslu persónuupplýsinga. Meðal þessara skilyrða, sem varða m.a. meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga, eru að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra skal vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); og að þær skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu (3. tölul.). Fyrirnefnda skilyrðið felur m.a. í sér kröfu um gagnsæi við vinnslu persónuupplýsinga, en það felur í sér að vinnsla má ekki fara fram með leynd gagnvart hinum skráða, m.ö.o. þá skal hann fræddur um að unnið sé með upplýsingar um hann eða í það minnsta eiga kost á fræðslu þar að lútandi.

Í III. kafla laga nr. 77/2000 er að finna ákvæði sem útfæra nánar þetta skilyrði um gagnsæi. Þau ákvæði, sem snúa einna helst að Fasteignamati ríkisins, eru 18. og 20. gr. Í fyrirnefnda ákvæðinu er mælt fyrir að hinn skráði eigi rétt á að fá vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga frá þeim sem er ábyrgur fyrir vinnslunni, þ.e. svonefndum ábyrgðaraðila. Þar er n.t.t. um að ræða vitneskju um hvaða upplýsingar unnið er með um hinn skráða eða hefur verið unnið með; tilgang vinnslunnar; hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann; hvaðan upplýsingarnar koma; og hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnsluna, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar. Tekið er fram að veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

Í síðarnefnda ákvæðinu er mælt fyrir um fræðslu sem veita skal hinum skráða þegar upplýsinga er aflað hjá honum sjálfum. Ljóst er að þetta ákvæði á við um starfsemi Fasteignamats ríkisins, enda eru upplýsingar í landskrá fasteigna fengnar frá eigendum fasteigna sem eru þá hinir skráðu í skilningi laga nr. 77/2000. Sú fræðsla, sem veita á samkvæmt 20., lýtur að nafni og heimilisfangi ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr. laganna (sá hluti ákvæðisins sem lýtur að fulltrúa ábyrgðaraðila á væntanlega ekki við hér); tilgangi vinnslunnar; og öðru því sem nauðsynlegt er til að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, s.s. viðtakendum eða flokkum viðtakenda upplýsinganna, hvort hinum skráða sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki, og ákvæðum laga nr. 77/2000 um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétti hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Einnig ber að líta til ákvæða 28. gr. laga nr. 77/2000 um afhendingu upplýsinga í þágu beinnar markaðssetningar, en tekið skal fram að Persónuvernd telur slíka afhendingu úr Landskrá fasteigna geta verið heimila. Meðal þeirra ákvæða, sem þar verður að líta til, er 2. mgr. um að þess skal gætt að afhenda ekki upplýsingar um nöfn þeirra sem hafa andmælt slíkri markaðssetningu hjá Þjóðskrá, þ.e. með því að láta skrá nafn sitt á svonefnda bannskrá. Samkvæmt þessu verður ávallt, áður en persónuupplýsingar eru afhentar úr Landskrá fasteigna í þágu markaðssóknar, að bera þá skrá, sem afhenda á, saman við bannskrá Þjóðskrár og þurrka út upplýsingar um þá sem þar hafa látið skrá sig. Þá ber að telja eðlilegt að hinum skráðu sé veittur kostur á að andmæla því, óháð því hvort þeir séu á bannskrá, að upplýsingar um þá verði afhentar í umræddu skyni.

Svo að hinum skráðu sé unnt að koma slíkum andmælum á framfæri telur Persónuvernd mjög æskilegt að í ljósi 20. gr. laga nr. 77/2000 séu hinir skráðu fræddir um afhendingu í þágu beinnar

markaðssetningar, s.s. á þann hátt að þeir fái tilkynningu um slíkt póstsenda eða á þann hátt að þegar þeir fara til sýslumanns vegna þinglýsingar skjala fái þeir skriflega fræðslu um að þær upplýsingar, sem í kjölfarið eru sendar Fasteignamatinu, kunni að verða afhentar aðilum sem vilja nota þær í beinni markaðssetningu. Þá verður að telja mjög æskilegt að þeim sé veittur kostur á að andmæla slíku, s.s. með því að haka við tiltekinn reit á blaði hjá sýslumanni fyrir skriflega fræðslu.

Samkvæmt framangreindu ber ávallt að gæta þess, þegar upplýsingar um fasteignaeigendur eru afhentar, að einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 sé fullnægt; að tilgangurinn með afhendingunni sé yfirlýstur, skýr og málefnalegur og ekki ósamrýmanlegur tilganginum með fasteignaskráningu; að þess sé gætt eftir því sem kostur er að hinum skráðu sé kunnugt um afhendingu eða geti a.m.k. aflað sér vitneskju um hana; að þær upplýsingar sem veittar eru fari ekki fram úr því sem nauðsynlegt er í ljósi tilgangsins með ósk um afhendingu upplýsinganna; og að ekki séu í þágu beinnar markaðssetningar afhentar upplýsingar um þá sem eru skráðir á bannskrá Þjóðskrár eða hafa andmælt því við Fasteignamat ríkisins að upplýsingar um þá séu afhentar í því skyni.

2.2.

Við mat á því hvort heimilt sé að veita upplýsingar um hvort tilteknir einstaklingar eigi fasteignir, án þess þó að veittar séu upplýsingar um hvaða fasteignir viðkomandi eigi, ber að fara eftir öllum þeim sömu reglum og raktar eru hér að ofan. Slík afhending kann að vera heimil í ýmsum tilgangi, m.a. í þágu kynningar- og markaðssetningarstarfsemi, enda sé bannskrá Hagstofunnar virt, auk þess sem veitt sé viðeigandi fræðsla og hinum skráðu sé veittur kostur á að hafna afhendingu í þágu slíkrar starfsemi óháð því hvort þeir hafi látið skrá sig á bannskrá, sbr. það sem rakið er í kafla 2.1.

Mögulegt er að afhending á þeim upplýsingum, sem hér um ræðir, færi oft fram í öðrum tilgangi heldur en afhending á upplýsingum á hópum eigenda ákveðinna fasteigna. Kann því að þurfa að líta til annarra heimilda til vinnslu persónuupplýsinga en þeirra sem tilgreindar eru í kafla 2.1. Meðal þeirra ákvæða, sem Persónuvernd telur þar helst koma til greina, er 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður.

Í erindi Fasteignamatansins er sérstaklega vikið að því að bankar vilja fá upplýsingar um hvort viðskiptamenn þeirra eiga fasteignir í því skyni að geta boðið þeim sem eiga fasteign betri kjör. Er vísað til 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 í því sambandi, en þar er mælt fyrir um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil til að gæta lögmætra hagsmuna, enda vegi grundvallarréttindi og frelsi hins skráða ekki þyngra. Persónuvernd telur afhendingu upplýsinga úr Landskrá fasteigna í framangreindu skyni geta verið heimila í ljósi þessa ákvæðis.

3.

Telja má ljóst að þau svör, sem rakin eru hér að ofan, gefi ekki tæmandi mynd af því í hvaða tilvikum Fasteignamati ríkisins er heimilt að afhenda upplýsingar um fasteignaeigendur. Er stofnuninni ekki unnt að veita slík svör, enda er ekki hægt að sjá fyrir allar þær aðstæður sem upp kunna að koma.[...].“

Síðar barst Persónuvernd nýtt bréf frá FMR um lögmæti miðlunar persónuupplýsinga úr Landskrá fasteigna. Var spurt hvort fræðsla um miðlun á útsendum tilkynningarseðlum til fasteignareigenda, þ.e. um fasteigna- og brunabótamat, og heimasíðu Fasteignamatans ríkisins væri nægileg.

Í bréfi, dags. 25. maí 2007, vísaði Persónuvernd í fyrra svar og áréttaði að hún teldi að væri hinum skráðu veitt fræðsla á útsendum tilkynningarseðlum um miðlun persónuupplýsinga væri kröfum 20. gr. laga nr. 77/2000 um slíka fræðslu fullnægt, *enda væri fræðslan veitt með áberandi hetti og með hæfilegum fyrirvara áður en upplýsingunum væri miðlað*. Tekið var fram að með þessu væri ekki tekin afstaða til lögmætis miðlunarinnar hverju sinni að öðru leyti, en ávallt yrði m.a. að líta til ákvæða 8. gr. laga nr. 77/2000 um heimildir til vinnslu persónuupplýsinga og 7. gr. laganna um sanngirni, meðalhóf og áreiðanleika við slíka vinnslu.

Þá sagði:

„Ljóst er að það að birta fræðslu á heimasíðu stofnunar getur aldrei komið í stað fræðslu sem veitt er með þeim hætti að ábyrgðaraðili setur sig beint í samband við hinn skráða, hvort sem er með póstsendingu fræðslu eða öðrum hætti, enda byggjast ákvæði 20. gr. laga nr. 77/2000 á því að þannig sé farið að. Hins vegar er ljóst að telja má það til vandaðra stjórnsýsluhátta að birta fræðslu á heimasíðu stofnunar, auk þess sem viðhafa má það verklag að í t.d. póstsendri fræðslu sé vísað á heimasíðu stofnunar um nánari fræðslu. Í því sambandi ber hins vegar að hafa í huga að þrátt fyrir að notkun Netsins sé mjög útbreidd hafa ekki allir aðgang að því. Opinber stofnun, sem fer með valdheimildir, sem hafa áhrif á réttindi og skyldur stórs hluta þjóðarinnar, verður sérstaklega að líta til þessa.“

3.2.6. Upplýsingar um kostnaðarhlutdeild sjúklings í lyfjaverði; skráning þeirra í lyfjagagnagrunn landlæknis, sem rekin er samkvæmt lyfjalögum – mál 2007/51

Persónuvernd bárust ábendingar um að einstaklingar fengju ekki greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) í samræmi við 2. mgr. 48. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, en það mætti rekja til ákvarðana hennar um varðveislu upplýsinga í apótekum. Persónuvernd kannaði málið og bar m.a. undir landlækni, TR og Lyfjastofnun, hvort ekki mætti nýta þann lyfjagagnagrunn, sem rekin er samkvæmt lyfjalögum, til að tryggja úrbætur.

Í 2. mgr. 24. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með áorðnum breytingum, segir að lyfsölum sé skylt að afhenda TR rafrænt allar upplýsingar sem fram koma á lyfseðlum um afgreiðslu lyfja með persónuupplýsingum. Í 25. gr. sömu laga segir m.a. að starfrækja skuli lyfjagagnagrunn, sem hafi að geyma upplýsingar sem TR fær afhentar frá lyfsölum samkvæmt framangreindu ákvæði. Þá segir í 27. gr. að það sé hlutverk landlæknis að starfrækja umræddan lyfjagagnagrunn.

Samkvæmt ákvæði a-liðar 1. tölul. í 3. mgr. 27. gr. laganna getur TR sótt um aðgang að persónuupplýsingum úr lyfjagagnagrunninum, og landlæknir veitt til þess leyfi, ef TR æskir aðgangins vegna endurgreiðslu lyfjakostnaðar sjúklings og fyrir liggur samþykki hans. Þá segir í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 91/2001 að þegar lyfseðill er afgreiddur skuli hann auðkenndur heiti lyfjabúðar og dagsetningar afgreiðslu getið. Tilgreina skuli *verð* lyfs og hver sé greiðsluhluti sjúklings og hver sé hluti TR.

Bárust Persónuvernd svör frá Tryggingastofnun ríkisins, Landlæknisembættinu og Lyfjastofnun:

1.

Svör Tryggingastofnunar ríkisins

Í svarbréfi TR, dags. 5. febrúar 2007, sagði m.a.:

„Lyfjabúðir veita iðulega afslátt til viðskiptavina sinna sem er mismunandi eftir lyfjabúðum og lyfjum. Í gagnagrunni Landlæknisembættisins koma ekki fram upplýsingar um hlut sjúklings með afslætti og því er ekki hægt að notast við þær upplýsingar við endurgreiðslu á lyfjakostnaði, endurgreiðslan miðast við raunverulegan hlut sjúklings sjúklings í lyfjakostnaði, þ.e. hlut sjúklings skv. reglugerð nr. 458/2005 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, að frádregnum afslætti lyfjabúðar.“

2.

Svör landlæknis

Landlæknir svaraði með minnisblaði, dags. 20. febrúar 2007. Í því sagði m.a.:

„Til þess að koma til móts við þarfir einstaklinga var ætlunin að nýta gögn úr lyfjagagnagrunni landlæknis. Nú hefur hins vegar komið í ljós að gögnin í gagnagrunninum eru ekki nægjanleg. Þar er eingöngu viðmiðunarkostnaður sem sýnir aðeins kostnaðarhlut TR. Viðmiðunarkostnaður er reiknaður út frá því lyfi sem ávísað er, magni og Lyfjaverðskrá. Engar upplýsingar eru um kostnaðarhlut

sjúklings og þá afslætti sem veittir eru. Raunkostnaður sjúklings kemur þannig ekki fram. Endurgreiðsla TR miðast hins vegar við raunverulegan hlut sjúklings í lyfjakostnaði þegar tekið hefur verið tillit til afsláttar lyfjabúðar. Því er ljóst að lyfjagagnagrunnur LL hefur ekki nauðsynlegar upplýsingar til endurgreiðslu lyfjakostnaðar einstaklinga.

Tæknilega séð er því ekkert til fyrirstöðu en bæta þessum upplýsingum við í lyfjagagnagrunn LL en eins og staðan er nú koma þessar upplýsingar ekki með í gagnasendingum apóteka til TR, en þessar gagnasendingar eru uppspretta þeirra gagna sem fara bæði í lyfjagagnagrunn LL og tölfraðigrunn TR.“

3.

Svör Lyfjastofnunar

Lyfjastofnun svaraði með tölvupósti, dags. 28. febrúar 2007. Þar sagði m.a.:

„[...] að raunverulegt verð eigi að fara inn í grunninn þ.e. það verð sem sjúklingur greiðir og TR greiðir samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 91/2001 og 27. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.“

4.

Niðurstaða Persónuverndar

Í niðurstöðu Persónuverndar, dags. 2. mars 2007, sagði m.a.:

„[...] mál þetta er tilkomið vegna þess að einstaklingar fá ekki frá Tryggingastofnun ríkisins greiðslur í samræmi við 2. mgr. 48. gr. laga nr. 117/1993, og hafa nokkrir snúið sér til Persónuverndar.

Af svörum Lyfjastofnunar, landlæknis og Tryggingastofnunar ríkisins má hins vegar ráða að rót vandans liggur í því að lyfjabúðir hafa ekki hagað afgreiðslu lyfseðla í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 91/2001. Verði bætt úr því munu TR, á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga nr. 93/1994, berast réttar upplýsingar um kostnað sjúklings. Af því mun og sjálfkrafa leiða að landlækni verður unnt, á grundvelli 24., 25. og 27. gr. sömu laga, að verða við ósk TR um aðgang að upplýsingum vegna beiðni sjúklings um endurgreiðslu lyfjakostnaðar – ef fyrir liggur samþykki sjúklingsins.

Svo úr verði bætt og menn fá þær greiðslur sem þeim ber samkvæmt lögum um almannatryggingar er mikilvægt að tryggja að lyfjabúðir hagi verklagi sínu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 91/2001. [...]“

3.2.7. Skráning Alcan á upplýsingum um skoðanir manna á stækkun álversins í Straumsvík; inntak hugtaksins „ábyrgðaraðili“ – mál 2007/258

Í mars 2007 bárust Persónuvernd símtöl frá mönnum sem kváðust vera starfsmenn Alcan á Íslandi hf. Þeir kváðust hafa fengið tilmæli um að safna upplýsingum um a.m.k. 10 nágranna sína eða vini og skoðanir þeirra á fyrirhugaðri stækkun álversins í Straumsvík. Fyrst og fremst hefðu menn verið beðnir um að safna upplýsingum um meðlimi samtakanna Sólar í Straumi. Fram kom að starfsmenn skyldu skrá sig inn á vefsíðu með notendanafni og lykilorði sem þeim hafði verið úthlutað og færa upplýsingarnar þar inn.

Persónuvernd hafði samband við framkvæmdastjóra hjá Alcan á Íslandi hf. og grennslaðist fyrir um málið. Hann skýrði frá því að starfsmenn Alcan á Íslandi hf. hefðu verið beðnir um að hringja í vini og ættingja, spyrja um afstöðu þeirra til stækkunar og skrá í kerfið „kosningavelin.net“. Nánar aðspurður skýrði hann frá því að Alcan á Íslandi hf. hefði keypt aðgang að kerfinu fyrir milligöngu almannatengslafyrirtækis, það hefði verið sett sérstaklega upp fyrir félagið og að sú skrá sem lögð væri til grundvallar úthringinga væri kjörskráin í Hafnarfirði. Einnig kom fram að starfsmönnum hefði ekki verið leiðbeint um að upplýsa fólk um að svör þess yrðu skráð.

Símtalið þótti gefa tilefni til frekari athugunar. Því var óskað vitneskju um tiltekin atriði um upplýsingasöfnun Alcan á Íslandi hf. Svör bárust frá lögmanni Alcan, auk þess sem farið var í

vettvangsheimsókn til Alcan. Þar var Persónuvernd sýnt viðmót upplýsingakerfisins eins og það sneri að vefstjórum og starfsmönnum félagsins. Í kjölfarið áttu frekari bréfaskipti sér stað. Fram kom að á tímabilinu 10.-15. mars 2007 gátu þeir starfsmenn sem skráðu upplýsingarnar skoðað svör einstaklinga. Sama átti við um vefstjóra. Engar sérstakar leiðbeiningar höfðu verið veittar. Fyrirspurn Persónuverndar um hvort samið hefði verið við tiltekinn vinnsluaðila um að annast framkvæmd könnunarinnar var svarað þannig að Alcan hefði notið þjónustu almannatengslafyrirtækisins og aðila [S].

Í bréfi frá lögmanni Alcan sagði m.a.:

„[...] útvegaði umbjóðanda mínum aðgang að vefnum „kosningavelin.net“. Enginn samningur var gerður við þá sem standa að vefnum, en um er að ræða tvo einstaklinga, [...]. Umbjóðandi minn lítur svo á að ekki verði sagt að sérstakur vinnsluaðili hafi verið fenginn til að framkvæma könnunina, enda skrá starfsmenn umbjóðanda míns svörin í gagnagrunninn, og forrit breytir svörum sjálfvirk og tafarlaust í þær tölfraðiupplýsingar sem umbjóðandi minn hefur aðgang að.“

Hinn 26. júní 2007 kvað Persónuvernd upp *úrskurð* um hvort Alcan á Íslandi ehf. teldist ábyrgðaraðili upplýsinganna, í heild eða hluta, en það hefði aftur áhrif á hverjum staði næst að veita Persónuvernd upplýsingar við rannsókn málsins. Í úrskurði hennar sagði m.a.:

„Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 telst ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga vera sá aðili sem ákveður tilgang vinnslunnar, þann útbúnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarp því er varð að lögum nr. 77/2000 segir að átt sé við þann aðila sem hefur ákvörðunarvald um vinnslu persónuupplýsinga og að jafnvel þótt slíkur aðili feli öðrum meðferð upplýsinganna beri hann ábyrgðina, svo fremi hann hafi áfram ákvörðunarvaldið. Vinnsluaðili er hins vegar sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum í greinargerð með ofanefndu frumvarpi segir að vinnsluaðili geti t.d. verið aðili sem sér um að þróa upplýsingakerfi eða gera við og viðhalda tölvuhugbúnaði.

Um samband ábyrgðaraðila og vinnsluaðila er nánar kveðið í 13. gr. laga nr. 77/2000, en þar kemur fram að ábyrgðaraðili sé heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit. Slíkur samningur skal vera skriflegur og þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðili sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast.

Í málinu liggur fyrir að ákvörðun um upplýsingaöflun þá sem hér um ræðir var tekin af Alcan á Íslandi hf. og var hún hluti af kosningabaráttu félagsins vegna fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík. Starfsmenn félagsins öfluðu upplýsinganna, skráðu sig inn á vefsíðu með notandanafni og lykilorði sem félagið hafði úthlutað þeim og færðu upplýsingarnar þar inn. Í svarbréfi [H] hdl. f.h. Alcan á Íslandi hf., dags. 23. mars sl., kemur fram að tölfraðiupplýsingar sem söfnuðust skyldu notaðar til að gefa félaginu mynd af afstöðu kjósenda til stækkunar álversins í Straumsvík fram að kosningum, en eftir þann tíma yrði þeim eytt. Í bréfinu kemur einnig fram að breytingar hafi verið gerðar á tilhögun upplýsingaöflunarinnar 15. og 21. mars sl. Í bréfi [H] frá 28. mars sl. kemur fram að þær breytingar hafi verið gerðar með því að beiðni um þær hafi verið sendar frá Alcan á Íslandi hf. til GSP almannatengsla og þaðan hafi beiðnum verið beint til aðstandenda kerfisins.

Af framangreindu er ljóst að Alcan á Íslandi hf. fór með ákvörðunar- og ráðstöfunarvald þeirra persónuupplýsinga sem söfnuðust í upplýsingaöflun félagsins og telst því bera ábyrgð á því að vinnsla þeirra og meðferð sé í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Gildir þetta bæði um upplýsingarnar eins og þær birtust í notendaviðmóti sem starfs-

menn Alcan á Íslandi hf. höfðu aðgang að og eins og þær voru skráðar hjá aðstandendum kerfisins „kosningavelin.net,“ en ljóst er að þar voru persónuupplýsingar varðveittar a.m.k. á tímabilinu 10.-15. mars sl. og ekki hefur verið gengið úr skugga um hvort svo hafi verið eftir þann tíma. Aðstandendur kerfisins „kosningavelin.net“ teljast aftur á móti vera vinnsluaðilar í skilningi 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Alcan á Íslandi hf. telst vera ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem söfnuðust í upplýsingaöflun félagsins í tengslum við kosningar um stækkun álversins í Straumsvík. Gildir þetta bæði um upplýsingarnar eins og þær birtust í notendaviðmóti sem starfsmenn Alcan á Íslandi hf. höfðu aðgang að og eins og þær voru skráðar voru hjá aðstandendum kerfisins „kosningavelin.net.“

3.2.8. Skráning Alcan á upplýsingum um skoðanir manna á stækkun álversins í Straumsvík; um fræðsluskyldu – mál 2007/258

Á fundi sínum hinn 5. október 2007 komst stjórn Persónuverndar að eftirfarandi niðurstöðu í máli nr. 2007/258:

»I.

Málavextir og bréfaskipti

1.

Dagana 14. og 15. mars 2007 bárust Persónuvernd símtöl frá starfsmönnum Alcan á Íslandi hf. (hér eftir nefnt Alcan). Þeir greindu frá því að starfsmenn félagsins hefðu fengið tilmæli um að safna upplýsingum um a.m.k. 10 nágranna sína eða vini, þ.e. um skoðanir þeirra á fyrirhugaðri stækkun álversins í Straumsvík. Að eigin sögn vildu mennirnir ekki leggja inn erindi í sínu nafni af ótta við uppsögn.

Hinn 15. mars ræddi starfsmaður Persónuverndar við Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóra Alcan. Hann skýrði frá því að starfsmönnum hefði verið boðið að hringja í vini og ættingja, spyrja um afstöðu þeirra til stækkunar og skrá svörin í tiltekið upplýsingakerfi. Kvað hann Alcan hafa fengið aðgang að umræddu kerfi fyrir milligöngu almannatengslafyrirtækis. Sú skrá sem lögð væri til grundvallar úthringinga væri kjörskráin í Hafnarfirði. Einnig kom fram að starfsmönnum hefði ekki verið leiðbeint sérstaklega um að upplýsa viðmælendur sína um að svör þeirra yrðu skráð.

Persónuvernd þótti þetta gefa tilefni til frekari athugunar og með bréfi, dags. 15. mars sl., óskaði hún nánari upplýsinga. Svör bárust, fyrir hönd félagsins, með bréfi Hjördísar Halldórsdóttur hdl., dags. 23. mars sl. Þar kemur fram að starfsmenn Alcan hafi hringt heiman frá sér eða úr vinnunni og spurt vini og ættingja um afstöðu þeirra til stækkunar álversins í Straumsvík. Í bréfinu segir m.a. að byrjað hafi verið á úthringingum 10. mars og fram til 15. mars 2007 hafi þeir sem haft hafi aðgang að kerfinu getað skoðað svör einstakra svarenda. Eftir það hafi kerfinu verið breytt. Kemur fram að starfsmönnum hafi ekki verið leiðbeint sérstaklega um að upplýsa viðmælendur um að svör þeirra yrðu skráð niður, þ.e. ekki fyrir en eftir að félaginu barst erindi Persónuverndar vegna málsins.

2.

Með bréfi, dags. 26. mars 2007, boðaði Persónuvernd að fulltrúar hennar myndu koma í vettvangsheimsókn á starfsstöð Alcan til frekari gagnaöflunar. Í bréfinu var þess óskað að viðstaddir yrðu aðilar sem gætu upplýst hvernig staðið væri að upplýsingavinnslunni.

Í vettvangsheimsókninni var fulltrúum Persónuverndar sýnt viðmót upplýsingakerfisins. Kom fram að þeir sem hannað hefðu kerfið hétu [SÓ] og [SG]. Þeir voru ekki viðstaddir. Viðstaddur var framkvæmdastjóri fyrirtækisins, lögmaður þess, [H], og nokkrir starfsmenn. Starfsmaður Alcan sýndi fulltrúum Persónuverndar hvernig kerfið væri notað, m.a. til þess að koma í veg fyrir að hringt væri oftar en einu sinni í sama einstaklinginn. Merkingar á listum gáfu til kynna hvort búið væri

að hringja í viðkomandi, hvort hann hefði ekki svarað í símann og hvort ekki mætti hringja í hann vegna bannmerkingar. Þá kom fram hvort hann væri á úthringilista hjá einhverjum öðrum starfsmanni. Auk þess voru upplýsingar um hversu marga einstaklinga tilteknir starfsmenn hefðu hringt í.

Fram kom að á tímabilinu 10.-15. mars 2007 hefðu vefstjórar getað séð persónugreinanleg svör við tveimur spurningum. Annars vegar um hvað hefði mest áhrif á afstöðu viðmælanda til stækkunar álfersins í Straumsvík og voru veittir fimm svarmöguleikar, þ.e. „fjárhagsleg og efnahagsleg áhrif“, „loftmengun“, „sjónmengun“, „of nálægt byggð“ og „virkjanamál/orkuöflun“. Hins vegar um hvort viðmælandi gerði ráð fyrir að styðja stækkun álfersins og voru veittir fjórir svarmöguleikar, þ.e. „já“, „nei“, „vantar upplýsingar“ og „hef ekki gert upp hug minn“. Framangreind svör voru ennþá skráð í kerfið, en virtust ekki lengur sýnileg.

Ekki var, með óyggjandi hætti, hægt að sjá hvort enn væru til skráðar upplýsingar um einstök svör, þ.e. hvort þau væru rekjanleg til einstakra svarenda. Leiðbeindi lögmaður Alcan fulltrúum Persónuverndar um að leita nánari skýringa hjá þeim [SÓ] og [SG]. Þessa ábendingu ítrekaði lögmaðurinn með bréfi sama dag. Þar segir:

„Þá er Persónuvernd hvött til að afla upplýsinga um tæknilega hlið á kerfinu frá aðstandendum þess, þar með talið um þýðingu einstakra merkinga í töflum sem ekki eru aðgengilegar umbjóðanda mínum og eru meðfylgjandi tilvitnuðum tölvupósti. Er Persónuvernd sérstaklega hvött til að afla staðfestingar á því sem undirrituð hefur verið upplýst um af [SG], það er að tilvist „id“ númera í annarri töflunni leiði ekki til þess að unnt sé að nota þau númer til að persónutengja svör.“

3.

Starfsmenn Persónuverndar höfðu samdægurs samband við [SG], bæði símleidis og með tölvupósti, í því skyni að koma á fundi með honum og framkvæma athugun. [SG] vildi einungis svara spurningum skriflega en var þá tjáð að Persónuvernd þyrfti að skoða kerfið. Í tölvubréfi frá honum, dags. 30. mars 2007, segir hann að sér hafi verið „heimilað“ að veita Persónuvernd tímabundinn aðgang. Sá aðgangur sem hann veitti reyndist hins vegar aðeins vera að sambærilegu viðmóti og fulltrúar Persónuverndar höfðu þegar séð í vettvangsheimsókninni til Alcan. [SG] var skýrt frá því en frekari tilraunir Persónuverndar til að fá nauðsynlegar skýringar og gögn skiluðu ekki árangri. Óskín var ítrekuð alls fjórum sinnum. Í tölvupósti sem Persónuvernd sendi honum þann 2. apríl 2007 sagði m.a.:

„Gætið þess [...] vandlega að varðveita allt. Mikilvægt er að engin gögn skemmist eða glatist, sem skýra málið.“

Í bréfi Persónuverndar til lögmanns Alcan, dags. 12. júní, sagði m.a.:

„Í tölvubréfi frá [SG], dags. 30. mars sl., segir að honum hafi verið „heimilað“ að veita Persónuvernd tímabundinn aðgang að kerfinu. Þar var hins vegar um að ræða aðgang að viðmóti fyrir almennan notanda annars vegar og vefstjóra hins vegar, sem Alcan hafði þegar sýnt fulltrúum Persónuverndar í vettvangsheimsókninni tveimur dögum fyrr, *en ekki aðgang að þeim tæknilegu upplýsingum sem þörf var talin á til að staðreyna hvort upplýsingar varðveittar hjá aðstandendum kerfisins væru rekjanlegar til einstaklinga.*“ [Leturbr. Persónuverndar]

4.

Af hálfu lögmanns Alcan var því haldið fram að félagið væri ekki ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fram fór í tengslum við skoðanakönnunina. Hinn 3. maí 2007 komst stjórn Persónuverndar að þeirri niðurstöðu að vegna þessa þyrfti, áður en skorið yrði úr því hvort ákvæði laga nr. 77/2000 hefðu verið brotin við gerð skoðanakönnunarinnar, að skera úr um hvort Alcan

væri ábyrgðaraðili – enda hefði það áhrif á hverjum stæði næst að veita Persónuvernd umbeðnar upplýsingar. Þann 26. júní 2007 kvað stjórnin upp úrskurð þess efnis að Alcan væri ábyrgðaraðili vinnslunnar.

Í úrskurðinum var vísað til þess að ákvörðun um öflun upplýsinganna var tekin af Alcan, að starfsmenn félagsins öfluðu þeirra, skráðu þær í kerfi sem félagið úthlutaði þeim og að ákvarðanir um breytingar á tilhögun upplýsingaöflunarinnar hefðu einnig verið teknar af Alcan.

5.

Með bréfi, dags. 18. júlí sl., krafði Persónuvernd Alcan um aðgang að þeim gögnum sem hún hafði hvorki fengið í framangreindri vettvangsheimsókn né hjá þeim aðilum sem Alcan hafði bent Persónuvernd á að snúa sér til. Í bréfinu er vísað til 38. gr. laga nr. 77/2000, þar sem m.a. er kveðið á um að Persónuvernd geti krafði ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar sem henni eru nauðsynlegar til að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna.

Með tölvubréfum, dags. 16. ágúst og 4. sept. sl., bárust Persónuvernd síðan upplýsingar frá [SG], um að öllum gögnum hafi verið eytt hinn 23. júní sl. Hann vísaði á vefslóð til aðgangs að gagnagrunninum og staðfesti athugun Persónuverndar að þar voru engar töflur og þar af leiðandi engin gögn. Hefur því verið eytt þeim gögnum sem Persónuvernd þurfti á að halda til að ganga úr skugga um hvort persónugreinanlegar upplýsingar væru í gagnagrunninum.

6.

Með bréfi, dags. 6. september sl., bar Persónuvernd þær upplýsingar sem hún hafði fengið frá [SG] undir lögmann Alcan. Spurði Persónuvernd einnig um afstöðu félagsins til þess hvort vinnsla þess á persónuupplýsingum í tengslum við umrædda könnun hafi verið í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.

Hinn 11. september sl. barst Persónuvernd tölvubréf [lögmanninum] þar sem segir m.a.:

„Ekki var óskað eftir neinum gögnum í heimsókn Persónuverndar til Alcan sem ekki voru afhent á staðnum, hvað þá að ítrekað hafi verið óskað eftir þeim síðan. Og ekki var óskað eftir gögnum sem staðreyndu að um ópersónugreinanlegar upplýsingar væri að ræða fyrir en töluverðum tíma eftir að Alcan hafði tilkynnt, eftir bestu vitund og upplýsingum frá [SG], að þeim yrði eytt sama dag og kosning færi fram. Þetta kom fram í bréfi LOGOS 28. mars 2007 og fyrst þann 18. júlí 2007 er Alcan kynnt að Persónuvernd vilji fá aðgang að þessum gögnum og óski eftir aðkomu Alcan að skoðun þeirra!“

Í bréfi Persónuverndar, dags. 20. september 2007, var þess óskað að greint yrði frá samskiptum Alcan við [SG], m.a. um meðferð gagnanna. Afrit var sent honum.

Þann 24. september sendi [SG] Persónuvernd tölvubréf. Þar lýsir hann m.a. aðkomu sinni að upplýsingaöfluninni á þann veg að hans þáttur hafi einungis lotið að því að útvega kerfi með nöfnum Hafnfirðinga sem hafi haft þann innbyggða möguleika að inn í það hafi verið hægt að leggja spurningar sem birtust við nafn hvers og eins. Þeir sem stjórnað hafi úthringingum fyrir Alcan hafi haft fulla stjórn og séð að öllu leyti um hvaða spurninga væri spurt. Hann hafi hvergi komið að því að leggja fram spurningar um persónuleg málefni fólks. Persónuvernd sendi afrit af tölvubréfinu til Alcan og lögmanns þess til kynningar.

Í bréfi lögmanns Alcan, dags. 26. september sl., er afstaða félagsins til eyðingar gagna rakin og því andmælt að Persónuvernd hafi fyrir 18. júlí sl. óskað eftir gögnum til að staðreyna hvort skráðar upplýsingar væru rekjanlegar eða ekki. Einnig kemur fram afstaða félagsins til lögmætis þeirra vinnslu persónuupplýsinga sem fram fór í tengslum við könnun á viðhorfi Hafnfirðinga til stækkunar álversins í Straumsvík.

II. Forsendur og niðurstæða

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Hugtakið tekur þannig ekki einungis til upplýsinga sem merktar eru persónuauðkennum, s.s. nafni eða kennitölu, heldur einnig til upplýsinga sem hægt er að rekja til einstaklings á grundvelli greiningarlykils eða tilvísunarnúmers sem tengt er slíkum auðkennum. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Undir hugtakið falla m.a. söfnun, skráning, varðveisla, eyðing, afmáun, eyðilegging og aftenging persónuupplýsinga. Af framangreindu er ljóst að söfnun og skráning persónuupplýsinga um afstöðu einstaklinga til stækkunar álversins í Straumsvík, og hvers konar eftirfarandi meðferð þeirra, er vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 og fellur þar með undir valdsvið Persónuverndar að skera úr um lögmæti hennar.

Á tímabilinu 10.-15. mars 2007 voru skráðar persónuupplýsingar um afstöðu einstakra manna til fyrirhugaðrar stækkunar álversins. Af hálfu Alcan hefur því verið haldið fram að eftir þann tíma hafi a) fyrirliggjandi upplýsingar verið gerðar ópersónugreinanlegar og b) síðar skráðar upplýsingar hafi aldrei verið persónugreinanlegar. Nú liggur hins vegar fyrir að eytt hefur verið þeim gögnum sem Persónuvernd voru nauðsynleg til að ganga úr skugga um réttmæti þessarar fullyrðingar.

2.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. skal þess gætt að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti. Ákvæði þetta er sett til samræmis við a-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðun slíkra upplýsinga. Í formálsorðum tilskipunarinnar er þessi krafa skýrð nánar, en í 38. lið þeirra segir m.a. að ef vinnsla persónuupplýsinga eigi að vera með sanngjörnum hætti verði hinn skráði að geta fengið vitneskju um að skráning persónuupplýsinga og önnur vinnsla fari fram. Í þessu felst því skilyrði um ákveðinn fyrirsjáanleika og gagnsæi skráningar og vinnslu persónuupplýsinga. Meðal annars ber að veita fræðslu um það hver standi fyrir öflun upplýsinga, í hvaða tilgangi, hvað sé skráð og hvernig varðveislu sé hagað.

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 er þannig í nánum tengslum við 20. gr. laganna sem fjallar um fræðsluskilyldu þegar afla skal upplýsinga hjá hinum skráða sjálfum. Þar er kveðið á um að fræða skuli hinn skráða um nánar tiltekin atriði, þ. á m. upplýsingar að því marki sem þær séu nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríki við vinnslu upplýsinganna, svo hann geti gætt hagsmuna sinna. Þetta felur í sér jákvæða athafnaskilyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila vinnslunnar. Fyrir liggur að Alcan gerði ekki ráðstafanir til þess að tryggja að menn fengju fræðslu sem mælt er fyrir um í framangreindu ákvæði.

Samkvæmt framanrituðu fór fyrrgreind söfnun Alcan á upplýsingum um skoðanir einstakra íbúa í Hafnarfirði í bága við 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 20. gr. laga nr. 77/2000.

3.

Samkvæmt 38. gr. laga nr. 77/2000 getur Persónuvernd krafist ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt.

Rannsókn Persónuverndar í málinu beindist að því að kanna að hvaða marki þær upplýsingar, sem unnar voru af hálfu Alcan um skoðanir Hafnarfirðinga á stækkun álversins, hefðu verið rekjanlegar til einstakra manna.

Í tilefni af tölvupósti frá [SG], vinnsluaðila Alcan, til Persónuverndar, dags. 2. apríl 2007, þar sem fram kom að senn liði að því að upplýsingum um viðhorf íbúa Hafnarfjarðar yrði eytt, var honum strax sendur tölvupóstur þar sem skýrt var tekið fram að ekki mætti eyða gögnum sem kynnu að varpa ljósi á málið. Engu að síður var öllum gögnum eytt hinn 23. júní 2007. Staðfesting þar að lútandi barst Persónuvernd ekki fyrr en 4. september 2007. Í máli þessu er þáttur [SG] ekki til úrlausnar.

Þar sem Alcan, sjálfum ábyrgðaraðila vinnslunnar, eða lögmanni Alcan, var hins vegar ekki sent sérstakt bréf fyrir 23. júní 2007, þar sem áréttað var að ekki mætti eyða gögnunum, telur stjórn Persónuverndar að eins og málið liggur fyrir verði ekki fullyrt að Alcan hafi brotið ákvæði 38. gr. laga nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Alcan á Íslandi hf. gætti ekki lögboðinnar fræðsluskyldu þegar könnun var gerð á þess vegum á skoðunum Hafnirfyringa á fyrirhugaðri stækkun álversins í Straumsvík, dagana 10.-15. mars 2007.“

3.2.9. Aðgangur að upplýsingum úr fæðingaskrá og gögnum landlæknis um fóstureyðingar – mál 2007/259

Landlæknir óskaði leyfis til að mega veita aðgang að upplýsingum úr fæðingaskrá sem þar er haldin og einnig að gögnum um fóstureyðingar. Í ákvörðun Persónuverndar, dags. 26. júní 2007, segir m.a.:

„I.
Málavextir og bréfaskipti
1.

Aðdragandi máls þessa er sá að hinn 20. mars 2007 barst Persónuvernd umsókn frá [A] og [B] um heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Langtímaáhrif ráðgjafar um getnaðarvarnir á óráðgerða þungun og notkun getnaðarvarna meðal kvenna sem farið hafa í fóstureyðingu.“ Umrædd rannsókn átti að verða lokaverkefni hjúkrunarfræðinemans [D] til BS-prófs. Þá kom fram að verkefnið væri framhald af eldra verkefni sem unnið var á grundvelli leyfis frá tölvunefnd, dags. 2. mars 1999 (mál nr. 1999/44), sem var m.a. bundið því skilyrði að öll nafngreind gögn, þ. á m. greiningarlykill og samþykkisyfirlýsingar, yrðu eyðilögð að lokinni úrvinnslu og eigi síðar en 1. október 1999. Samkvæmt framangreindri umsókn stóð hins vegar til að vinna frekar með umrædd gögn, m.a. afla frekari upplýsinga um þær konur sem tekið höfðu þátt í fyrri rannsókn. Yrðu þær upplýsingar sóttar í fæðingaskrá og gagnasafn landlæknis um fóstureyðingar, en þar er að finna gögn sem safnast hafa á grundvelli 24. gr. laga nr. 25/1975, n.t.t. greinargerðir um fóstureyðingaraðgerðir.

Með framangreindri umsókn fylgdu ýmis gögn, m.a. samþykki forsvaraðila á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, dags. 9. febrúar, 16. febrúar, 2. mars og 5. mars 2007, og yfirlýsing landlæknis, dags. 8. mars 2007, um samþykki með fyrirvara um leyfi Persónuverndar og Vísindasíðanefndar.

Að fenginni framangreindri umsókn var efni hennar rætt bæði við [A] og starfsmann landlæknis. Af hálfu Persónuverndar var þá greint frá því að áður en fjallað yrði um heimildir [A] og [B] til að vinna með gögn fengin úr gagnasafni landlæknis yrði að meta heimildir hans til að veita aðgang að þessum gögnum. Í framhaldi af því barst Persónuvernd tölvubréf frá landlækni, dags. 10. apríl 2007. Þar segir:

„Landlæknisembættinu er kunnugt um að Persónuvernd hafi nú til umfjöllunar umsókn [A] og [B] um heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar á langtímaáhrifum ráðgjafar um getnaðarvarnir. Ofangreindir vísindamenn hafa nú þegar farið fram á leyfi landlæknis til þess að afla gagna úr umsóknum um fóstureyðingar vegna rannsóknarinnar. Landlæknir svaraði erindi þeirra með bréfi dags. 8. mars 2007 þar sem hann sér því ekkert til fyrirstöðu að umsækjendur fái aðgang að nauðsynlegum gögnum að því tilskildu að rannsóknin fái leyfi Persónuverndar og

Vísindasiðanefndar. Þess er hér með farið á leit við Persónuvernd að hún líti á ofangreint bréf landlæknis sem umsókn til Persónuverndar.

Þá staðfestist það einnig hér með að Landlæknisembættið sér því ekkert til fyrirstöðu að [A] og [B] fái jafnframt aðgang að fæðingaskrá vegna sömu rannsóknar.“

Þar sem Persónuvernd taldi þörf vera á nánari skýringum óskaði hún, með bréfi, dags. 11. apríl 2007, upplýsinga landlæknis um fyrirkomulag á varðveislu gagnanna, m.a. til að fá mynd af umfangi þeirra og öryggi. Einnig áttu sér stað bréfaskipti við [A], en þar sem þau varða einkum úrlausn Persónuverndar varðandi upplýsingavinnslu á vegum hennar og [B], verða þau ekki rakin hér. Þó skal tekið fram að Persónuvernd hafði óskað afrits af bréfi frá Vísindasiðanefnd til [A], dags. 3. apríl 2007, og fékk það sent frá [A] þann 9. maí 2007. Í bréfinu segir m.a.:

„Vísindasiðanefnd heimilar að rannsóknin verði gerð án þess að upplýsts samþykkis fyrir þátttöku í henni sé aflað, enda byggist rannsóknin eingöngu á fyrirliggjandi gögnum sem aðeins rannsakendur, sem bundnir eru trúnaðarskyldu í störfum sínum, munu hafa aðgang að og sem unnið verður með á ópersónugreinanlegu formi.“

Vísindasiðanefnd gerði þó vissar athugasemdir, fór þess á leit að henni bærist afrit af leyfi Persónuverndar þegar það lægi fyrir og tók fram að ekki mætti hefja framkvæmd rannsóknarinnar fyrr en endanlegt samþykki nefndarinnar hefði verið veitt.

Með bréfi til [A], dags. 11. maí 2007, óskaði Persónuvernd nánari upplýsinga. Í bréfinu segir m.a.:

„Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga byggja á þeirri grundvallarreglu að virða beri forræði einstaklings á upplýsingum sem varða hann sjálfan. Þeim mun viðkvæmari sem persónuupplýsingarnar eru, þeim mun mikilvægara er að virða þennan rétt einstaklingsins.

Í svarbréfi yðar kemur hins vegar fram að þér teljið siðferðislega rétt að afla upplýsinganna um konurnar án þeirra vitneskju. Að mati Persónuverndar er hér um siðferðislegt álítaefni að ræða og er það hlutverk Vísindasiðanefndar að leggja mat á slíkt. Í símtali við starfsmann Persónuverndar þann 9. maí sl. kom fram að mál yðar verður bráðlega tekið fyrir í Vísindasiðanefnd. Er þess óskað að Persónuvernd berist afrit af afstöðu þeirrar nefndar þegar hún liggur fyrir.

Þá er þess óskað að Persónuvernd berist upplýsingar frá Landlækni um það með hvaða hætti hann geti auðveldlega fundið upplýsingar um umræddar konur í gagnasafni um fóstureyðingar á því tímabili sem rannsóknin tekur til, en eins og fram hefur komið hefur það að geyma upplýsingar um u.þ.b. 4.600 aðgerðir; þér þurfið hins vegar aðeins upplýsingar um 380 af þeim.“

2.

Persónuvernd sendi afrit af framangreindu bréfi til landlæknis og Vísindasiðanefndar. Í framhaldi af því barst henni afrit af bréfi frá Vísindasiðanefnd til [A] og [B], dags. 22. maí 2007, svo og afrit af bréfi frá landlækni til þeirra beggja, dags. 26. s.m. Einnig barst Persónuvernd bréf frá landlækni, dags. 4. júní 2007. Verður nú gerð nánari grein fyrir efni þessara bréfa.

2.1.

Í bréfi Vísindasiðanefndar til [A] og [B], dags. 22. maí 2007, segir m.a.:

„Fjallað var um svarbréf þitt [þ.e. tölvubréf frá 29. maí 2007 þar sem svarað er bréfi frá Vísindasiðanefnd, dags. 3. apríl s.á.] og innsend gögn á fundi Vísindasiðanefndar 22.05.2007. Í upplýsingatextum til þátttakenda vegna fyrri rannsóknarinnar frá árinu 1999 er ekkert getið um hugsanlega eftirfylgni við rannsóknina eins og þá sem nú er fyrirhugað að framkvæma. Hinsvegar er skýrt tekið fram að: *“Gætt verður nafnleyndar þannig að nafn þitt kemur hvergi fram á spurningalistanum. Engir aðrir en rannsakendur hafa aðgang að þeim upplýsingum sem þú gefur. Farið*

er með þínar upplýsingar sem trúnaðarmál og gögnum eytt að lokinni úrvinnslu.“ Vísindasiðanefnd getur ekki tekið undir það sjónarmið þitt sem fram kemur í bréfi dags. 7. maí 2007 að: *“Af siðferðislegum ástæðum er það talin vera betri leið að afla þessara tilgreindu upplýsinga með því að skoða skrár í stað þess að leita beint til kvennanna.”* Það er mat nefndarinnar að virða beri forræði einstaklingsins á upplýsingum sem varða einstaklinginn sjálfan. Jafnframt, þar sem skýrt er tekið fram í fyrri rannsókn frá 1999 að öllum gögnum verði eytt og þannig ótvírætt gefið í skyn að gögnin verði ekki notuð í öðrum tilgangi en þar kom fram er umsókn þinni, 07-048 Langtímaáhrif ráðgjafar um getnaðarvarnir á óráðgerða þungun og notkun getnaðarvarna meðal kvenna sem farið hafa í fóstureyðingu, hafnað.“

2.2.

Í bréfi Landlæknisembættisins til [A] og [B], dags. 26. maí 2007, kemur fram að embættið hafði þá þegar veitt umbeðinn aðgang, þ.e. þegar í lok apríl 2007. Um það segir m.a.:

„Gagnaöflun gekk fljótt og vel og var henni lokið 3. maí. Þá höfðu enn engin leyfi borist og við eftirgrennslan kom í ljós að aðalleiðbeinandi var í 2ja vikna dvöl erlendis. Nokkrum dögum síðar barst Landlæknisembættinu afrit af bréfi Persónuverndar til aðalleiðbeinanda sem gaf til kynna að leyfi væru ekki fyrir hendi eins og Landlæknisembættið hafði verið sannfært um á þeim tíma sem nemanum var veittur aðgangur að gögnum. Á næstu dögum var þessi staðreynd æ ljósari.

Af bréfi landlæknis frá 8. mars s.l. má ljóst vera að aldrei stóð til að veita aðgang að þessum gögnum nema fyrir lægju leyfi Persónuverndar og Vísindasiðanefndar. Þar sem nú hefur komið í ljós að þessi leyfi lágu ekki fyrir verður að eyða þeim gögnum sem aflað var, nú þegar.

Landlæknisembættið harmar það mjög að svona hafi farið og átelur þessi vinnubrögð. Reyndum vísindamönnum og leiðbeinendum háskólanema má ljóst vera að gagnaöflun má ekki hefjast fyrr en tilskilin leyfi liggja fyrir. Þá harmar Landlæknisembættið að hafa veitt aðgang að þessum gögnum án þess að hafa leyfin raunverulega undir höndum. Þetta er á skjön við reglur Landlæknisembættisins og verður tekið á því sem öryggisfráviki. Líklega hefur það haft áhrif í þessari atburðarás að hér er um virta og reynda vísindamenn að ræða sem Landlæknisembættið hefur átt góð og traust samskipti við í áratugi. Reglur landlæknis verða nú hertar til þess að koma í veg fyrir að atvik sem þetta endurtaki sig. Þar sem bæði Persónuvernd og Vísindasiðanefnd tengjast málinu mun Landlæknisembættið tilkynna þeim þetta atvik og skýra frá hvernig brugðist hefur verið við og hvernig komið verður í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.“

2.3.

Með bréfi, dags. 4. júní 2007, greindi Landlæknisembættið Persónuvernd frá því að fyrir mistök hefði umræddur aðgangur verið veittur. Hefðu viðkomandi aðilar komið til landlæknis og öllum gögnum, bæði frumgögnum og afleiddum gögnum, verið eytt. Þá gerði landlæknir grein fyrir þeim ráðstöfunum sem hann hefði gripið til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með

persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af þessu leiðir að efni máls þessa lýtur að vinnslu persónuupplýsinga og þar með fellur umfjöllun um efni þess undir valdsvið Persónuverndar.

Við vinnslu persónuupplýsinga verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Séu upplýsingarnar viðkvæmar þarf auk þess að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna, sbr. þó 2. og 3. mgr. Að mati Persónuverndar lýtur mál þetta að viðkvæmum persónuupplýsingum og þarf veiting aðgangs að þeim bæði að eiga sér stoð í 8. og 9. gr. laganna. Jafnframt þarf að vera fullnægt öllum grunnskilyrðum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 þegar unnið er með persónuupplýsingar, þ. á m. að við meðferð persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

2.

Stjórn Persónuverndar ræddi mál þetta á fundi sínum þann 26. júní 2007. Þar sem ekki er heimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 fyrir landlækni til að veita umræddan aðgang að upplýsingum úr fæðingaskrá og umræddum gögnum um fóstureyðingar reynir á hvort Persónuvernd veiti sérstaka heimild til þess. Við mat á því hvort slíkt leyfi skuli veitt ber, eins og áður segir, að líta til þess hvort vinnsla fullnægi ákvæðum 7. gr. laganna, m.a. kröfunni um sanngjarna vinnslu og um meðalhóf.

Varðandi mat á því hvort uppfyllt sé skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. um sanngirni o.fl. ber, að mati Persónuverndar, að líta til þeirrar grundvallarreglu einkalífsréttarins að virða skal forræði einstaklings á upplýsingum sem varða hann sjálfan, og að þeim mun viðkvæmari sem persónuupplýsingarnar eru, þeim mun mikilvægara er að virða þennan rétt einstaklingsins. Í þessu tilviki er hvorki fyrirhugað að fræða konurnar um umrædda vinnslu né að afla samþykkis þeirra. Þá liggur fyrir að árið 1999, þegar þeirra gagna var aflað, sem nú er byggt á, var umræddum konum heitið því að farið yrði með upplýsingarnar sem trúnaðarmál og þeim eytt að lokinni úrvinnslu. Verður því að telja veitingu aðgangs stríða gegn 1. tölul. 7. gr.

Í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. kemur fram að ekki skal unnið með upplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem þeirra var safnað í nema hann fái samrýmst þeim tilgangi. Þó getur vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi verið samrýmanleg að því tilskildu að víðeigandi öryggis sé gætt. Í ljósi ábendinga landlæknis sjálfs um misbresti á öryggi verður ekki talið að þessu skilyrði sé fullnægt.

Að því er varðar 3. tölul. 1. mgr. 7. gr., um að persónuupplýsingar skulu ekki vera umfram það sem nauðsyn krefur í þágu tilgangs vinnslu, verður að líta til þess að komið hefur fram að erindið lýtur að gögnum um 4.600 aðgerðir en aðeins er þörf upplýsinga um 380 konur. Liggur ekki fyrir að skilyrði 3. tölul. sé uppfyllt.

Með vísan til alls framangreinds, og að virtu álitni Vísindasíðanefndar, sbr. framangreint bréf hennar, dags. 22. maí 2007, eru ekki efni til þess, að mati Persónuverndar, að veita landlækni umbedið leyfi til að veita umræddan aðgang að upplýsingum úr fæðingaskrá, sem og gögnum um fóstureyðingar sem safnast hafa hjá Landlæknisembættinu í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 25/1975.

Ákvörðunarráð:

Hafnað er beiðni landlæknis um umbedið leyfi til að veita A og B aðgang að upplýsingum úr fæðingaskrá, sem og gögnum um fóstureyðingar, sem safnast hafa hjá Landlæknisembættinu í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 25/1975, í þágu rannsóknarinnar „Langtímaáhrif ráðgjafar um getnaðarvarni á óráðgerða þungun og notkun getnaðarvarna meðal kvenna sem farið hafa í fóstureyðingu.“

3.2.10. Úttekt á vinnslu persónuupplýsinga hjá Lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitar sviðs KÍ – mál 2005/463

Hinn 10. desember 2007 var tekin ákvörðun í máli nr. 2005/463 varðandi Lífsýnasafn Frumurannsóknastofu leitar sviðs Krabbameinsfélags Íslands.

Hún var svohljóðandi:

„I.

Grundvöllur máls

Með bréfi Persónuverndar til Krabbameinsfélags Íslands (KÍ), dags. 30. maí 2005, var boðuð úttekt á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í lífsýnasöfnum félagsins, þ.e. lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitar sviðs og lífsýnasafni Rannsóknastofu í sameinda- og frumulíffræði, n.t.t. Lífsýnabanka KÍ. Hafði vinna við slíka úttekt reyndar byrjað áður, en ákveðið var að hætta henni þegar fyrir lá niðurstaða þess sérfræðings, sem þá vann að málinu með Persónuvernd, um að ekki væri unnt að gera úttektina vegna skorts á gögnum frá KÍ. Síðar bárust Persónuvernd hins vegar ítarlegri gögn með bréfi KÍ til Persónuverndar, dags. 12. apríl 2005, og var þá ákveðið að framkvæma öryggisúttekt hjá umræddum lífsýnasöfnum. Var hún boðuð með framangreindu bréfi, dags. 30. maí 2005.

Töf hefur orðið á framkvæmd úttektarinnar. Stafar hún einkum af því að við framkvæmd hennar kom í ljós að ekki hafði fengist leyfi heilbrigðisráðherra til reksturs lífsýnasafns Frumurannsóknastofu leitar sviðs, en slíkt leyfi er skilyrði fyrir starfrækslu lífsýnasafns, sbr. 4. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn. Í ljósi þessa var ákveðið að fresta framkvæmd úttektarinnar. Var félaginu greint frá þessari ákvörðun með bréfi, dags. 6. nóvember 2006.

Með bréfi KÍ, dags. 4. júní 2007, var Persónuvernd greint frá því að fengist hefði leyfi heilbrigðisráðherra til starfrækslu safnsins. Sendi Persónuvernd þá bréf til KÍ, dags. 25. júlí 2007, þar sem hún veitti félaginu kost á að koma á framfæri athugasemdum og tilkynnti að vænta mætti formlegrar úrlausnar innan tíðar. Frestur til athugasemda var veittur til 8. september en engar athugasemdir hafa borist.

Ákvörðun þessi lýtur að lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitar sviðs, en um Lífsýnabankann verður fjallað í annarri ákvörðun. Þá lýtur ákvörðun þessi aðeins að lögmæti safnsins en að svo stöddu þykja ekki vera efni til að fjalla um einstök öryggisatriði, s.s. framkvæmd áhættumats og innra eftirlits hjá safninu.

II.

Aðkoma sérfræðings

Í framangreindu bréfi Persónuverndar til KÍ, dags. 30. maí 2005, var tilkynnt að sem fyrr yrði umrætt úttektarverkefni unnið með liðsinni sérfræðings, en tekið fram að Persónuvernd hefði nú í hyggju að leita til [H], sérfræðings í upplýsingaöryggi, hjá Dómbæ ehf. Félagið gerði ekki athugasemdir við það og var [H] fenginn til verksins. Hann ritaði undir þagnarheit og skilaði í framhaldi af því kostnaðaráætlun til Persónuverndar, dags. 5. ágúst 2005. Með bréfi, dags. 9. s.m., sendi Persónuvernd KÍ afrit af áætluninni og veitti félaginu kost á að gera athugasemdir. Eftir nokkur bréfaskipti náðist sameiginleg niðurstaða um tilhögun mála.

Verkefni [H] fólst í því að rýna þau skjöl sem félagið lagði fram, gera vettvangsathugun og skila Persónuvernd skýrslu um niðurstöður sínar. Henni skilaði hann hinn 30. mars 2006. Sú skýrsla lýtur bæði að lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitar sviðs og lífsýnasafni Rannsóknastofu í sameinda- og frumulíffræði, n.t.t. Lífsýnabanka KÍ. Ákvörðun þessi lýtur hins vegar að því fyrrnefnda, eins og áður segir.

[H] rýndi gögn KÍ, þ.e. þau skriflegu gögn sem félagið hafði lagt fram um öryggisstefnu sína, áhættumat og öryggisráðstafanir. Þann 20. mars 2006 skilaði hann skýrslu um niðurstöður sínar. Í lokakafli skýrslunnar er lagt heildstætt mat á niðurstöður prófana sem við vettvangsathugun voru gerðar á öryggisráðstöfunum KÍ. Um það segir m.a.:

„Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að leysa úr þeim árekstri við 8. gr. laga um lífsýnasöfn sem felst í því verklagi Frumurannsóknastofu að merkja ný sýni í lífsýnasafni sínu með persónuauðkennum sýnagjafa, í stað þess að varðveita þau án persónuauðkenna [...]“

Að öðru leyti taldi [H] ástand öryggiskerfis lífsýnasafna Krabbameinsfélags Íslands að stærstum hluta í góðu samræmi við reglur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

III.

Athugasemdir KÍ

Með bréfi, dags. 28. apríl 2006, var KÍ boðið að tjá sig um skýrslu [H]. Svarað var með bréfi, dags. 1. ágúst s.á. Því fylgdu skjöl þar sem athugasemdum er svarað. Í skjali, þar sem gerðar eru athugasemdir varðandi skýrsluna, segir m.a.:

„[...]Það er einlæg von Krabbameinsfélagsins að horft sé til þess að vel sé vandað til öryggis sýnanna og að hagsmun[um] þeirra kvenna sem FKÍ [Frumurannsóknastofa leitarviðs KÍ] þjónar með rannsóknum sé betur borgið með því að glerin séu merkt áfram eins og gert hefur verið hingað til. Má til dæmis benda á að lagalegt fordæmi er fyrir því í öðrum löndum, t. d. Noregi, að meiri hagsmuna sé gætt fyrir minni í tilvikum sem þessum.[...]“

Í öðru fylgiskjali með framangreindu bréfi KÍ er gerð ítarlegri grein fyrir sjónarmiðum félagsins varðandi lífsýnasafn Frumurannsóknastofu leitarviðs. Þar segir m.a.:

„Varðandi 1. mgr. 8. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn „lífsýni skulu tryggilega geymd og merkt en varðveitt án persónuauðkenna“ og í 1. tl. 1. mgr. 5. gr. lífsýnareglna Persónuverndar, nr. 918/2001 „með hvaða hætti þess sé gætt að lífsýni séu án persónuauðkenna“[...] Frumusýni sem strokið er á gler um leið og sýnið er tekið og síðan sent á rannsóknastofu hefur vissa sérstöðu. Sýnið verður eftirleiðis á glerinu, glerið með sýninu á er litað og útbúið til skoðunar. Hjá FKÍ er um að ræða leghálsýni sem berast frá yfir 50 stöðum, oft mörg í sömu sendingu. Árlegur sýnafjöldi á FKÍ er 25.000-27.000. *Sýnaglerin eru öll eins* og eru merkt með nafni eða upphafsstöfum og kennitölu með því að skrifa með blýanti á mattan enda glersins. Sú merking þolir litun vel. *Ef hvert gler væri í merktum umbúðum en sýnaglerin kæmu ómerkt myndi hettan á sýnaruglingi aukast gífurlega.* Hef leitað eftir upplýsingum í Noregi og Svíþjóð en þar komust menn að þeirri niðurstöðu að ekkert væri eins öruggt fyrir eiganda sýnisins og merking með upphafsstöfum og kennitölu og horfið var frá því að breyta því. Þar, sem hér, er límdur miði með raðnúmeri yfir upphaflegu merkinguna og sýnaglerin geymd í raðnúmeraröð þannig að ekki er hægt að finna sýni frá tilteknum einstaklingi nema með því að hafa aðgang að upplýsingum á pappír eða í tölvu. Með hliðsjón af ofanskráðu tel ég öruggast að sýnaglerin verði merkt eins og verið hefur en þess vandlega gætt að pappírsgögn varðandi sýnin séu geymd fjarri sýnunum og aðgangur að pappírsgögnum (fylgiskjölum) og gagnagrunni í tölvu sé aðeins heimill völdum starfsmönnum FKÍ og Leitarstöðvar en Leitarstöð KÍ skipuleggur leghálskrabbameinsleit á Íslandi. Fer því fram á að gefin verði undanþága frá ofanskráðum lögum og reglugerð varðandi merkingu leghálsýna.“

IV.

Vettvangsheimsókn Persónuverndar

Hinn 13. júlí 2006 fóru fulltrúar Persónuverndar [...] í vettvangsheimsókn til KÍ. [...] tóku á móti þeim. Tilefni heimsóknarinnar var fyrst og fremst framangreind niðurstaða skýrsluhöfundar varðandi merkingu sýna í lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarviðs, en eins og að framan greinir eru þau merkt með persónuauðkennum sýnagjafa, sem yfir er límdur límmiði með hlaupandi númerum.

Í vettvangsheimsókninni sýndi [M] fulltrúum Persónuverndar glerplöturnar sem sýnum er safnað á. Plöturnar hafa matta enda og á þá eru skráð persónuauðkenni (oftast kennitölur) þeirra einstak-

linga sem sýnin er úr. Límmiðar eru settir yfir auðkennin og á þá skráð hlaupandi númer. Plötum er raðað eftir þeim númerum. Með tengiskrár er hægt að finna sýni úr tilteknum einstaklingum. Þær [M] og [G] útskýrðu að þetta fyrirkomulag væri nauðsynlegt enda um þjónustusýni að ræða. Annað fyrirkomulag væri líklegt til að valda mistökum.

V.

Niðurstaða

1.

Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga Almennt

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda lögin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtakinu *persónuupplýsingar* er átt við „[s]érhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi,“ sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá merkir hugtakið *vinnsla* „[sérhverja] aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit og miðlun. Af framangreindu leiðir að hjá lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarviðs KÍ fer fram *vinnsla persónuupplýsinga*, í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og, eftir atvikum, 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. gr. laganna, en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að auki að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna. Heilsufarsupplýsingar, þ. á m. um erfðaeiginleika og annað sem lífsýni bera með sér, teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Er hér um slíkar upplýsingar að ræða og þarf vinnslan þar af leiðandi að eiga sér stoð í einhverju af heimildarákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

2.

Niðurstaða um lögmæti vinnslu persónuupplýsinga hjá lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarviðs KÍ

Eins og áður segir þarf vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 2. tölul. þessa ákvæðis er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil standi sérstök heimild til hennar samkvæmt öðrum lögum. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn gilda þau um söfnun lífsýna, vörslu, meðferð, nýtingu og vistun þeirra í lífsýnasöfnum en af fyrirliggjandi lýsingu á lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarviðs KÍ má ráða að sú starfsemi sem þar fer fram falli hér undir. Þá liggur fyrir að heilbrigðisráðherra hefur veitt leyfi til starfrækslu safnsins í samræmi við 4. gr. laganna. Telst vinnsla persónuupplýsinga hjá Lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarviðs KÍ því styðjast við heimildarákvæði 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Við vinnsluna ber og að uppfylla almenn skilyrði þeirra laga sem og sérstök skilyrði í lögum nr. 110/2000 um lífsýnasöfn og í reglum sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum, þ. á m. reglum nr. 918/2001.

Í 1. málslíð. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 110/2000 segir: „Lífsýni skulu tryggilega geymd og merkt, en varðveitt án persónuauðkenna.“ Þá segir í 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 918/2001 að sá aðili sem reki lífsýnasafn skuli setja fram skriflega lýsingu á stjórnun öryggismála lífsýnasafnsins og þar skuli a.m.k. eftirtalin atriði koma fram: „Með hvaða hætti þess sé gætt að lífsýni séu án persónuauðkenna, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 110/2000, og hvernig persónuauðkenni séu varðveitt. [...]“

Samkvæmt 1. ml. 2. mgr. 12. gr. laga um lífsýnasöfn nr. 110/2000 hefur Persónuvernd eftirlit með öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum. Af 2. ml. 2. mgr. 12. gr. sömu laga leiðir jafnframt

að við það eftirlit beitir Persónuvernd m.a. þeim heimildum sem hún hefur samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000.

Fyrir liggur að í Lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarsviðs KÍ eru lífsýni merkt og varðveitt með persónuauðkennum. Það samrýmist ekki ótvíræðum fyrirmælum 1. málsliðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn. Með vísun til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 110/2000 leggur Persónuvernd hér með fyrir stjórn safnins að bæta úr þessu og koma fyrirkomu-lagi á varðveislu sýnanna til samræmis við framangreint ákvæði 8. gr. laga nr. 110/2000. Skal það gert eigi síðar en 1. september 2008. Hafi það þá ekki verið gert verður tekið til athugunar hvort og þá með hvaða hætti gripið verður til þvingunarúrræða, t.d. samkvæmt 40. gr. laga nr. 77/2000, til að tryggja eftirfylgni við ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 110/2000.

Ákvörðunarrorð:

Lífsýni á lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarsviðs Krabbameinsfélags Íslands skal varðveita án persónuauðkenna. Lífsýnasafnið skal uppfylla þetta skilyrði eigi síðar en 1. september 2008.“

3.2.11. Úttekt á vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í Lífsýnabanka KÍ – mál 2005/463

Hinn 10. desember 2007 var tekin ákvörðun í máli nr. 2005/463, varðandi lífsýnasafn Rannsóknastofu KÍ í sameinda- og frumulíffræði, þ.e. Lífsýnabanka KÍ.

Hún var svohljóðandi:

„I.

Grundvöllur máls

Með bréfi Persónuverndar til Krabbameinsfélags Íslands (KÍ), dags. 30. maí 2005, var boðuð úttekt á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í lífsýnasöfnum félagsins, þ.e. lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarsviðs og lífsýnasafni Rannsóknastofu í sameinda- og frumulíffræði, þ.e. Lífsýnabanka KÍ. Hafði vinna við slíka úttekt reyndar byrjað áður, en ákveðið var að hætta henni þegar fyrir lá niðurstaða sérfræðings, sem þá vann að málinu með Persónuvernd, um að ekki væri unnt að gera úttektina vegna skorts á gögnum frá KÍ. Síðar bárust Persónuvernd hins vegar ítarlegri gögn með bréfi KÍ til Persónuverndar, dags. 12. apríl 2005. Var þá ákveðið að framkvæma öryggisúttekt hjá umræddum lífsýnasöfnum. Var hún boðuð með framangreindu bréfi, dags. 30. maí 2005.

Töf varð þó á framkvæmd úttektarinnar. Stafaði hún einkum af því að því að í ljós kom að ekki hafði fengist leyfi heilbrigðisráðherra til reksturs lífsýnasafns Frumurannsóknastofu leitarsviðs, en slíkt leyfi er skilyrði fyrir starfrækslu lífsýnasafns, sbr. 4. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn. Var úttekt á öryggi safnsins þá sett í biðstöðu. Þar sem öryggi þessa lífsýnasafns þótti mjög samtvinnað öryggi Lífsýnabanka KÍ taldi Persónuvernd að einnig yrði að setja úttekt á öryggi hans í biðstöðu. Með bréfi KÍ, dags. 4. júní 2007, var Persónuvernd greint frá því að fengist hefði leyfi til starfrækslu lífsýnasafns Frumurannsóknastofu leitarsviðs. Var málið þá á ný tekið til umfjöllunar. Sendi Persónuvernd bréf til KÍ, dags. 25. júlí 2007, og veitti félaginu kost á að koma á framfæri athugasemdum.

Við síðari umfjöllun var ákveðið að fjalla um lífsýnasafn Frumurannsóknastofu leitarsviðs og lög-mæti þess í sérstakri ákvörðun. Lýtur ákvörðun þessi því aðeins að öryggi Lífsýnabanka KÍ.

II.

Aðkoma sérfræðings

1.

Samningur við sérfræðing

Í framangreindu bréfi Persónuverndar til KÍ, dags. 30. maí 2005, var tilkynnt að sem fyrr yrði úttektin unnin með liðsinni sérfræðings og að Persónuvernd hefði í hyggju að leita til [H], sérfræðings í upplýsingaöryggi, hjá Dómbæ ehf. Félagið gerði ekki athugasemdir við það. [H] ritaði undir

þagnarheit og skilaði í framhaldi af því kostnaðaráætlun til Persónuverndar, dags. 5. ágúst 2005. Með bréfi, dags. 9. s.m., sendi Persónuvernd KÍ afrit af áætluninni og veitti félaginu kost á að gera athugasemdir. Eftir nokkur bréfaskipti náðist sameiginleg niðurstaða um tilhögun mála. Verkefni [H] fólst í því að rýna þau skjöl sem félagið lagði fram, gera vettvangsathugun og skila Persónuvernd skýrslu um niðurstöður sínar. Henni skilaði hann hinn 30. mars 2006. Skýrslan lýtur bæði að lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarviðs og Lífsýnabanka KÍ. Skoða ber tilvísanir til skýrslu hans og til athugasemda KÍ við skýrsluna í ljósi framangreinds, þ.e. að aðeins er átt við efnisatriði að því marki sem þau eiga við um Lífsýnabanka KÍ.

2.

Rýni skjala

[H] rýndi gögn KÍ, þ.e. þau skriflegu gögn sem félagið hafði lagt fram um öryggisstefnu sína, áhættumat og öryggisráðstafanir. Þann 20 mars 2006 skilaði [H] (hér eftir nefndur skýrsluhöfundur) niðurstöðum sínum.

2.1. Öryggisstefna

Skýrsluhöfundur vísar til þess að við mörkun öryggisstefnu lífsýnasafns megi hafa hliðsjón af staðlinum ÍST ISO/IEC 17799:2000 Upplýsingatækni – Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis (nú ISO 27001). Telur skýrsluhöfundur öryggisstefnu KÍ að mestu leyti fullnægja kröfum þess staðals. Hins vegar segir hann:

„Frá því eru tvær undantekningar. Annars vegar er í stefnunni ekki sett fram skilgreining á því hvað félagið telur falla undir upplýsingaöryggi, svo sem ef það lítur svo á að það taki jafnt til leyndar og réttleika upplýsinga sem og tiltækileika þeirra. Hins vegar er í stefnunni ekki fjallað um umfang stefnunnar og öryggiskerfisins, þ.e. hver séu mörk þeirrar vinnslu sem ætlunin er að kerfið taki til. Þrátt fyrir það er framangreind tilvísun í 3. gr. [...] lífsýnareglna Persónuverndar einungis valkvæð og verður hin framlagða öryggisstefna því talin uppfylla þau skilyrði sem gerð eru í því ákvæði, þ.e. að marka stefnu varðandi öryggi lífsýna og gefa út og viðhalda öryggisstefnu fyrir viðkomandi lífsýnasöfn.“

Í ljósi framangreinds gerir skýrsluhöfundur ekki athugasemd við öryggisstefnu KÍ.

2.2. Áhættumat

Um áhættumat KÍ segir skýrsluhöfundur:

„Áhættumat þess hluta starfsemi Krabbameinsfélagsins sem lýtur að rekstri lífsýnasafna félagsins er í fjórum aðskildum hlutum [...]. Í lífsýnareglum Persónuverndar, nr. 918/2001, eru ekki settar fram sérstakar kröfur um hvernig staðið skuli að gerð áhættumats, en þess í stað vísað til fyrirmæla í öryggisreglum Persónuverndar, nr. 299/2001. Til viðbótar þeim ákvæðum áskilja lífsýnareglurnar einungis að í skriflegri lýsingu á stjórnun öryggismála lífsýnasafnsins skuli koma fram hvernig staðið hafi verið að gerð áhættumatsins, sbr. 3. tl. 1. mgr. 5. gr. reglnanna. Þrátt fyrir að leiða megi líkur að því hvers konar aðferðafræði hafi einkum verið höfð til hliðsjónar við mat á áhættu í starfsemi Krabbameinsfélagsins [...] er í þeim fjórum áhættumötum sem rýnd voru vegna öryggisathugunarinnar ekki fjallað um hvernig staðið hafi verið að gerð þeirra. Slíka lýsingu er heldur ekki að finna í þeim þremur öðrum áhættumötum sem lögð voru fram af hálfu félagsins vegna úttekta Persónuverndar, eða í öðrum gögnum þess.

Í öryggisreglum Persónuverndar er meðal annars boðið að áhættumat skuli taka til athugunar á umfangi og afleiðingum þeirrar hættu sem steðjar að starfseminni, með tilliti til eðlis þeirra persónuupplýsinga sem unnið sé með, sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. reglnanna. Einnig er í ákvæðinu

boðið að tilgreina skuli hvað geti farið úrskeiðis, hvaða áhrif slíkt geti haft á öryggi upplýsinganna og hvaða líkur séu á því. [Í] áhættumati Frumurannsóknastofu Krabbameinsfélagsins [er] ekki að finna slíka aðskilda umfjöllun um alvarleika afleiðinga og líkur á þeim. Loks segir í ákvæðinu að markmið áhættumats sé að skapa forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum, en [nokkuð] skortir [...] á að ljóst sé hvort og þá hvaða áhrif áhættumöt Krabbameinsfélagsins hafi haft á val öryggisráðstafana hjá félaginu.[...]"

Niðurstaðan er því sú að einungis eru gerðar þær athugasemdir að æskilegt sé að í áhættumati komi skýrar fram hvernig staðið hafi verið að gerð þess, svo sem með lýsingum á eða tilvísun í þá aðferðafræði sem fylgt hafi verið, og að betur megi lýsa tengslum áhættumats og vali á öryggisráðstöfunum.

2.3. Lýsing öryggisráðstafana

Um lýsingu KÍ á öryggisráðstöfunum segir skýrsluhöfundur:

„Framlögð öryggishandbók Krabbameinsfélagsins ber með sér að mikil vinna hefur verið lögð í skipulag öryggismála hjá félaginu. Er handbókin í flesta staði prýðilega unnin og veitir ágæt yfirsýn yfir þær öryggisráðstaf[a]nir sem hafa verið innleiddar í upplýsingavinnslu félagsins.

Lýsingar á öryggisráðstöfunum í lífsýnasöfnum þurfa að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í lífsýnareglum Persónuverndar, nr. 918/2001 og er sú raunin með framlagða öryggishandbók að allflestu leyti. [...]"

Þá telur skýrsluhöfundur vafa undirorpið hvort handbókin uppfylli kröfur reglnanna um að í skriflegri lýsingu á stjórnun öryggismála lífsýnasafnsins komi fram með hvaða hætti rekstri lífsýnasafns sé haldið aðskildum frá annarri starfsemi leyfishafa, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglnanna. Síðan segir:

„Þá má draga í efa að uppfylltar séu að fullu kröfur lífsýnareglanna, sbr. einkum 2. mgr. 6. gr. og 4. tl. 1. mgr. 5. gr. reglnanna, um að viðhafa skuli vinnuferli er tryggi órofinn rekstur og að í skriflegri lýsingu á öryggisráðstöfunum skuli settar fram viðlagaaætlanir, þ.e. tekið fram hvernig brugðist verði við áföllum í rekstri vinnslukerfisins.“

Niðurstaðan er því sú að lýsing á öryggisráðstöfunum uppfylli að stórum hluta ákvæði reglna Persónuverndar nr. 918/2001 en skýrar megi koma fram með hvaða hætti rekstri lífsýnasafns sé haldið aðskildum frá annarri starfsemi leyfishafa, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglnanna.

2.4. Innra eftirlit

Um skráningu innra eftirlits hjá KÍ segir skýrsluhöfundur:

„Í niðurlagi lífsýnareglna Persónuverndar er kveðið á um að viðhafa skuli stöðugt innra eftirlit í því skyni að tryggja að þær aðgerðir sem gripið er til á grundvelli reglna þessara séu örugglega viðhafðar. Einnig skuli innra eftirlit lúta að því að sannreyna að unnið sé í samræmi við reglur þessar, gildandi lög og reglugerð um lífsýnasöfn og önnur lög sem kunna að eiga við um rekstur lífsýnasafna.

Telja verður að ákvæði framlagðra gagna um öryggiskerfi lífsýnasafna Krabbameinsfélagsins, sbr. einkum öryggishandbók félagsins, uppfylli þessar kröfur lífsýnareglanna.“

Niðurstaðan er því sú að ekki verði gerð athugasemd við skjölun um framkvæmd innra eftirlits.

3.

Vettvangsathugun

Skýrsluhöfundur framkvæmdi vettvangsathugun og er greint frá niðurstöðum hennar í skýrslu hans frá 20. mars 2006. Margar öryggisráðstafanir reyndust vera í samræmi við framlögð gögn. Verður ekki fjallað sérstaklega um þær. Vissar öryggisráðstafanir voru hins vegar ekki viðhafðar eða voru með öðrum hætti en lýst hafði verið í framlögðum gögnum.

3.1. Skipulagslegar og tæknilegar öryggisráðstafanir

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 299/2001, sbr. og 7. gr. reglna nr. 918/2001, skal ábyrgðaraðili lífsýnasafns grípa til viðeigandi ráðstafana í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum bilana og óheimils aðgangs að vinnslubúnaði. Eina öryggisráðstöfun, sem lýtur að þessari kröfu, taldi skýrsluhöfundur ekki standast prófun. Það var sú ráðstöfun að hvorki mætti fjarlægja tilteknar eignir né gögn úr húsnæðinu. Í vettvangsskoðun kannaði skýrsluhöfundur þetta. Var því til svarað að umræddu verklagi væri ekki fylgt og þyrfti að endurskoða texta öryggishandbókar um þetta.

3.2. Innra eftirlit

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 8. gr. reglna nr. 299/2001, sem og 10. gr. reglna nr. 918/2001, skal ábyrgðaraðili viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið. Þrjár öryggisráðstafanir, sem lúta að þessari kröfu, reyndust, að mati skýrsluhöfundar, ekki standast prófun. Þær eru þessar:

a) Í skjalinu „Öryggishandbók Krabbameinsfélags Íslands“ er fjallað um yfirlitsferðir sem fara skuli tvisvar á ári til að taka helstu öryggisatriði fyrir. Í vettvangsskoðun óskaði skýrsluhöfundur þess að sér yrðu sýnd gögn um síðustu öryggisyfirlitsferð, s.s. listi yfir atriði sem skoðuð voru og upplýsingar um niðurstöður skoðunar. Var þá upplýst að enn hefði ekki verið farið í slíkar yfirlitsferðir.

b) Í skjalinu „Öryggishandbók Krabbameinsfélags Íslands“ segir m.a.: „Hver starfsmaður KÍ hefur einstakt notendaaudkenni sem hann notar til að skrá sig inn á útstöð og á netkerfi KÍ. Þannig má rekja allan umgang starfsmanns sé þess þörf.“ Í vettvangsskoðun óskaði skýrsluhöfundur þess að sér yrði sýnt hvernig rekja mætti aðgang tiltekins starfsmanns að netkerfi félagsins. Var þá upplýst að aðgangur starfsmanna væri ekki skráður.

c) Í skjalinu „Öryggishandbók Krabbameinsfélags Íslands“ segir m.a.: „Við yfirstandandi endurskoðun á stefnumótun félagsins verður skjalfest meginstefna og framkvæmdaáætlun um rekstrarsamfelli í samræmi við meginmarkmið og forgangsröðun félagsins.“ Þá segir að samþykktar áætlanir og ferli verði prófuð reglulega. Í vettvangsskoðun óskaði skýrsluhöfundur þess að sér yrðu sýndar niðurstöður prófana. Hann fékk þau svör að þessu hefði ekki verið hrint í framkvæmd.

4.

Niðurstöður skýrsluhöfundar

Í lokakafla skýrslunnar er lagt heildstætt mat á niðurstöður prófana. Segir að sá raunveruleiki, sem vettvangsskoðunin hafi leitt í ljós, sé allnálægur lýsingu kerfisins í framlögðum gögnum. Athuginun hafi þó leitt í ljós níu atriði sem þurfi að skoða sérstaklega, þ.e.:

- *[Fyrsta athugasemd skýrsluhöfundar lýtur að lífsýnasafni Frumurannsóknastofu, en eins og fyrr segir er fjallað um það í sérstakri ákvörðun.]*

- 2. Setja þurfi fram skýrari lýsingu á aðskilnaði lífsýnasafns frá annarri starfsemi og bæta lýsingu á umfangi öryggiskerfisins, þ.e. hvað heyri undir það og hvað skuli falla utan þess.

- 3. Endurskoða þurfi stefnu um viðlagaáætlun og semja þegar áætlanir til að tryggja órofinn rekstur.

- 4. Endurskoða þurfi galla sem virðist vera á úthlutun lykla sem ganga að öllum rýmum húsnæðisins, þar á meðal beggja lífsýnasafna þess. Tryggja þurfi að slíkir lykklar séu ekki í höndum starfs-

manna félagsins sem hvorki gegna neinum ábyrgðarstöfum tengdum hússtjórn eða þjónustu húsnæðisins né eru starfsmenn viðkomandi lífsýnasafna.

- 5. Æskilegt sé að í mati á áhættu í starfsemi tengdri lífsýnasafni komi skýrar fram en nú hvernig staðið hafi verið að gerð slíks mats, svo sem með lýsingum á eða tilvísun í þá aðferðafræði sem fylgt hafi verið. Þá megi koma betur fram hvernig afrakstur slíks mats tengist því hvaða öryggisráðstafanir hafa verið valdar í rekstri lífsýnasafnanna.

- [Sjötta athugasemd skýrsluhöfundar lýtur að lífsýnasafni Frumurannsóknastofu, en eins og fyrr segir er fjallað um það í sérstakri ákvörðun.]

- 7. Tilfni kunni að vera til að huga að öryggi þess rýmis sem hýsir vatnsinntök og loftræstikerfi hússins að Skógarhlíð 8.

- [Áttunda athugasemd skýrsluhöfundar lýtur að lífsýnasafni Frumurannsóknastofu, en eins og fyrr segir er fjallað um það í sérstakri ákvörðun.]

- 9. Gera verði gangskör að því að bæta úr öðrum þeim vanköntum sem í ljós komu við prófanir í vettvangsskoðunarhluta öryggisathugunarinnar, en falla ekki undir aðra liði í þessari upptalningu, svo sem varðandi skráningu fjarlægðra eigna, áætlaðar yfirlitsferðir, prófanir á samþykktum áætlanum o.fl.

III.

Athugasemdir KÍ

Með bréfi, dags. 28. apríl 2006, var KÍ boðið að tjá sig um þá skýrslu sem skýrsluhöfundur hafði skilað hinn 20. mars s.á. Svarað var með bréfi, dags. 1. ágúst s.á., og fylgdu því ýmis skjöl. Verða hér raktar athugasemdir KÍ við þær meginliðurstöður skýrsluhöfundar sem raktar eru hér að framan. Eins og fyrr greinir lúta fyrsta, sjötta og áttunda athugasemd skýrsluhöfundar í þeirri umfjöllun að Frumurannsóknastofu leitarviðs og verður því ekki fjallað um þær hér.

Annar liður: KÍ bendir á að mikil tengsl eru á milli starfsemi einstakra deilda og sviða KÍ. Segir að til standi að endurskoða öryggiskerfi KÍ og þá verði sérstaklega tekið tillit til þessa þáttar – þ.e. aðskilnaðar lífsýnasafns frá annarri starfsemi.

Þriðji liður: KÍ segir að samin verði viðlagaáætlun um hvernig bregðast skuli við meiri háttar áföllum, s.s. vegna náttúruhamfara eða bilana í tölvukerfum.

Fjórdi liður: KÍ segir að húsnefnd hafi farið yfir aðgangskerfi, þ.e. lykla- og segulkortakerfi. Allir lykklar hafi verið skráðir og gengið þannig frá að hver starfsmaður hafi aðgang í samræmi við þarfir. Segulkortalásar séu á öllum krítískum svæðum og aðgangur gegnum þá sjálfkrafa skráður í aðgerðaskrá.

Fimmti liður: KÍ vísar til fjölda fylgiskjala um endurbætur á áhættumati og segir að þar sé brugðist við athugasemdum skýrsluhöfundar, m.a. um hvernig staðið hafi verið að gerð áhættumats.

Sjöundi liður: KÍ segir að nú standi yfir miklar breytingar á húsnæði KÍ. Samfara þeim sé verið að skipta út eldri öryggiskerfum fyrir ný og við það verði einhverjar breytingar.

Níundi liður: KÍ bendir á að skjölun á öryggiskerfi sé svo nýlega komin í gagnid að lítið hafi reynt á yfirlitsferðir og endurskoðun. Til standi að öryggisstjóri, í samvinnu við forstjóra KÍ og sviðsstjóra, fari yfir alla þætti öryggiskerfisins – endurskoði m.a. áhættumöt og áhættugreiningar – og sameini helst í eitt mat fyrir KÍ. Einnig verði eignaskráning og ýmislegt fleira endurskoðað.

Eins og áður segir var í nóvember 2006 ákveðið að fresta framkvæmd úttektarinnar af tilgreindum ástæðum. Tilkynnt var um framhald hennar með bréfi, dags. 25. júlí 2007, þar sem Persónuvernd veitti KÍ kost á að koma á framfæri frekari athugasemdum. Frestur til athugasemda var veittur til 8. september s.á. Engar athugasemdir bárust. Liggur því fyrir Persónuvernd að komast að niðurstöðu um öryggi Lífsýnabanka KÍ.

VI.
Niðurstæða
1.
Lögmæti

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda lögin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtakinu *persónuupplýsingar* er átt við „sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi,“ sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá merkir hugtakið *vinnsla* „[sérhverja] aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit og miðlun. Af framangreindu leiðir að hjá Lífsýnabanka KÍ fer fram *vinnsla persónuupplýsinga*, í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og, eftir atvikum, 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. gr. laganna, en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að auki að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna. Heilsufarsupplýsingar, þ. á m. um erfðaeiginleika og annað sem lífsýni bera með sér, teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Er hér um slíkar upplýsingar að ræða og þarf vinnslan þar af leiðandi að eiga sér stoð í einhverju af heimildarákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 2. tölul. þess ákvæðis er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil standi sérstök heimild til hennar samkvæmt öðrum lögum. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn gilda þau um söfnun lífsýna, vörslu, meðferð, nýtingu og vistun þeirra í lífsýnasöfnum, en af fyrirliggjandi lýsingu á Lífsýnabanka KÍ má ráða að sú starfsemi sem þar fer fram falli hér undir. Þá liggur fyrir að heilbrigðisráðherra hefur veitt leyfi til starfrækslu safnsins í samræmi við 4. gr. laganna. Telst vinnsla persónuupplýsinga hjá Lífsýnabanka KÍ því styðjast við heimildarákvæði 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Við vinnsluna ber og að uppfylla almenn skilyrði þeirra laga, sem og sérstök skilyrði í lögum nr. 110/2000 um lífsýnasöfn. Ekki hefur annað komið fram en að vinnsla persónuupplýsinga í Lífsýnabanka KÍ sé með þeim hætti að samrýmist framangreindum lögmætiskröfum. Er þá til skoðunar að hvaða marki uppfylltar séu kröfur til öryggis persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum, þ.e. samkvæmt 11.–13. gr. laga nr. 77/2000, sbr. reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, og reglum nr. 918/2001 um öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 110/2000.

2.
Öryggi
2.1.
Almennt

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 hvílir sú skylda á ábyrgðaraðila að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með. Í 11. gr. laganna er fjallað um *öryggisráðstafanir* o.fl. Skal ábyrgðaraðili gera videigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, sbr. 1. mgr. Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra, sbr. 2. mgr.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að *áhættumat* og öryggisráðstafanir séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt, sbr. 3. mgr. Ábyrgðaraðili ber og ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir séu endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði 11. gr., sbr. 4. mgr. Þá skal ábyrgðaraðili

skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir, sbr. 5. mgr.

Samkvæmt 12. gr. skal ábyrgðaraðili viðhafa *innra eftirlit* með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

2.2.

Öryggi hjá Lífsýnabanka KÍ

Með vísan til 2. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, hefur Persónuvernd athugað hvort uppfyllt séu fyrirmæli framangreindra laga og reglna um öryggi við meðferð persónuupplýsinga hjá Lífsýnabanka KÍ.

a. Öryggisstefna

Í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 299/2001 segir: „Ábyrgðaraðili setur sér skriflega öryggisstefnu. Í henni skal m.a. koma fram almenn lýsing á afstöðu ædsta stjórnanda ábyrgðaraðila til öryggismála. Við móttun öryggisstefnu skal taka mið af því hvaða persónuupplýsingar skuli vernda, hvernig skuli vernda þær og þeirri aðferð sem viðhöfð verður við vinnslu þeirra.“ Einnig er mælt fyrir um öryggisstefnu í 3. gr. reglna nr. 918/2001.

Persónuvernd telur öryggisstefnu KÍ fullnægja kröfum framangreindra ákvæða.

b. Áhættumat

Í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 299/2001 eru fyrirmæli um gerð áhættumats. Þar segir: „Áhættumat er mat á hættunni á því að óviðkomandi fái aðgang að persónuupplýsingum, geti breytt upplýsingunum eða skert öryggi þeirra að öðru leyti. Áhættumat tekur einnig til athugunar á umfangi og afleiðingum hættunnar m.t.t. eðlis þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með. Markmið áhættumats er að skapa forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum. Þá skal tilgreina hvað geti farið úrskeiðis, hvaða áhrif slíkt geti haft á öryggi upplýsinganna og hvaða líkur séu á slíku. Áhættumat skal endurskoðað reglulega.“ Í 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 918/2001 er vísað til framangreinds ákvæðis reglna nr. 299/2001. Þá segir þar að fram skuli koma í skriflegri lýsingu á stjórnun öryggismála lífsýnasafns hvernig staðið hafi verið að gerð áhættumats.

Að virtum framkomnum athugasemdum KÍ telur Persónuvernd áhættumat félagsins fullnægja kröfum framangreindra ákvæða.

c. Skrifleg lýsing á öryggi – öryggisráðstafanir

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 299/2001 ber ábyrgðaraðila að setja fram skriflega lýsingu á þeim öryggisráðstöfunum sem hann hefur valið til þess að tryggja öryggi persónuupplýsinga. Er ákvæðið svohljóðandi: „Ábyrgðaraðili velur hvaða öryggisráðstafanir skulu viðhafðar í samræmi við III. kafla reglna þessara og set[ur] fram skriflega lýsingu á þeim. Í lýsingunni skal m.a. koma fram afstaða ábyrgðaraðilans til þess hvað sé ásættanleg áhætta við vinnsluna. Þá skal rakið hvaða öryggisráðstöfunum verði beitt og hvernig þær verði útfærðar, þ. á m. við hönnun, þróun, rekstur, prófun og viðhald þess kerfis, þ.m.t. hugbúnaðar, sem notað verður við vinnslu upplýsinganna. Þar skal og tekið fram hvernig brugðist verði við áföllum í rekstri vinnslukerfisins, hvernig flutningi persónuupplýsinga milli vinnslukerfa verði hagað, þ. á m. mögulegum flutningi gagna milli ábyrgðar- og vinnsluaðila. Öryggisráðstafanir skal endurskoðað reglulega.“ Einnig er mælt fyrir um skyldu til skráningar öryggisráðstafana í 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 918/2001. Þá felur 2. mgr. 6. gr. reglna nr. 918/2001 í sér kröfu til skráningar öryggisráðstafana, en af því ákvæði leiðir að skjalfesta verður vinnuferli sem tryggir órofinn rekstur lífsýnasafns og dregur úr hættu á truflunum vegna óhappa eða annarra atvika sem ógna öryggi þess, t.d. af völdum náttúruhamfara, slysa, bilunar í búnaði eða skemmdarverka. Er skjalfesting á slíku oft nefnd „viðlagaáætlun“.

Persónuvernd telur að í langflestu sé farið að þeim kröfum sem að framan er lýst. Hins vegar skorti á að tilgreint sé nægilega hvernig rekstri Lífsýnabankans er haldið aðskildum frá annarri starfsemi KÍ, að viðlagaáætlun sé ekki fullnægjandi, bæta þurfi úr skráningu á frávikum frá banni við því að taka úr húsnæði Lífsýnabankans eignir hans eða gögn og bæta úr aðgangsstýringum og aðgerðaskráningu.

d. Innra eftirlit

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 77/2000 skal reglulega viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið. Innra eftirlit skal a.m.k. fara fram árlega en oftar sé eðli gagna slíkt að kalli á það, sbr. 2. og 3. mgr. Þá skulu gerðar skýrslur um niðurstöður innra eftirlits. Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 299/2001 ber og að jafnaði að viðhafa slíkt eftirlit samkvæmt fyrirfram skilgreindu kerfi og eru í ákvæðinu jafnframt talin upp þau atriði sem það skal beinast að.

Persónuvernd telur gögn KÍ um innra eftirlit fullnægjandi, en standa þurfi betur að framkvæmd þess, þ.e. með því að farnar séu tvisvar á ári yfirlitsferðir til að taka út helstu öryggisatriði, bætt sé úr aðgerðaskráningu (sbr. einnig c-lið hér að ofan) og samþykktar séu áætlanir varðandi rekstrarsamfellu og þær prófaðar reglulega.

Ákvörðunarorð:

Í samræmi við framangreint skal KÍ tryggja, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000, að eigi síðar en 1. febrúar 2008 hafi verið gerðar eftirfarandi úrbætur á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga hjá Lífsýnabanka félagsins:

1. Tilgreina ítarlega í skráningu öryggisráðstafana hvernig rekstri Lífsýnabankans er haldið aðskildum frá annarri starfsemi KÍ og haga starfsemi í samræmi við þá skráningu.
2. Gera fullnægjandi viðlagaáætlun.
3. Skrá á sérstakt frávika/villublað þegar gögn eru fjarlægð úr húsnæði Lífsýnabanka KÍ.
4. Fara árlega í eftirlitsferðir í Lífsýnabanka KÍ til að taka út helstu öryggisatriði.
5. Gera skriflega lýsingu á aðgangsheimildum og skrá aðgang hvers notanda í tölvukerfi KÍ þannig að unnt sé að rekja umgang hans.
6. Samþykkja áætlanir varðandi rekstrarsamfellu og prófa þær reglulega.

3.2.12. Íslenskeri erfðagreiningu ehf. synjað um leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Víðtækrar erfðamengisleitar orsaka sjúkdóma og einkenna þeim tengdra á grundvelli B-samþykkja og gagna í lífsýnasafni ÍE“; hugtakið „samþykki“, „ábyrgðaraðili“, um beitingu markmiðs-ákvæðis 1. gr., um hagsmunamat o.fl. – mál 2007/497.

Persónuvernd synjaði beiðni ÍE um leyfi til víðtækrar erfðamengisleitar. Byggti synjunin einkum á því að vinnsla væri ekki í samræmi við þær forsendur sem fólk hefði haft eða mátt hafa þegar það veitti fyrirtækinu þær persónuupplýsingar sem til stóð að vinna með.

Var ákvörðun Persónuverndar, dags. 26. nóvember 2007, svohljóðandi:

„I.

Tildrög máls og bréfaskipti

1.

Þann 6. júlí 2007 barst Persónuvernd umsókn Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍE) vegna „Víðtækrar erfðamengisleitar orsaka sjúkdóma og einkenna þeim tengdra á grundvelli B-samþykkja og gagna í lífsýnasafni ÍE“. Þar sagði m.a.:

„[M]arkmiðið [er] að nýta fyrirleggjandi gögn samkvæmt heimildum B/víðtækra samþykkja til fylgnigreiningar við þær upplýsingar sem fyrir liggja hjá Íslenskri erfðagreiningu (ÍE) um þá sem hafa undirritað B/víðtækt samþykkt vegna þátttöku sinnar í einhverjum af rannsóknum ÍE.“

Samkvæmt umsókninni var um að ræða samkeyrsluverkefni þar sem nota átti gögn um u.þ.b. 85.000 einstaklinga er höfðu tekið þátt í u.þ.b. 70 rannsóknum og undirritað svonefnd B-samþykki. Ekki stóð til að afla sérstaks samþykkis þeirra vegna framangreinds verkefnis. Sagði að hvorki yrðu notuð gögn um þá sem undirritað hefðu svonefnd A-samþykki né um einstaklinga er hefðu tekið þátt í rannsóknum Urðar, Verðandi, Skuldar ehf. Um aðferðina sagði m.a. að ættfræðigrunnur ÍE yrði samtengdur við persónuupplýsingar um arfgerð umræddra einstaklinga. Þeir hefðu þegar verið arfgerðargreindir vegna þátttöku sinnar í einhverjum af framangreindum rannsóknum. Allar persónuupplýsingarnar væru og yrðu auðkenndar með dulkóðuðum auðkennum, PN-númerum. Í umsókninni sagði m.a.:

„Á síðustu 1-2 árum hefur ný aðferð til arfgerðargreiningar og skimunar erfðamengisins rutt sér til rúms. Um er að ræða örflögutækni sem gerir mögulega arfgerðargreiningu á allt að 317.000 einbasabreytileikum í erfðamengi hvers einstaklings á einni örflögu. Með þéttleika erfðamarka af þeirri gráðu sem nú býðst þá takmarkast árangur af erfðarannsóknum miklu fremur af skorti á upplýsingum og skilningi á sjúkdómunum, þ.e. hvaða einkenni eru mismunandi sjúkdómum sameiginleg og hvað í raun er einn og sami sjúkdómurinn þrátt fyrir mismunandi eða breytileg einkenni. Eins og áður þá er stærð rannsóknarþýðisins afar mikilvæg til að marktækar niðurstöður náist, en ólíkt tengslarannsóknum byggðum á skyldleika þá er við fylgnigreiningu allt þýðið undir frá upphafi en ekki einungis þeir sem eru skyldir. Framangreind tækni fer nú eins og eldur í sinu um heiminn meðal rannsókenda á erfðafræðilegum orsökum sjúkdóma og þeir líklegastir til að ná árangri sem hafa stærstu þýðin, fyllstu upplýsingarnar og möguleika á sem víðtækastri nýtingu þeirra.“

Um tilgang verkefnisins sagði að hann væri:

„[. . .] sá sami og þeirra einstöku rannsókna sem sýnanna og gagnanna var aflað fyrir, þ.e. að leita erfðafræðilegra orsaka viðkomandi sjúkdóma og einkenna þeirra í þeim tilgangi að finna ný lyf eða önnur bætt meðferðarráðði og fyrirbyggjandi aðgerðir.“

[...]

Í samkeyrsluverkefninu átti að felast að upplýsingar, sem safnað hefði verið vegna framangreindra erfðarannsókna um þá þátttakendur í rannsóknunum, er undirritað hefðu svonefnt B-samþykki, um 85.000 manns, yrðu tengdar við upplýsingar úr ættfræðigrunni ÍE. Í tölvubréfi, sem Persónuvernd barst frá ÍE þann 16. nóvember 2007, kom þó fram að þrátt fyrir að ættfræðigrunnurinn yrði enn notaður yrði það miklu minna en áður þar sem nú yrði fyrst og fremst byggt á einföldum sam-
anburði á tíðni arfgerða í sjúklingahópi og samanburðarhópi. Í upplýsingasafninu yrði leitað að tölfræðilegum tengslum erfðapátta við upplýsingar um sjúkdómsgreiningar, sjúkdómsmynd og/eða sjúkdómseinkenni og mælingar. Upplýsingar, sem hefðu vægi fyrir einhverja umræddra rannsókna, eina eða fleiri, yrðu síðan nýttar í þeirra þágu án þess að leitað yrði eftir samþykki einstaklinganna sem í hlut ættu.

2.

Með tölvubréfi þann 3. september 2007 innti ÍE eftir því hvað liði afgreiðslu málsins. Veittar voru skýringar, en í framhaldinu ræddi forstjóri Persónuverndar við Kristleif Kristjánsson, framkvæmdastjóra samstarfsverkefna hjá ÍE, um leiðir til að tryggja persónuvernd við framkvæmd umræddrar samtengingar. Var m.a. spurt um afstöðu ÍE til þess að dulkóða þau PN-númer sem eru

á gögnunum, eyða númerunum eða gera aðrar áþekkar ráðstafanir. Að hans sögn var slíkt útilokað; við samtenginguna yrði að hafa gögnin með sömu auðkennum og þau væru merkt með nú, þ.e. með PN-númerum sem eru dulkóðaðar kennitölur. Gögn úr öllum rannsóknunum hafa verið auðkennd með sömu númerum þar sem ekki hefur verið notuð sérstök dulkóðunaraðferð eða lykkill í hverri rannsókn. Með öðrum orðum: Kennitölu hvers þátttakanda hefur ávallt verið varpað yfir á sama PN-númer óháð því um hvaða rannsókn hefur verið að ræða.

Með tölvubréfi þann 5. nóvember 2007 óskaði Persónuvernd upplýsinga um hvort afstaða ÍE væri óbreytt. Svar barst samdægurs með tölvubréfi, en þar sagði að af mörgum ástæðum kæmu slíkar ráðstafanir ekki til greina. Með bréfi, dags. 7. nóvember 2007, óskaði Persónuvernd bréflégrar staðfestingar á afstöðu ÍE að því er þetta varðar. Hún barst með bréfi, dags. 22. s.m. Þar sagði:

„Það staðfestist hér með að fyrirtækið telur slíkt ekki raunhæft né mögulegt af eftirfarandi ástæðum:

Hjá ÍE eru dulkóðaðar kennitölur yfir 100.000 þátttakenda og gögn þeim tengd (vinnsluskrár, niðurstöður, mælingar o.fl.) eru nálægt 90 terabæti. Varðveisla og vinnsla vegna flókinnar útreikninga á gögnum af þessari stærðargráðu krefst mjög öflugs vélbúnaðar, afritunar og öryggisbúnaðar. Ef koma ætti öllum gögnunum eða meiri hluta þeirra yfir á ný auðkenni krefðist það nánast tvöföldunar á vélbúnaðinum. Slíkt verður að skoðast sem bæði tæknilega og fjárhagslega meiri byrði en sanngjarnt getur talist að leggja á fyrirtækið og eða það tilbúið að taka á sig. Þar til viðbótar færu þá rannsóknirnar fram undir tveim mismunandi auðkennum og samanburður við niðurstöður og gögn núverandi rannsókna og þeirrar rannsóknar sem hér er sótt um, ekki mögulegur.

Gögnin eru þegar ópersónugreinanleg starfsmönnum ÍE og endurdulkóðun breytir því engu um öryggi gagnanna.

Þá breytir endurdulkóðun engu varðandi þá spurningu hvort til nýtingar gagnanna standi heimild þátttakendanna eða ekki.

Eftir endurdulkóðun þar sem tengslum við kennitölur þátttakenda væri varanlega eytt gæfist ekki lengur tækifæri fyrir samstarfslækna ÍE að setja sig í samband við þátttakendur vegna þarfa á viðbótarupplýsingum, mælingum eða lífsýnum samkvæmt beiðnum frá vísindamönnum ÍE. Þar með væri búið að hindra markmiðið með þátttöku einstaklinga, þ.e. að rannsóknir skili þeim árangri sem að var stefnt. Endurdulkóðun væri því í andstöðu við yfirlýstan vilja þátttakenda sem birtist í undirritun þeirra á B (viðtæku) samþykki þar sem þeir heimiluðu að sýni og gögn um þá mætti nýta til þeirra rannsókna sem Persónuvernd og Vísindasíðanefnd samþykktu.“

3.

Með tölvubréfi þann 2. október 2007 óskaði Persónuvernd eftir því að ÍE afhenti sýnishorn umræddra samþykkisyfirlýsinga til að geta séð hvað viðkomandi einstaklingar hefðu í raun samþykkt. ÍE svaraði með bréfi, dags. 5. október 2007. Því fylgdu sýnishorn fjölmargra samþykkisyfirlýsinga. Í bréfinu sagði m.a.:

„Öll samþykkiseyðublöð ÍE innihalda skilyrði um leyfi PV og Vísindasíðanefndar til allra rannsókna á vegum fyrirtækisins og samstarfsaðila, einnig ef um er að ræða viðtækt samþykki. Hér er um þrenns konar orðalag að ræða:

Dæmi úr rannsókninni [...]: „Ég veiti ábyrgðaraðilum þessarar rannsóknar leyfi til að varðveita erfðæfnið og upplýsingarnar sem um mig hefur verið safnað undir kóða, en hvorugt má nota til annarra rannsókna en getið er hér að ofan, nema þeirra sem hlotið hafa umfjöllun og samþykki Persónuverndar og Vísindasíðanefndar.“

Dæmi úr rannsókninni [...]: „Ég veiti ábyrgðarmönnum þessarar rannsóknar leyfi til að varðveita erfðæfnið og upplýsingarnar sem um mig hefur verið safnað undir kóða, en hvorugt má nota til rannsókna á öðrum sjúkdómum en ég hef gefið samþykki mitt fyrir (sbr. bls. 1), að því

undanskildu að leitað verði til mín aftur um nýtt samþykki eða að Tölvunefnd og Vísindasiðanefnd telji samkvæmt nýrri umsókn, að rannsóknirnar brjóti ekki í bága við gildandi lög og reglur um persónuvernd.“

Dæmi úr rannsókninni [...]. Í samræmi við 4. gr. rg. 134/2001 veiti ég ábyrgðaraðilum þessarar rannsóknar leyfi til að varðveita blóðsýni og erfðaeftirbrot úr mér í Lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar undir kóða og í tengslum við það að varðveita upplýsingar sem um mig er safnað vegna þátttöku minnar í rannsókninni. Hvoru tveggja má nota til rannsókna sem hlotið hafa umfjöllun og samþykki Persónuverndar og Vísindasiðanefndar.“

4.

Með bréfi, dags. 2. október 2007, óskaði Persónuvernd eftir afstöðu Vísindasiðanefndar. Í bréfinu sagði m.a.:

„Umrædd vinnsla persónuupplýsinga lýtur að mjög stórum hópi einstaklinga. Af hálfu ÍE hefur því verið lýst yfir að aðeins verði notuð gögn um einstaklinga sem undirritað hafa það sem fyrirtækið kallar „B-samþykki“. Ljóst er hins vegar að þau hafa í tímans rás verið með mismunandi orðalagi. Í ljósi almennra sanngirnissjónarmiða vakna einnig efasemdir um hvort slík vinnsla sem hér um ræðir geti fallið innan þess sem þátttakendur mega hafa ætlað eða getað séð fyrir.

ÍE hefur beðið um að Vísindasiðanefnd og Persónuvernd heimili umrædda vinnslu. Þar sem hér virðist hins vegar í raun vera um að ræða vinnslu vísindagagnagrunns (e. data-mining) er vafamál hvort Persónuvernd hefur að lögum vald til að heimila hana. Er þá m.a. litið til dóms Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli nr. 151/2003, þ.e. svonefnds gagnagrunnsdóms, og athugasemda réttarins um að hvaða marki leggja megi gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði í hendur opinberra stofnana og nefnda. Túlka ber valdheimildir Persónuverndar m.a. í ljósi þessa dóms.

Má og geta þess að á hinum Norðurlöndunum hafa verið sett almenn lög um gagnagrunna með heilsufarsupplýsingum en enn sem komið er hafa slík lög ekki verið sett hér á landi, sbr. þó ný ákvæði í lögum nr. 41/2007 um landlækni. Hér á landi eru að öðru leyti ekki til almenn lög um vísindagagnagrunna, heldur einungis dreifð og ósamstæð lagaákvæði. Í 10. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga er mælt fyrir um það með hvaða hætti menn geti samþykkt þátttöku í vísindarannsókn. Hvergi er hins vegar t.d. að finna ákvæði um að samþykki geti eitt og sér löghelgað vinnslu persónuupplýsinga í mörgum rannsóknum eða í vísindagagnagrunni.

Áður en Persónuvernd tekur mál þetta til frekari umfjöllunar og tekur afstöðu til beiðni um að heimila ÍE vinnslu með þau gögn sem ÍE hefur varðveitt á grundvelli samþykkis viðkomandi einstaklinga, er óskað upplýsinga um afstöðu Vísindasiðanefndar. Er þess bæði óskað að hún skoði málið í ljósi almennra vísindasiðfræðilegra sjónarmiða – m.a. um fyrirsjáanleika um vinnslu persónuupplýsinga þegar veitt eru samþykki í tengslum við afmarkaðar vísindarannsóknir – og þess að vinna með upplýsingar um einstaklinga út frá niðurstöðum sem ábyrgðaraðili hefur unnið um arfgerð þeirra.“

Vísindasiðanefnd svaraði með bréfi, dags. 10. október 2007, og greindi frá því að hún hefði þegar, þann 28. ágúst 2007, gefið samþykki sitt fyrir framkvæmd þessa verkefnis.

Persónuvernd hafði sent ÍE afrit af framangreindu bréfi sínu og með bréfi, dags. 16. október 2007, gerði ÍE ýmsar athugasemdir við efni þess. Var því m.a. andmælt að um væri að ræða vísindagagnagrunnsvinnslu; einungis yrði unnið með persónuupplýsingar sem fengnar hefðu verið með vísindarannsóknnum sem samþykktar hefðu verið af Persónuvernd og Vísindasiðanefnd og nýjar rannsóknir myndu þarfnast samþykkis beggja þessara stofnana. Engin frekari viðbrögð bárust frá Vísindasiðanefnd.

Hinn 10. október 2007 barst Persónuvernd bréf frá Vilmundi Guðnasyni, forstöðulækni Hjartaverndar, dags. 8. s.m., en Hjartavernd hefur komið að þeim rannsóknum sem tilgreindar eru undir 2., 8., 9., 10., 14., 24., 31. og 43. tölul. í upptalningunni á rannsóknum í 1. kafla hér að ofan.

Í bréfinu segir m.a.

„Undirrituðum hefur borist til eyrna að Íslensk erfðagreining hafi sótt um leyfi til Persónuverndar um að samkeyra upplýsingar um þátttakendur í rannsóknarverkefnum þeirra og samstarfsaðila. Íslensk erfðagreining ætlar sér á þennan hátt að tengja á miklu víðtækari grunni klínískar upplýsingar sem samstarfsaðilar hafa aflað í ýmsum vel afmörkuðum, aðskildum og aðgreindum verkefnum við erfðaupplýsingar sem Íslensk erfðagreining hefur aflað í hinum ýmsu vel aðskildu verkefnum. Umrædd beiðni fjallar í raun um að fá að rannsaka einstaklinga í allt öðrum tilgangi en upphaflega stóð til.

[...]

Nú er það svo að undirritaður er ábyrgðarmaður fyrir samþykkisyfirlýsingu tugþúsunda Íslendinga vegna þátttöku í samstarfsverkefnum Íslenskrar erfðagreiningar og Hjartaverndar. Umræddum einstaklingum var boðið að láta geyma frá sér upplýsingar til frekari rannsóknarverkefna í framtíðinni. Hjartavernd gerði skjólstæðingum sínum alveg ljóst að sérhver frekari nýting á upplýsingum eða gögnum þeirra yrði einungis gerð með leyfi Persónuverndar og Vísindasíðanefndar, eins og lög gera ráð fyrir og þá aldrei nema í samráði við ábyrgðarmenn rannsóknarinnar.“

Persónuvernd svaraði með bréfi, dags. 18. október 2007, og óskaði gagna er staðfestu framangreint. Með tölvubréfi hinn 22. október 2007 bárust henni sýnishorn af þeim samþykkisyfirlýsingum sem notaðar höfðu verið í samvinnurannsóknum ÍE og Hjartaverndar.

Persónuvernd kynnti svar Hjartaverndar fyrir ÍE með tölvubréfi, dags. 23. október 2007, og óskaði þess m.a. að Persónuvernd bærisk afrit þess samnings sem þessir aðilar gerðu um samstarf sín á milli. Svar barst samdægurs frá ÍE með tölvubréfi. Sagði þar:

„Það kemur ekki til greina að undanskilja rannsóknir sem Hjartavernd var aðili að. Vilmundur misskilur hlutverk sitt sem ábyrgðarmaður hrapalega og við lesum akkúrat hið gagnstæða í samþykkið. Þetta munum við rekja í greinargerð sem þér mun berast innan skamms.“

Þann 25. október 2007 barst Persónuvernd tölvubréf frá Hjartavernd. Með því fylgdi hluti af rannmasamningi ÍE og Hjartaverndar þar sem m.a. mátti sjá svohljóðandi ákvæði:

„Samstarf um hvert einstakt samþykkt rannsóknarverkefni skal að jafnaði ekki gilda lengur en í fimm ár, eða þar til að einstökum rannsóknarverkefnum er lokið. Við verklok skal öllum klínískum gögnum (DNA og allar upplýsingar) undir öllum kringumstæðum skilað til HV [Hjartaverndar].“

Þann 26. október 2007 barst Persónuvernd bréf frá ÍE. Var þess krafist að Persónuvernd vísaði frá kröfu Hjartaverndar og sagt að yrði fallist á að Vilmundur Guðnason „teljist persónulega hafa öll ráð yfir þeim efnivið sem nú er notaður í þessum rannsóknum“ gæti það talist brot á „jafnræðisreglu stjórnisýslulaga og stjórnarskrár“ og jafnvel kollvarpað starfsemi lífsýnasafns ÍE. Sagði að „Principal Investigator“, samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum, væri Kári Stefánsson en ekki Vilmundur Guðnason. Hefðu flestar umræddar rannsóknir og verið kostaðar af ÍE og nánast að öllu leyti unnar af ÍE. Verkaskipting hefði verið skýr eins og m.a. kæmi fram á þeim upplýsingablöðum sem þátttakendur hefðu fengið. Þá var sagt að í leyfum Persónuverndar vegna umræddra rannsókna hefði verið gert ráð fyrir að ÍE myndi annast varðveislu gagna og vísað til umsagnar Vísindasíðanefndar frá árinu

2001 um það hvaða gögn sú nefnd hafði talið mega tilheyra lífsýnasafni ÍE. Þá var vikið að skilmála í samningi ÍE og Hjartaverndar, dags. 13. febrúar 1998, um að „við verklok [skuli] öllum gögnum [...] undir öllum kringumstæðum skilað til HV“, og sagt að þessu hefði „að sjálfsögðu ekki verið ætlað að ná yfir lífsýni og klínísk gögn sem sérstaklega yrði safnað af aðilum vegna rannsóknarinnar“. Þá sagði að samningurinn væri útrunninn því að lífsýnalög nr. 110/2000 hefðu tekið yfir „ákveðin efnisatriði“ hans. Í bréfinu segir m.a.:

„PV er hér með formlega tilkynnt um það álit ábyrgðaraðila, ÍE og Kára Stefánssonar sem aðalrannsakanda (Principal Investigator), að þeir telja sig hafa full umráð yfir þeim sýnum og upplýsingum sem stafa frá þátttakendum í öllum þeim rannsóknum sem hér um ræðir [...]“.

Að beiðni Hjartaverndar var samtökunum sent afrit af þessu bréfi. Í kjölfar þess barst Persónuvernd bréf frá Hjartavernd, dags. 9. nóvember 2007. Þar var því hafnað að það fæli í sér brot á jafnræðisreglu að líta svo á að forstöðulæknir Hjartaverndar væri ábyrgur fyrir síðari notum upplýsinga, þ. á m. lífsýna, úr umræddum rannsóknum. Í því sambandi var vísað til ákvæða framangreinds samnings Hjartaverndar og ÍE. Sagði m.a. að ÍE bæri ábyrgð á að varsla og meðferð lífsýna innan fyrirtækisins samrýmdist lögum. Það breytti því hins vegar ekki að forstöðulæknir Hjartaverndar væri ábyrgðarmaður gagnvart sínum skjólstæðingum og væru samþykkisyfirlýsingar umræddra þátttakenda varðveittar hjá Hjartavernd; ÍE hefði „engan rétt til að eigna sér trúnaðarsambandið“ milli læknis og skjólstæðinga hans. Auk þess sagði að framlag Hjartaverndar til umræddra rannsókna væri umtalsvert og sem dæmi nefndur sá rannsóknarþáttur að mæla áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma í blóði þegar þátttakendur hafa verið á fastandi maga. Varðandi varðveislunni lífsýna í lífsýnasafni sagði að forstöðulæknir Hjartaverndar hefði ritað nafn sitt á upplýst samþykki sem sá aðili sem þátttakandi heimilaði að gera viðkomandi rannsókn. Þá væri það hornsteinn í orðalagi leyfa Persónuverndar og vísindasiðanefndar að persónuupplýsingar væru á ábyrgð ábyrgðaraðila. Hafnað var þeim skilningi sem fram kom í bréfi ÍE, dags. 26. október 2007, um hvað fælist í ákvæði samnings Hjartaverndar og ÍE, dags. 13. febrúar 1998, um skil á gögnum til Hjartaverndar, sem og því að samningurinn væri útrunninn.

Persónuvernd sendi framangreint bréf Hjartaverndar til ÍE. Svar barst frá ÍE þann 22. nóvember 2007 þar sem ítrekaðar voru fyrri kröfur og sjónarmið. Þá sagði, í tengslum við samning Hjartaverndar og ÍE, að hefði einhvern tímann átt að túlka hann í samræmi við það sem fram hefði komið af hálfu Hjartaverndar – en það væri andstætt skilningi ÍE allt frá upphafi – þá hefði síðara samþykki Hjartaverndar og forstöðulæknis hennar á efni rannsóknaráætlaða, skriflegar fræðslu til þátttakenda og samþykkisyfirlýsinga vikið samningnum til hliðar. Þá sagði m.a.:

„Ítrekuð skal sú afstaða ÍE að ótvírætt sé að Kári Stefánsson og aðrir vísindamenn ÍE geti einir uppfyllt skilgreiningu 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000 í rannsóknum ÍE og samstarfsaðila. Er þetta einnig í fullu samræmi við d) lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB. ÍE bendir á að með setningu Persónuverndar á Reglum nr. 170/2001 um „Upplýst samþykki í vísindarannsókn á heilbrigðissviði“ hefur PV staðfest réttmæti ofangreindra sjónarmiða ÍE, sbr. m.a. 2. og 3. tl. 5. gr. reglnanna. Hefur PV einnig staðfest þetta með útgáfu leyfa til handa ÍE til framkvæmdar vísindarannsóknna á heilbrigðissviði þar sem Kári Stefánsson eða í einstökum tilfellum aðrir vísindamenn ÍE, eru ábyrgðarmenn viðkomandi rannsókna.“

Auk framangreinds var m.a. vikið að hugsanlegum áhrifum umræddra samkeyrslna á hagsmuni hinna skráðu. Sagði að þau yrðu engin, m.a. vegna þess að samkeyrslurnar færu alfarið fram undir dulkóðuðum kennitölum.

II. Forsendur og niðurstæða

1.

Almennt

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Hugtakið tekur m.a. til upplýsinga sem merktar eru með tilvísunarnúmerum en sem hægt er að rekja til einstaklings á grundvelli greiningarlykils. Allar upplýsingar sem erindi ÍÉ lýtur að eru merktar með slíkum númerum, þ.e. kennitölum sem hafa verið dulkóðaðar með því að varpa þeim yfir á svokölluð PN-númer. Í öllum rannsóknum hefur verið notuð sama dulkóðunaraðferð og kennitölur því alltaf orðið að sömu PN-númerum óháð því um hvaða rannsókn hefur verið að ræða. Þá er dulkóðun sú sem notast er við tvíátta og því mögulegt að afkóða PN-númerin í kennitölur. Þegar af þessari ástæðu verða umræddar upplýsingar ekki taldar ópersónugreinanlegar. Þær eru því persónuupplýsingar í skilningi laganna.

Með hugtakinu *vinnsla* er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Til vinnslu telst m.a. *samkeyrsla* persónuupplýsinga, sbr. b-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB. Er því um *vinnslu persónuupplýsinga* að ræða í skilningi laga nr. 77/2000 og fellur í verkahring Persónuverndar að taka afstöðu til lögmætis þeirrar vinnslu, sbr. 37. gr. laganna.

Til úrlausnar er ósk ÍÉ um að steypa saman í eitt safn persónuupplýsingum sem til hafa orðið við framkvæmd 66 vísindarannsókna. Meðal annars er um að ræða upplýsingar um arfgerð u.þ.b. 85.000 einstaklinga sem unnar hafa verið úr lífsýnum þeirra. Aðrir þættir máls þessa en umrædd samtenging eru ekki til úrlausnar í þessari ákvörðun.

Upplýsingar um arfgerð manna teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla slíkra upplýsinga verður að eiga sér heimild í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Sé engu skilyrða 1. mgr. 9. gr. fullnægt eru ekki sérstök efni til athugunar að því er varðar skilyrði 1. mgr. 8. gr.

Þrátt fyrir að framangreind skilyrði séu uppfyllt getur Persónuvernd ákveðið að vinnsla megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Það á við ef um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, en samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. reglnanna er vinnsla persónuupplýsinga, sem tengist framkvæmd vísindarannsókna, þar sem unnið er með erfðaeefni manns, háð leyfi.

Enda þótt ekkert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. sé uppfyllt getur Persónuvernd heimilað vinnsluna að vissum skilyrðum uppfylltum, sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna. Áður en tekin er afstaða til þess hvort á það reyni þarf þar af leiðandi að meta hvort uppfyllt sé eitthvert þeirra lögmætisskilyrða sem talin eru upp í 1. mgr. 9. gr. laganna.

2.

Lögmæti

1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000

Af þeim lögmætisskilyrðum, sem talin eru upp í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, koma skilyrði 1. og 9. tölul. til athugunar. Samkvæmt 1. tölul. er vinnsla heimil hafi hún verið samþykkt af hinum skráða, en samkvæmt 9. tölul. getur vinnsla verið heimil sé hún nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsókna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

2.1.

Upplýst samþykki

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er heimil hafi hinn skráði samþykkt vinnsluna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Átt er við samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. laganna, þ.e. *sérstaka, ótvíræða yfirlýsingu sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkuur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.*

Þannig er það skilyrði að um ótvíræða yfirlýsingu sé að ræða, en í því felst að þögn verður ekki talin jafngilda samþykki. Einnig verður samþykkið að vera „upplýst“ en með því er átt við að hinn skráði viti hvað hann er að samþykkja og hvaða afleiðingar meðferð upplýsinganna hefur eða getur haft fyrir hann. Þá er skilyrði að samþykkið sé persónubundið, en í því felst að enginn getur gefið samþykki fyrir annars hönd nema hafa til þess sérstaka heimild.

Af hálfu ÍE hefur verið vísað til þess að hinir skráðu hafi undirritað svonefnd B-samþykki þegar þeir féllust á að taka þátt í rannsókn á tilteknum sjúkdómi. Þessir einstaklingar höfðu jafnan val um að undirrita svonefnt A-samþykki eða svonefnt B-samþykki. Með því að undirrita A-samþykki heimiluðu þeir notkun gagna um sig í viðkomandi rannsókn; síðan skyldi gögnum hins vegar eytt. Þeir sem undirrituðu B-samþykki leyfðu hins vegar að gögnin yrðu varðveitt vegna hugsanlegra rannsókna síðar en aðeins notuð vegna slíkra rannsókna að fengnu leyfi Persónuverndar og Vísindasíðanefndar.

Erindi þetta lýtur að samnýtingu gagna sem orðið hafa til við framkvæmd margra rannsókna. Við mat á því að hvaða marki lögmæti hennar verði grundvallað á samþykki þeirra sem þátt tóku í umræddum rannsóknum verður m.a. að líta til þess hvort ætla megi að hún samrýmist þeim forsendum sem ætla má að hafi skipt máli við ákvörðun einstaklings um að taka þátt í rannsókn á tilteknum sjúkdómi. Máli skiptir að umræddra upplýsinga var að miklu leyti aflað með milligöngu lækna sem höfðu viðkomandi einstaklinga til læknismeðferðar og ef til vill hefur senda þátttöku oft á tíðum verið traust viðkomandi á þeim lækni sem kynnti honum rannsóknina og það hann um að taka þátt í henni.

Í ljósi þessa, og að virtum athugasemdum umsækjanda um að hann hafi einn umráð yfir þeim gögnum sem stafa frá þátttakendum í umræddum rannsóknum, skal og tekið fram að sá aðili, sem ber ábyrgð á öryggi og lögmæti vinnslu persónuupplýsinga, og að hún standist að öðru leyti ákvæði laga nr. 77/2000, nefnist *ábyrgðaraðili*. Ábyrgðaraðili ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinga, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. að hún sé í samræmi við það sem þátttakendum í rannsókn var kynnt að yrði gert og þeir samþykktu. Í samþykkisyfirlýsingum hafa þátttakendur heimilað *ábyrgðaraðilum* rannsóknar, en ekki ÍE eingöngu, varðveislu persónuupplýsinga um sig. Þau leyfi sem Persónuvernd hefur gefið út vegna umræddra rannsókna tilgreina samstarfslækna nær undantekningarlaust sem ábyrgðaraðila og leyfishafa ásamt ÍE og bera þeir réttindi og skyldur í samræmi við það. Í þessu sambandi má vísa til bréfs ÍE til Persónuverndar, dags. 7. febrúar 2005, þar sem segir:

„Í vísindarannsóknum sem ÍE hefur staðið að með samstarfslæknum hefur ekki verið gerður skriflegur samningur um skiptingu ábyrgðar milli ábyrgðaraðila enda bera þeir allir óskipta ábyrgð á framkvæmd rannsóknarinnar gagnvart opinberum aðilum svo sem Persónuvernd.“

Í bréfi ÍE, dags. 22. nóvember 2007, er m.a. vísað til 2. og 3. tölul. 5. gr. reglna nr. 170/2001 um það hvernig standa skal að öflun upplýsts samþykkis. Segir ÍE að þar sé aðeins rætt um ábyrgðarmann í eintölu og dregur af því þá ályktun að ábyrgðarmaður geti aðeins verið einn. Telur ÍE að það sé ávallt einstaklingur á vegum ÍE. Vegna þessa bendir Persónuvernd á að ákvæði reglna nr. 170/2001 ganga ekki framar ákvæðum laga nr. 77/2000 og útiloka ekki þann skilning sem lagður hefur verið í hugtakið „ábyrgðaraðili“ í 4. tölul. 2. gr. þeirra laga. Eins og áður segir tekur hugtakið til þess aðila sem m.a. ákveður tilgang vinnslu og ráðstöfun upplýsinga. Íðulega eru það fleiri persónur en ein. Á

það sérstaklega við um vísindarannsóknir, en að þeim standa ósjaldan fleiri en einn læknir eða sérfræðingur á heilbrigðisviði sem eiga allir hlutdeild í umræddu ákvörðunarvaldi. Af því leiðir að þeir teljast þá sameiginlega vera ábyrgðaraðili í skilningi 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Sú upplýsingavinnsla sem hér um ræðir myndi m.a. fela í sér breytingu á framkvæmd 66 erfðarannsókna og þeim leyfum sem hafa verið gefin út vegna þeirra. Í ljósi framangreindra sjónarmiða um efni veittra samþykkisyfirlýsinga og sameiginlega ábyrgð leyfishafa (ábyrgðaraðila) eru ekki skilyrði til að gera slíkar breytingar á skilmálum þeirra 66 leyfa, sem umsóknin lýtur að, nema fyrir liggja afstaða allra hlutaðeigandi leyfishafa. Eins og mál þetta liggur fyrir, og með tilliti til valdheimilda Persónuverndar, sem fjallað er um í kafla 3.3. hér að neðan, þarf ekki í þessari ákvörðun að taka afstöðu til þess hvernig með umsóknir um breytingar á leyfisskilmálum skuli fara greini leyfishafa (ábyrgðaraðila) á um hvort óska beri eftir slíkri breytingu.

Af tilefni tilvísunar umsækjanda til lífsýnalaga, nr. 110/2000, skal tekið fram að vandséð er hvernig þau hafa hér áhrif, enda eru hér aðeins til umfjöllunar heimildir til þess að tengja saman mikið magn upplýsinga um fjölda einstaklinga, án þeirra samþykkis. Minnt er á að samkvæmt 4. gr. reglna nr. 918/2001, um öryggi við meðferð og varðveislu í lífsýnasöfnum, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 110/2000, ber leyfishafa að halda rekstri lífsýnasafns aðskildum frá annarri starfsemi sem hann hefur með höndum og skal m.a. tryggja aðskilnað milli annars vegar þeirra er leyfa notkun á gögnum lífsýnasafns og hafa eftirlit með henni og hins vegar þeirra sem vilja fá að nota sýnin. Staða ÍE sem starfsleyfishafa lífsýnasafns er því önnur og ólík stöðu félagsins sem ábyrgðaraðila vinnslu vegna rannsókna. Þá er ekki sjálfgefið hver séu áhrif þeirra forsendna, sem byggt hefur verið á við leyfisveitingu vegna tiltekinnar vísindarannsóknar, reyni síðar á notkun sýna sem varðveitt eru á lífsýnasafni sem fellur undir ákvæði laga nr. 110/2000.

Með vísun til alls framangreinds – einkum þess að umrædd B-samþykki hafa aðeins að geyma yfirlýsingu um vilja til þátttöku í einni tilgreindri rannsókn og heimild fyrir varðveislu gagna, sem samkvæmt samþykkjunum má aðeins nota við frekari rannsóknir að fengnum tilskildum leyfum, en taka ekki til slíkrar samtengingar sem mál þetta lýtur að – telst skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 ekki vera uppfyllt.

2.2.

Naudsyn vegna tölfraði- eða vísindarannsókna

Samkvæmt 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg vegna tölfraði- eða vísindarannsókna, enda verði persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á. Þarf því að uppfylla þrjú skilyrði til þess að unnt sé að grundvallar vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga á þessu ákvæði laganna. Í fyrsta lagi verður vinnslan að fara fram í þágu tölfraði- eða vísindarannsóknar; í öðru lagi verður hún að vera nauðsynleg, þ.e. ekki nægir að vinna með ópersónugreinanlegar upplýsingar til að ná markmiðum rannsóknarinnar; og í þriðja lagi verður að tryggja persónuvernd með tilteknum ráðstöfunum.

Við túlkun þessa ákvæðis ber að líta til 6. gr. Evrópusamnings frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga þar sem m.a. kemur fram að ekki má vinna vélrænt með persónuupplýsingar um heilsuhagi manna nema lög geri ráð fyrir viðeigandi verndarákvæðum. Sömuleiðis ber að líta til tilskipunar nr. 95/46/EB, sem lög nr. 77/2000 byggja á, en í 34. lið formálsorða hennar kemur fram að aðildarríkin megi víkja frá banni við vinnslu viðkvæmra flokka upplýsinga, t. d. á sviði vísindarannsókna, ef almannahagsmunir krefjast þess og sett eru sértæk og viðeigandi öryggisákvæði til verndar grundvallarréttindum manna og rétti þeirra til friðhelgi einkalífs. Í samræmi við þetta er, í 4. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar, kveðið á um að aðildarríki megi, með fyrirvara um setningu viðeigandi öryggisákvæða, mæla fyrir um undanþágur frá banni við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga annaðhvort í innlendum lögum eða með ákvörðun eftirlitsyfirlvals. Af þessu leiðir að *lagahæimild eða hæimild Persónuverndar er skilyrði fyrir vinnslu sem ekki á sér stöð í 1. mgr. 9. gr. laganna*. Um þá vinnslu persónuupplýsinga sem umsókn ÍE lýtur að er hvergi

kveðið í lögum, en í kafla 3 hér á eftir er sérstaklega fjallað um hvort lagaskilyrði séu fyrir hendi til að Persónuvernd geti heimilað hana.

Samkvæmt framanrituðu verður sá skilningur ekki lagður í ákvæði 9. tölul. að það geti eitt og sér talist fullnægjandi heimild fyrir vinnslu heilsufarsupplýsinga. Hefur ákvæðið hins vegar verið skilið sem vísiregla, þess efnis að með lögum sé unnt að veita Persónuvernd heimildir til þess að leyfa vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í þágu tölfræði- og vísindarannsóknna – og binda hana ákvæðnum skilmálum um nauðsynlegar ráðstafanir. Slík lagaákvæði er t.d. að finna í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga og 8. mgr. 8. gr. laga nr. 41/2007 um embætti landlæknis. Ákvæði 9. tölul. stendur þannig öðrum tölulíðum 1. mgr. 9. gr. til fyllingar.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að hér á landi hafa ekki verið sett sérstök lög sem gera ráð fyrir að *samþykki einstaklinga* nægi sem heimild til vinnslu persónuupplýsinga um erfðaeiginleika, heilsufar, lífsstíl o.fl. í gagnagrunni í mjög vítt skilgreindum vísindarannsóknnum á heilbrigðisviði. Ekki má rugla slíkum gagnagrunni, þar sem söfnun og vinnsla upplýsinga byggist á sérstöku „gagnagrunnssamþykki“ þátttakenda, saman við gagnagrunn á heilbrigðisviði skv. lögum nr. 139/1998, en þar var ekki gert ráð fyrir að söfnun og vinnsla upplýsinga í gagnagrunninum byggdist á samþykki þeirra sem upplýsingarnar vörðuðu.

Með vísun til framangreinds verða heimildir til vinnslunnar ekki byggðar á ákvæði 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

2.3

Niðurstæða

Þar sem sú vinnsla persónuupplýsinga sem hér um ræðir á sér ekki stoð í neinu ákvæða 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 verður heimild til vinnslunnar ekki gefin út á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 698/2004, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000.

3.

Sérstök heimild

3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000

Samkvæmt framanrituðu er ekki heimild í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 fyrir þeirri vinnslu sem hér um ræðir. Í 3. mgr. 9. gr. segir hins vegar að Persónuvernd geti heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum telji hún brýna hagsmuni mæla með því en bindi heimild sína þá þeim skilyrðum sem hún telji nauðsynleg hverju sinni. Ákvæðið ber að skýra með hliðsjón af markmiðsákvæðum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 77/2000, en þar kemur fram að markmið þeirra sé m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Þá ber að hafa hliðsjón af athugasemdum við ákvæði 3. mgr. 9. gr. í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000. Þar segir að skilyrði sé að ríkir almannahagsmunir krefjist þess að unnið sé með upplýsingarnar sem um ræðir og að viðhafðar séu ráðstafanir til að vernda hagsmuni hins skráða. Persónuvernd meti hvort þær ráðstafanir sem viðhafðar séu til að tryggja hagsmuni hins skráða séu viðhlítandi eða ekki. Telji Persónuvernd svo ekki vera verði undanþáguákvæðinu ekki beitt. Hér sé farið að ákvæðum 4. mgr. 8. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB og bent á 34.–36. lið formála tilskipunarinnar varðandi dæmi um mikilvæga almannahagsmuni.

Í 34. lið formálsorða tilskipunarinnar kemur m.a. fram að ef brýnir almannahagsmunir krefjist þess megi víkja frá banni við vinnslu viðkvæmra flokka upplýsinga, til dæmis á sviði vísindarannsóknna, en þá beri að setja sértæk og viðeigandi öryggisákvæði til að vernda grundvallarréttindi manna og rétt þeirra til friðhelgi einkalífs síns. Í samræmi við það segir í 1. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar að vinnsla tiltekinna persónuupplýsinga, þ. á m. upplýsinga um heilsuhagi einstaklinga, sé bönnuð nema að sérstökum skilyrðum uppfylltum, s.s. skilyrðum 4. mgr. um að brýnir almannahagsmunir krefji og annaðhvort sé kveðið á um vinnsluna í sérlögum eða í heimild persónuverndarstofnunar, og sett viðhlítandi öryggisákvæði.

Auk framangreinds ber að hafa hliðsjón af þeim meginreglum sem uppfylla ber við alla vinnslu persónuupplýsinga og taldar eru upp í 7. gr. laganna, þ. á m. um sanngirni vinnslu og fyrirsjáanleika gagnvart hinum skráðu. Lögin leggja og áherslu á forræði einstaklings á upplýsingum sem varða hann sjálfan og eru túlkuð þannig að þeim mun viðkvæmari sem persónuupplýsingarnar eru, þeim mikilvægara sé að virða þennan rétt einstaklingsins.

Af framangreindu leiðir því að til þess að Persónuvernd heimili vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 verða brýnir almannahagsmunir að mæla með því og ráðstafanir sem gerðar eru til verndar hagsmunum hins skráða að vera viðhlítandi að mati Persónuverndar. Það verður því að fara fram ákveðið hagsmunamat, sem aftur er óaðskiljanlegt og innbyrðis tengt skilyrði ákvæðisins um viðhlítandi öryggisráðstafanir, þ.e. því viðkvæmari sem upplýsingarnar eru, þeim mun strangari kröfur eru gerðar til ráðstafana til verndar hagsmunum einstaklingsins. Auk þess felur heimild samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 í sér undantekningu frá meginreglu. Hana ber að túlka þröngt og til samræmis við ákvæði 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Slíkar undanþágur verða því að vera lögum samkvæmar, en í því felst m.a. að stjórnvald eins og Persónuvernd verður að halda sig innan lögbundinna valdheimilda sinna.

3.1.

Brýnir almannahagsmunir

Heimild Persónuverndar til að leyfa þá vinnslu persónuupplýsinga sem hér um ræðir án samþykkis hinna skráðu er háð því að brýnir almannahagsmunir mæli með vinnslunni. Almennt verður að telja ríka almannahagsmuni standa til vinnslu persónuupplýsinga sem þjónað getur vísindalegum tilgangi. Í umsókn ÍE kemur t.a.m. fram að tilgangur þeirrar vinnslu sem hér um ræðir er að leita erfðafræðilegra orsaka sjúkdóma og einkenna þeirra í þeim tilgangi að finna ný lyf eða önnur bætt meðferðarúrræði og fyrirbyggjandi aðgerðir. Við mat á því hvort þessir hagsmunir séu nægilega brýnir verður þó að veða þá og meta á móti beinum hagsmunum einstaklinganna sem í hlut eiga.

Upplýsingarnar sem um ræðir eru arfgerðarupplýsingar merktar einkvæmum PN-númerum sem unnt er að afkóða yfir á kennitölur. Erfðaupplýsingar geta borið með sér upplýsingar um heilsuhagi fólks og þjóðernisuppruna. Þær geta sagt til um faðerni, móðerni og önnur fjölskyldutengsl og að vissu leyti falið í sér upplýsingar um aðra einstaklinga en þann sem erfðaeftni stafar frá, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli nr. 151/2003. Á síðari árum, eftir því sem erfðataekni hefur fleygt fram, hefur þótt sérstök ástæða til þess að tryggja að fólki sé ekki mismunað eftir erfðum. Þannig er kveðið á um bann við mismunun á grundvelli erfðastofns í 6. gr. yfirlýsingar UNESCO um genamengi mannsins og mannréttindi og 11. gr. Evrópusamnings um mannréttindi og líflæknisfræði, nr. 164 frá 4. apríl 1997. Í íslenskri löggjöf er t.d. í 2. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga ákvæði sem leggur bann við því að váttryggingarfélag, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, óski eftir, afli með einhverjum öðrum hætti, taki við eða hagnýti sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóm. Þá tengist vinnsla erfðaupplýsinga ýmiss konar álítaefnum er varða rétt einstaklingsins til að fá *ekki* upplýsingar um heilsufar sitt, svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. framangreinds Evrópusamnings frá 4. apríl 1997. Í samræmi við þessi viðhorf hefur vinnsla upplýsinga um erfðaeftni manna verið talin fela í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi einstaklingsins, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000 og 2. tölul. 7. gr. reglna nr. 698/2004, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Má hér og vísa til vinnuskjals starfshóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB sem er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til ráðgjafar um persónuverndarmálefni, nr. WP91 frá 17. mars 2004 um erfðaupplýsingar.

Vinnslan sem um ræðir er afar umfangsmikil. Um er að ræða samkeyrslu upplýsinga um 85.000 manns sem hafa tekið þátt í á sjöunda tug ólíkra erfðarannsóknna. Upplýsingunum er haldið aðskildum enda þótt þær séu varðveittar hjá einum og sama aðila, þ.e. ÍE, en eru upphaflega fengnar úr

ýmsum áttum, s.s. úr heilbrigðisskrám, krabbameinsskrá KÍ og frá þátttakendum sjálfum, oft fyrir tilstilli fjölmargra lækna sem hafa haft viðkomandi einstaklinga til meðferðar.

Frá sjónarhóli einkalífsverndar ber að sýna aðgát við samkeyrslu persónuupplýsinga, einkum ef upplýsingarnar eru viðkvæmar. Tilurð persónuverndarlöggjafar má þannig m.a. rekja til aukinna möguleika til samkeyrslu og samtengingar upplýsinga með tilkomu tölvutækninnar. Í ahugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 63/1981 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni – fyrstu lögum um meðferð persónuupplýsinga á Íslandi – segir t.a.m. eftirfarandi um tildrög lagasetningarinnar:

„Tölvutækni nútímans gerir kleift að vinna á ódýran og hraðvirkan hátt úr miklum upplýsingaforða. Er auðvelt að draga saman upplýsingar eða framkvæma leit að einstökum atriðum og fá síðan niðurstöður útskrifaðar. Útskriftir þessar er hægt að margfalda að vild. *Þá er auðvelt að láta tölvur tengja saman skrár með skyldum eða óskyldum upplýsingum og mynda á þann hátt umfangsmikla skráabanka, sem nær ókleift hefði verið að stofna til og halda með fyrri aðferðum [. . .]* Mönnum hefur orðið æ ljósara á síðustu árum, að tölvutækni felur í sér hættu á misnotkun og jafnvel misferli. Einkum hefur athygli manna beinst að því, að í tölvum er hægt að safna miklum upplýsingaforða um einkamálefni manna og hætta er á, að slíkar upplýsingar verði notaðar, svo að mein verði af fyrir þann, sem skráður er. Tölvun tekur ekki eingöngu við efniviði, hún vinnur hann með margvíslegum hætti með afköstum, er undrum sæta, og skráningargögn er hægt að varðveita von úr viti. Vissulega tíðkaðist kerfisbundin skráning á einkamálefnum löngu fyrir daga tölva, sbr. manntalsgögn, tölfraðigögn, sakaskrár o.fl., og tíðkast enn. Tölvutækni hefur hins vegar í fyrsta lagi valdið aldahvörfum um hraðvirki og *samtengsl upplýsingaforða* og í öðru lagi veldur hinn greiði aðgangur að útskriftum og margföldun þeirra ærnum breytingum. [Leturbreytingar eru Persónuverndar.]“

Hafa í ljósi þessa löngum gilt sérstakar reglur um samkeyrslu. Í lögum nr. 121/1989 var t.d. sérstakt ákvæði um að ekki mætti tengja saman skrár, er féllu undir ákvæði laganna, nema um væri að ræða skrár sama skráningaraðila. Í greinargerð með því ákvæði er varð að 6. gr. laganna sagði m.a.:

„Tækni á sviði tölvumála tekur stöðugum framförum. Með nýrri tækni er tiltölulega auðvelt að tengja saman hinar ýmsu skrár er hafa að geyma upplýsingar um einkamálefni manna og safna á einn stað miklu magni upplýsinga um þá og ná þannig fram ákveðinni heildarmynd af þeim. Frumvarpsgrein þessi hefur það markmið að tryggja að ekki verði með samtengingu skráa (oft nefnd samkeyrsla) safnað saman upplýsingum um einkamálefni manna frá ólíkum skráningaraðilum og þær síðan notaðar til þess að ná fram ákveðinni heildarmynd af hinum skráða, mynd sem hann gat ekki vænst að hægt væri að ná fram þegar hann gaf umræddar upplýsingar.“

Í samræmi við þetta hefur samkeyrsla viðkvæmra persónuupplýsinga verið talin til þeirrar vinnslu sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi einstaklingsins, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 1. tölul. 7. gr. reglna nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Ný tækni sem felur í sér aukna samkeyrslumöguleika breytir þar engu um enda engar lagabreytingar orðið vegna tilkomu hennar.

Af öllu framangreindu er ljóst að þrátt fyrir að ríkir almannahagsmunir séu af samkeyrslunni og þær geti síðar nýst í þágu rannsókna, er *eðli* upplýsinganna þannig (arfgerðarupplýsinga) og vinnslutegundin slík, þ.e. *umfang hennar*, en hún lýtur að 85.000 einstaklingum eða tæplega þriðjungu íslensku þjóðarinnar, að einstaklingarnir hafa sérstaklega brýna hagsmuni af því að réttindi þeirra og frelsi séu tryggð með viðhlítandi hætti.

Eigi hagsmunir af því að upplýsingavinnslan fari fram að vega þyngra en hagsmunir einstaklinganna af því að vinnslan fari ekki fram án þeirra samþykkis, verður því að gera mjög ríkar kröfur til ráðstafana sem gerðar verða til að tryggja réttindi þeirra og hagsmuni.

3.2.

Viðhlítandi ráðstafanir

Eins og áður segir eru gerðar strangari kröfur til ráðstafana til verndar hagsmunum einstaklingsins eftir því sem upplýsingarnar sem um ræðir eru viðkvæmari. Á móti kemur að því meiri og strangari ráðstafanir sem gerðar eru, því meira svigrúm er til þess að nýta sveigjanleika laganna og heimila upplýsingavinnslu sem að öðrum kosti væri bönnuð. Þá er hægt að aftengja upplýsingarnar persónuauðkennum og fellur upplýsingavinnslan þá utan gildissviðs laga nr. 77/2000.

Í samtali forstjóra Persónuverndar við [K], framkvæmdastjóra samstarfsverkefna hjá ÍE, þann 6. september 2007, var rætt um leiðir til að tryggja persónuvernd við framkvæmd þessa verkefnis. Var m.a. spurt um afstöðu ÍE til þess að dulkóða þau PN-númer sem eru á gögnunum, eyða númerunum eða gera aðrar áþekkar ráðstafanir sem verulega myndu draga úr möguleikum á persónugreinanleika upplýsinganna. Hann kvað slíkt vera útilokað og vinna yrði með gögnin á þeim PN-númerum sem þau eru merkt með nú. Með tölvubréfi þann 5. nóvember 2007 óskaði Persónuvernd upplýsinga um hvort þessi afstaða ÍE væri óbreytt. Svar barst samdægurs með tölvubréfi þar sem fram kom að af mörgum ástæðum kæmi þetta ekki til greina. Með bréfi Persónuverndar, dags. 7. nóvember 2007, var óskað bréflégrar staðfestingar á framangreindu. Hún barst með bréfi þann 22. nóvember 2007. Var staðfest að fyrirtækið teldi slíkt hvorki raunhæft né mögulegt af ýmsum ástæðum. Var m.a. vísað til tæknilegra ástæðna og kostnaðar og bent á að eftir endurdulkóðun, þar sem tengslum við kennitölur þátttakenda yrði eytt, yrði ekki lengur mögulegt fyrir samstarfslækna ÍE að setja sig í samband við þátttakendur vegna þarfa á viðbótarupplýsingum, mælingum, lífsýnum o.þ.h. Þar með yrði hindrað að rannsóknirnar skiluðu þeim árangri sem að hefði verið stefnt. Endurdulkóðun væri því í andstöðu við yfirlýstan vilja þátttakenda sem birtist í undirritun þeirra á B (vítæku) samþykki þar sem þeir heimiluðu að sýni og gögn um þá mætti nýta til þeirra rannsókna sem Persónuvernd og Vísindasiðanefnd samþykktu.

3.3.

Valdheimildir Persónuverndar

Upplýsingar um heilsuhagi, þ. á m. erfðaupplýsingar, eru viðkvæmar persónuupplýsingar sem varða einkamálefni manna. Þær njóta ótvíræðrar verndar 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sem mælir fyrir um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu og að þann rétt megi einungis takmarka með sérstakri lagaheimild ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Af því leiðir að handhöfum framkvæmdarvalds verður ekki falið óheft ákvörðunarvald um heimildir til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Persónuvernd er stjórnábyrgð sem fyrst og fremst hefur með höndum eftirlit með framkvæmd laga og úrlausn ágreiningsmála. Löggjafinn hefur þó framselt stofnuninni vald til þess að heimila, í undantekningartilvikum, vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem annars væri bönnuð. Við beitingu þess valds ber Persónuvernd að halda sig innan þeirra marka sem leiða af stjórnarskrá og mannréttindasamningum sem Ísland hefur fullgilt, s.s. mannréttindasáttmála Evrópu og Evrópusamningi frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, einkum 6. gr. þess samnings. Í samræmi við þetta hefur Persónuvernd túlkað valdheimildir sínar fremur þröngt og talið að til þess að leyfi samkvæmt 3. mgr. 9. gr. teljist gefin út innan þeirra heimilda sem stofnuninni eru veittar að lögum þurfi vinnslan sem um ræðir að fullnægja ákveðnum kröfum um afmörkun og fyrirsjáanleika. Þar af leiðandi hafa leyfi, gefin út á grundvelli ákvæðisins, verið bundin við skýrlega afmarkaðar vísindarannsóknir á nánar tilgreindum þáttum eða atriðum. Umsókn ÍE, dags. 6. júlí 2007, lýtur hins vegar að samtengingu gagna úr á sjöunda tug umfangsmikilla rannsókna á margs konar og í mörgum tilvikum óskyldum sjúkdómum. Þá kemur ekki fram hvað í tengslum við umrædda sjúkdóma á að rannsaka hverju sinni, en þess í stað er almennt tekið fram að leita eigi erfðafræðilegra orsaka þeirra án nokkurrar frekari tilgreiningar.

3.4 *Niðurstaða*

Með vísan til eðlis upplýsinganna, fjölda þeirra einstaklinga sem þær varða og umfangs vinnslunnar sem um ræðir, þess að ÍE hefur ekki fallist á að endurdulkóða upplýsingarnar eða aftengja þær persónuauðkennum, og þess að valdheimildum Persónuverndar eru settar þröngar skorður sem skýra ber með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasamninga, sem íslenska ríkið er aðili að, sbr. og dóm Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli nr. 151/2003, verður ekki talið að lagaskilyrði séu til þess að veita leyfi til þeirrar vinnslu sem umsókn ÍE lýtur að á grundvelli 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

4. *Samandregin niðurstaða*

Með vísan til þess að ÍE hefur ekki sýnt fram á að samráð hafi verið haft við aðra ábyrgðaraðila þeirra 66 rannsókna sem hér eru til umfjöllunar um breytingar á þeim, að vinnslan sem um ræðir byggir ekki á upplýstu samþykki einstaklinganna sem í hlut eiga, að í lögum er ekki að finna ákvæði sem heimila Persónuvernd sérstaklega útgáfu leyfa vegna vinnslu sem þessarar, að eðli bæði upplýsinganna og vinnslutegundarinnar er slíkt að sérstök þörf er á að tryggja hagsmunum einstaklingsins vernd, að ÍE hefur ekki fallist á að endurdulkóða upplýsingarnar eða aftengja þær persónuauðkennum, og að valdheimildum Persónuverndar eru dregin mörk með ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasamninga, er ekki unnt, á grundvelli gildandi laga, að fallast á umsókn ÍE um heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Vítækrar erfðamengisleitar orsaka sjúkdóma og einkenna þeim tengdum á grundvelli B-samþykkja og gagna í lífsýnasafni ÍE“.

Ákvörðunarorð:

Synjað er um útgáfu leyfis til Íslenskrar erfðagreiningar ehf. til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Vítækrar erfðamengisleitar orsaka sjúkdóma og einkenna þeim tengdra á grundvelli B-samþykkja og gagna í lífsýnasafni ÍE“, sbr. umsókn til Persónuverndar, dags. 6. júlí 2007.“

3.2.13. Bráðabirgðabheimild fyrir Ícelandair til flutnings farþegaupplýsinga til yfirvalda í Bandaríkjunum – mál 2006/332

Persónuvernd afgreiddi umsókn Ícelandair ehf. um að mega senda farþegaupplýsingar til yfirvalda í Bandaríkjunum. Um var að ræða svokallaðar PNR-upplýsingar („Passenger Name Record“). Veitt var heimild til bráðabirgða meðan beðið væri endanlegrar niðurstöðu er gilda myndi fyrir öll Evrópuríki.

Í því bráðabirgðaleyfi sem Persónuvernd veitti, dags. 3. maí 2007, sagði m.a.:

„1. *Kröfur bandarískra stjórnvalda um afhendingu farþegaupplýsinga Viðbrögð Evrópusambandsins og íslenskra stjórnvalda*

Í bandarískum lögum um öryggi í samgöngum frá 19. nóvember 2001 (Aviation and Transportation Security Act) er gerð krafa um afhendingu upplýsinga um farþega og áhafnir flugvéla sem fljúga til Bandaríkjanna. Upplýsingarnar á að skrá í gagnagrunn til notkunar í baráttu gegn hryðjuverkum og alvarlegum alþjóðlegum glæpum.

Í kjölfar þessarar lagasetningar vaknaði óvissa í Evrópu um lögmæti slíkrar upplýsingamiðlunar. Framkvæmdastjórn EB tók upp viðræður við bandarísk stjórnvöld í því skyni að tryggja að farið yrði með upplýsingarnar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til verndar persónuupplýsinga í EB. Hinn 11. maí 2004 gaf tolla- og landamæraeftirlitið frá sér yfirlýsingu (sk. „Undertakings“) um hvernig ætti að vernda upplýsingarnar, og á grundvelli þeirrar yfirlýsingar tók framkvæmdastjórnin ákvörðun (nr. 2004/535/EB), dags. 14. maí 2004, um að miðlun upplýsinganna til tolla- og landa-

mæraeftirlits Bandaríkjanna, sem og eftirfarandi vinnsla þeirra þar, fullnægði kröfum tilskipunar nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Framkvæmdastjórnin byggði ákvörðun sína á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB. Réttaráhrif slíkrar ákvörðunar eru þau að þriðja land telst tryggja nægilega vernd persónuupplýsinga í skilningi tilskipunarinnar og þarf þá ekki að uppfylla eitthvert þeirra skilyrða sem talin eru upp í 26. gr. sömu tilskipunar til þess að miðlunin teljist heimil.

Hinn 10. maí 2005 tilkynnti dómsmálaráðuneytið Persónuvernd um að íslensk stjórnvöld hefðu náð samkomulagi við Bandaríkin um að persónuupplýsingum sem miðlað yrði frá íslenskum flugfélögum yrði veitt sama vernd og kveðið væri á um í samningi EB og bandarískra stjórnvalda. Þá var ákvörðun nr. 2004/535/EB innleidd í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2005.

Hinn 1. júní 2005 birti Persónuvernd auglýsingu nr. 638/2005 um flutning persónuupplýsinga úr landi.

2.

Dómur Evrópudómstólsins Viðbrögð Evrópusambandsins

Hinn 30. maí 2006 kvað Evrópudómstóllinn upp dóm í málum nr. C-317/04 og C-318/04. Dómurinn ógilti:

1. Ákvörðun ráðs Evrópusambandsins um gerð samnings við Bandaríkin um vinnslu og miðlun upplýsinga frá flugfélögum til tolla- og landarmæraeftirlits Bandaríkjanna og ráðuneytis innanríkisöryggismála (ákvörðun nr. 2004/496/EB).
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í færslum í bókunarkerfum flugfélaga um einstaka flugfarþega sem miðlað er til tolla- og landarmæraeftirlitsins (ákvörðun nr. 2004/535/EB).

Talið var að umrædd miðlun farþegaupplýsinga til bandarískra stjórnvalda félli utan gildissviðs tilskipunar nr. 95/46/EB, en samkvæmt 2. mgr. 3. gr. hennar tekur hún ekki til starfsemi sem fellur utan gildissviðs EB, s.s. starfsemi sem kveðið er á um í V. og VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, og alls ekki til vinnslu sem varðar almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsilaga. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2004/535/EB var því ekki talin byggja á fullnægjandi lagastoð. Þá var ekki talið unnt að byggja ákvörðun ráðsins nr. 2004/496/EB á 95. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins. Sú ákvörðun var því líka ógild. Með tilliti til þess að í samningi Evrópubandalagsins við bandarísk stjórnvöld var 90 daga uppsagnarfrestur héldust réttaráhrif ákvörðunar nr. 2004/535/EB til 30. september 2006.

Í kjölfar niðurstöðu Evrópudómstólsins veitti ráð Evrópusambandsins formennsku sambandsins umboð, hinn 27. júní 2006, til þess að hefja viðræður við bandarísk stjórnvöld um gerð nýs samkomulags um flutning farþegaupplýsinga til Bandaríkjanna. Bráðabirgðasamkomulag var undirritað hinn 16. október 2006 og staðfest með ákvörðun ráðsins sama dag. Í samningnum skuldbinda bandarísk stjórnvöld sig m.a. til þess að gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í yfirlýsingunni frá 11. maí 2007 og er ætlað að vernda persónuupplýsingar sem eru fluttar til þeirra á grundvelli samningsins. Samkvæmt 7. gr. samningsins gildir hann til 31. júlí 2007, verði honum ekki sagt upp eða hann framlengdur.

Í tengslum við samningsgerðina áttu sér stað bréfaskipti á milli bandaríska heimavarnarráðuneytisins og ráðsins, sem birt voru í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins hinn 27. október 2006. Í bréfi bandaríska heimavarnarráðuneytisins, dags. 11. október 2006, kemur fram túlkun ráðuneytisins á tilteknum ákvæðum yfirlýsingarinnar frá 11. maí 2004.

Ógilding ákvörðunar nr. 2004/535/EB varðaði íslensk flugfélög með beinum hætti þar sem ákvörðunin var í raun sú lagastöð sem miðlun þeirra á upplýsingum til bandarískra stjórnvalda byggði á. N.tt. var byggt á 2. málsl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en ákvæði 2. mgr. 29. gr. er svohljóðandi:

„Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst [veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.] Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.“

Í 2. tölul. 2. gr. auglýsingar nr. 638/2005 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa var vísað til ákvörðunar nr. 2005/535/EB. Með ógildingu ákvörðunarinnar var því ljóst að íslensk flugfélög gætu ekki lengur byggt heimildir sínar á 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000, heldur þyrfti að fullnægja einhverju skilyrða 1. mgr. 30. gr. sem kveður á um heimildir til flutnings persónuupplýsinga til þeirra landa sem ekki teljast veita upplýsingunum fullnægjandi vernd, eða óska eftir heimild Persónuverndar skv. 2. mgr. 30. gr., sem er svohljóðandi:

„Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli um flutning persónuupplýsinga úr landi.“

Á sameiginlegum fundi dómsmálaráðuneytisins, Persónuverndar og Ícelandair hinn 9. ágúst 2006 var ákveðið að ráðuneytið skyldi leita eftir staðfestingu frá bandarískum stjórnvöldum um að sömu skilmálar og áður giltu um vernd persónuupplýsinga sem miðlað er frá Ícelandair til bandarískra stjórnvalda. Hinn 11. ágúst 2006 upplýsti dómsmálaráðuneytið Persónuvernd um að þess hefði verið farið á leit við utanríkisráðuneytið að málið yrði tekið upp gagnvart bandarískum stjórnvöldum við fyrstu hentugleika.

Eftir að réttaráhrif ákvörðunar nr. 2004/535/EB féllu niður sótti Ícelandair, með bréfi dags. 2. október 2006, um heimild til flutnings persónuupplýsinga úr landi. Með tölvubréfi, dags. 12. október 2006, tilkynnti Persónuvernd Ícelandair hins vegar um að rétt væri að biða með að afgreiða umsóknina á meðan ekki hefði fengist staðfesting frá bandarískum stjórnvöldum um hvernig farið yrði með persónuupplýsingar sem fluttar yrðu til þeirra frá Íslandi. Þá ákvað stjórn Persónuverndar, á fundi sínum hinn 30. nóvember 2006, að færa auglýsingu nr. 638/2005 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa til samræmis við niðurstöðu Evrópudómstólsins og felldi því 2. tölul. 2. gr. auglýsingarinnar úr gildi. Breytingin var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda hinn 18. desember 2006, sbr. auglýsingu nr. 1041/2006.

Með bréfi, dags. 23. febrúar 2007, tilkynnti dómsmálaráðuneytið Persónuvernd um að með nótu bandaríska sendiráðsins á Íslandi, nr. 4/2007, hefði verið staðfest að sömu skuldbindingar væru enn í gildi gagnvart Íslandi og gagnvart Evrópusambandinu. Í nótu sendiráðsins segir að ákvæði yfirlýsingarinnar frá 11. maí 2004 og bréfs bandaríska heimavarnarráðuneytisins, sem birt var í Stjórnartíð-

indum Evrópusambandsins hinn 27. október 2006, muni taka til vinnslu upplýsinga um farþega og áhafnir flugvéla sem fljúga á milli Íslands og Bandaríkjanna. Því eru nú forsendur til þess að taka umsókn Icelandair til afgreiðslu.

II.

Upplýsingavinnslan

Í bráðabirgðasamkomulagi Evrópusambandsins og bandarískra stjórnvalda frá 16. október 2006, yfirlýsingu tolla- og landamæraeftirlitsins frá 11. maí 2004 og bréfi heimavarnarráðuneytisins sem birt var í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins hinn 27. október 2006 er upplýsingavinnslunni lýst með eftirfarandi hætti:

Þær upplýsingar sem fluttar verða til bandarískra stjórnvalda eru tilgreindar í viðauka A við yfirlýsingu bandaríska tolla- og landamæraeftirlitsins frá 11. maí 2004, sbr. einnig bréf bandaríska heimavarnarráðuneytisins sem birt var í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins hinn 27. október 2006. Um er að ræða upplýsingar úr bókunar- og/eða brottfararkerfum (e. Passenger Name Record – „PNR-upplýsingar.“) Þar undir falla ýmsar upplýsingar sem farþegi veitir um sjálfan sig þegar hann bókar flug og upplýsingar sem flugfélög halda utan um. Það eru t.d. nöfn, símanúmer, heimilisföng, símanúmer og netföng, upplýsingar sem tengjast ferðalaginu (s.s. um dagsetningu ferðar, upphafs- og endastað, sætisnúmer og fjöldi farangurs), upplýsingar um flugbókunina (s.s. um þá ferðaskrifstofu sem notuð var og greiðsluupplýsingar, þ.m.t. kreditkortanúmer), auk annarra upplýsinga sem t.d. er að finna í frjálsum textareitum.

Upplýsingarnar eru fluttar til tiltekinna stjórnvalda sem heyra undir bandaríska heimavarnarráðuneytið. N.tt. er um að ræða Tolla- og landamæraeftirlitið (e. Bureau of Customs and Border Protection), Innflytjenda- og tollgæsluna (e. US Immigration and Customs Enforcement) og skrifstofu heimavarnarráðuneytisins. Þessi stjórnvöld hafa rafrænan aðgang að bókunar- og/eða brottfararkerfum flugfélaga og sækja þangað framangreindar upplýsingar, þar til komið hefur verið á kerfi sem gerir flugfélögunum sjálfum kleift að senda upplýsingarnar eftir beiðni.

Að meginstefnu er heimilt að sækja upplýsingarnar í fyrsta lagi 72 klst. fyrir brottför, en frá þessu má þó víkja í tilvikum þar sem vitað er að einstaklingar sem ástæða er til að ætla að stofni flugöryggi í hættu verði um borð. Heimilt er að kanna allt að þrisvar sinnum hvort breytingar hafi orðið á upplýsingum frá því að þær voru fyrst sóttar og fram að lendingu.

Upplýsingarnar eru varðveittar hjá stofnunum heimavarnarráðuneytisins í þrjú og hálf ár. Ef þær hafa ekki verið skoðaðar handvirkt á þeim tíma er þeim eytt, en hafi þær verið skoðaðar eru þær fluttar í skrá þar sem þær eru varðveittar í átta ár til viðbótar. Þær upplýsingar sem tengdar hafa verið tilteknu máli eru varðveittar þangað til upplýsingarnar eru færðar á skjalasafn.

Einnig er kveðið nánar á um notkun upplýsinganna, öryggi þeirra, afhendingu til annarra löggæslustofnana og réttindi hinna skráðu einstaklinga.

III.

Heimild og skilmálar

Mál þetta lýtur að því hvort flytja megi persónuupplýsingar til Bandaríkjanna. Það land telst ekki veita persónuupplýsingum þá vernd sem þeim er tryggð með ákvæðum tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, en sú tilskipun er sá grunnur sem lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eru byggð á.

Samkvæmt 30. gr. laga nr. 77/2000 er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd óheimill, nema að uppfyllt sé eitthvert skilyrði 1. mgr. ákvæðisins, eða að fenginni heimild Persónuverndar. Eins og hér stendur á telur Persónuvernd ekkert þeirra skilyrða uppfyllt og ber því að líta til þess hvort sérstök rök mæli með því að heimila vinnslu þessa skv. 2. mgr. 30. gr. laganna og hvort veittar hafi verið nægilegar tryggingar fyrir vernd þeirra persónuupplýsinga sem fluttar verða til Bandaríkjanna.

Ljóst er að verði Icelandair ekki við kröfum bandarískra stjórnvalda um flutning persónuupplýsinga um farþega og áhafnir flugvéla til Bandaríkjanna á það á hættu að verða neitað um lendingarleyfi. Það getur haft viðtækar afleiðingar, ekki einungis fyrir flugfélagið sjálft heldur einnig fyrir hag almennings í landinu. Í ljósi þessa og þar sem nú liggur fyrir yfirlýsing bandaríska sendiráðsins um að ákvæði yfirlýsingarinnar frá 11. maí 2004 og bréfs bandaríska heimavarnarráðuneytisins, sem birt var í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins hinn 27. október 2006, muni taka til vinnslu upplýsinga um farþega og áhafnir flugvéla sem fljúga á milli Íslands og Bandaríkjanna, telur Persónuvernd næg rök standa til þess að veita leyfi til flutnings umræddra persónuupplýsinga til Bandaríkjanna. Með vísan til 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, sem og 3. mgr. 9. gr. sömu laga, hefur Persónuvernd því ákveðið að veita Icelandair umbeðna heimild til flutnings persónuupplýsinga úr landi.

Heimild þessi gildir til 31. júlí 2007, í samræmi við gildistíma samnings Evrópusambandsins og bandarískra stjórnvalda, og er bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga um flugfarþega og áhafnir

Flutningur persónuupplýsinga um farþega og áhafnir flugvéla Icelandair til bandarískra stjórnvalda skal vera í samræmi við ákvæði samnings Evrópusambandsins og bandarískra stjórnvalda frá 16. október 2006, yfirlýsingarinnar frá 11. maí 2004 og bréfs bandaríska heimavarnarráðuneytisins, sem birt var í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins hinn 27. október 2006.

2. Fræðsluskilyrða gagnvart farþegum

Icelandair skal veita farþega sem kaupir flugmiða af félaginu fræðslu um upplýsingavinnsluna í samræmi við 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000, eigi síðar en á þeirri stundu sem hann samþykkir að kaupa miðann.

Fræðslan sem veitt er skal vera í samræmi við leiðbeiningar sem fylgdu álit 29. gr. starfshópsins nr. 2/2007, annars vegar í formi stuttrar tilkynningar til farþega, hins vegar í formi frekari upplýsinga.

Pegar flug er bókað símleiðis skal stutta tilkynningin lesin upp fyrir farþega. Óski hann frekari upplýsinga skal hann upplýstur um hvernig hægt er að nálgast þær.

Pegar flug er bókað á Netinu skal stutta tilkynningin birt með sjálfvirkum hætti sem heimtar að farþegi líti á hana, s.s. á þeirri vefsíðu þar sem fylltar eru út farþegaupplýsingar. Frekari upplýsingar skulu einnig birtar á heimasíðu félagsins og skulu vera jafn sýnilegar og aðgengilegar og almennir viðskiptaskilmálar félagsins.

Efni stuttu tilkynningarinnar skal fylgja staðfestingu á flugbókun.

3. Eftirlit Persónuverndar

Icelandair ehf. skal, eigi síðar en 1. júní nk., upplýsa Persónuvernd um hvernig skilyrði 2. gr. leyfis þessa hafi verið uppfyllt.

Icelandair ehf. ber að veita Persónuvernd, starfsmönnum og tilsjónarmönnum hennar allar umbeðnar upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga sé eftir því leitað í þágu eftirlits. Brot á ákvæði þessu getur varðað afturköllun á leyfinu.

Persónuvernd getur látið gera úttekt á því hvort fullnægt sé skilyrðum laga nr. 77/2000 og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Getur Persónuvernd ákveðið að Icelandair ehf. skuli greiða þann kostnað sem af því hlýst. Persónuvernd getur einnig ákveðið að Icelandair ehf. greiði kostnað við úttekt á starfsemi, við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu. Persónuvernd skal þá gæta þess að sá sem framkvæmir úttekt undirriti yfirlýsingu um að gæta þagnælsku um það sem hann fær vitneskju um í starfsemi sinni og leynt ber að fara eftir lögum eða eðli máls. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.“

3.2.14. Miðlun upplýsinga úr félagaskrá FÍB og notkun þeirra við beina markaðssetningu – mál 2007/564

Hinn 26. nóvember 2007 var kveðinn upp úrskurður í máli nr. 2007/564. Forsagan var sú að Persónuvernd barst kvörtun [S] (hér eftir nefndur „málshefjandi“), dags. 15. ágúst 2007, yfir því að Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) hafi afhent Atlantsólú félagaskrá og Atlantsólía notað skrána við beina markaðssetningu. Hann taldi umrædda afhendingu og eftirfarandi notkun upplýsinganna brjóta í bága við lög og óskaði úrlausnar Persónuverndar:

„II.

Álit Persónuverndar

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Í 28. gr. laga nr. 77/2000 er að finna reglur um vinnslu persónuupplýsinga við beina markaðssetningu. Í 2. mgr. er mælt fyrir um svonefnda bannskrá sem Þjóðskrá heldur, en óheimilt er að beina beinni markaðsetningu til einstaklinga sem látið hafa færa nafn sitt á þá skrá. Þeir sem stunda beina markaðssetningu skulu því ávallt bera útsendingarskrá saman við bannskrána til að girða fyrir að beinni markaðssetningu sé beint að þeim sem þar eru skráðir.

Þá er í 5. mgr. að finna sérstaka reglu um það hvenær heimilt sé að afhenda féлага-, starfsmanna- og viðskiptamannaskrár þriðja aðila til nota í tengslum við markaðssetningu. Þar segir að slíkt sé heimilt að því gefnu að:

1. ekki séu afhentar viðkvæmar persónuupplýsingar;
2. hinum skráðu sé veittur kostur á að andmæla því fyrir afhendinguna, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um þá birtist á hinni afhentu skrá;
3. slíkt fari ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags; og
4. kannað sé hvort einhver hinna skráðu hafi látið færa nafn sitt á bannskrá, en upplýsingum um viðkomandi skuli þá eytt áður en skráin er látin af hendi.

Í máli þessu liggur fyrir að persónuupplýsingar úr félagaskrá FÍB, þ.e. nöfn og símanúmer, voru afhentar Atlantsólú hf. til að það fyrirtæki gæti notað þær til beinnar markaðssetningar gagnvart viðkomandi félagsmönnum, n.t.t. þeim sem ekki höfðu þegar nýtt sér tilboð til félagsmanna í FÍB um að fá dæluylkil. Af bréfi FÍB til Persónuverndar, dags. 19. september 2007, verður ráðið að þeim hafi ekki verið veittur kostur á að andmæla því að þessar upplýsingar yrðu afhentar.

Slíkt hefði t.d. mátt gera með bréfi eða tölvubréfi til viðkomandi félagsmanna. Þar hefði orðið að koma fram hvert þeir skyldu snúa sér til að koma að andmælum. Ekki hefði mátt afhenda upplýsingar um þá sem hefðu nýtt þann rétt.

Þar sem þetta var ekki gert var afhending umræddra upplýsinga um félagsmenn í FÍB til Atlantsólú óheimil.

Tekið skal fram, þar sem kvörtun málshefjanda lýtur einnig að notkun Atlantsólú á umræddum upplýsingum, að ekki verður séð að hún hafi farið í bága við lög nr. 77/2000. Er þá litið til þess að ábyrgðin á því að veita kost á andmælum gegn afhendingu upplýsinga úr félagaskrá til nota við markaðssetningu hvílir á félaginu sjálfu en ekki viðtakanda skrárinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Afhending Félags íslenskra bifreiðaeigenda á upplýsingum um nöfn og símanúmer félagsmanna til Atlantsólú hf. til nota við beina markaðssetningu á dælulyklum, þ.e. til þeirra sem ekki höfðu nýtt sér tilboð til félagsmanna í FÍB um að fá slíka lykla, var óheimil.“

3.2.15. Notkun fingrafaralesara við afgreiðslu máltíða í skólamötuneyti – mál 2007/584

Þann 26. nóvember 2007 komst Persónuvernd að niðurstöðu í máli nr. 2007/584, en það var tilkomið vegna kvörtunar yfir notkun fingrafaralesara við afgreiðslu máltíða frá „Hollu í hádeginu“ í mötuneyti Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Kvörtun sama efnis barst hinn 30. s.m. frá öðrum manni sem kvartaði yfir sams konar fingrafaralesurum í Setbergsskóla í Hafnarfirði.

Af þessu tilefni óskaði Persónuvernd upplýsinga um nánar tilgreind atriði. Spurningar Persónuverndar og svör við þeim voru sem hér greinir:

„Sp: Í haustfréttabréfi Holls í hádeginu kemur fram að foreldrar þurfi að samþykka að fingrafar barns sé skannað við upphaf áskriftar. Hvaða valkostir standa þeim foreldrum til boða sem ekki vilja veita samþykki sitt fyrir slíku?“

Sv: Foreldrar hafa val um að barn þeirra fái matarkort ef þeir vilja ekki samþykka fingrafaraskann.

Sp: Hvernig fer fingrafaraskráningin og eftirfarandi upplýsingavinnsla fram?

Er notast við fingrafaramyndir eða er fingraförum umbreytt í sk. „template“?

Eru upplýsingar um nemendur beggja skóla varðveittar í einum miðlægum grunni eða með öðrum hætti?

Hvaða upplýsingar eru tengdar við fingrafaraupplýsingarnar (s.s. nafn, heimilisfang o.þ.h.)?

Vinsamlegast veitið allar frekari upplýsingar um ferlið.

Sv: Fingraförum er umbreytt í „template“ eða talnarunu.

Upplýsingar eru varðveittar í einum miðlægum grunni.

Þegar fingur er skannaður berast eingöngu upplýsingar um kennitölu nemanda og dagsetning þess dags sem skannað er.

Fingrafar nemanda, sem slíkt, er ekki geymt í gagnagrunni kerfisins. Þegar nemandi setur fingur í skannann „les“ tölvan úr fingrafarinu og athugar hvort það tilheyrir ákveðinni talnaröð sem geymd er í gagnagrunninum. Því er það einungis talnaruna einstaklinganna sem varðveitist í gagnagrunninum en ekki fingrafar nemanda. Tölvan getur að sama skapi ekki „lesið“ fingrafar nema fingurinn sé settur í skannann.

Fingrafar nemenda er ekki hægt að misnota á nokkurn hátt því einungis er geymd talnaruna í gagnagrunni en ekki mynd af fingrafari.

Skönnunin er framkvæmd af starfsmönnum SS og fer fram í viðkomandi skólum.

Sp: Hvaða reglur gilda um aðgengi að upplýsingunum, þ.e. hver hefur aðgang að þeim og hvernig er öryggi þeirra tryggt?

Sv: Starfsmenn tölvudeildar SS eru þeir einu sem hafa aðgang að þessum gagnagrunni. Gagnagrunnurinn er læstur með lykilorðum og er vistaður í tölvu sem er í læstu rými tölvudeildar.

Sp: Stendur til að nota upplýsingarnar í einhverjum öðrum tilgangi en til afgreiðslu máltíða?

Sv: Hingað til hafa upplýsingarnar eingöngu verið notaðar til hagræðingar á afgreiðslu matar. Engin ákvörðun hefur verið tekin um aðra nýtingu þeirra.

Sp: Hefur foreldrum nemendanna verið veitt fræðsla um notkun fingrafaraskannanna að öðru leyti en með haustfréttabréfinu 2007?

Sv: Já í Setbergsskóla fór einnig hjálaga kynningarbréf en því miður fór það of seint í Víðistaðaskóla. Við munum endurskoða ferlið og senda/afhenda öllum bréf með kynningu á fingrafaraskanna í framtíðinni.

Sp: Hvað verða upplýsingarnar varðveittar lengi?

Sv: Upplýsingarnar eru varðveittar á meðan nemandi er í mataráskrift.“

Kynningarbréf til foreldra, sem vísað var til í svörum Holls í hádeginu, var sent Persónuvernd með tölvubréfi dags. 15. september 2007. Þar kemur m.a. fram að ákveðið hafi verið að nota fingrafaralesara vegna þess að matarkort hafi gjarnan týnst eða skemmst með tilheyrandi vandamálum, að talnarunur en ekki fingrafaramyndir verði varðveittar í gagnagrunni kerfisins og að börn foreldra sem ekki samþykkja skönnun fingrafars fái áfram matarkort. Kynningarbréfinu fylgdi einnig sýnishorn af samþykkisyfirlýsingum sem send var foreldrum og forsjármönnum nemendanna.

Svarbréf Holls í hádeginu var sent kvartendum til athugasemda með bréfi, dags. 24. september 2007, auk þess sem rakin voru þau ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem á kynni að reyna í málinu. Hinn 8. október barst svohljóðandi athugasemd frá [H] og [Á]:

„Í bréfi „Holls í hádeginu“ dagsettu 14. september 2007 er spurning sett af okkar hálfu við 4. lið, sem hljóðar svo:

Hingað til hafa upplýsingarnar eingöngu verið notaðar til hagræðingar á afgreiðslu matar.

Engin ákvörðun hefur tekin um aðra nýtingu þeirra (leturbreyting okkar).

Þar sem á eyðublaði er tekið fram að fingrafarið verði eingöngu notað vegna mataráskriftar hjá „Hollu í hádeginu“ finnst okkur þetta svar á skjön við útsent eyðublað. Ganga verði úr skugga um að tryggt sé að gögnin séu ekki notuð til annars, og finnst okkur óeðlilegt að hægt sé að taka ákvörðun um einhverja aðra nýtingu gagnanna en þá er samþykkt var upphaflega.“

Í tilefni af þessu sendi Persónuvernd Hollu í hádeginu bréf, dags. 15. október 2007, þar sem óskað var eftir því að upplýst yrði hvort með umræddu orðalagi væri átt við a) að upplýsingarnar yrðu *ekki* notaðar í öðrum tilgangi, eða b) að upplýsingarnar yrðu *hugsanlega* notaðar í öðrum tilgangi síðar, en enn sem komið væri hefði ekki verið tekin ákvörðun um það. Erindið var ítrekað með bréfi, dags. 5. nóvember 2007, og svar barst með bréfi dags. 9. s.m., þar sem segir að upplýsingarnar verði ekki notaðar í öðrum tilgangi.

Persónuvernd komst að niðurstöðu. Hún var svohljóðandi:

„II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna.

Ákvæðið er sett til samræmis við a-lið 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB, en þar kemur fram að upplýsingar teljist persónugreinanlegar ef unnt er að rekja þær til hins skráða, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða *einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífæðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti*. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna, þ. á m. söfnun, varðveisla og samtenging.

Fingraför teljast til *lífkenna*. Lífkenni eru líkamleg eða atferlisfræðileg einkenni sem eru einstök hverjum einstaklingi og mælanleg. Með aðstoð tækninnar er því hægt að nota þau til þess að greina einstaklinga hvern frá öðrum. Til lífkenna teljast t.d., auk fingrafara, andlitsmyndir, augn- og sjónhimnumyndir, raddeinkenni, handarför, æðamynstur, undirskriftir, DNA og jafnvel tiltekið hegðunarmynstur, s.s. ásláttur á lykklaborð, ákveðið göngulag eða talsmáti o.s.frv. Um vinnslu lífkenna gilda ýmis sérsjónarmið vegna sérstaks eðlis þeirra, en þau eru einkvæm og því hægt að nota þau til að tengja saman ýmiss konar upplýsingar, þau eru að meginreglu varanleg og ekki er unnt að skilja þau frá einstaklingnum. Þá eru sum lífkenni þess eðlis að þeirra er hægt að afla án þess að einstaklingurinn viti af því, s.s. með leynilegri töku andlitsmynda, hljóðupptöku símtala og töku fingrafara sem finnast á hlutum. Lífkenni er unnt að nota til þess að bera kennsl á einstakling, en einnig til þess sannreyna að hann sé sá sem hann segist vera. Af því leiðir að miklir hagsmunir geta staðið til þess að lífkenni séu tengd réttum einstaklingi og að vel sé gætt að öryggi slíkra upplýsinga.

Sú upplýsingavinnsla sem hér um ræðir felst í því að punktar eru lesnir úr fingrafari einstaklings, þeim umbreytt í talnarunu eftir ákveðinni reiknireglu og talnarunan tengd við kennitölu einstaklingsins í gagnagrunni. Einstaklingurinn þrýstir síðan fingri á lesara til þess að staðfesta ákveðnar upplýsingar, í þessu tilviki að hann sé í mataráskrift hjá Hollu í hádeginu. Sú staðfesting fer þannig fram að punktum úr fingrafarinu er umbreytt í talnarunu á sama hátt og áður og hún síðan borin saman við þær talnarunur sem geymdar eru í gagnagrunninum. Ef niðurstaða samanburðarins er innan ákveðinna vikmarka fæst staðfesting á því að þetta tiltekna fingrafar sé til í gagnagrunninum ásamt upplýsingum um hvort viðkomandi einstaklingur sé í áskrift.

Af framangreindu er ljóst að um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 og fellur þar með undir valdsvið Persónuverndar að skera úr um lögmæti hennar, sbr. 37. gr. laganna.

2.

Lögmæti

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að eitthvert skilyrða 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sé uppfyllt. Ef um er að ræða viðkvæmar upplýsingar í skilningi 8. tölul. 2. gr. laganna verður jafnframt að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr.

Þegar lífkenni er umbreytt í samanburðargögn (talnarunur eða sniðmát; e. „template“) er stundum talað um samanburðarlífkenni, en þó verður að gera greinarmun á slíkum upplýsingum og hrálífkennum. Í fyrsta lagi er ekki mögulegt að snúa talnarununni til baka í t.d. mynd af fingrafari eða sjónhimnu. Í öðru lagi geta sum hrálífkenni borið með sér upplýsingar sem teljast viðkvæmar í skilningi 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, s.s. um heilsuhagi eða uppruna. Samanburðarlífkenni eru hins vegar ekki viðkvæm í sjálfu sér, en þau má þó *tengja* við aðrar upplýsingar sem teljast viðkvæmar.

Í máli því sem hér er til umfjöllunar eru samanburðarlífkenni tengd kennitölu einstaklings og upplýsingum um hvort viðkomandi einstaklingur sé í áskrift hjá Hollu í hádeginu. Því er ekki um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða, og þarf vinnsla þeirra því einungis að uppfylla eitthvert skilyrða 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla persónuupplýsinga heimil hafi hinn skráði einstaklingur veitt til hennar annaðhvort ótvírætt samþykki eða upplýst samþykki. Slíkt samþykki verður að vera frjálst og óþvingað, auk þess sem forsenda fyrir gildi þess er að einstaklingurinn viti hvað hann er að samþykkja. Í samræmi við ákvæði 51. gr. lögræðis laga nr. 71/1997 og 4. mgr.

28. gr. barnalaga nr. 76/2003 veita forsjármenn barns sem er ólögráða fyrir æsku sakir samþykki fyrir þess hönd, og ber að hafa samráð við barnið í samræmi við aldur þess og þroska, sbr. 6. mgr. 28. gr. barnalaga.

Í málinu liggur fyrir að Hollt í hádeginu leitar eftir samþykki foreldra og forsjármanna nemenda fyrir notkun fingrafara til afgreiðslu skólamáltíða frá Hollu í hádeginu. Börnum foreldra og forsjármanna sem ekki vilja veita slíkt samþykki stendur til boða að nota matarkort í staðinn. Sú vinnsla persónuupplýsinga sem um ræðir telst því eiga sér nægilega stöð í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

3.

Meginreglur um gæði gagna og vinnslu

Þrátt fyrir að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, þarf jafnframt að gæta í hvívetna að 1. mgr. 7. gr. laganna sem hefur að geyma meginreglur um gæði gagna og vinnslu. Þar kemur m.a. fram að persónuupplýsingar skuli fengnar í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.), að þær skuli vera nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.) og að þær skuli ekki varðveittar á persónugreinanlegu formi lengur en nauðsynlegt er miðað við tilganginn (5. tölul.). Þessar reglur gilda um vinnslu hvers kyns persónuupplýsinga, en ber þó að túlka með hliðsjón af eðli þeirra upplýsinga sem um ræðir hverju sinni, s.s. hvort þær teljist viðkvæmar eða hvort um þær gildi sérstök sjónarmið eins og raunin er um lífkenni.

Í bréfaskiptum vegna málsins hefur komið fram að Hollt í hádeginu hyggist ekki nota upplýsingarnar í öðrum tilgangi en til afgreiðslu máltíða í skólamötuneytum og að upplýsingarnar verði einungis varðveittar á meðan nemandi er í mataráskrift. Því verður ekki séð að upplýsingavinnslan brjóti í bága við 2. og 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Krafa 3. tölul. um að persónuupplýsingar skuli vera nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar, er krafa um *meðalhöf*. Þetta verður að skilja sem svo að nægi önnur og vægari úrræði en notkun lífkenna til þess að ná tilgangi vinnslunnar eigi fremur að beita þeim. Tilgangur þeirrar vinnslu sem hér um ræðir er að sannreyna að nemendur séu í áskrift hjá Hollu í hádeginu. Í ljósi þess að annar valkostur, þ.e. matarkort, stendur nemendum til boða má færa rök að því að aðrar leiðir séu færar að sama marki. Hins vegar verður einnig að túlka ákvæði 3. tölul. í samræmi við önnur ákvæði og meginreglur laganna, þ. á m. grundvallarsjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins. Með hliðsjón af því að fingraför nemenda eru því aðeins notuð að foreldrar þeirra eða forsjármenn hafi samþykkt það fyrir sitt leyti og með tilliti til þess hvernig staðið er að upplýsingavinnslunni að öðru leyti verður ekki talið að hún brjóti í bága við ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Niðurstöðuorð:

Valkvæð notkun fingrafaralesara við afgreiðslu máltíða frá Hollu í hádeginu í skólamötuneytum Setbergsskóla og Víðistaðaskóla brýtur ekki í bága við ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 77/2000.“

3.2.16. Synjun um leyfi til vinnslu upplýsinga um greiðsluhegðun einstaklinga –mál 2007/1555

Persónuvernd barst ósk Lánstraust um að mega fylgjast með og skrá upplýsingar um greiðsluhegðun einstaklinga. Persónuvernd synjaði, aðallega með vísun til sanngirnisjónarmiða.

Svarbréf Persónuverndar, dags. 10. desember 2007, hljóðaði svo:

„I.

Persónuvernd barst erindi frá Lánstrausti hf. (hér eftir skammst. LT), dags. 27. júlí 2007, um breytingar á starfsleyfum. Meðal annars var sótt um að mega vinna upplýsingar um greiðsluhegðun einstaklinga. Með bréfi, dags. 13. september 2007, óskaði Persónuvernd nánari skýringa þannig að ljóst

væri í hverju vinnslan myndi felast. Persónuvernd barst síðar sérstök leyfisumsókn frá LT, dags. 5. nóvember. Af henni mátti ráða að upplýsingum yrði safnað frá kröfuhöfum um greiddar kröfur. Safnað yrði upplýsingum um kennitölu greiðanda, gjalddaga eða eindaga og greiðsludag kröfu. Þetta yrði fært í kerfi („greiðsluhegðunarkerfi“) sem myndi sýna hegðun viðkomandi – þ.e. hversu mörgum dögum fyrir eða eftir gjalddaga eða eindaga hann greiddi reikninga sína á hverjum ársfjórðungi. Sýndur yrði dagaföldi reiknaður út frá meðaltali en fram kæmi hversu margir reikningar lægju til grundvallar upplýsingum hvers ársfjórðungs.

LT vísaði til 7. t. l. 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 246/2001. Í 7. t. l. 1. mgr. 8. gr. er að finna lagaheimild til vinnslu almennra persónuupplýsinga, þ.e. að vinnslan sé heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra. Segir að upplýsingar um það hvernig einstaklingur hafi hagað sér í fortíðinni séu taldar geta gefið vísbendingar um framtíðarhegðun hans, bæði um greiðsluhegðun og aðra þætti. LT telur upplýsingarnar í eðli sínu vera jákvæðar þar sem þær feli í sér upplýsingar um greiðslugetu og greiðsluvilja viðkomandi og lítil sem engin hætta sé á að krafa reynist umdeild hafi hún þegar verið greidd.

II.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið „vinnsla“ er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Með vinnslu er t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. rafræn vöktun, flokkun, varðveisla, breyting, leit, miðlun, samtenging eða hver sú aðferð sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, sbr. athugasemdir í greinargerð með frumvarpi því er varð síðar að lögum nr. 77/2000.

Miðlun upplýsinga um greiðsluhegðun einstaklinga telst vera vinnsla persónuupplýsinga í framangreindum skilningi. Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stoð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust eru ekki skilgreindar sem viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laganna, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þarf vinnslan því aðeins að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. Hefur verið talið að söfnun og miðlun fjárhagsupplýsinga um einstaklinga í því skyni að miðla þeim til annarra geti, að viðeigandi skilyrðum uppfylltum, átt sér stoð í 1., 2., 3. eða 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Enda þótt fyrir liggji að uppfyllt sé eitthvert af framangreindum skilyrðum getur Persónuvernd ákveðið að vinnsla skuli engu að síður teljast leyfisskyld, sbr. 33. gr. laganna. Með vísun til þessa, og að því virtu að vinnsla upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila er háð leyfi Persónuverndar, sbr. 2. mgr. 45. gr. laganna, hefur Persónuvernd ákveðið að sama gildi um upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga. Kemur þessi afstaða hennar fram í 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, sem settar eru samkvæmt heimild í 31., 32. og 33. gr. laga nr. 77/2000. Af framanrituðu leiðir að forsenda þess að Persónuvernd veiti leyfi til vinnslu, á grundvelli reglna nr. 698/2004, er að hún eigi sér stoð í einhverju af heimildarákvæðum 1. mgr. 8. gr.

III.

Af hálfu LT hefur verið vísað til heimildarákvæðis 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þar kemur fram að vinnsla almennra persónuupplýsinga er heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra. Við beitingu þessa

ákvæðis þarf að veða og meta hvort vegi þyngra; annars vegar hagsmunir af því að vinnslan fari fram fram og hins vegar hagsmunir af því að hún geri það ekki. Við það mat er m.a. litið til ákvæðis 1. gr. laganna um að markmið þeirra sé að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Við mat á því hvort heimildarákvæðið sé uppfyllt ber m.a. að líta til meginreglna 7. gr. laganna. Í 1. t. 1. mgr. 7. gr. kemur fram að við meðferð persónuupplýsinga skuli gæta þess að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti. Í 2. t. er mælt fyrir um að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess gætt að þeirra sé aflað í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi. Í því felst m.a. að tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga sé skýrt skilgreindur og afmarkaður, sem og að hún sé í samræmi við eðli starfseminnar og helgist af einhverjum lögmætum hagsmunum. Í 3. t. kemur fram að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Í því felst að vinnslu persónuupplýsinga eru settar ákvæðnar skorður, þ. á m. að ekki sé unnið með meiri persónuupplýsingar en þörf krefur til að gæta lögvarinna hagsmuna.

Ljóst er að sú vinnsla sem erindi LT lýtur að er líkleg til að verða mjög umfangsmikil. Má ætla að ef af verði muni upplýsingar verða unnar um greiðsluhegðun meginþorra þjóðarinnar. Af þeim sökum má ætla að aðstæður þeirra, sem upplýsingarnar varða, séu um margt ólíkar og vinnslan komi því mjög misjafnlega við þá. Í athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, kemur fram að 7. t. 8. gr. verði ekki beitt nema ábyrgðaraðili hafi viðhaft mat á því hvort hagsmunir hins skráða af því að vinnslan fari ekki fram vegi þyngra en þeir hagsmunir sem mæla með vinnslunni. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að slíkt mat hafi farið fram og ekki liggur fyrir rökstudd niðurstaða um að hagsmunir af vinnslu slíkra upplýsinga um einstaklinga séu meiri en af því að hún fari ekki fram verður ekki fallist á fyrirbyggjandi beiðni um að breyta starfsleyfi til handa Lánstrausti hf. í samræmi við framangreint.

Ákvörðunarráð:

Synjað er umsókn Lánstrausts hf. um leyfi til að safna og miðla upplýsingum um greiðsluhegðun einstaklinga.“

3.2.17. Umsóknareyðublað Menntaskólans Hraðbrautar – mál 2007/514

Menntaskólinn Hraðbraut vildi nota tiltekið umsóknareyðublað fyrir þá sem æsktu inngöngu í skólann.

Afstöðu Persónuverndar var óskað. Hún tók ákvörðun, dags. 5. október 2007, þar sem segir m.a.:

„I. Bréfaskipti 1.

Með bréfi, dags. 13. júlí 2007, ítrekuðu með bréfi, dags. 30. ágúst s.á., óskaði Persónuvernd skýringa varðandi öflun tiltekinna upplýsinga um umsækjendur um skólavist hjá Menntaskólanum Hraðbraut, þ.e. með umsóknareyðublaði þar sem segir m.a.:

„Umsækjendur eru beðnir um að svara neðangreindum spurningum

(athugið: Rangt svar við þessum spurningum getur varðað brottvísun úr skólanum)

Átt þú við lestrarerfiðleika að stríða? Svarið já eða nei: _____

Átt þú við ofvirkni, athyglisbrest eða hegðunarvandamál að stríða? Svarið já eða nei: _____

Átt þú við einhver líkamleg veikindi að stríða? Svarið já eða nei: _____

Hefur þú leitað lækniástoðar vegna sálrænna vandamála? Svarið já eða nei: _____

Hefur þú leitað aðstoðar vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu? Svarið já eða nei: _____

Reykir þú? Svarið já eða nei: _____“

Þau atriði, sem Persónuvernd óskaði skýringa á, eru sem hér greinir:

1. Á hvaða heimild Menntaskólinn Hraðbraut telur umrædda upplýsingaöflun byggjast.
2. Hvernig hann telur meðferð umræddra upplýsinga horfa við 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, en þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, mál-efnalegum tilgangi.
3. Hvernig hann telur meðferð upplýsinganna horfa við 3. tölul. 1. mgr. 7. gr., en þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.
4. Hvernig hann telur meðferð upplýsinganna horfa við reglum um sjálfræði, en gera má ráð fyrir að flestir umsækjenda séu enn ekki orðnir sjálfráða. Reynir þá á hvort þeir hafa sjálfir forræði til að veita allar framangreindar upplýsingar eða hvort samþykki foreldra þurfi til.

2.

Menntaskólinn Hraðbraut svaraði með bréfi, dags. 3. september 2007. Þar segir:

„Áður en ég tek mig til og svara spurningum þínum vil ég útskýra hvers vegna upplýsinganna er aflað sem óskað er eftir á umsóknareyðublaðinu.

Þegar skólinn tók til starfa haustið 2003 var stefnt að því að taka eingöngu inn nemendur (16 ára) sem koma beint úr grunnskóla. Strax kom þó í ljós mikill áhugi „eldra fólks“ á að koma í skólann. Þannig sóttu stift að komast í skólann nemendur sem höfðu guggnað á námi í öðrum skólum. Hópur slíkra nemenda var tekinn í skólann og flestir þeirra stóðu sig með mikilli þrýði. Hluti hópsins heltist þó úr lestinni engu að síður. Það sem var óeðlilegt að okkar mati var hve stór hluti þessa hóps hætti, á sama tíma og nær enginn þeirra nemenda hætti sem kom beint úr grunnskóla. Samkvæmt reglum skólans, sem koma fram á umsóknareyðublaðinu, fá nemendur sem hætta námi ekki endurgreidd skólagjöld, en þau eru kr. 190.000. Þau eru innheimt áður en skólastarf hefst.

Við inntöku eru umsækjendur að taka fjárhagslega áhættu. Hið sama á einnig við skólann. Stuðningur ríkisins við skólann byggir á því að nemendur nái árangri og því afar mikilvægt að þeir hætti ekki námi. Þannig hefur skólinn af því beina hagsmuni að vel takist til við val nemenda. Einnig skiptir það miklu máli fyrir þá sem sækja um skólavist að þeim sé ekki hleypt inn í skólann og af þeim tekin skólagjöld ef fyrirsjáanlegt er að ekki eru forsendur fyrir umsækjandann til að ljúka námi. Reynslan hefur sýnt okkur að nemandi sem á við lestrarerfiðleika að stríða, ofvirkni, athyglisbrest, hegðunarvandamál, sum líkamleg veikindi, sálræn vandamál, áfengis- eða vímuefnavandamál er oft ekki líklegur til að fóta sig í því kröfuharða námi sem hér fer fram. Á því eru undantekningar og nemendur með öll þessi vandamál (ekki í einu þó) eru hér innandyrá. Þegar umsækjandi svarar einhverri spurninganna játandi (að þeirri síðustu undantekinni) spyrjum við nánar út í þau atriði. Þannig reynum við að forðast eftir megni að taka inn umsækjendur sem ráða fyrirsjáanlega ekki við námið hér enda fylgir því mikil sálarangist og vanlíðan að missa fótanna í skóla. Teljum við að í vönduðu umsóknarferli fari hagsmunir umsækjanda og skólans saman. Þannig viljum við með tiltækum ráðum forðast að taka inn umsækjendur sem greiða hér kr. 190.000 í skólagjöld og eiga enga von um að ná árangri vegna atriða sem sjá má fyrirfram.

Þetta eru þau sjónarmið sem liggja að baki spurningunum á umsóknareyðublaðinu. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því að þetta umsóknareyðublað er ekki notað þegar um er að ræða umsækjendur sem koma beint úr grunnskóla (ólögráða), enda sækja þeir um í gegnum „Menntagátt“ sem er rafrænt umsóknarkerfi sem var útbúið að tilhlutan menntamálaráðuneytisins og er í umsjón Skýrr/Innu.

Þú spyrð um á hvaða heimild við teljum upplýsingaöflunina byggjast. Því er til að svara að námsráðgjafi skólans, [H], sendi Ingva Snæ Einarssyni lögfræðingi hjá Persónuvernd fyrirspurn hinn 29. mars sl. og óskaði leiðbeininga varðandi spurningar sem settar voru á umsóknareyðu-

blað skólans. Fyrirspurninni svaraði Ingvi síðan hinn 17. apríl. Samkvæmt málefnalegu svari Ingva sýnist mér meginatriði við upplýsingaöflun sem þessa vera að „samþykkið sé upplýst og upplýsingaöflunin sé sanngjörn og málefnaleg.“ Í flestum tilvikum er farið yfir spurningarnar á umsóknareyðublaðinu með umsækjendum og þau sjónarmið kynnt sem rakin voru að framan. Með hliðsjón af þessu og því sem fram er komið, m.a. að um er að ræða einstaklinga sem eru sjálfráða, teljum við ekki að gengið sé fram með óeðlilegum eða ósanngjörnum hætti.

Upplýsinganna sem aflað er er gætt sem trúnaðarmáls. Einu aðilarnir sem hafa aðgang að upplýsingum eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og námsráðgjafi. Kennarar skólans hafa ekki aðgang að upplýsingunum svo dæmi sé tekið.

Upplýsingarnar tel ég vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilganginn við upplýsingaöflunina. Þetta á þó ekki við um síðustu spurninguna, þ.e. þegar spurt er hvort viðkomandi reyki. Varðandi það atriði er því til að svara að „enginn tilgangur“ er á bak við þá spurningu annar en forvitni. Stjórnendur skólans vildu gera sér grein fyrir hve stór hluti elsta nemendahópsins reykti. Ekkert hefur verið gert með þær upplýsingar og jákvætt svar við þeirri spurningu hefur ekki haft hin minnstu áhrif á gildi umsóknar og aldrei orðið til efni sérstakra viðræðna á milli skólastjórnenda og umsækjenda.

Í þessum lið í bréfi þínu er gert ráð fyrir að flestir umsækjendur séu ekki orðnir sjálfráða. Það á þó ekki við þá sem fylla út umsóknareyðublað sem er tilefni fyrirspurnar þinnar. Eins og fram er komið eru þeir orðnir sjálfráða.“

II.

Álit Persónuverndar

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Í c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga kemur fram að upplýsingar um heilsuhagi, þ. á m. um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, eru viðkvæmar persónuupplýsingar. Á umræddum umsóknareyðublöðum er beðið um upplýsingar sem beinlínis lúta að heilsufari, s.s. um líkamleg og sálræn veikindi, en einnig upplýsingar sem kunna að tengjast heilsufari, einkum um hegðunarvandamál. Svo að vinnsla upplýsinga um heilsufar sé heimil verður, eins og ávallt við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. laga nr. 77/2000 fyrir vinnslu slíkra upplýsinga. Þá verður ávallt að vera fullnægt einhverju hinna almennu skilyrða 8. gr. sömu laga sem gilda bæði um viðkvæmar og almennar persónuupplýsingar.

Við mat á því hvort heimild sé fyrir umræddri upplýsingaöflun í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 ber að líta til þeirra sérlaga og -reglugerða sem gilda um framhaldsskóla. Í 15. gr. laga nr. 80/2006 um framhaldsskóla er mælt fyrir um inntökuskilyrði í slíka skóla. Segir að allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skuli eiga þess kost að hefja nám í framhaldsskóla. Þá segir m.a. að inntaka nemenda á einstakar námsbrautir ákvarðist af þeim kröfum sem gerðar séu í viðkomandi námi. Kveðið skuli á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og eftir atvikum starfsþjálfun, sbr. reglugerð nr. 98/2000 um

innritun nemenda í framhaldsskóla. Í þeirri reglugerð er nánar vikið að kröfum í því efni, en ekki er að finna þar kröfur sem byggjast á öðru en námsárangri, enda er ekki að finna ákvæði í lögnum sem heimila setningu reglugerðarákvæða um slíkt.

Auk sérákvæða í lögum og reglugerðum um framhaldsskóla verður að líta til hinnar óskráðu lög-
mætisreglu stjórnýsluráttarins. Telja ber framhaldsskóla til þeirra opinberu stofnana, eða eftir atvik-
um hálfopinberra fyrirtækja, sem fara verða að þessari óskráðu meginreglu. Hún felur það í sér að
stjórnvald má í störfum sínum aldrei fara út fyrir ramma þeirrar löggjafar sem um það gildir. Ekki
verður því séð að við afgreiðslu umsókna um tiltekin réttindi, t.d. skólavist, megi setja skilyrði sem
víkja frá lögbundnum skilyrðum eða viðbótarskilyrði sem hafa í för með sér takmörkun á lögbundn-
um réttindum.

Af umræddu umsóknareyðublaði verður ráðið að rétt svör við þeim spurningum, sem þar koma
fram, séu í raun inntökuskilyrði, enda segir þar beinlínis að röng svör geti valdið brottvísun úr skóla.
Í lögum um framhaldsskóla er hins vegar ekki mælt fyrir um heimild til að gera rétt svör við spurn-
ingum um heilsufarsatriði að skilyrði inngöngu í framhaldsskóla.

Þegar litið er til framangreinds telur Persónuvernd heimild skorta til umræddrar upplýsingaöfl-
unar í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000. Hins vegar skal einnig tekið fram að öflun viðkvæmra persónu-
upplýsinga í tengslum við umsóknir um skólavist við framhaldsskóla verður þó ekki með öllu talin
útilokuð. Telja ber upplýsingaöflunina heimila sé gætt að meðalhófsjónarmiðum, nemendur hafi
frjálst val um hvort þeir veita viðkomandi upplýsingar og tilgangurinn sá sá að geta sinnt lögbundn-
um skyldum um þjónustu við t.d. fatlaða nemendur og lesblinda, sbr. 14. gr. laga um framhalds-
skóla, en þar segir: „Nemendum í framhaldsskóla skal standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um náms-
og starfsval og persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Slíka þjónustu veita námsráðgjafar,
kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á.“

Heimild til vinnslu í tilvikum sem þessum verður talin fólgin í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul.
1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um að vinna megi með persónuupplýsingar að fengnu samþykki hins
skráða. Sé meðalhófs gætt og næg fræðsla veitt um tilgang vinnslunnar verður og m.a. talið fullnægt
þeim grunnskilyrðum 1. mgr. 7. gr. laganna að við vinnslu persónuupplýsinga skal þess gætt að þær
séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi (2. tölul.) og að þær séu nægilegar, viðeig-
andi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Ekki verður séð að öflun upplýsinga um reykingar umsækjenda samrýmst þessum kröfum, enda
hefur komið fram af hálfu Menntaskólans Hraðbrautar að ekki sé neinn tilgangur með öflun þeirra
upplýsinga. Þá er spurning um aðstoð vegna áfengis- eða vímuefnafíknar orðuð á þann hátt að óskað
er svara jafnvel þótt viðkomandi umsækjandi hafi þegar sigrast á fíkninni. Hið sama gildir um spurn-
ingu um lækniástoð vegna sálrænna vandamála þar sem samkvæmt orðalagi er óskað svara þó svo
að viðkomandi nemandi eigi ekki lengur við hin sálrænu vandamál að stríða. Þegar svo háttar til lúta
upplýsingarnar að vandamálum sem ekki eru lengur til staðar. Öflun slíkra upplýsinga getur ekki tal-
ist fullnægja framangreindum kröfum.

Öflun annarra upplýsinga, sem óskað er eftir á umræddu umsóknareyðublaði, má telja geta sam-
rýmst kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, enda má telja að þær hafi raunhæfa þýðingu við afgreiðslu
umsókna um skólavist. Þá þarf umsækjendum hins vegar að vera frjálst að ákveða hvort þeir gefa um
sig upplýsingar eða ekki, auk þess sem þeir þurfa að vita hvers vegna upplýsinganna er aflað. Þetta
merkir að ekki má t.d. gera fyrirvara um hugsanlegan brottrekstur úr skóla séu upplýsingar ekki
veittar, sem og að tilgangur upplýsingaöflunarinnar þarf að liggja fyrir. Í ljósi þessa má telja eðlileg-
ast að upplýsinga sé aflað með þeim hætti að nemendur séu beðnir um að t.d. haka við tiltekna reiti
á umsóknareyðublaði þar sem fram kemur *hvort þeir óski sérstakrar þjónustu* vegna lestrarerfiðleika,
athyglisbrests eða veikinda, hvort sem þau eru líkamleg eða andleg.

Menntaskólinn Hraðbraut skal breyta því eyðublaði, sem hann notar fyrir umsóknir um skólavist, í ljósi framangreindra sjónarmiða.“

3.2.18. Aðgangur læknanema að sjúkraskrá – mál 2005/616

Persónuvernd svaraði erindi Landspítala – Háskólasjúkrahúss (LSH) varðandi aðgang læknanema að rafrænum sjúkraskrá innan sjúkrahússins.

Hinn 16. nóvember 2005 hafði verið haldinn fundur um aðgang að rafrænum sjúkraskrá innan LSH. Meðal þess sem rætt var á fundinum var aðgangur læknanema að slíkum skrá. Á fundinum kom fram að stefnt væri að vottun bresku staðlastofnunarinnar á því að farið væri eftir öryggisstaðlinum ISO 27001 innan LSH vorið 2006. Tilkynnti þá formaður stjórnar Persónuverndar að vinna stofnunarinnar varðandi fyrirkomulag og öryggi rafrænna sjúkraskráa á LSH, þ. á m. aðgang læknanema að slíkum skrá, myndi liggja niðri til 1. maí 2006, þ.e. þar til fyrir lægju niðurstöður þeirrar úttektar og hvort vottun fengist.

Með bréfi, dags. 10. mars 2006, spurði Persónuvernd hvernig innleiðingu framangreinds öryggisstaðals miðaði. LSH svaraði með bréfi, dags. 27. s.m., þar sem fram kom að vottunin myndi fást síðar en áætlað hafði verið. Hún myndi ekki fást þá um vorið heldur í nóvember 2006. Með bréfi, dags. 27. október s.á., óskaði Persónuvernd upplýsinga um hvað vinnunni liði. Svarað var með bréfi, dags. 21. nóvember 2006. Þar kom fram að úttekt bresku staðlastofnunarinnar vegna vottunarinnar myndi fara fram 4.–8. desember s.á. Í framhaldi af því sendi Persónuvernd LSH bréf, dags. 14. desember 2006, og óskaði þess að henni yrðu sendar niðurstöður vottunarinnar þegar þær lægju fyrir. Var þess sérstaklega óskað að upplýst yrði hvort vottunin hefði tekið til aðgangs að rafrænum sjúkraskrá.

Einnig ræddu forstjóri Persónuverndar og lækningaforstjóri LSH um forsendur aðgangs læknanema að rafrænum sjúkraskrá í síma hinn 17. janúar 2007. Samdægurs sendi LSH Persónuvernd tölvubréf sem m.a. lýtur að þessu. Þar er um aðgang læknanema að sjúkraskrá vísað til 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 227/1991 þar sem segir að m.a. læknanemar skuli afla upplýsinga um heilsufar og veikindi sjúklings, skoða hann og skrá niðurstöður. Einnig er vísað til 2. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem segir m.a. að heilbrigðisstéttir, sem vinna að greiningu og meðferð, skuli færa upplýsingar í sjúkraskrá um samskipti sín við sjúkling. Hver og einn sé ábyrgur fyrir því sem hann skráir í sjúkraskrá.

Með tölvubréfi frá LSH hinn 6. febrúar 2007 var Persónuvernd sent skjal frá bresku staðlastofnuninni, dags. 8. desember 2006, varðandi það hvort farið sé að öryggisstaðlinum ISO 27001 innan upplýsingatæknisviðs LSH. Eru þar gerðar ýmsar athugasemdir við öryggiskerfi persónuupplýsinga í ljósi ákvæða staðalsins.

Í framangreindu bréfi Persónuverndar, dags. 27. febrúar 2007, segir:

„Um aðgang að sjúkraskrá er fjallað í lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, m.a. í ákvæðum 1. og 2. mgr. 15. gr. Þar segir að þess skuli gætt við aðgang að sjúkraskrá að þær hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál. Þá segir að sjúkraskrár skuli geymdar á tryggum stað og að þess skuli gætt að einungis þeir starfsmenn, sem nauðsynlega þurfa, hafi aðgang að þeim. Einnig er fjallað um aðgang að sjúkraskrá í reglugerð nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, sbr. 6. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997. Í 3. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ritun sjúkraskrár. Þar segir, í 2. mgr.: „Læknar, læknaáskildar og læknanemar afla upplýsinga um heilsufar og veikindi sjúklings, skoða hann og skrá niðurstöður.“

Það var niðurstaða stjórnar að hvorki væri í framangreindum lagaákvæðum, né annars staðar í settum lögum eða reglum, að finna nægilega skýran lagagrundvöll undir aðgangi læknanema að sjúkraskrá til að unnt sé að komast að niðurstöðu um hvort nægilegs öryggis sé gætt við veitingu slíks aðgangs eins og honum er lýst í erindi LSH. Er það enda forsenda þess að tekin sé afstaða til

öryggis persónuupplýsinga að lögmæti vinnslunnar liggja ljóst fyrir. Var ákveðið að senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ábendingu um að reglur skorti um aðgang læknanema að sjúkraskrá.

3.2.19. SWIFT-málið – mál 2006/447

Persónuvernd fjallaði um vinnslu sem fram fer hjá bönkum og fjármálastofnunum í svokölluðu SWIFT-kerfi (SWIFT stendur fyrir “Society for Worldwide Interbank Financial Telecommunication”). SWIFT eru samtök í eigu fjármálastofnana út um allan heim og er skrifstofur samtakanna að finna víða um heim. Höfuðstöðvar þeirra eru í La Hulpe, í grennd við Brussel. Samtökin reka samskiptakerfi sem er notað til að millifæra fjármagn með öruggum hætti. Á Íslandi er SWIFT notað til að millifæra peninga á reikninga í erlendum bönkum. Árið 2007 áttu um 7.800 fjármálastofnanir í 205 löndum aðild að SWIFT.

Í júní 2006 höfðu birst greinar í The New York Times, The Wall Street Journal og The Los Angeles Times um aðgerðir gegn hryðjuverkum. Þar var sagt frá því að bandaríska fjármálaráðuneytið og leyniþjónustan CIA hefðu, eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001, fengið aðgang að SWIFT-gagnagrunninum sem í eru upplýsingar um millifærslur fjármuna. Sagði að bandarískum stjórnvöldum hefðu verið veittar upplýsingar í samræmi við útgefna stefnu, en að fyrir hefði legið fullvissa um málefnalegan tilgang, trúnað og eftirlit með meðferð þeirra takmörkuðu upplýsinga sem veittar voru.

Hinn 27. júní 2006 kom síðan í ljósi að belgíski seðlabankinn hafði vitað að aðgang bandarískra stjórnvalda að SWIFT frá árinu 2002. Hinn 6. júlí 2006 var gefin út yfirlýsing fyrir hönd framkvæmdastjórnar ESB. Þar sagði m.a. að framkvæmdastjórnin hefði ekki vitað af aðgengi bandarískra stjórnvalda að SWIFT. Því var lýst yfir

- að gagnaflutningurinn félli undir gildissvið tilskipunar nr. 95/46/EB,
- að innlendir eftirlitsstofnanir myndu gera það sem í þeirra valdi stæði til að tryggja að farið yrði að innlendri löggjöf um persónuvernd og að Belgar hefðu þegar hafid rannsókn málsins á sínum heimavelli,
- að framkvæmdastjórnin myndi fylgjast grannt með þróun mála.

Í yfirlýsingunni var lögð áhersla á að ESB tæki ekki afstöðu til lögmætis gagnamiðlunarinnar þar sem enn væri ekki fyllilega ljóst hvað hefði átt sér stað. Þá var lýst yfir stuðningi við baráttu gegn hryðjuverkum, þó þannig að slíkt samrýmdist lögum og grundvallar mannréttindum.

Frjáls félagasamtök, Privacy International, létu málið til sín taka og fóru þess á leit við evrópskar persónuverndarstofnanir, þ. á m. Persónuvernd, að þau hæfu rannsókn á því hvort miðlun upplýsinga hefði farið fram í hverju ríki og þá í samræmi við þargild lög.

2.

Þar sem höfuðstöðvar SWIFT eru í Belgíu óskaði Guy Verhofstadt, forsætisráðherra Belgíu, eftir því við dómsmálaráðuneytið þar í landi að málið yrði rannsakað. Belgíska persónuverndarstofnunin hóf rannsókn og kallaði eftir ýmsum gögnum frá SWIFT, m.a. öryggisstefnu, ýmsum verklagsreglum og stöðluðum samningsskilmálum. Niðurstaða belgísku stofnunarinnar var sú að miðlun upplýsinganna hefði brotið í bága við belgíska löggjöf.

3.

Í álit nr. 10/2006 taldi 29. gr. starfshópurinn að SWIFT og evrópsk fjármálafyrirtæki bæru sameiginlega ábyrgð á flutningi upplýsinga úr SWIFT-kerfinu til UST. Þar var talið að SWIFT bæri meginábyrgð, en fjármálafyrirtækin bæru ábyrgð gagnvart sínum viðskiptavinum á að veita fræðslu um flutninginn.

Hvað varðar flutninginn sjálfan taldi starfshópurinn að „leyndur, kerfisbundinn, umfangsmikill og langvarandi flutningur SWIFT á persónuupplýsingum til UST um árabíl án viðhlítandi lagastöð- ar og án þess að möguleiki væri á óháðu eftirliti opinbers yfirvalds, persónuverndarstofnunar, feli í sér brot á evrópskum grunnreglum um persónuvernd og sé ekki í samræmi við belgíska og evrópska löggjöf.“

Persónuvernd beindi tilmælum til Reiknistofu bankanna, Seðlabankans, SBV og SÍSP um viðbrögð við þessu og fræðslu til viðskiptavina bankanna um flutning umræddra upplýsinga.

3.2.20. Samræmd Eurodac-úttekt – mál 2007/140

Unnið var niðurstöðuskjal um þessa úttekt, dags. 1 júní 2007. Þar segir m.a.:

„I.

Tildrög og grundvöllur úttektar

Í reglugerð nr. 53/2003 um útlendinga, sem sett er með heimild í lögum nr. 96/2002 um útlendinga, er mælt fyrir um innleiðingu reglugerðar ráðsins nr. 2000/2725/EB, um stofnun „Eurodac“ til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins (hér á eftir „Eurodac-reglugerðin“), sbr. samning frá 19. janúar 2001 milli Evrópubandalagsins, Íslands og Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í samningsríki.

Í 19. gr. Eurodac-reglugerðarinnar er kveðið á um að sjálfstætt eftirlit skuli haft með því að vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við skráningu í Eurodac-fingrafaragagnagrunninn sé með lögætum hætti. Persónuvernd fer með það eftirlit hér á landi, sbr. 55. gr. laga nr. 96/2002, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og hefur í tengslum við það sótt samráðsfundi evrópskra systurstofnana sinna og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (EDPS), sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga af hálfu miðeiningar kerfisins. Á þeim vettvangi (hér á eftir „Eurodac-samráðsvettvangurinn“) var ákveðið að framkvæma samræmda úttekt á tilteknum atriðum er lúta að framangreindri vinnslu persónuupplýsinga.

Með bréfum, dags. 12. og 22. febrúar sl., tilkynnti Persónuvernd Útlendingastofnun og embætti Ríkislögreglustjóra um fyrirhugaða úttekt, boðaði vettvangsheimsóknir og óskaði eftir því að höfð yrðu við hönd nánar tilgreind gögn sem varða upplýsingavinnsluna.

II.

Lagaumhverfi

1. Schengen, Dyflinnarregluverkið og Eurodac

Með samningi frá 19. janúar 2001 milli Evrópubandalagsins, Íslands og Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í samningsríki, sbr. augl. nr. 3/2001, var ákveðið að ákvæði Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 skyldu koma til framkvæmda á Íslandi. Samkvæmt 5. mgr. 1. gr. samningsins frá 19. janúar 2001 gildir hann um Eurodac-reglugerðina með það í huga að framkvæmd hennar verði hliðstæð á Íslandi, í Noregi og í Evrópubandalaginu.

Dyflinnarsamningurinn var leystur af hólmi með reglugerð ráðsins (EB) nr. 343/2003 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1560/2003 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar nr. 343/2003, en saman eru þessar reglugerðir stundum nefndar „Dublin II-reglugerðirnar“. Ísland hefur samþykkt báðar reglugerðirnar og felur það í sér breytingu á samningi ráðs Evrópusambandsins, Íslands og Noregs frá 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna („Brussel-samningnum“), sbr. augl. nr. 14/2003 og 29/2003.

Þá hefur Ísland samþykkt reglugerð ráðsins (EB) nr. 407/2003 um framkvæmd Eurodac-reglugerðarinnar og felur það einnig í sér breytingu á Brussel-samningnum, sbr. augl. nr. 10/2003.

2. Ákvæði laga nr. 96/2002 um útlendinga og reglugerðar nr. 53/2003 um útlendinga

Í samræmi við framangreindan samning frá 19. janúar 2001 var Eurodac-reglugerðin innleidd í íslenskan rétt með ákvæðum laga nr. 96/2002 um útlendinga og reglugerðar nr. 53/2003 um útlendinga.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga er stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga heimilt að láta erlendum stjórnvöldum í té upplýsingar um útlending vegna meðferðar á máli er varðar vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er vegna skuldbindinga Íslands sem þátttakanda í Schengen-samstarfinu og samstarfi á grundvelli framangreinds samnings frá 19. janúar 2001. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar megi veita og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 96/2002 má, í þágu máls, taka ljósmyndir og fingraför af útlendingi sem a) ekki getur fært sönnur á hver hann er eða ef ástæða er til að ætla að hann gefi rangt upp hver hann er, b) leitar hælís eða sækir um leyfi samkvæmt lögnum, c) hefur verið synjað um hæli eða leyfi samkvæmt lögnum eða d) hefur verið vísað frá landi eða úr landi eða ætla má að dveljist hér ólöglega. Slík fingraför má færa í tölvufærða fingrafaraskrá og getur dómsmálaráðherra sett nánari reglur um færslu og notkun skrárinnar, sbr. 6. mgr. 29. gr. laganna.

Í X. kafla reglugerðar nr. 53/2003 um útlendinga, 58.–63. gr., er fjallað um miðlun upplýsinga úr landi og í XI. kafla reglugerðarinnar, 64.–68. gr., er fjallað um rannsóknarræði, þ. á m. sendingu upplýsinga í Eurodac. Sérákvæði um Eurodac er að finna í 68. gr. og er það svohljóðandi:

68. gr.

Sérákvæði um Eurodac.

„Í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningi Íslands, Noregs og Evrópu-bandalagsins um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja samningsins má taka fingraför af útlendingi, 14 ára eða eldri, sem:

- a. sækir um hæli hér á landi,
- b. er handtekinn í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins og er ekki vísað frá,
- c. dvelur ólöglega hér á landi.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um sendingu fingrafaraupplýsinga úr landi á grundvelli Eurodac-reglna. Lögregla annast töku fingrafaranna og sendir þau alþjóðadeild ríkislögreglustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum, þar á meðal upplýsingum um grundvöll þess að fingraförin voru tekin. Ríkislögreglustjóri annast samskipti við miðlægan gagnagrunn Eurodac.

Lögregla skal, þegar fingraför eru tekin til færslu í Eurodac-kerfið, veita hælisumsækjanda eða útlendingi sem handtekinn er í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri og er ekki vísað frá upplýsingar um:

- a. hver ber ábyrgð á skráningunni,
- b. tilganginn með vinnslu upplýsinganna í Eurodac-kerfinu,
- c. hvert upplýsingunum er miðlað,
- d. að skylda er að taka fingraför hans og
- e. rétt hans til að fá aðgang að og leiðréttingu á upplýsingum sem varða hann.

Útlendingi, sem dvelur ólöglega hér á landi og fingraför hafa verið tekin af til sendingar til Eurodac, skal veita upplýsingar skv. a-, b-, c- og e-lið 3. mgr. eigi síðar en þegar upplýsingar um hann eru sendar í miðlægan gagnagrunn Eurodac. Þessi skylda á þó ekki við ef í ljós kemur að ekki er unnt að veita honum þessar upplýsingar.

Ríkislögreglustjóra ber að senda fingraför ásamt nauðsynlegum upplýsingum um útlending til miðlægs gagnagrunns Eurodac og fyrirspurnir vegna þeirra eftir beiðni Útlendingastofnunar og veita henni upplýsingar um niðurstöðu leitar í Eurodac-gagnagrunninum.

Ríkislögreglustjóra ber að senda miðeiningu Eurodac tilmæli um að læsa upplýsingum um umsækjanda um hæli sem hefur verið skráður samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra ef sá maður er viðurkenndur flóttamaður og hefur fengið að koma sem flóttamaður inn í aðildarríki. Ríkislögreglustjóra ber að senda Eurodac upplýsingar, sem honum kunna að berast áður en tíu ár eru liðin frá skráningu, um að hælisumsækjandi, sem skráður er samkvæmt upplýsingum frá Íslandi, hafi fengið ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjanna.

Ríkislögreglustjóri skal, ef hann hefur sent Eurodac upplýsingar til skráningar um þann sem handtekinn hefur verið í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri, tilkynna Eurodac ef hann verður þess var áður en tvö ár eru liðin frá skráningu að útlendingurinn:

- a. hefur fengið dvalarleyfi,
- b. er farinn af yfirráðasvæði aðildarríkjanna eða
- c. hefur fengið ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjanna.

Ríkislögreglustjóri getur sett verklagsreglur um meðferð fingrafaraupplýsinga og samskipti lögreglu, Útlendingastofnunar og alþjóðaskrifstofu ríkislögreglustjóra vegna Eurodac-gagna-grunnins.““

III.

Niðurstaða

Úttækt Persónuverndar leiddi ekki verulega annmarka á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer vegna notkunar Eurodac-kerfisins á Íslandi. Þó leiðbeindi Persónuvernd um eftirfarandi:

„1. Rétt er að ákvörðunarvald um skráningu útlendinga sem dvelja ólöglega í aðildarríki í Eurodac-kerfið sé hjá Útlendingastofnun.

2. Fingraför einstaklinga sem ljóst er að hafa ríkisfang Evrópusambandsríkis, Noregs eða Íslands skulu ekki skráð í Eurodac-kerfið.

3. Æskilegt er að ríkislögreglustjóraembættið og Útlendingastofnun komi sér upp skýru verklagi um samskipti sín á milli sem tryggja að þegar upplýsingar liggja fyrir um að hælisleitandi hafi hlotið ríkisborgararétt eða að útlendingur sem handtekinn hefur verið í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri hafi fengið dvalarleyfi, farið af yfirráðasvæði aðildarríkjanna eða fengið ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjanna, verði óskað eftir eyðingu upplýsinga um þá úr Eurodac.

4. Æskilegt er að útbúinn verði staðlaður, skriflegur fræðslutexti um a) hver ber ábyrgð á skráningunni, b) tilganginn með vinnslu upplýsinganna í Eurodac-kerfinu, c) hvert upplýsingunum er miðlað, d) að skylda er að taka fingraför hans og e) rétt hans til að fá aðgang og leiðréttingu á upplýsingum sem varða hann.

5. Æskilegt er að tekið verði til athugunar að útbúa einkvæm aðgangsorð fyrir starfsmenn Sirene-skrifstofunnar [hjá ríkislögreglustjóranum, sbr. nánar umfjöllun um SIRENE í kafla 4.6.6 hér á eftir] að Steria-kerfinu [þ.e. tölvukerfi sem notað er til skráningar fingrafara].“

3.2.21. Uppfletting fyrirtækis í vanskilaskrá LT; frávísun – mál 2007/536

Persónuvernd barst kvörtun yfir tilteknum uppflettingum í vanskilaskrá LT. Henni var vísað frá þar sem málið þótti ekki varða „vinnslu persónuupplýsinga“ í skilningi laga nr. 77/2000.

Í svarbréfi Persónuverndar, dags. 15. ágúst 2007, sagði m.a.:

„1.

Persónuvernd hefur borist erindi frá yður með tölvubréfum dags. 1., 2. og 13. ágúst sl. þar sem kvartað er undan fyrirtækinu Lánstrausti hf.

Annars vegar kvartið þér fyrir hönd fyrirtækisins Gunnólfs ehf. sem er á skrá Lánstrausts hf. og hins vegar kvartið þér yfir því að þér séuð á leið á skrá Lánstrausts hf.

Af þessu tilefni er rétt að benda á fáein atriði varðandi gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og valdheimildir stofnunarinnar Persónuverndar.

2.

Varðandi þann hluta erindis yðar er snýr að skráningu fyrirtækisins Gunnólfs ehf. er rétt að benda á að í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 kemur fram að lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu *persónuupplýsinga* og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtakinu persónuupplýsingar er átt við persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins *einstaklings*, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna.

Af þessu má ráða að lögunum er ætlað að gilda um vinnslu upplýsinga um einstaklinga en ekki upplýsinga um lögaðila á borð við fyrirtæki það sem þér eruð í forsvari fyrir. Á þessu er þó gerð ákveðin undantekning í 2. mgr. 45. gr. laganna en þar kemur fram að í reglugerð skuli mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Þá kemur fram að heimild til slíkrar starfsemi skuli bundin leyfi Persónuverndar en Persónuvernd hefur veitt fyrirtækinu Lánstrausti hf. leyfi til þess að annast söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust *lögaðila*.

Þrátt fyrir að heimild til þess að safna og skrá upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila sé bundin leyfi Persónuverndar gilda lög nr. 77/2000 ekki fullum fetum um vinnslu upplýsinga um lögaðila í slíkum tilvikum. Í 2. mgr. 45. gr. laganna kemur fram að um leyfisskylda starfsemi skv. ákvæðinu gildi einungis tiltekin ákvæði laganna sem þar eru talin upp.

Í 2. mgr. 37. gr. kemur fram að Persónuvernd úrskurði í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga. 2. mgr. 37. gr. laganna er ekki meðal þeirra ákvæða sem talin eru upp í 2. mgr. 45. gr. laganna og gilda um söfnun og skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja og annarra lögaðila. Persónuvernd hefur því *ekki* heimild að lögum til þess að úrskurða í ágreiningsmálum sem lúta að söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja og annarra lögaðila.

Með vísan til framangreinds getur Persónuvernd ekki úrskurðað varðandi framangreint atriði.

3.

Í erindi yðar kemur fram að þér séuð „á leið“ á vanskilaskrá Lánstrausts hf. vegna sjálfskuldarábyrgðar yðar á skuldum fyrirtækisins Gunnólfs ehf. Af erindi yðar má ráða að þér séuð ekki á vanskilaskrá Lánstrausts en gætuð lent þar í framtíðinni vegna skulda.

Þar sem ekki liggur fyrir að Lánstraust hf. hafi nafn yðar á skrá liggur ekki fyrir að unnið hafi verið með persónuupplýsingar um yður. Eins og fram hefur komið í bréfi þessu úrskurðar Persónuvernd í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga en af erindi má ráða að ekkert bendi til þess að fyrirtækið Lánstraust hf. hafi unnið með persónuupplýsingar um yður.

Með vísun til framangreinds mun Persónuvernd *ekki* aðhafst frekar af tilefni þessa hluta erindis yðar nema henni berist frá yður sérstök og rökstudd ósk þar að lútandi s.s. ef þér sýnið fram á að fyrirtækið Lánstraust hf. hafi skráð nafn yðar í vanskilaskrá fyrirtækisins með ólögmatum hætti.

4.

Í tölvubréfi yðar dags. 13. ágúst sl. kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Ég óska eftir því – að úrskurðað verði í málinu á grundvelli stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og eignarréttar – og öðrum lögum sem styðja þau grundvallaratriði – en að lög sem þetta „Lánstraust“ starfar eftir [verði] ekki tekin gild í þessum úrskurði – ef þau stangast á við framangreind grundvallaratriði.“

Varðandi þennan hluta erindis yðar er að lokum rétt að benda á að samkvæmt íslenskum rétti hefur verið litið svo á að það sé hlutverk dómstóla að meta hvort ákvæði laga séu samþýðanleg ákvæðum stjórnarskrárinnar en það sé ekki hlutverk stjórnarsýslustofnunar á borð við Persónuvernd að meta slíkt.“

3.2.22. Vinaleið Þjóðkirkjunnar í Flataskóla; frávísun – mál 2007/678

Á árinu 2007 barst Persónuvernd erindi varðandi vinnslu Þjóðkirkjunnar innan grunnskóla. Því var vísað frá þar sem það þótti ekki varða „lögvarða hagsmuni“ í skilningi laga nr. 77/2000.

Í svarbréfi Persónuverndar, dags. 28. nóvember 2007, sagði m.a.:

„Persónuvernd vísar til erindis yðar dags. 9. nóvember s.l. þar sem þér farið þess á leit við stofnunina að hún skeri úr um hvort vinnsla persónuupplýsinga vegna þjónustu Vinaleiðar Þjóðkirkjunnar í Flataskóla, Garðabæ, sé réttmæt og lögleg.

Í bréfi [S], skólastjóra Flataskóla, dags. 29. október s.l. kom m.a. fram að ákveðið hefði verið að hætta með þjónustu Vinaleiðarinnar frá og með 1. nóvember s.l. auk þess sem fram kom að upplýsingum um þá sem höfðu þjónustunni var eingöngu miðlað til starfsmanna skólans sem starfa sinna vegna eru bundnir trúnaði. Þá var einnig tilgreint í bréfi skólastjóra að öllum upplýsingum um þá sem hafi hafnað þjónustunni hafi verið eytt.

Fjallað var um erindi yðar á fundi stjórnar Persónuverndar 26. nóvember s.l. og var komist að eftirfarandi niðurstöðu.

Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er Persónuvernd úrskurðaraðili ágreiningsmála sem upp kunna að rísa um vinnslu persónuupplýsinga hér á landi. Aðild að ágreiningsmáli í stjórnarsýslunni á sá sem á beinna, sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að þótt hagsmunir geti talist sérstakir þá þarf umfang þeirra jafnframt að vera í þeim mæli að teljast verulegt. Í þessu felst að niðurstaða af úrlausn málsins þarf að hafa verulega þýðingu fyrir málsaðila, s.s. að vera grundvöllur dómsmáls eða bótakröfu.

Fyrir liggur að hætt hefur verið við þá vinnslu sem kvartað var yfir og þeim gögnum verið eytt sem búið var að safna. Að svo stöddu verður ekki séð að þér eigið slíkra hagsmuna að gæta að erindi yðar verði tekið til efnislegrar úrlausnar.“


3.2.23. Tálbeita í Kompás; frávísun – mál 2007/724

Persónuvernd barst erindi sem vísað var frá. Það þótti heyra undir starf Þjóðkirkjunnar innan grunnskóla, en ekki varða „lögvarða hagsmuni“ eins og þeir eru skilgreindir í lögum nr. 77/2000.

Í svarbréfi Persónuverndar, dags. 24. október 2007, sagði m.a.:

„Persónuvernd vísar til bréfs yðar, dags. 14. október 2007. Þar er vísað til þess að í tengslum við gerð sjónvarpsþáttar á vegum 365 miðla, þ.e. fréttaskýringaþáttarins Kompáss, hafi verið egnd fyrir yður gildra, þ.e. myndavélum með hljóðnemum hafi verið komið fyrir á tilteknum stað án vitundar yðar og upptaka sýnd í þættinum. Með vísan til þessa er þess krafist í bréfi yðar að forsvarsmönnum 365 miðla og fréttaskýringaþáttarins verði refsað fyrir brot gegn lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Vald til að mæla fyrir um refsingu er eingöngu í höndum dómstóla. Hér með tilkynnist því að Persónuvernd getur ekki tekið erindi yðar til meðferðar.“



4. Erlent samstarf

4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

1. Fundur forstjóra norrænna persónuverndarstofnana var haldinn á Hótel Búðum á Snæfellsnesi 28.-29. ágúst. Fundinn sóttu forstjóri, Haraldur Briem stjórnarmaður, Þórður Sveinsson og Særún María Gunnarsdóttir.
2. Fundur starfsmanna persónuverndarstofnana á Norðurlöndum var haldinn í Björgvin í Noregi 15.-16. maí. Fundinn sóttu Arnhildur G. Guðmundsdóttir og Rakel Jensdóttir.

4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

1. 15. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 23.-24. apríl í Helsinki. Fundinn sóttu Særún María Gunnarsdóttir og Rakel Jensdóttir. 16. fundur var haldinn 19.-20. nóvember í Lissabon. Fundinn sóttu Rakel Jensdóttir og Þórður Sveinsson.
2. Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB hélt fimm fundi á árinu. Forstjóri sótti fundi sem haldnir voru 14.-15. febrúar, 17.-18. apríl og 9.-10. október. Fund, sem haldinn var 19.-20. júní, sótti Þórður Sveinsson. Fundur, sem haldinn var 5. desember, var ekki sóttur. 5. júní og 22. nóvember voru haldnir fundir hjá undirhópi vinnuhópsins sem fjallar um vernd persónuupplýsinga um börn. Þá fundi sótti Særún María Gunnarsdóttir.
3. Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn á Kýpur 10.-11. maí. Fundinn sótti forstjóri.
4. Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin (JSA) hélt fjóra fundi í Brussel á árinu. Særún María Gunnarsdóttir sótti fundi sem haldnir voru 6. mars og 27. júní. Hún sótti einnig fund sem haldinn var 18. desember ásamt Þórði Sveinssyni. Fundur, sem haldinn var 16. október, var ekki sóttur.
5. Haldnir voru þrjú fundir í Brussel á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn. Særún María Gunnarsdóttir sótti fundi sem haldnir voru 6. mars og 28. júní. Hún sótti einnig fund sem haldinn var 19. desember ásamt Þórði Sveinssyni.
6. Vinnuhópur um lögreglumál hélt þrjú fundi í Brussel á árinu. Særún María Gunnarsdóttir sótti fund sem haldinn var 27. júní. Hún sótti einnig fund sem haldinn var 18. desember ásamt Þórði Sveinssyni. Fundur, sem haldinn var 17. október, var ekki sóttur.

4.3. Alþjóðlegt samstarf

29. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Montréal í Kanada 25.-28. september. Ráðstefnuna sótti forstjóri.

4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

- Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PP) hélt fund í Strassborg 15.-16. mars. Fundinn sótti Þórður Sveinsson.

4.5. Erlent samstarf vegna ýmissa sérverkefna eða einstakra mála

Fundur um varðveislutíma fjarskiptagagna var haldinn í Brussel 14. mars. Fundinn sótti Þórður Sveinsson.

4.6. Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er hér að framan

4.6.1. Um fund forstjóra norrænna persónuverndarstofnana

Fundur forstjóra norrænna persónuverndarstofnana var haldinn á Hótel Búðum á Snæfellsnesi 28.-29. ágúst. Fundinn sóttu af hálfu Íslands forstjóri, Haraldur Briem stjórnarmaður, Særún María Gunnarsdóttir og Þórður Sveinsson. Á fundinum var rætt um merkustu viðburði í hverju einstöku ríki frá því síðasti fundur forstjóra var haldinn 2005; rafræna vöktun með eftirlitsmyndavélum; notkun tölvubúnaðar, sem tryggir gagnavernd; sjálfsákvörðunarrétt um upplýsingar, sem unnið er með í vísindarannsóknnum; vinnslu upplýsinga um refsiverða háttsemi; rafrænar sjúkraskrár; notkun lífkenna, þ. á m. fingrafara; fræðslu til almennings um persónuupplýsingar á Netinu; hvaða aðferðum persónuverndarstofnanir geta beitt til að fjalla um persónuupplýsingar á Netinu; varðveislu samskipta með spjallforritum; finnskt mál um fyrirtæki, sem búið hefur til og gert aðgengilegan gagnagrunn með upplýsingum um tekjur einstaklinga (Veropörssi-málið); breytingar á sænsku persónuupplýsingalögunum til þess ætlaðar að gera þau sveigjanlegri; og framtíðarhlutverk persónuverndarstofnana.

4.6.2. Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana

Vinnufundur löglærðra starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Björgvin í Norgei 15.-16. maí. Fundinn sóttu f.h. Persónuverndar Arnhildur G. Guðmundsdóttir og Rakel Jensdóttir. Rætt var á fundinum um merkustu viðburði í hverju einstöku ríki frá því síðasti fundur löglærðra starfsmanna var haldinn 2006, vöktun vinnuveitenda með launþegum, rafræna skráningu á ferðum fólks, vinnslu persónuupplýsinga og tjáningarfrelsi og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsókn ætlaðra höfundarréttarbrotu.

4.6.3. Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana

15. fundur starfsmanna hjá evrópskum persónuverndarstofnunum var haldinn 23.-24. apríl í Helsinki. Fundinn sóttu Særún María Gunnarsdóttir og Rakel Jensdóttir. Á fundinum var m.a. rætt um álitafni sem tengjast meðferð persónuupplýsinga og Netinu; vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við beina markaðssetningu; notkun sönnunargagna í dómsmálum, sem aflað hefur verið á þann hátt að stríðir gegn persónuverndarlöggjöf; myndavélavöktun á leikskólum; flutning persónuupplýsinga milli starfsdeilda alþjóðlegra fyrirtækja; vinnslu persónuupplýsinga í fjármála- og bankastarfsemi; vinnslu persónuupplýsinga um heilsufar, þ. á m. upplýsinga í rafrænum sjúkraskrá, erfðaupplýsinga og heilsufarsupplýsinga hjá tryggingafélögum; friðhelgi einkalífs og aðgang að opinberum skjölum; og meðferð fingrafaraupplýsinga.

16. fundur var haldinn í Lissabon 19.-20. nóvember. Fundinn sóttu Þórður Sveinsson og Rakel Jensdóttir. Á fundinum var m.a. rætt um vinnslu persónuupplýsinga í fjármála- og bankakerfinu, þ. á m. um lánstraust; svonefnda svarta lista yfir einstaklinga í vanskilum hjá t.d. bönkum og símafyrirtækjum; persónusnið, m.a. í tengslum við mat á lánshæfi og beina markaðssetningu; meðferð kvartana og stjórnun persónuverndarstofnana; lífkenni, s.s. notkun andlitsskanna og vinnslu fingrafaraupplýsinga; persónuupplýsingar á Netinu; auglýsingaherferðir til að kynna börnum og unglingum sjónarmið um örugga meðferð persónuupplýsinga og álitamál í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga til að sporna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

4.6.4. Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður fulltrúum eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi. Á árinu 2007 voru haldnir fimm fundir: 59. fundur, 14.-15. febrúar; 60. fundur, 17.-18. apríl; 61. fundur, 19.-20. júní; 62. fundur, 9.-10. október; og 63. fundur, 5. desember. Persónuvernd sendi fulltrúa á 59., 60., 61. og 62. fund. Vegna anna stofnunarinnar reyndist hins vegar ekki unnt að senda fulltrúa á 63. fund.

Til að undirbúa einstök mál, sem borin eru undir vinnuhópinn, er komið á sérstökum undirhópum. Persónuvernd tók þátt í starfi eins slíks undirhóps sem fjallaði sérstaklega um vernd persónuupplýsinga um börn. Særún María Gunnarsdóttir sótti fundi hópsins sem haldnir voru 5. júní og 22. nóvember. Starfi hans lauk ekki á árinu, en vænta má þess að í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2008 verði umfjöllun um niðurstöður hans.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum Evrópu-sambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og á fundi hennar sendir Ísland ekki áheyrnarfulltrúa.

Þau álit, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2007, má finna á vefslóðinni http://ec.europa.eu/justice_home/fsj/privacy/workinggroup/wpdocs/2007_en.htm, en einnig má finna þar ýms önnur skjöl. Álitin eru sem hér greinir, þ.e. að undanskildu sameiginlegu álitum með vinnuhópi um lögreglumál á drögum að rammaákvörðun um notkun farþegaupplýsinga í löggæslutilgangi, samþykktu í desember, en fjallað er um það álit í kafla 4.6.8 hér á eftir:

Álit nr. 1/2007 á grænbók um notkun eftirlitstækni í löggæslu, tollgæslu og starfsemi annarra stjórnvalda sem fara með öryggismál. – Þetta álit var gefið út 9. janúar af tilefni útgáfu framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á framangreindri grænbók hinn 1. september 2006. Markmið þeirrar bókar er að hvetja til umræðu um eftirlitstækni í Evrópu og fá fram „viðbrögð sem hvetja til umhugsunar“ og heildstæðar tillögur um hvernig má „styrkja sameiginlega nálgun eftirlitstækni“ í „vídasta skilningi“. Óskað var eftir þátttöku vinnuhópsins, auk annarra aðila, í samráðinu.

Í álitinu sínu fagnar vinnuhópurinn því að framkvæmdastjórnin hafi í grænbókinni litið til þess að stefnumótun um eftirlits- og tengda tækni verður að fullu að samrýmast gildandi lagaramma, þ.m.t. meginreglum um persónuvernd, og býðst til að leggja sitt af mörkum í þágu umræðunnar um grænbókina. Tekið er fram að umfjöllun grænbókarinnar sé mjög almenns eðlis. Því sé erfitt að gera ítarlegar athugasemdir eins og á standi.

Bent er á að við skipulag og þróun eftirlitstæknibúnaðar á að halda vinnslu persónuupplýsinga í lágmarki. Þá er bent á að þróun eftirlitstækninnar skapar tækifæri til þess að þróa eftirlit á stigi sem ekki hefur þekkt áður. Í þessu samhengi er það ríft upp að á síðustu alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana, þ.e. 28. alþjóðaráðstefnunni í London 2.-3. nóvember 2006 (sjá umfjöllun í ársskýrslu Persónuverndar fyrir það ár, bls. 86), var „eftirlitsþjóðfélagið“ meginumræðuefnið. Vitnað er til eftirfarandi orða í þeirri yfirlýsingu sem samþykkt var í fundarlok:

„Eftirlit getur verið vel meint og haft kosti í för með sér. Hingað til hefur þróun og aukning eftirlits verið slitrótt og tiltölulega jákvæð í lýðræðisþjóðfélögum – og ekki vegna þess að stjórnvöld eða einkaaðilar vilji endilega grípa inn í líf einstaklinga með óréttmætum hætti. Sumt eftirlit er nauðsynlegt eða að meginreglu æskilegt – t.d. í baráttunni gegn hryðjuverkum og alvarlegum

afbrotum – til þess að tryggja rétt til og aðgang að opinberri þjónustu og til þess að bæta heilbrigðisþjónustu. Hins vegar getur dulið og óhóflegt eftirlit, sem ekki sætur takmörkunum, einnig falið í sér hættu sem hefur ekki einungis afleiðingar fyrir einkalífsverndina. Það getur alið á tortryggni og grafið undan trausti. Söfnun og notkun opinberra aðila sem einkaaðila á miklum persónuupplýsingum getur leitt til töku ákvarðana sem hafa bein áhrif á líf fólks. Með því að flokka upplýsingar og færa þær í snið með sjálfvirkum eða gerræðislegum hætti er unnt að setja blett á einstaklinga á þann veg að skapi fyrir þá hættu og takmarki aðgang þeirra að þjónustu. Einkum er hætta á félagslegri útilokun.“

Vinnuhópurinn telur að við frekari umræðu og vinnu í tengslum við eftirlitstækni beri að taka mið af öllum nauðsynlegum reglum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og þeim varnögnum sem slegnir eru í evrópskri persónuverndarlöggjöf, mannréttindasáttmála Evrópu, Evrópuráðssamningi nr. 108 frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi rafræna vinnslu persónuupplýsinga og tilskipun 2002/58/EB um persónuvernd í fjarskiptum.

Þá er talið skipta sköpum fyrir frekari framvindu mála að skýrlega sé greint á milli ólíkra tegunda eftirlitstækni, s.s. myndavélaeftirlits, örmerkjataekni og lífkennataekni, til þess að unnt sé að beita viðeigandi lausnum fyrir hverja þeirra. Að auki verði að ákvarða tilgang upplýsingavinnslu skýrlega, hvort sem um sé að ræða t.d. söfnun, varðveislu, upptöku eða frekari notkun, en það sé lykiltríði í því að koma á eftirlitakerfi og móta reglur um vernd persónuupplýsinga. Slíkt sé nauðsynlegt til að geta metið hvort eftirlitstækni sé, við tiltekna aðstæður, ásætlanleg í ljósi sjónarmiða um einkalífsvernd eða hvort unnt hefði verið að ná settu marki með öðrum aðferðum sem ganga skemur.

Í áliti vinnuhópsins er sérstaklega fagnað því sem fram kemur í grænbókinni um að nauðsynlegt sé að „hönnun, framleiðsla og notkun eftirlitstækni og tengdrar tækni, ásamt löggjöf og öðrum aðferðum sem miða að því að lögfesta hana eða hvetja til notkunar hennar, verði að öllu leyti að samrýmast grundvallarréttindum sem mælt er fyrir um í réttindaskrá ESB og mannréttindasáttmála Evrópu“ og að „einkum verði að gæta þess að rétturinn til persónuverndar og friðhelgi einkalífs sé virtur.“

Lögð er áhersla á að gætt sé meðalhófs í öllum aðgerðum sem skerða grundvallarréttinn til friðhelgi einkalífs. Í því sambandi er vísað til 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins um að skylt sé að sýna fram á að sérhver slík aðgerð sé í þágu brýnnar, þjóðfélagslegrar þarfar. Telur vinnuhópurinn ekki líta út fyrir að tekið hafi verið nægilegt tillit til þessa við samningu grænbókarinnar, einkum hvað varðar nauðsyn þess að tryggja að við hönnunarferli alls eftirlitsbúnaðar sé litið til meginreglna um persónuvernd. Að auki verði að hafa í huga þann greinarmun sem gerður er í skjalinu á hryðjuverkum annars vegar og öðrum alvarlegum glæpum hins vegar. Telur vinnuhópurinn að hugtakið hryðjuverk ætti að skilgreina með skýrum hætti. Þá verði að halda hryðjuverkjum algerlega aðskildum frá annars konar glæpum þar sem ekki séu gerðar sams konar kröfur til öryggisþátta og rannsóknarvinnu.

Bent er á að við þróun tæknistaðla ætti trygging fyrir því að vinnsla persónuupplýsinga samrýmist gildandi löggjöf að vera forgangsatríði. Á því sviði sé mögulegt og æskilegt að vinna með persónuverndarstofnunum. Í þessu samhengi er lögð áhersla á meðalhófsregluna, þ.e. að leita eigi lausna sem feli í sér eins litla vinnslu persónuupplýsinga og mögulegt sé; þegar það sé mögulegt eigi að nota tækni sem ekki feli í sér neina vinnslu persónuupplýsinga.

Í grænbókinni er vikið að lista, sem búa á til, yfir þarfir og lausnir einkaaðila á sviði eftirlitstækni. Vinnuhópurinn leggur áherslu á að sérhverja ákvörðun um að skrá lausn á þennan lista verði að taka með fyllilega gagnsæjum hætti. Þá segir að koma mætti betur fram að ekki á að vera unnt að bera saman upplýsingar eða fletta upp í gagnagrunnum án nokkurra takmarkana. Þá segir m.a. að meðalhófsregluna og regluna um málefnalegan tilgang með vinnslu persónuupplýsinga ætti að byggja inn í upplýsingakerfi.

Vikið er að umfjöllun í grænbókinni um það þegar upplýsingar, sem finna má á við og dreif í rafrænum gagnasöfnum, eru leitaðar uppi og sameinaðar í eitt safn (gagnanam (e. data mining)). Tekið

er fram í álitinu að slíkt verði að eiga sér viðeigandi lagastöð. Þá segir að skýra verði nánar hvað átt sé við með „evrópskri eða staðbundinni miðstöð“ fyrir slíka vinnslu. Harnað er að hvergi sé vísað til nauðsynjar á að samkvæmt bestu starfsvenjum sé farið að persónuverndarreglum í þessu samhengi.

Minnt er á reglum um trúnað í fjarskiptum samkvæmt tilskipun 58/2002/EB, sem og dómaframskýrslu Mannréttindadómstóls Evrópu um hleranir, auk álits vinnuhópsins nr. 2/2006 (sjá ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2006, bls. 75-76). Þá er minnt á nauðsyn þess að við þróun eftirlitstækni séu áhrif tækninnar á einkalífshéttu ávallt metin til að fá skýra mynd af því hvaða afleiðingar hún getur haft, bæði félagslegar og fjárhagslegar.

Álit nr. 2/2007 um fræðslu til farþega um flutning upplýsinga úr bókunarkerfum flugfélaga til bandarískra stjórnvalda. – Þetta álit var gefið út 15. febrúar og er beint til ferðaskrifstofa, flugfélaga og annarra fyrirtækja sem þjónusta fyrirtæki sem fljúga til Bandaríkjanna. Vísað er til krafna bandarískra stjórnvalda til þeirra flugfélaga, sem fljúga inn í bandaríska lofthelgi, um að afhenda rafrænan aðgang að farþegaupplýsingum í bókunarkerfum (e. Passenger Name Record (PNR)). Verði flugfélög ekki við þeim kröfum geta þau átt yfir höfði sér háar sektir og jafnvel misst landingarleyfi (um þetta mál er einnig fjallað í áliti vinnuhópsins nr. 6/2002 (sjá ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2002, bls. 89-90)), áliti nr. 4/2003 (sjá ársskýrslu 2003, bls. 143-145), álitum nr. 2, 6 og 8/2004 (sjá ársskýrslu 2004, bls. 119-121, 125-126 og 128), álitum nr. 5 og 7/2006 (sjá ársskýrslu 2006, bls. 77-78 og 79) og áliti nr. 5/2007 (sjá umfjöllun hér á eftir).

Þar sem beiðni Bandaríkjanna um umræddar upplýsingar hefur áhrif á öll flugfélög með samþæringum hætti telur vinnuhópurinn verulega þörf á að tryggja að efni fræðslu til farþega sé hið sama og að fræðslan sé veitt á sama tímamarki og með sama hætti. Vísað er til þess að áður hafi vinnuhópurinn fjallað um fræðslu til flugfarþega (sbr. framangreint álit nr. 8/2004), en breytingar hafi orðið síðan þá, auk þess sem flugfélög, ferðaskrifstofur og aðrir ábyrgðaraðilar bókunarkerfa hafi ekki veitt fræðslu með samræmdum og fullnægjandi hætti.

Fram kemur að fræðsluskyldan hvílir á ábyrgðaraðilum bókunarkerfa. Segir að fyrst og fremst sé þar um að ræða flugfélög, einkum það flugfélag sem selur flugmiða. Þegar fleiri en eitt flugfélag hafi aðgang að ferðalagi, t.d. þegar tengiflug nota sama flugnúmer eða farþegi flýgur með öðru flugfélagi en hann keypti flugmiðann hjá, teljist það flugfélag sem bókaði flugið og seldi flugmiðann ábyrgðaraðili. Ferðaskrifstofur hafi ekki stöðu ábyrgðaraðila, en þegar þær selji miða komi þær fram fyrir hönd flugfélags og beri þá fræðsluskyldu í samræmi við það. Bent er á að í vissum tilvikum eru bókunarkerfi sjálfstæð, þ.e. ekki á vegum einstakra flugfélaga (t.d. bókunarkerfið Amadeus). Þá teljist bókunarkerfið til ábyrgðaraðila og beri samkvæmt því fræðsluskyldu.

Í ljósi þess að umrædd upplýsingavinnsla bandarískra stjórnvalda felur í sér veigamikla íhlutun í friðhelgi einkalífsins telur vinnuhópurinn að veita beri fræðslu strax þegar flugmiðar eru keyptir. Einnig beri að veita fræðslu eftir kaup á miða, t.d. með því að veita hana í staðfestingu um flugbókun eða með því að láta upplýsingabækling fylgja þegar flugmiði er afhentur. Þetta sé nauðsynlegt til þess að tryggja að farþegi fái fræðslu ef þriðji aðili (t.d. ritari) hefur bókað flugið fyrir hann.

Vísað er til viðauka við álitid sem hafa að geyma tilkynningar til farþega sem vinnuhópurinn hefur samið og eru ætlaðar flugfélögum og öðrum, sem veita fræðslu, til afnota. Annars vegar er um að ræða stutta útgáfu af fræðslu þar sem veittar eru almennar upplýsingar um sendingu umræddra upplýsinga til bandarískra stjórnvalda. Hins vegar er um að ræða lengri útgáfu sem hefur að geyma fyllri upplýsingar. Sú útgáfa er í formi algengra spurninga og svara. Segir að fyrrnefndu útgáfuna megi t.a.m. nota þegar flug er bókað símleiðis en þá síðarnefndu þegar flug er bókað á Netinu eða á söluskrifstofu flugfélags eða ferðaskrifstofu.

Einnig segir að þegar flug sé bókað símleiðis megi lesa upp styttri fræðslutextann og benda á hvar þann lengri megi finna óski farþegi eftir frekari upplýsingum. Sé bókað hjá ferðaskrifstofu sé hægt að afhenda farþega styttri fræðslutextann, sem og þann lengri óski hann eftir frekari vitneskju. Við bókun á Netinu verði að birta styttri tilkynninguna með sjálfvirkum hætti sem heimti að litid sé á hana. Ekki nægi að birta tilkynninguna á vefsíðu sem farþeginn verður að fara inn á að eigin frum-

kvæði, t.d. með því að smella á tengil. Lengri tilkynninguna megi hins vegar birta með slíkum hætti og ætti tengillinn þá að birtast í þeirri styttri.

Álit nr. 3/2007 um drög að reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins um breytingu á sameiginlegum fyrirmælum um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa í tengslum við upptöku lífkenna, þ. á m. ákvæðum um móttöku og vinnslu umsókna um vegabréfsáritun (COM(2006)269 final) – Þetta álit var gefið út 1. mars af tilefni fyrirhugaðra breytinga á reglum um vegabréfsáritanir til ESB-ríkja sem koma fram í sameiginlegum fyrirmælum sem mótuð voru í tengslum við Schengen-samstarfið. Hafa breytingarnar það að markmiði að gera sameiginlegan gagnagrunn með upplýsingum um umsækjendur um vegabréfsáritun (VIS-upplýsingakerfið) mögulegan. Vinnuhópurinn hefur áður gefið út álit í tengslum við þessa upplýsingavinnslu, þ.e. álit nr. 7/2004 (sjá ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2004, bls. 126-127) og nr. 2/2005 (sjá ársskýrslu 2005, bls. 63-65).

Gagnagrunnurinn á, samkvæmt umræddri tillögu að breytingu á reglum, að hafa að geyma upplýsingar um fingraför og stafrænar andlitsmyndir umsækjenda um vegabréfsáritun. Að auki er gert ráð fyrir að þar verði upplýsingar um ferðamannahópa og gestgjafa í móttökulandi. Í tengslum við gerð gagnagrunnsins á að einfalda umsóknareyðublöð um vegabréfsáritun og draga úr upplýsingaöflun þegar umsókn er fyrst lögð fram.

Vinnuhópurinn minnir á þá grundvallarreglu í 6. gr. tilskipunar 95/46/EB (sbr. 7. gr. laga nr. 77/2000) að vinnsla persónuupplýsinga á að vera nægileg, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsyn krefur í þágu tilgangs vinnslunnar. Vinnuhópurinn minnir á það sem fram kom í áliti nr. 2/2005 um það hvort svo stór gagnagrunnur á Evrópuvísu, sem hér um ræðir, væri nauðsynlegur og að varað var við áhættu sem upplýsingavinnslan gæti falid í sér, einkum með hliðsjón af söfnun milljóna lífkenna og vinnslu þeirra í gagnagrunninum.

Bent er á að af vinnslu og varðveislu upplýsinga í hinum miðlæga VIS-gagnagrunni leiða vandamál sem snúa að siðferði og áreiðanleika, bæði hvað varðar aðgang að upplýsingum og röngum leitarniðurstöðum. Segir að taka þurfi til ítarlegrar athugunar hvaða upplýsingaflokka þurfi að geyma í gagnagrunninum. Þá eigi að taka mið af þeim áhrifum sem vinnsla lífkenna og möguleikinn á notkun fingrafara getur haft á mannlega reisn og grundvallarréttindi. Slíkar upplýsingar gætu verið notaðar sem leitarlykill í Schengen-upplýsingakerfinu og Eurodac-fingrafaragagnagrunninum, en það hefur raunar verið lagt til í tengslum við samverkunarhæfni kerfanna.

Að auki telur vinnuhópurinn að líta verði til áhrifa tillagna sem lagðar hafa verið fram um að stjórnvöld, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, hafi aðgang að VIS-gagnagrunninum, sem og Eurodac-gagnagrunninum. Það geti valdið hættu á misnotkun og auðveldi notkun hins miðlæga VIS-gagnagrunns í öðrum tilgangi en stóð að baki söfnun upplýsinganna sem í honum eru. Í ljósi þessa sé það grundvallaratriði að ákvörðunarferli í tengslum við VIS-gagnagrunninn sé ekki of lokað. Tryggja beri lýðræðislegt gagnsæi um verklagsreglurnar og eftirlitsstofnanir verði að hafa færi á að gegna hlutverki sínu í reynd.

Með hliðsjón af hugsanlegum, skaðlegum afleiðingum fyrir hlutadeigandi einstaklinga eigi að takmarka notkun lífkenna við þann tilgang að bera kennsl á fólk. Þá eigi eingöngu að færa lífkennaupplýsingar inn í gagnagrunninn þegar það sé algjörlega nauðsynlegt í þágu tilgangsins með starfrækslu hans og í samræmi við þær meginreglur og ráðstafanir sem tryggja eiga réttindi fólks. Þetta sé enn mikilvægara þegar um ræði áhættuhópa, s.s. börn og aldraða.

Í ljósi grundvallarreglunnar um skýrleika og gagnsæi, sem og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins, verði sérhver íhlutun í einkalífsréttindi að byggja á fullnægjandi lagaheimild, auk þess sem mælt þurfi að vera fyrir um hana með skýrum og skiljanlegum hætti. Þess vegna telur vinnuhópurinn að öll ákvæði um gæði gagna, meðalhóf og vernd einstaklinga verði að koma fyrir í þeirri reglugerð þar sem fjallað er um gagnagrunninn. Þetta eigi einkum við um ákvæði um þá flokka persónuupplýsinga sem færa eigi þar inn; þá einstaklinga, sem ber eða ber ekki að láta taka af sér fingraför, og hámarks- og lágmarksaldur þeirra sem skrá má upplýsingar um; varúðarráðstafanir; misnotkun auðkenna og röng kennsl vegna tæknibilana; varðveislu gagna; og

þau úrræði sem veitt eru einstaklingum sem ekki geta látið taka af sér fingraför. Þá verði að veita alla nauðsynlega fræðsla til þeirra sem tekin eru fingraför af.

Vakin er athygli á nauðsyn þess að kringumstæður við fingrafaratöku tryggi fullkominn áreiðanleika. Segir að taka eigi mið af hugsanlegum afleiðingum þegar auðkenni (s.s. nafn viðkomandi einstaklings) og fingraför eru ranglega tengd saman við fingrafaratöku. Því eigi aðeins áreiðanlegt starfsfólk, sem hlotið hefur viðunandi þjálfun, að sjá um umrædda vinnslu, auk þess sem hún verði ávallt að fara fram undir eftirliti og á ábyrgð sendiráðsstarfsmanna þess aðildarríkis sem tekur við umsókn um vegabréfsáritun.

Farið er yfir undantekningar frá skyldunni til að láta taka af sér fingraför. Vísað er til þess sem fram kemur í umræddum drögum að undanþiggja eigi börn undir sex ára aldri þeirri skyldu. Gagnrýnt er að fjallað sé um þetta sem tæknilegt atriði í stað þess að höfð sé hliðsjón af þeirri virðingu sem tryggja ber barni í ljósi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá er nefnt að ekki er gert ráð fyrir viðmiðunarmörkum fyrir aldraða. Auk þess segir að taka verði tillit til þess að rannsóknir hafa ekki sýnt fram á með óyggjandi hætti að fingrafaratæknin sé nægilega áreiðanleg þegar um ræðir börn eða aldraða.

Líta verði til þess að á þeim tíma, sem fingraför eru varðveitt í gagnagrunninum, geta upplýsingar um þau orðið óáreiðanlegar (vegna breytinga á fingraförunum). Þetta eigi einkum við um börn undir vissum aldri og einstaklinga sem eru með tiltekna sjúkdóma eða í ástandi sem stigversnar. Í slíkum tilvikum eigi að fylgja málsmeðferð sem tryggir að mannleg reisn og grundvallarfrelsi sé virt.

Þar sem rannsóknir á þessu sviði liggja ekki fyrir, og þar sem ekki sé til afdráttarlaus vottun framleiðenda á stöðugleika og gæðum niðurstaðna um fingraför barna og aldraða, séu þau aldursmörk, sem miðað er við í gagnagrunninum (þ.e. sex ára og eldri eins og fyrr greinir gagnstætt því sem gildir um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn, sbr. kafla 4.6.7 hér á eftir, þar sem geymd eru fingraför einstaklinga frá 14–80 ára aldurs), ekki studd nægilegum rökum. Þá sé með aldursmörkunum gengið á mannlega reisn hinna skráðu og þau ekki æskileg í ljósi þess tilgangs sem VIS-gagnagrunnurinn var stofnaður til.

Annað mikilvægt málefni snúi að því hvaða flokka einstaklinga eigi að undanþiggja skyldunni til að láta taka af sér fingraför. Athuganir hafi leitt í ljós að allt að 5% fólks geti ekki látið skrá fingraför sín þar eða þau hafi ekki lesanleg fingraför eða séu haldin fötlun sem geri slíkt ómögulegt. Áætlaður fjöldi þeirra sem sækja um vegabréfsáritun á hverju ári í ESB-ríkjunum sé 20 milljónir. Allt að ein milljón manns geti því ekki gengið í gegnum hefðbundið skráningarferli. Taka verði tilhlýðilegt tillit til svo mikils fjölda fólks. Ómöguleiki á töku fingrafara eigi því ekki að leiða til þess að umsóknnum þessa hóps sé synjað. Til að koma í veg fyrir það megi afla upplýsinga um nöfn viðkomandi einstaklinga, ásamt upplýsingum um kyn, fæðingarstað og fæðingardag, en það ætti að nægja til að fullnægja settum skilyrðum.

Vikið er að stjórnýsly í tengslum við gagnagrunninn. Í því sambandi er lögð áhersla á samvinnu persónuverndarstofnana í aðildarríkjum við að tryggja lögmæti vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við öflun lífkenna. Til þess megi framkvæma úttektir, fara í eftirlitsheimsóknir og meta þau vandamál sem upp kunna að koma í tengslum við réttindi hinna skráðu til fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga og til persónuverndar.

Vinnuhópurinn er sammála þeirri afstöðu, sem Evrópska persónuverndarstofnunin hefur lýst yfir, að samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila sé óæskilegt. Þann valkost eigi aðeins að taka ef allt annað þrjóti. Ef til þess komi verði m.a. að gæta þess að starfsfólk, sem tekur fingraför, hafi hlotið nægilega þjálfun frá því stjórnvaldi sem sér um útgáfu vegabréfsáritana, sem og að kveða á um bann við að upplýsingar séu afritaðar, halaðar niður, hýstar eða með öðrum hætti varðveittar hjá þjónustuaðilanum. Auk þess verði að sjá til þess að upplýsingum, sem safnað er á pappír, sé skilað til hlutaðeigandi stjórnvalds.

Álit nr. 4/2007 um hugtakið persónuupplýsingar. – Þetta álit var gefið út 20. júní og er ætlað að skýra óvissu sem vinnuhópurinn telur ríkja um hvað felist í hugtakinu persónuupplýsingar, sem og að

koma í veg fyrir ósamræmi í framkvæmd aðildarríkja. Skilgreining hugtaksins persónuupplýsingar sé jafnframt afmörkun á gildissviði löggjafar um vernd slíkra upplýsinga og segi því til um hvenær beita beri slíkri löggjöf.

Bent er á að hugtakið persónuupplýsingar er skilgreint á víðan hátt í tilskipun 95/46/EB, sbr. a-lið 2. gr., sem liggur persónuverndarlögum aðildarríkja til grundvallar, þ.e. sem allar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um einstaklinga (hina skráðu). Þá segir í tilskipuninni að upplýsingar teljist persónugreinanlegar ef unnt er að rekja þær til hins skráða beint eða óbeint, s.s. með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Vísað er til þess að samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar er markmið hennar að vernda grundvallarréttindi og frelsi manna, einkum rétt þeirra til friðhelgi einkalífs síns, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Þetta markmið um að vernda réttindi einstaklinga geti skipt höfuðmáli um það hvernig ákvæðum tilskipunarinnar er beitt um ýmis tilvik þar sem réttindum einstaklinga er ekki stefnt í hættu. Með sama hætti geti markmiðið varnað því að reglurnar séu túlkadar með þeim hætti að einstaklingar verði sviptir réttindum sínum.

Óæskilegt væri ef reglum um persónuvernd yrði beitt um tilvik sem þeim var ekki ætlað að taka til og löggjafinn hafði ekki í huga við gerð reglnanna. Vissar undanþágur frá gildissviði tilskipunarinnar, sem mælt er fyrir um í 3. gr. (vinnsla sem ekki er rafræn, enda séu upplýsingarnar ekki eða eigi ekki að verða hluti af skrá; vinnsla sem eingöngu fer fram í þágu m.a. almannavarna, öryggis ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsilaga; sem og vinnsla sem eingöngu fer fram í þágu þess einstaklings sem hefur hana með höndum og fjölskyldu hans), leiði í ljós hvernig löggjafinn vilji að reglunum sé beitt. Það að vinnsla, sem ekki er rafræn, falli í mörgum tilvikum utan gildissviðs reglna tilskipunarinnar sé til marks um að henni sé ætlað að veita vernd þeim upplýsingum sem unnar eru með þeim dæmigerðu aðferðum sem fela í sér aukna áhættu á greiðum aðgangi að persónuupplýsingum. Að auki verði að líta til 26. liðar formálsorða tilskipunarinnar, en þar kemur fram að sé ekki raunhæft að tengja upplýsingar við einstakling eigi reglur tilskipunarinnar ekki við.

Einnig er hins vegar bent á að forðast ber of þrönga túlkun á hugtakinu persónuupplýsingar. Í stað of þröngrar túlkunar beri að beita reglum tilskipunarinnar með sveigjanlegum hætti þannig að hún verði ekki of þyngjandi eða hafi í för með sér fráleitar afleiðingar. Texti tilskipunarinnar hvetji í raun til rúmrar skilgreiningar á hugtakinu persónuupplýsingar og viðhlítandi hófs við beitingu reglna hennar.

Vinnuhópurinn sundurgreindir hugtakið persónuupplýsingar í fjóra þætti í ljósi orðalags a-liðar 2. gr. tilskipunarinnar, þ.e. um sé að ræða (a) „allar ... upplýsingar“ (b) „um“ hinn skráða, n.t.t. allar (c) „persónugreindar eða persónugreinanlegar“ upplýsingar um (d) „einstakling“.

(a) Orðalagið „allar ... upplýsingar“ kalli á rúma túlkun á hugtakinu. Hvað varði eðli upplýsinga, þá taki hugtakið bæði til hlutlægra upplýsinga um staðreyndir (t.d. hvort tiltekið efni finnist í blóði einstaklings), sem og huglægra upplýsinga sem byggjast á mati (t.d. að einhver sé álitinn áreiðanlegur lántaki). Hvað varði efni upplýsinga, þá taki hugtakið til hvers kyns upplýsinga, bæði þeirra sem teljist viðkvæmar eða lúti að einka- og fjölskyldulífi einstaklings í þrengsta skilningi, sem og upplýsinga sem tengist hvers kyns háttsemi einstaklings, s.s. í vinnuréttarsambandi og vegna efnahagslegra og félagslegra þátta. Hvað varði form upplýsinga eða miðilinn, sem upplýsingar eru geymdar á, taki hugtakið til upplýsinga á hvaða formi sem er. Hugtakið taki því t.d. til upplýsinga á mynd- eða hljóðrænu formi, upplýsinga á pappír, sem og upplýsinga sem geymdar eru á tölvutæku formi. Ekki sé skilyrði að upplýsingar séu geymdar í skipulögðum gagnagrunni eða skrá (sbr. þó það sem fyrr segir um vinnslu sem ekki er rafræn). Upplýsingar, sem komi fram í fjálsfum texta á rafrænu skjali, geti talist vera persónuupplýsingar.

Lífkenni, þ.e. upplýsingar um t.d. fingraför, sjónhimnu, andlitseinkenni, raddeinkenni, handlag, æðamynstur og jafnvel tiltekna fastmótaða færni eða hegðunarmynstur (s.s. undirskrift, göngu- lag eða talsmáta), teljist til persónuupplýsinga. Þessar upplýsingar hafi þá sérstöðu að vera bæði efn-

islegar upplýsingar um tiltekinn einstakling („Jón á þessi fingraför“), sem og þáttur sem tengir upplýsingar við tiltekinn einstakling („þessi fingraför eru á hlutum og þau eru fingraför Jóns“), m.ö.o.: auðkenni. Upplýsingar um erfðaeefni geti verið sama eðlis að þessu leyti.

(b) Orðalagið „um“ hinn skráða merki að upplýsingar verði að tengjast einstaklingi. Það feli almennt í sér að þegar upplýsingar séu **um** einstakling í hefðbundnum skilningi teljist þær til persónuupplýsinga. Mat á þessu sé oft auðvelt. Sem dæmi megi nefna að upplýsingar í einstaklingsbundnum skráum á starfsmannaskrifstofu um launþega séu augljóslega tengdar stöðu þeirra sem starfsmanna og því persónuupplýsingar um þá. Mat á þessu sé hins vegar ekki alltaf jafnauðvelt. Í sumum tilvikum varði upplýsingar fyrst og fremst hluti en ekki einstaklinga. Upplýsingar um verðmæti tiltekinna fasteignar séu t.d. upplýsingar um hlut. Reglur um persónuvernd gildi augljóslega ekki þegar upplýsingarnar séu eingöngu notaðar við mat á fasteignaverði í tilteknu íbúðahverfi. Við vissar aðstæður geti upplýsingarnar hins vegar talist til persónuupplýsinga, t.d. þegar þær eru notaðar til að ákvarða skattskyldu einstaklings.

Til að upplýsingar tengist einstaklingi verði að vera til staðar þáttur sem snýr að efni þeirra, tilgangi þeirra eða afleiðingu þeirra. Upplýsingar teljist persónuupplýsingar samkvæmt efni sínu þegar þær eru augljóslega um einstakling. Það eigi t.d. við um niðurstöður læknisrannsóknar á sjúklingi, upplýsingar sem skráðar eru við nafn viðskiptavinar í viðskiptamannaskrá fyrirtækis og upplýsingar sem geymdar eru á örmerki á persónuskilríkjum tiltekins einstaklings.

Upplýsingar teljist persónuupplýsingar samkvæmt tilgangi sínum þegar þær eru líklegar til að vera notaðar með það að markmiði að leggja mat á tiltekinn einstakling, koma fram við hann á ákveðinn hátt eða hafa áhrif á stöðu hans eða atferli. Það eigi t.d. við þegar ræstingafólki í tilteknu fyrirtæki er ætlað að staðfesta þann tíma, sem það fer af starfsstöð fyrirtækis, með því að hringja úr tilteknum síma og skráð er hvenær hringt er úr símanum. Upplýsingar um símhringinguna teljist þá til persónuupplýsinga.

Upplýsingar teljist persónuupplýsingar samkvæmt afleiðingu þeirra sé notkun þeirra líkleg til að hafa áhrif á tiltekin réttindi eða hagsmuni einstaklinga (þ.e. þó svo að það sé ekki endilega markmiðið með notkun upplýsinganna). Þetta eigi t.d. við þegar staðsetningarbúnaður er settur í leigubíla til að sjá hvar lausir bílar eru staddir í þeim tilgangi að bæta þjónustu og spara eldsneyti. Þó svo að tilgangurinn með staðsetningarbúnaðinum sé ekki sá að meta frammistöðu bílstjóranna, s.s. með því að fylgjast með hvort þeir virði hámarksökuhraða, velji réttar ökuleiðir eða séu undir stýri eða í hléi, sé ljóst að slíkt sé mögulegt.

(c) Orðalagið „persónugreindar eða persónugreinanlegar“ vekur upp tiltekin álítaefni. Almennt megi segja að upplýsingar um einstakling geti talist persónugreindar þegar hann er greindur frá öðrum einstaklingi í hópi. Upplýsingar séu persónugreinanlegar þegar mögulegt sé að rekja þær til einstaklings þrátt fyrir að það hafi ekki enn verið gert. Venjulega fari persónugreining þannig fram að notaðar séu tilteknar upplýsingar sem kalla megi auðkenni og hafa sérstaklega náin tengsl við tiltekinn einstakling umfram aðra. Þetta geri verið ytri útlitseinkenni einstaklings, s.s. hæð, háralitur og fatnaður, eða einhverjir eiginleikar einstaklings sem ekki er unnt að skynja þegar í stað, t.d. starfsmenntun, starf, staða eða nafn. Í skilgreiningu a-liðar 2. gr. tilskipunarinnar á hugtakinu persónuupplýsingar sé vísað sérstaklega til umræddra auðkenna þar sem rætt sé um upplýsingar „sem megi rekja ... til hins skráða, beint eða óbeint, s.s. með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífedeilisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.“

Í framangreindri tilvitnun í a-lið 2. gr. tilskipunarinnar ræðir um upplýsingar sem rekja má til hins skráða beint eða óbeint. Með því að unnt sé rekja upplýsingar beint til einstaklings sé átt við að þær séu merktar með nafni, símanúmeri, skráningarnúmeri bifreiðar, kennitölu eða vegabréfsnúmeri eða á þann veg að séu ákveðin viðmið tengd saman verði hann þekktanlegur í hópi sem hann tilheyrir (aldur, starf, heimilisfang o.s.frv.). Það velti á aðstæðum hvenær upplýsingar teljist rekjanlegar beint. Algengt nafn nægi t.d. ekki til að finna einn tiltekinn einstakling úr hópi allra íbúa heils ríkis.

Það geti hins vegar nægt til að persónugreina nemandan í bekk. Upplýsingar á borð við „maðurinn í svörtu fötonum“ geti nægt til að persónugreina vegfaranda sem stendur við gangbrautarljós.

Með því að unnt sé að rekja upplýsingar óbeint til einstaklings sé átt við að auðkenni nægi, við fyrstu sýn, ekki eitt og sér til að greina einstakling frá öðrum, en slíkt sé engu að síður hægt þar sem auðkennið tengist öðrum upplýsingum (hvort sem ábyrgðaraðili (sbr. d-lið 2. gr. tilskipunarinnar, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000) hefur þær upplýsingar eður ei). Sem dæmi um slíkt megi nefna að fjallað sé um gamalt sakamál í fjölmiðlum án þess að nöfn séu tilgreind en þau megi engu að síður finna í gömlum dagblöðum.

Sérstaklega er vikið að því í álitinu að þó svo að persónugreining með nafni sé algengust í framkvæmd er nafn ekki nauðsynlegt skilyrði þess að einstaklingur teljist persónugreindur. Þegar persónuupplýsingar séu tölvufærðar séu einstaklingum t.d. venjulega gefin auðkenni, þ.e. eins konar tilvísunarnúmer (hér á landi má nefna kennitölur) sem halda skráum tveggja einstaklinga aðgreindum. Á Netinu megi og nota greiningarforrit til að rekja netnotkun tiltekinnar vinnustöðvar og þar með einstaklingsins sem notar hana. Þannig megi gera sér mynd af persónuleika hans og taka ákvarðanir sem beinast að honum á grundvelli þeirrar myndar, s.s. út frá félagslegri stöðu eða fjárhagsstöðu eða sálfræðilegum, heimspekilegum eða öðrum viðmiðum. Þetta sé unnt án þess að þörf sé á persónuauðkennum einstaklings í þrengsta skilningi orðsins.

Við mat á því hvort upplýsingar teljist persónugreinanlegar verði að líta til 26. liðar í formálsorðum tilskipunarinnar. Þar segi að til að ákveða hvort hægt sé að tengja upplýsingar við einstakling skuli tekið mið af öllum aðferðum sem eðlilegt sé að hugsa sér að ábyrgðaraðili eða annar aðili beiti til að bera kennsl á einstakling. Þetta merki að fræðilegur möguleiki á slíku nægi ekki. Meðal þess sem skipti máli í þessu samhengi sé kostnaður við persónugreiningu, tilgangur sem fyrirhugað er að vinna með upplýsingar í, skipulag vinnslunnar, hagsmunir sem henni tengjast, hætta á öryggisfrávikum (s.s. broti á trúnaðarskyldu) og tæknibilunum. Matið eigi að vera breytilegt og taka mið af nýjustu tækni á þeim tíma sem vinnsla fer fram og þróunarmöguleikum á því tímabili sem hún stendur yfir. Upplýsingar, sem varðveita eigi í tíu ár, kunni t.d. að vera ópersónugreinanlegar framan af en ekki þó á níunda ári varðveislunnar vegna nýrrar tækni sem þá sé komin til skjalanna. Upplýsingakerfi ætti að vera unnt að laga að slíku.

Sem dæmi um aðstöðu þar sem reynir á hvort upplýsingar séu persónugreinanlegar er nefnt þegar upplýsingar úr sjúkraskrárum eru afhentar fyrirtæki í þágu lyfjarannsóknar. Nöfn sjúklinganna fylgja ekki með, en gögnin eru merkt með handahófskenndum rannsóknarnúmerum. Nöfnin eru aðeins hjá læknum bundnum þagnarskyldu en ekki fyrirtækinu. Í gögnum, sem afhent eru því, er ekki að finna viðbótarupplýsingar sem gera það kleift að persónugreina sjúklingana með samtengingu, auk þess sem aðrar ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir að bera megi kennsl á hina skráðu. Telur vinnuhópurinn að í tilviki sem þessu geti persónuverndarstofnun komist að þeirri niðurstöðu að upplýsingarnar séu ópersónugreinanlegar.

Vikið er að þeirri aðstöðu þegar sá sem vinnur með upplýsingar segir þær ekki vera persónuupplýsingar þar sem ekki sé vísað til nafns eða annarra beinna auðkenna, en vinnslan hefur þó ekki sýnilegan tilgang ef einstaklingar eru ekki persónugreindir. Þegar tilgangur vinnslunnar bendi til að persónugreina eigi einstaklinga megi gera ráð fyrir að beitt sé aðferðum sem eðlilegt sé að hugsa sér að nota megi til að rekja upplýsingar til tiltekins einstaklings. Sé þá hrópanði mótsögn í því fylg-in að líta svo á að ekki sé um að ræða vinnslu persónuupplýsinga. Sem dæmi um þetta er nefnt þegar sá sem notar eftirlitsmyndavélar heldur því fram að aðeins brot af myndefni, sem safnast upp, sé tengt einstaklingum og engin vinnsla persónuupplýsinga hafi því farið fram fyrir en persónugreining hafi átt sér stað. Til þess beri hins vegar að líta að tilgangur myndavélaeftirlitsins sé að bera kennsl á þá sem sjást á myndum þegar það er talið nauðsynlegt. Þær teljist því persónugreinanlegar allan vinnsluferilinn.

Fjallað er um það þegar tilgangur upplýsingavinnslu er ekki að bera kennsl á einstakling. Í slíkum tilvikum skipti tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir persónugreiningu máli. Það að beitt sé slíkum ráðstöfunum geti skipt sköpum um hvort upplýsingar teljist persónuupplýs-

ingar. Þær séu, m.ö.o., skilyrði þess að upplýsingar teljist ekki til persónuupplýsinga og falli því utan gildissviðs löggjafar um slíkar upplýsingar.

Vikið er að dulkóðun í þessu sambandi. Hún felur í sér að auðkenni eru dulin á þann hátt að sérstök dulkóðunarnúmer koma í stað þeirra. Segir að ef til staðar sé tengiskrá, sem tengir dulkóðunarnúmer við auðkenni, eða dulkóðunarlykill, sem gerir það kleift að breyta dulkóðunarnúmerum í auðkenni (tvíátta dulkóðun), megi telja að um sé að ræða persónuupplýsingar, n.t.t. upplýsingar sem eru persónugreinanlegar með óbeinum hætti. Ef auðkenni séu dulkóðuð á þann hátt að ekki sé hægt að rekja upplýsingarnar til baka (einátta dulkóðun), hafi upplýsingarnar hins vegar verið gerðar ópersónugreinanlegar.

Í klínískum lyfjarannsóknnum reyni á hvort upplýsingar séu persónugreinanlegar. Þar hátti svo til að rannsakandi hafi undir höndum tengiskrá sem tengi auðkenni við sérstök dulkóðunarnúmer – þ.e. það sem kallað er rannsóknarnúmer – sem notuð séu til að merkja með rannsóknargögn. Bak-hjarl, þ.e. sá sem fjármagni rannsókn, fái upplýsingar auðkenndar með rannsóknarnúmerum en ekki auðkennum, enda hafi hann aðeins áhuga á tölfræðilegum niðurstöðum. Til þess beri hins vegar að líta að komi í ljós að lyf sé hættulegt sjúklingum geti reynst nauðsynlegt að m.a. bakhjarl komi að persónugreiningu einstaklinga svo að veita megi þeim viðeigandi meðferð. Því sé um persónuupplýsingar að ræða, enda persónugreining hluti af markmiðum og framkvæmd vinnslunnar. Þetta merki hins vegar ekki að annar ábyrgðaraðili, sem vinnur með upplýsingar kóðaðar á sama hátt, teljist vinna með persónuupplýsingar ef gerðar eru tæknilegar ráðstafanir sem koma algjörlega í veg fyrir að hægt sé að rekja upplýsingarnar til einstaklinga á ný.

Í annars konar rannsóknnum, eða í öðrum þáttum sama rannsóknarverkefnis, geti verið að viðhaft sé verklag og viðeigandi tæknilegar ráðstafanir sem koma eigi í veg fyrir að upplýsingar verði raktar til einstaklings undir nokkrum kringumstæðum. Í slíkum tilvikum kunni að mega líta svo á að upplýsingar séu ópersónugreinanlegar þó svo að t.d. geti komið upp ófyrirsjáanleg atvik sem geri upplýsingar persónugreinanlegar fyrir slysi. Með öðrum orðum, þá kunni að mega líta svo á að upplýsingar teljist ekki persónugreinanlegar sé tekið mið af öllum aðferðum sem *edlilegt* sé að hugsa sér að ábyrgðaraðili eða annar aðili beiti til að rekja þær til einstaklinga (sbr. 26. lið formálsorða tilskipunar 95/46/EB). Því sé hugsanlegt að vinnslan falli utan gildissviðs tilskipunarinnar.

Það að upplýsingar hafi verið aftengdar persónuauðkennum beri að telja fela í sér að hvorki ábyrgðaraðili né annar geti rakið upplýsingar aftur til einstaklings sé tekið mið af öllum þeim aðferðum sem edlilegt sé að hugsa sér að viðhafðar séu til að bera kennsl á einstakling (sbr. 26. lið formálsorða tilskipunar 95/46/EB). Einkum reyni á það hvort persónugreina megi einstakling þar sem unnið er með tölfræðiupplýsingar og mengi einstaklinga, sem tölfræðin lýtur að, er ekki stórt; þá sé hugsanlegt að aðrar upplýsingar geti orðið til þess að greina megi einstaklinga þótt birting upplýsinga sé á samtöluformi.

(d) Orðalagið upplýsingar um „einstakling“ vísi til þess að persónuupplýsingar lúti að mönnum og að réttur til verndar um þær sé ekki bundinn við ríkisborgara eða búsetu í tilteknu landi, sbr. og 2. lið formálsorða tilskipunar 95/46/EB. Að meginreglu sé um að ræða upplýsingar um lifandi einstaklinga.

Meðal annars beri hins vegar að líta til þess að upplýsingar um látna einstaklinga geta líka varðað lifandi einstaklinga; sem dæmi megi nefna að upplýsingar um að foreldri einstaklings hafi látist úr tilteknum sjúkdómi geti falið í sér vísbendingu um að viðkomandi einstaklingur fái einnig sjúkdóminn. Að auki beri að líta til þess að sérreglur kunna að gilda um látna einstaklinga umfram það sem er í persónuverndarlöggjöf, t.d. reglur um trúnaðarskyldu heilbrigðisstarfsmanna og æruvernd. Loks beri að líta til þess að ekkert komi í veg fyrir að aðildarríki mæli fyrir um að innlend persónuverndarlög taki til vinnslu upplýsinga um látna ef lögmætir hagsmunir standi til þess.

Telji beri að persónuverndarreglur geti gilt um ófædd börn að því marki sem innlend löggjöf veiti þeim vernd. Nefnt er sem dæmi að börn, sem eru getin en ekki fædd, geta í sumum aðildarríkjum átt erfðarétt að því gefnu að þau fæðist lifandi. Til þess að ákvarða hvort persónuverndarreglur gildi um

börn ætti að taka mið af almennri nálgun viðkomandi réttarkerfis og því markmiði persónuverndarreglna að vernda einstaklinginn.

Þar sem skilgreining hugtaksins persónuupplýsingar vísi til einstaklinga, þ.e. manna, taki ákvæði tilskipunarinnar að meginreglu ekki til upplýsinga um löggjörðunur. Til þess beri hins vegar að líta að sum ákvæði tilskipunar 2002/58/EB um persónuvernd í fjarskiptum taka til löggjörðuna. Þá geti upplýsingar um löggjörðunur tengst einstaklingum á þann veg að þær verði persónuupplýsingar. Upplýsingar um lítil fyrirtæki geti t.a.m. borið með sér upplýsingar um framferði eigandans. Auk þess hafi aðildarríki visst svigrúm til að víkka gildissvið innlendrar löggjafar þannig að hún nái einnig til löggjörðuna.

Álit nr. 5/2007 um framhaldssamning milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna frá júlí 2007 um vinnslu og miðlun upplýsinga úr farþegaskýrslum (e. Passenger Name Record: PNR) flugfélaga til Heimavarnaráðuneytis Bandaríkjanna. – Þetta álit var gefið út 17. ágúst af tilefni samnings milli ESB og Bandaríkjanna frá 26. júlí þess efnis að evrópsk flugfélög skuli miðla upplýsingum um farþega sína til Heimavarnaráðuneytis Bandaríkjanna (US Department of Homeland Security), m.a. til að nota þær í þágu baráttu gegn hryðjuverkum (um þessa miðlun er einnig fjallað í álitinu nr. 2/2007 sem rakið er hér að framan, en þar er einnig vísað til fleiri álíta vinnuhópsins sem rakin eru í fyrri ársskýrslum Persónuverndar).

Samningurinn tók við af samningi frá 19. október 2006 sem aftur tók við af samningi frá 28. maí 2004. Með dómi hinn 30. maí 2006 hafði Evrópudómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að síðastnefndi samningurinn, sem og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. maí 2004, sem gerð samningsins byggðist á, ætti sér ekki fullnægjandi stöð í þeirri Evrópulöggjöf sem vísað var til, þ.e. tilskipun 95/46/EB (6. mgr. 25. gr.). Ástæðan er sú að vinnsla persónuupplýsinga í þágu almannaöryggis, landvarna, öryggis ríkisins og starfsemi á sviði refsilaga fellur utan hennar, sbr. 2. mgr. 3. gr. (sbr. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 þar sem fram kemur að flest ákvæði laganna gilda ekki á þessum sviðum). Var þá fyrstnefndi samningurinn gerður með vísan til annarra ákvæða Evrópulöggjafar sem þóttu fullnægjandi, þ.e. 24. og 38. gr. stofnsamnings ESB frá 7. febrúar 1992 (Maastrichtsamningsins).

Í álitinu kemur fram að vinnuhópurinn telur hinn nýja samning frá 26. júlí veita lagastöð fyrir umræddri miðlun upplýsinga um flugfarþega til Bandaríkjanna. Víkið er að því að yfirlýsing (e. Undertakings) frá bandarískum stjórnvöldum um hvernig farþegaupplýsingar yrðu verndaðar (sjá umfjöllun um álit nr. 2/2004 í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2004, bls. 119-121), sem lá til grundvallar framangreindri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. maí 2004, gildir ekki lengur. Í stað hennar hefur bandaríska heimavarnaráðuneytið nú lagt fram bréf um vernd upplýsinganna sem byggt var á við gerð hins nýja samnings.

Vinnuhópurinn bendir á að bréf heimavarnaráðuneytisins á að birta í stjórnartíðindum ESB. Hins vegar segir að ekki sé skýrt hvort það verði birt í stjórnartíðindum Bandaríkjanna. Samkvæmt samningnum sé hann bindandi fyrir báða aðila. Minnt er á að samkvæmt samningnum getur ESB sagt honum upp ef ekki er farið eftir honum.

Tilgangi vinnslu umræddra upplýsinga sé lýst svo í bréfi bandaríska heimavarnaráðuneytisins að henni sé ætlað að nýtast til baráttu gegn hryðjuverkum og skyldum glæpum; öðrum alvarlegum glæpum, þ. á m. skipulögðum glæpum, sem séu alþjóðlegir í eðli sínu; og því að flýja megi undan handtökutílskipunum og komast hjá refsivist vegna framangreindra glæpa. Þessi afmörkun tilgangs sé sú sama og í áður nefndri yfirlýsingu og sem fyrr telji vinnuhópurinn hana of víða þar sem ekki sé nægilega vel skilgreint hvað séu hryðjuverk og alvarlegir glæpir.

Einnig bendir vinnuhópurinn á að samkvæmt áður nefndu bréfi megi nota umræddar upplýsingar í öðrum tilvikum en að framan greinir, þ.e. þegar það sé nauðsynlegt í þágu brýnna hagsmuna hins skráða og annarra, vegna meðferðar sakamála og þegar annars sé mælt fyrir um heimild til notkunar upplýsinganna í bandarískum lögum. Vinnuhópurinn nefnir að í fyrrnefndri yfirlýsingu, sem lá til grundvallar samningnum frá 28. maí 2004, var einnig gert ráð fyrir framangreindri rýmkun tilgangs

með vinnslu umræddra upplýsinga. Það hafi þó aðeins átt við um þá aðstöðu þegar þeim hefði verið miðlað til annarra stjórnvalda en þeirra sem halda utan um þær, eins og nánar var mælt fyrir um í samningnum. Nú ætti rýmkun tilgangans hins vegar ekki aðeins við um slíka áframmiðlun heldur í öðrum tilvikum einnig. Lýsir vinnuhópurinn yfir áhyggjum sínum af þessu.

Nefnt er að samkvæmt eldri yfirlýsingu bandarískra stjórnvalda voru takmarkanir við því hverjir hefðu aðgang að upplýsingum um flugfarþega. Segir að í bréfi bandaríska heimavarnaráðuneytisins sé hins vegar ekki að finna neinar takmarkanir við slíku. Vinnuhópurinn harmar þetta. Þá er nefnt að í hinni eldri yfirlýsingu var kveðið á um takmarkanir við því að miðla mætti upplýsingum frá því stjórnvaldi, sem héldi utan um upplýsingar um flugfarþega, til annarra stjórnvalda. Kemur fram að nú sé hins vegar búið að draga mjög úr þeim takmörkunum, þ. á m. við miðlun upplýsinga til stjórnvalda í öðrum ríkjum. Lýsir vinnuhópurinn yfir áhyggjum sínum af þessu.

Listinn yfir þær upplýsingar um flugfarþega, sem afla eigi, sé styttri en áður hafi verið. Taldar hafi verið upp 34 tegundir upplýsinga í yfirlýsingunni, sem lá til grundvallar samningnum frá 28. maí, en nú séu taldar upp 19 tegundir upplýsinga. Til þess beri hins vegar að líta að þessar 19 tegundir upplýsinga séu skilgreindar það vítt að í raun falli undir þær meiri upplýsingar heldur en áður hafi verið beðið um. Á meðal upplýsinganna séu upplýsingar um aðra heldur en flugfarþegana sjálfa. Áður hafi getað komið til þess í ákveðnum tilvikum, m.a. þannig að fram kæmu upplýsingar um greiðanda ferðar (þegar sá væri annar en farþegi). Nú geti hins vegar komið til frekari öflunar upplýsinga um aðra en farþegann sjálfan. Bendir vinnuhópurinn á að þeim einstaklingum sé ókleift að gæta réttinda sinna þar sem þeir viti líkast til ekki af öflun umræddra upplýsinga um sig.

Bent er á að bandaríska heimavarnaráðuneytið áskilur sér rétt til að afla frekari upplýsinga en taldar eru upp í bréfi þess í undantekningartilvikum. Venjulega verði framkvæmdastjórn EB tilkynnt um það með 48 tíma fyrirvara. Vinnuhópurinn bendir á að þetta veiti heimavarnaráðuneytinu svigrúm til að meta hvort tilkynning verði send. Þá megi ráða af bréfi ráðuneytisins að í stað þess að flugfélögin sjái um að koma umræddum viðbótarupplýsingum til þess – eins og eigi að vera reglan (e. push system) – geti það jafnvel sjálft farið inn í gagnagrunna þeirra og sótt þær (e. pull system).

Auk framangreinds sé í bréfi bandaríska heimavarnaráðuneytisins minnst á að bandarísk stjórnvöld og evrópsk lögreglu- og dómsmálayfirvöld (í einstökum aðildarríkjum og einnig t.d. Europol) geti skipst á greiningarupplýsingum (e. analytical information). Vinnuhópurinn segir þetta ýta undir frekara upplýsingaflæði sem ekki sé unnt að sjá að lagastöð sé fyrir.

Hér að framan eru nefndar tvær aðferðir við að koma upplýsingum til bandaríska heimavarnaráðuneytisins, annars vegar að ráðuneytið fari sjálft inn í gagnagrunna flugfélaganna (e. pull) og hins vegar að flugfélögin sjái um að miðla upplýsingunum (e. push). Eins og fyrr segir á hið fyrrnefnda að vera reglan eins og lýst hefur verið yfir af bandarískum stjórnvöldum. Fram koma áhyggjur vinnuhópsins af því að þetta hafi stöðugt frestast og lögð áhersla á að fyrrnefnda fyrirkomulagið verði að fullu komið á 1. janúar 2008. Þá koma fram áhyggjur af takmarkaðri aðkomu flugfélaganna sjálfra að því að móta aðferðir í þessu sambandi. Að auki er þess óskað að upplýst verði hvaða 13 flugfélög það séu sem samkvæmt bréfi heimavarnaráðuneytisins hafa þegar tekið upp fyrrnefnda fyrirkomulagið.

Vikið er að viðkvæmum persónuupplýsingum sem geta verið á meðal farþegaupplýsinga (t.d. upplýsingar um trúarbrögð ef viðkomandi hefur pantað sér máltíð að múslíma- eða gyðingasið og upplýsingar um heilsufar ef viðkomandi þarf sérúrræði vegna fötlunar). Bandaríska heimavarnaráðuneytið hafi skuldbundið sig til að sía þær burt. Vinnuhópurinn telur hins vegar að þar sem flugfélögin bera ábyrgð á upplýsingum um farþega sína sé eðlilegra að þau hafi það verk með höndum. Þá er nefnt að ólíkt því sem var áður – þegar bandarísk stjórnvöld skuldbundu sig til að nota aldrei viðkvæmar persónuupplýsingar – sé nú gert ráð fyrir notkun þeirra í undantekningartilvikum. Þeim verði hins vegar eytt innan 30 daga þegar þær séu ekki lengur nauðsynlegar og haldin verði skrá yfir allan aðgang að þeim. Vinnuhópurinn bendir hins vegar á að erfitt sé að framfylgja þessu ef upplýsingum hefur verið miðlað til annarra stjórnvalda, hvort sem þau eru bandarísk eða erlend.

Nefnt er að samkvæmt bréfi bandaríska heimavarnaráðuneytisins verður varðveislutími farþegaupplýsinga í Bandaríkjunum 15 ár eftir að þær hafa borist úr bókunarkerfum flugfélaga, en áður hafi verið miðað við þrjú og hálf t.ár og átta ár til viðbótar fyrir þær upplýsingar sem flett hefði verið upp. Auk þess sem varðveislutíminn hafi samkvæmt þessu verið lengdur til muna virðist af bréfinu mega ráða að síðar muni komi til frekar framlengingar á varðveislutíma. Vinnuhópurinn lýsir yfir miklum áhyggjum af því, enda hafi sá varðveislutími, sem áður var gert ráð fyrir, verið of langur þótt skemmri væri.

Annað sem vinnuhópurinn v.íkur að er umfjöllun í bréfi bandaríska heimavarnaráðuneytisins um sameiginlega skoðun Bandaríkjanna og ESB á vernd umræddra upplýsinga. Áður hafi verið gert ráð fyrir slíkri sameiginlegri skoðun a.m.k. árlega, en nú sé ekki að finna nein ákvæði um hversu oft hún skuli fara fram og raunar ekki skýrt hvort hún muni fara fram yfir höfuð. Þá er gagnrýnt að ekki sé gert ráð fyrir aðkomu persónuverndarstofnana í aðildarríkjunum sjálfum. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að persónuverndarstofnanir þeirra eigi þar hlut að máli, en það hafi gagnast mjög vel í sameiginlegri skoðun sem fram fór samkvæmt samningnum frá 28. maí 2004; hafi sú skoðun gengið vonum fram. Gagnrýnt er að bæði Bandaríkin og ESB verði samkvæmt bréfi bandaríska heimavarnaráðuneytisins að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig skoðun skuli fram, en það geti leitt til þess að annar aðilinn geti haft víðtæk áhrif á að hverju hún beinist, sem og orðið til þess að skoðun fari aldrei fram.

Þar sem ekki sé skýrt að bréf bandaríska heimavarnaráðuneytisins verði birt í bandarísku stjórnartíðindunum sé óvíst um hvort það geti orðið grundvöllur fyrir að fá framfylgt réttindum til verndar persónuupplýsinga í Bandaríkjunum. Vinnuhópurinn telur það hins vegar jákvætt skref að bandaríska heimavarnaráðuneytið hafi tekið upp þá stefnu að veita einstaklingum, sem ekki eru bandarískir ríkisborgarar eða löglega búsettir í Bandaríkjunum, réttindi samkvæmt stjórnsýslufyrirmælum á grundvelli þarlendrar löggjafar um friðhelgi einkalífs (e. Privacy Act). Þá telur vinnuhópurinn jákvætt að tilkynningar um umrædda vinnslu verði gerðar meira áberandi og lætur þess getið að hann hafi haft áhrif á efni þessara tilkynninga.

Vikið er að því sem segir í bréfi bandaríska heimavarnaráðuneytisins um að yfirvöld í ESB geti gert sams konar kröfur um að fá upplýsingar um bandaríska flugfarþega og Bandaríkin gera gagnvart ríkjum ESB. Vinnuhópurinn telur þetta mega túlka á þann hátt að farið sé fram á það við ESB að veita persónuupplýsingum ekki meiri vernd í þessu sambandi en Bandaríkin gera. Lýsir vinnuhópurinn yfir áhyggjum sínum af þessu. Þá nefnir hann að samkvæmt orðalagi bréfsins sé gerð krafa um að ESB sjái til þess að farið sé að reglum um vernd persónuupplýsinga en að til Bandaríkjanna sé aðeins gerð krafa um að stuðla að því í verki.

Álit nr. 6/2007 um álitæfni varðandi vernd persónuupplýsinga í tengslum við kerfi til samvinnu á sviði neytendaverndar (e. Consumer Protection Cooperation System (CPCS)). – Þetta álit var gefið út 20. september af tilefni gerðar gagnagrunns, sem framkvæmdastjórn EB heldur utan um, til að skiptast á upplýsingum um neytendamálefni, sbr. reglugerð EB nr. 2006/2004. Vinnuhópurinn fagnar því að komið sé á kerfi til að skiptast á slíkum upplýsingum þar eð það geti orðið til að stuðla að því að farið sé að reglum um meðferð persónuupplýsinga. Jafnframt minnir vinnuhópurinn á að tiltekna hættur geta fylgt slíku upplýsingakerfi, einkum þar eð það geti haft í för með sér frekari skipti á upplýsingum en nauðsynlegar eru til virkrar samvinnu á sviði neytendaverndar.

Eins og fjallað er um í álitinu er gagnagrunnurinn nýttur af bæði framkvæmdastjórn EB og neytendaverndarstofnunum í einstökum aðildarríkjum. Í hann eru skráðar upplýsingar um ætluð brot gegn neytendalöggjöf, s.s. í tengslum við markaðssetningu, útvarpsútsendingar, samningsskilmála og rafræn viðskipti. Svo að brot sé skráð í gagnagrunninn þarf það að hafa áhrif í fleiri en einu aðildarríki (e. cross-border nature) og skaða sameiginlega hagsmuni neytenda. Gagnagrunnurinn á að nýtast til að rannsaka slík brot og framfylgja reglum um neytendavernd. Neytendaverndarsamtök aðildarríkja færa inn upplýsingar um ætluð brot. Upplýsingarnar eru settar fram sem skilaboð til annarra yfirvalda, eftir atvikum á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Upplýsingum er eytt ef í ljós kemur að

ekki var um brot að ræða. Ella eru þær geymdar í fimm ár en síðan eytt. Framkvæmdastjórnin hefur eyðingu upplýsinga með höndum.

Yfirvaldi, sem fær skilaboð frá öðru yfirvaldi, er skylt að veita því allar nauðsynlegar upplýsingar til að upplýsa ætlað brot. Þá er yfirvaldi, sem fær vitneskju um brot, sem haft getur áhrif í fleiri en einu ríki ESB, skylt að upplýsa önnur yfirvöld og framkvæmdastjórnina um það með skráningu í gagnagrunninn. Þetta felur í sér að sendar eru viðvaranir. Að auki ber yfirvöldum, sem bregðast við skilaboðum með því að rannsaka mál og grípa til valdheimilda sinna, að upplýsa önnur yfirvöld og framkvæmdastjórnina um það. Yfirvaldi ber að beita viðeigandi úrræðum án tafar eftir að því eru send skilaboð um ætlað brot. Á meðal upplýsinga, sem fram koma í skilaboðum eða svörum við þeim, eru nöfn fyrirtækja, heimilisföng, tölvupóstföng, símanúmer og nöfn framkvæmdastjóra. Talið er upp hvaða upplýsingar skuli koma fram, en að auki er til staðar umræðuvefur og er ekki talið upp sérstaklega hvaða upplýsingar eru veittar þar.

Aðgangur að upplýsingum, sem færðar eru inn í gagnagrunninn, er afmarkaður með mismunandi hætti. Ákveðnir starfsmenn hjá framkvæmdastjórninni, sem koma að neytendaverndarmálum, hafa að meginstefnu til aðgang að öllum upplýsingum, í ákveðnum tilvikum lesaðgang (þannig að þeir geta ekki breytt upplýsingum en geta þó eytt þeim eins og fyrr greinir). Frá því eru þó veigamiklar undantekningar, enda eru ýmis mál, sem fjallað er um í skilaboðum og svörum við þeim, þess eðlis að einungis vissar neytendaverndarstofnanir innan aðildarríkjanna þarfnast aðgangs. Sé um að ræða trúnaðarupplýsingar, sbr. það sem síðar greinir um slíkar upplýsingar, er aðgangur framkvæmdastjórnarinnar takmarkaður.

Aðgangur neytendaverndarstofnana er ákveðinn af þeirri stofnun sem færir inn upplýsingar í það og það skipti. Hún ákveður, m.ö.o., hvaða stofnanir hafa hlutverki að gegna í tengslum við tiltekið mál og fá því aðgang að gögnum. Í ákveðnum tilvikum er aðgangur hafður sérlega þröngur, þ.e. þegar um ræðir það sem nefnt er trúnaðarupplýsingar (e. confidential information). Upplýsingar skulu bundnar slíkum trúnaði sem hér um ræðir þegar aðgangur að þeim myndi ógna friðhelgi einkalífs einstaklings, viðskiptahagsmunum einstaklings, dómsmeðferð og lögfræðiráðgjöf eða hagsmunum af eftirliti neytendaverndarstofnana.

Eins og fyrr greinir heldur framkvæmdastjórnin utan um gagnagrunninn. Hann er varðveittur í upplýsingamiðstöð á hennar vegum í Lúxemborg. Beitt er ýmsum öryggisráðstöfunum og má þar nefna að samskipti á milli gagnagrunnsins, neytendaverndarstofnana í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnarinnar fara ekki fram á Netinu heldur á lokuðu neti sem nefnist TESTA II. Öll umferð um það net er dulkóðuð.

Bæði framkvæmdastjórnin og neytendaverndarstofnanir aðildarríkjanna teljast ábyrgðaraðilar að umræddri vinnslu (sbr. skilgreiningu á ábyrgðaraðila í d-lið 2. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000). Framangreindir aðilar teljast n.t.t. ábyrgðaraðilar að þeirri vinnslu sem þeir hafa með höndum sjálfir (þannig að framkvæmdastjórnin er t.d. ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu sem felst í að halda utan um gagnagrunninn). Neytendaverndarstofnanir aðildarríkjanna falla í þessu tilliti undir persónuverndarstofnanir viðkomandi ríkja en framkvæmdastjórnin undir Evrópsku persónuverndarstofnunina (e. European Data Protection Supervisor (EDPS)).

Fram kemur í álitinu vinnuhópsins að fara verður að reglum persónuverndartilskipunarinnar þar eð í gagnagrunninum eru ekki aðeins upplýsingar um fyrirtæki heldur einnig einstaklinga sem falla undir reglur hennar. Eins og fyrr greinir eru þar upplýsingar um framkvæmdastjóra fyrirtækja. Í sumum tilvikum eru það og einstaklingar – en ekki lögaðilar – sem hafa með höndum starfsemi sem verður tilefni þess að upplýsingar eru færðar í grunninn. Að auki geta verið færðar inn upplýsingar um t.d. eigendur, starfsmenn, kvartendur og vitni.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 7. gr. tilskipunar 95/46/EB (sbr. 8. gr. laga nr. 77/2000). Vinnuhópurinn telur því skilyrði vera fullnægt að vinnslan byggist á lagaskyldu, sbr. c-lið 7. gr. tilskipunarinnar (sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna), en lagaskylda í skilningi ákvæðisins kemur fram í áður nefndri reglugerð EB nr. 2006/2004. Einnig

telur vinnuhópurinn því skilyrði vera fullnægt að um sé að ræða verk sem unnið er í þágu almanna-hagsmuna, sbr. e-lið 7. gr. tilskipunarinnar (sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna).

Í b-lið 6. gr. tilskipunarinnar (sbr. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna) er mælt fyrir um að unnið skuli með persónuupplýsingar í afmörkuðum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi. Vinnuhópurinn vísar til þess að því að samkvæmt 13. gr. reglugerðarinnar skulu umræddar upplýsingar aðeins notaðar til að framfylgja neytendaverndarlögum. Vinnuhópurinn telur þann tilgang samrýmast framangreindu ákvæði tilskipunarinnar en leggur þó áherslu á að í framkvæmdinni verður að afmarka tilganginn nánar, m.a. til að upplýsingar séu aðeins notaðar í þágu þeirra mála sem færsla upplýsinga í gagnagrunninn tengist ekki til kerfisbundinnar leitar að upplýsingum um tiltekna einstaklinga.

Í c-lið 6. gr. tilskipunarinnar (sbr. 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna) er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsyn krefur í þágu tilgangs vinnslunnar. Vinnuhópurinn fagnar því að vel sé afmarkað hvaða upplýsingar eru skráðar í gagnagrunninn; að viðmót er með þeim hætti að nóg er að fylla út þá reiti, sem nauðsynlegir eru hverju sinni; og að aðeins viðeigandi yfirvöld hafa aðgang að gagnagrunninum. Þá telur vinnuhópurinn ákvörðun um hvaða upplýsingar skuli færðar inn í grunnatriðum skynsamlega. Hins vegar bendir vinnuhópurinn á að í sumum tilvikum er tölvuviðmót þannig að starfsmenn, sem skrá inn upplýsingar, verða að meta hversu mikið af upplýsingum þeir skrá inn. Er því bent á að gæta verður meðalhófs í einstökum tilvikum. Mælt er með því að samdar verði verklagsreglur, t.d. í formi algengra spurninga og svara, þar sem sérstök áhersla verði lögð á meðalhóf en einnig fjallað um aðra þætti vinnslunnar.

Bent er á að upplýsingar um nöfn framkvæmdastjóra fyrirtækja geta, vegna samhengisins, birst sem ásanar á hendur þeim um að hafa brotið gegn neytendaverndarlöggjöf. Lögð er áhersla á að upplýsingar um þá birtist ekki nema þegar nauðsynlegt er. Í ákveðnum tilvikum geta upplýsingar um viðskiptavinum fyrirtækja verið færðar inn í gagnagrunninn, t.d. þegar færð eru inn skönnuð skjöl sem hafa að geyma nöfn, netföng, símanúmer o.s.frv. Lögð er áhersla á að slíkar upplýsingar séu ekki færðar inn nema þegar það er nauðsynlegt og bent á þann kost að sverta slíkar upplýsingar í skönnuðum skjölum. Einnig er lögð áhersla á að framangreindur umræðuvefur geti almennt ekki talist vettvangur til að færa inn persónuupplýsingar. Þá er almennt tekið fram að persónuupplýsingar eigi aðeins að færa inn í gagnagrunninn ef rökstuddur grunur sé um brot, sem og að aðgangur bæði framkvæmdastjórnarinnar og neytendaverndaryfirvalda í einstökum aðildarríkjum eigi ekki að fara fram úr því sem nauðsynlegt er.

Vikið er að því að samkvæmt d-lið 6. gr. tilskipunar 95/46/EB (sbr. 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000) eiga persónuupplýsingar að vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Upplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmáðar eða leiðréttar. Til að tryggja sé að farið sé að þessari kröfu leggur vinnuhópurinn til að reglulega sendi gagnagrunnurinn frá sér viðvaranir um að farið skuli yfir tilteknar upplýsingar, t.d. á árs eða hálf árs fresti, til að meta hvort þær skuli afmáðar eða leiðréttar.

Samkvæmt e-lið 6. gr. tilskipunar 95/46/EB (sbr. 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000) eiga persónuupplýsingar að vera varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en nauðsyn krefur miðað við tilgang vinnslu. Vinnuhópurinn bendir á að rök skortir fyrir varðveislu upplýsinga í fimm ár þegar staðfest er að brot hefur verið framið gegn neytendaverndarlöggjöf. Varðveislun geti orðið til þess að framkvæmastjórar, starfsmenn og aðrir einstaklingar, sem minnst er á í færslum í gagnagrunninum, fái á sig þann stimpil að þeim sé ekki treystandi – jafnvel að ósekju. Lagt er til að ákvæði í reglugerð EB nr. 2006/2004 um fimm ára varðveislu verði túlkuð eins þröngt og mögulegt er og að farið verði nánar yfir hversu lengi varðveita þurfi upplýsingar. Í framhaldi af því er lagt til að reglum um varðveislu verði breytt.

Þegar máli er lokað án þess að í ljós komi að framið hafi verið brot á, eins og fyrr segir, að eyða upplýsingum. Vinnuhópurinn bendir á hættuna á því að mál dragist á langinn og að það gleymist að loka þeim eða að það farist fyrir að eyða upplýsingum af öðrum orsökum. Hann leggur til að komið verði á því fyrirkomulagi að eftir að tiltekinn tími hefur liðið án þess að neitt hafi gerst í máli verði

upplýsingum um það sjálfkrafa eytt eftir að send hefur verið viðvörðun til viðkomandi yfirvalds þannig að það geti brugðist við.

Bent er á að viðkvæmar persónuupplýsingar um uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúar- eða lífsskoðanir, stéttarfélagasáðild, heilsuhagi og kynlíf ættu ekki að vera í gagnagrunninum nema í algjörum undantekningartilvikum sem ætti þá að afmarka þröngt. Upplýsingar um refsiverða háttsemi eigi að afmarkast við það sem nauðsynlegt sé til að tilganginum með vinnslu persónuupplýsinga í gagnagrunninum verði náð. Upplýsingar um kennitölur, sem notaðar kunna að vera í einstökum aðildarríkjum, megi aðeins færa inn þegar ekki sé hægt að auðkenna viðkomandi einstakling á annan hátt (t.d. með nafni og starfstitli).

Samkvæmt reglum um gagnagrunninn eru takmarkanir við því að einstaklingar fái vitneskju um að upplýsingar um þá séu þar skráðar, enda gæti slíkt stofnað tilganginum með vinnslu upplýsinganna í hættu, þ.e. að hamlá gegn brotum á neytendaverndarlöggjöf. Vinnuhópurinn leggur áherslu á að umræddum takmörkunum sé aðeins beitt þegar slíkt sé nauðsynlegt í þágu þessa tilgangs. Þá leggur vinnuhópurinn til að framkvæmdastjórnin og neytendaverndaryfirvöld í aðildarríkjunum birti fræðslu á heimasíðum sínum um vinnsluna, sem og sendi hinum skráðu tilkynningar með slíkri fræðslu þegar upplýsingar um þá eru færðar inn, enda eigi framangreindar takmarkanir ekki við. Að auki verði að veita hinum skráðu viðeigandi fræðslu þegar þeir æski þess sjálfir að fá aðgang að upplýsingum sem skráðar séu um þá, enda séu ekki aðstæður slíkar að réttlæti undantekningu frá því. Þar sem upplýsingar geti tengst meðferð mála í fleiru en einu aðildarríki verði að hafa ákveðið samráðsferli þar sem yfirvald – og eftir atvikum framkvæmdastjórnin, sem fær beiðni um aðgang – veitir öðrum yfirvöldum, sem koma að málinu, færi á að tjá sig. Berist ekki svar innan hæfilegs frests eða ef ekki er komið á framfæri andmælum geti viðkomandi aðili veitt aðgang. Séu viðkomandi yfirvöld ekki sammála um hvort veita skuli aðgang ráði það yfirvald sem færði inn upplýsingarnar.

Framkvæmdastjórn EB hefur, samkvæmt reglum um gagnagrunninn, möguleika á að veita undanþágu frá grundvallarreglum um gæði gagna og vinnslu (sbr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB, sbr. 7. gr. laga nr. 77/2000, þ.e. ákvæði um það m.a. að upplýsingar skulu unnar í yfirlýstum, skýrum og málfnalegum tilgangi; að vinnsla skal ekki vera umfram það sem nauðsyn krefur í þágu þess tilgangs; og að persónuupplýsingar skulu vera áreiðanlegar). Vinnuhópurinn vísar til 13. gr. tilskipunar 95/46/EB þar sem fram kemur að veita má undanþágur frá umræddum grundvallarreglum þegar um ræðir vinnslu í þeim tilgangi að upplýsa refsiverða háttsemi. Leggur vinnuhópurinn áherslu á að þessum undanþágum sé aðeins beitt þegar slíkt sé óhjákvæmilegt.

Bent er á 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 45/2001/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga á vegum Evrópustofnana. Samkvæmt því ákvæði verður Evrópska persónuverndarstofnunin (EDPS) að veita leyfi fyrir starfrækslu gagnagrunnsins (e. prior checking). Minnt er á að einstaklingar, sem telja framkvæmdastjórnina hafa brotið trúnað eða ekki hafa gætt nægilega vel að öryggi upplýsinga, geta kvartað til EDPS.

Vikið er að flutningi persónuupplýsinga í gagnagrunninum til neytendaverndaryfirvalda í löndum utan ESB. Kemur fram að áður en upplýsingum er miðlað er óskað eftir samþykki þess neytendayfirvalds í aðildarríki sem skráði upplýsingarnar. Þá kemur fram að miðlun upplýsinga getur fyrst og fremst helgast af d-lið 26. gr. tilskipunar 95/46/EB (sbr. 7. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000), en þar segir að miðlun sé heimil sé hún nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna brýnna almannahagsmuna. Lagt er til að í samstarfssamningum við neytendaverndaryfirvöld utan ESB verði höfð ákvæði sem tryggir fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.

Álit nr. 7/2007 um álitafni varðandi vernd persónuupplýsinga í tengslum við Upplýsingakerfi innri markaðarins (e. Internal Market Information System (IMI)). – Þetta álit var gefið út 20. september af tilefni gerðar upplýsingakerfis sem stjórnvöld í aðildarríkjum ESB myndu nota til að skiptast á upplýsingum í tengslum við framkvæmd löggjafar á grundvelli tilskipunar 2006/123/EB um þjónustu á hinum innri markaði og tilskipunar 2005/36/EB um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi.

Upplýsingakerfið verður aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum aðildarríkjanna á Netinu. Ábyrgð á m.a. færslu upplýsinga, aðgangsheimildum, leiðréttingu og eyðingu mun alfarið hvíla á þeim. Framkvæmdastjórnin mun hins vegar varðveita gagnagrunninn í Lúxemborg, auk þess sem hún sér um að eyða upplýsingum. Telur vinnuhópurinn að framkvæmdastjórnin verði að bera ábyrgð á þeim vinnsluáðgerðum sem hún hefur með höndum.

Bent er á að þegar yfirvald í tilteknu aðildarríki sendir beiðni í gegnum upplýsingakerfið til annars aðildarríkis getur þurft fleiri en eitt stjórnvald til að veita umbeðin svör. Í ljósi þess telur vinnuhópurinn þá ráðstöfun skynsamlega að innan aðildarríkjanna muni sérstakir aðilar hafa með höndum það verkefni að tilgreina þau yfirvöld sem beina þarf beiðni um upplýsingar til hverju sinni. Þessir aðilar – svonefndir samhæfingaraðilar (e. coordinators) – munu geta séð lista yfir öll erindi sem send eru frá yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis eða berast þeim í gegnum upplýsingakerfið. Vinnuhópurinn lýsir yfir ánægju sinni með að á slíkum listum verða engar persónuupplýsingar. Jafnframt lýsir hann yfir þeirri afstöðu sinni að mæla mætti skýrar fyrir um þessa reglu. Þá telur hann þörf á að afmarka nánar hver munurinn sé á hlutverki samhæfingaraðilanna, framkvæmdastjórnarinnar og yfirvalda í einstökum aðildarríkjum. Meðal þess sem þurfi að afmarka sé hverjir beri ábyrgð á einstökum vinnsluáðgerðum.

Í þessu sambandi nefnir vinnuhópurinn að í tengslum við umrætt upplýsingakerfi myndist óvenju flókið net ábyrgðaraðila annars vegar og vinnsluaðila hins vegar. Með ábyrgðaraðilum er átt við þá sem ákveða markmið og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. d-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB (sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000), en með vinnsluáðilum þá sem vinna með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. e-lið 2. gr. tilskipunarinnar (sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000). Á milli ábyrgðaraðila og vinnsluaðila verður í einstökum tilvikum að gera samning þar sem fram kemur að vinnsluáðili skuli aðeins starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila, sbr. 3. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar (sbr. 1. og 2. mgr. 13. gr. laganna).

Þær upplýsingar, sem unnið yrði með í umræddu upplýsingakerfi, myndu lúta að miklum fjölda einstaklinga, þ.e. farandverkamanna og þjónustuveitenda sem nýta sér ferðafrelsi innan ESB. Á meðal þeirra upplýsinga, sem yrðu skráðar, eru nöfn, símanúmer, tölvupóstföng, fæðingardagar, þjóðerni og faggreinar en einnig viðkvæmari upplýsingar, s.s. um agaviðurlög, refsingar og það hvort viðkomandi sé heimilt að stunda viðkomandi starfsemi.

Vikið er að ákvæðum í tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi og tilskipun 2006/123/EB um þjónustu á hinum innri markaði. Í 56. gr. fyrrnefndu tilskipunarinnar er fjallað um skipti yfirvalda í einstökum aðildarríkjum á upplýsingum, þ. á m. um aga- og refsiviðurlög. Í 28. og 34. gr. síðarnefndu tilskipunarinnar er einnig minnst á upplýsingaskipti og er sérstaklega fjallað um rafrænt upplýsingakerfi í 34. gr.

Vinnuhópurinn vísar til þess að einhverju skilyrða 7. gr. tilskipunarinnar þarf að vera fullnægt svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil og vísar í því sambandi til c-liðar um að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu (sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000). Hann telur þetta ákvæði heimila umrædda vinnslu að því marki sem hún sé nauðsynleg og falli undir tilskipun 2006/123/EB en þó að því gefnu að mælt sé fyrir um skyldu til umræddrar vinnslu í lögum viðkomandi aðildarríkis. Hann telur hins vegar vafa leika á um hvort þessu skilyrði sé fullnægt við vinnslu sem fellur undir tilskipun 2005/36/EB, enda sé þar ekki að finna ákvæði um rafrænt upplýsingakerfi. Vinnslan geti þó einnig fallið e-lið 7. gr. tilskipunar 95/46/EB (sbr. 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000), þ.e. um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna. Engu að síður telur vinnuhópurinn tilefni til að mæla frekar fyrir um vinnsluna í Evrópulöggjöf og afmarka m.a. nánar hvaða upplýsingar eigi að skrá og hlutverk og ábyrgð einstakra aðila sem koma að vinnslunni.

Minnt er á mikilvægi þess að gætt sé meðalhófs við umrædda vinnslu, bæði hvað varðar þær upplýsingar sem skráðar eru í upplýsingakerfið og afmörkun aðgangsheimilda að því. Afmarka eigi, eftir því sem mögulegt sé, hvers konar upplýsingum yfirvöld í aðildarríkjum muni skiptast á með notkun gagnagrunnsins og birta lista yfir þær. Að auki verði varðveislutími upplýsinga að samrýmast með-

alhófskröfum. Gert sé ráð fyrir sex mánaða varðveislu í gagnagrunni framkvæmdastjórnar EB í Lúxemborg og kallar vinnuhópurinn eftir því að framkvæmdastjórnin útskýri hverjar ástæðurnar fyrir þeim varðveislutíma séu. Þá minnir vinnuhópurinn á að ef yfirvöld í einstökum aðildarríkjum varðveita upplýsingar má sú varðveisla ekki fara fram úr meðalhófskröfum.

Fjallað er sérstaklega um viðkvæmar persónuupplýsingar sem skráðar kunna að vera (sbr. 1. og 5. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000), t.d. um heilsufar og má þar nefna upplýsingar um fatlaða starfsumsækjendur. Fram hefur komið af hálfu framkvæmdastjórnarinnar að það er ekki ætlunin að skrá slíkar upplýsingar í upplýsingakerfið. Vinnuhópurinn telur hins vegar að kveða verði fastar að orði og banna slíka skráningu nema í afmörkuðum undantekningartilvikum. Hann víkur sérstaklega að skráningu upplýsinga um refsiverða háttsemi og telur að halda eigi henni í lágmarki. Nefnt er sem dæmi að hafi það ekki áhrif á starfsréttindi lögmanns að hann hafi gerst sekur um umferðarlagabrot eigi upplýsingar úr sakaskrá þess efnis ekki að vera færðar inn í gagnagrunninn. Einnig er vikið að kennitölum, en strangar reglur gilda um meðferð þeirra í sumum aðildarríkjum; bendir vinnuhópurinn á að aðildarríkin geta sjálf ákveðið hvernig fara skuli um skráningu þeirra í gagnagrunninn og notkun þeirra.

Lögð er áhersla á að veitt sé fræðsla um vinnsluna, bæði með umfjöllun á viðeigandi heimasíðum og tilkynningum til þeirra einstaklinga sem upplýsingar lúta að. Einnig er lögð áhersla á að einstaklingar geti að eigin beiðni fengið vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig og fengið fram leiðréttingu eða eyðingu upplýsinga þar sem við á, s.s. þar sem upplýsingar séu óáreiðanlegar. Undantekningar frá rétti til vitneskju um vinnslu verði að byggjast á persónuupplýsingalöggjöf viðkomandi aðildarríkis og eiga sér brýnar ástæður. Hinn skráði verði að fá að vita um ástæður þess að synjað sé um veitingu vitneskju um vinnslu og að hann geti, eftir atvikum, leitað til annars stjórnvalds eða borið mál sitt undir persónuverndarstofnun viðkomandi aðildarríkis. Þegar upplýsingar séu leiðréttar eða þeim eytt beri því stjórnvaldi, sem stendur að leiðréttingu eða eyðingu, að hafa samband við aðra aðila sem hafa unnið með upplýsingarnar til að tryggja að þeir leiðrétti upplýsingarnar einnig eða eyði þeim.

Bent er á að gæta þarf að öryggi persónuupplýsinga, m.a. að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að upplýsingum og að upplýsingar glatist ekki eða breytist fyrir slysi. Framkvæmdastjórnin verði að huga að öryggismálum í tengslum við varðveislu upplýsinga í gagnagrunninum í Lúxemborg, en einstök aðildarríki verði einnig að huga að öryggismálum, þ.e. í tengslum við gagnasendingar. Þar sem framkvæmdastjórnin telji sig ekki þurfa aðgang að persónuupplýsingum í gagnagrunninum leggur vinnuhópurinn til að þær verði dulkóðaðar til að tryggja örugg skipti á upplýsingum milli yfirvalda í einstökum aðildarríkjum.

Vikið er að því að í sumum aðildarríkjum kann sú vinnsla sem hér er ræðir að vera háð því að persónuverndarstofnun veitti leyfi sitt til hennar eða að sett séu um hana sérstök lög. Þá er minnt á að þann hluta vinnslunnar, sem framkvæmdastjórn EB hefur með höndum, verður að tilkynna til Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (e. European Data Protection Supervisor (EDPS)).

Álit nr. 8/2007 um vernd persónuupplýsinga í Jersey. – Þetta álit, sem var gefið út 9. október, fjallar um það hvort Jersey veiti persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi tilskipunar 95/46/EB. Jersey – sem nýtur sérstakrar stjórnskipulegrar stöðu innan Bretlands og tilheyrir því ekki ESB – hefur æskt þess af framkvæmdastjórn EB að vera talið veita slíka vernd og að því skuli vera heimilt að flytja persónuupplýsingar þangað með sama hætti og milli aðildarríkja að tilskipuninni, en framkvæmdastjórnin ákveður hvaða lönd það séu sem þetta gildir um, sbr. 6. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar. Hún óskaði eftir umsögn vinnuhópsins og birtist hún í álitinu. Er niðurstaða vinnuhópsins sú að Jersey veiti persónuupplýsingum nægilega vernd.

Álit nr. 9/2007 um vernd persónuupplýsinga í Færeyjum. – Þetta álit, sem var gefið út 9. október, fjallar um það hvort Færeyjar veiti persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi tilskipunar 95/46/EB. Færeyjar hafa æskt þess af framkvæmdastjórn EB að vera taldar veita slíka vernd og að því skuli

vera heimilt að flytja persónuupplýsingar þangað með sama hætti og milli aðildarríkja að tilskipuninni, en framkvæmdastjórnin ákveður hvaða lönd það séu sem þetta gildir um, sbr. 6. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar. Hún óskaði eftir umsögn vinnuhópsins og birtist hún í álitinu. Er niðurstaða vinnuhópsins sú að Færeyjar veiti persónuupplýsingum nægilega vernd.

Álit nr. 10/2007 um 8. tilskipunina um endurskoðun. – Þetta álit var gefið út 23. nóvember og tengist tilskipun 2006/43/EB um endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, en hún er oft nefnd „8. tilskipunin“. Í tilskipuninni er fjallað um skilyrði þess að hafa endurskoðun með höndum, sem og eftirlit með endurskoðun. Þá er fjallað um það þegar endurskoðendur, endurskoðunaryfirtæki eða endurskoðunaryfirvöld í aðildarríkjum EES senda skjöl, sem unnið er með við framkvæmd endurskoðunar, til endurskoðunaryfirvalda í ríkjum utan EES, þ.e. svonefndum þriðju ríkjum, sbr. 47. gr. tilskipunarinnar. Fjallar álit vinnuhópsins sérstaklega um þessa sendingu endurskoðunarskjala á þeim grundvelli að í þeim geti verið persónuupplýsingar, m.a. um endurskoðendur og aðra sérfræðinga endurskoðunaryfirtækja. Kemur fram að upplýsingarnar geta verið viðkvæmar og tengst dómsmálum.

Miðlun persónuupplýsinga til landa utan ESB, sem ekki veita slíkum upplýsingum fullnægjandi vernd, er óheimil, sbr. 1. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB. Frá því eru þó undantekningar. Telur vinnuhópurinn þá undantekningu sem mælt er fyrir um í d-lið 1. mgr. 26. gr. geta átt hér við, þ.e. að miðlun sé heimil sú hún nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast hennar eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur (sbr. 7. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000). Segir í áliti vinnuhópsins að túlka beri svigrúm til miðlunar með stöð í þessu ákvæði þröngt og bendir á að gæta verður þess að aðeins sé miðlað þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna brýnna almannahagsmuna. Álit vinnuhópsins lýtur einkum að því þegar endurskoðunaryfirvöld í ríkjum ESB miðla upplýsingum, en það er meginreglan samkvæmt tilskipun 2006/43/EB að þau hafi miðlunina með höndum. Aðeins í undantekningartilvikum eiga endurskoðendur eða endurskoðunaryfirtæki að miðla upplýsingum. Telur vinnuhópurinn þörf á að afmarkað verði hver þessi undantekningartilvik séu.

4.6.5. Um vorkund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana

Vorkundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn á Kýpur 10.-11. maí. Forstjóri sótti fundinn. Þar var m.a. rætt um meðferð persónuupplýsinga í fjölmiðlum; vinnslu persónuupplýsinga á sviði löggæslu og í þágu þjóðar- og almannaoýruggis; starf vinnuhóps um lögreglumál (sbr. kafla 4.6.8 hér á eftir); almennt um hvernig vernda ætti persónuupplýsingar í framtíðinni; og þau mál sem efst eru á baugi.

Á fundinum var samþykkt yfirlýsing um að efla skuli starf framangreinds vinnuhóps um lögreglumál. Þá var samþykkt yfirlýsing um drög að rammaákvörðun ESB um vinnslu persónuupplýsinga vegna samstarfs á sviði löggæslu og dómsmeðferðar refsímála. Í yfirlýsingunni er hvatt til þess að slík ákvörðun taki ekki aðeins til þess þegar aðildarríki skiptast á upplýsingum – eins og fyrirhugað er – heldur til allrar upplýsingavinnslu á umræddu sviði. Þá segir að fyrirliggjandi drög að rammaákvörðun frá 13. mars 2007 – sem kynnt voru af Þýskalandi, sem þá fór með forsæti ESB – séu ófullnægjandi og veiti ekki jafnmikla vernd og sé þegar veitt í löggjöf ýmissa aðildarríkja. Lögð er áhersla á að í rammaákvörðun verði skýr tilgreining á tilgangi vinnslu þar sem ekki sé neins staðar að finna ákvæði sem leyfi vinnslu í öðrum tilgangi en vegna samstarfs á sviði löggæslu og dómsmeðferðar refsímála; að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga verði óheimil nema þegar einhver af afmörkuðum undantekningum á við; að gerður sé greinarmunur á einstökum hópum skráðra einstaklinga (t.d. vitna annars vegar og sakborninga hins vegar); að skýrar reglur séu um hvenær flytja megi persónuupplýsingar til landa utan ESB; að skýrlega sé kveðið á um skyldu til að veita hinum skráðu vitneskju um vinnslu og að undantekningar frá þeirri skyldu séu vel afmarkaðar; að hinir skráðu eigi ávallt að geta skotið því til æðra stjórnvalds ef þeim sé neitað um að fá að vita hvaða upplýsingar séu skráðar um

þá; að tilkynningar til persónuverndarstofnana og leyfi frá þeim, þar sem það á við, skuli vera skilyrði fyrir vinnslu; og að sameiginleg, evrópsk eftirlitsstofnun á umræddu sviði skuli njóta sjálfstæðis.

Einnig var á fundinum samþykkt yfirlýsing varðandi þá vinnslu persónuupplýsinga sem hin svokallaða meginregla um aðgengi (e. principle of availability) hefur og getur haft í för með sér. Sú regla felur í sér að upplýsingar, sem löggæsluyfirvöld í einstökum aðildarríkjum hafa tiltækar, eiga að vera aðgengilegar löggæsluyfirvöldum í öðrum aðildarríkjum. Þá er jafnvel gert ráð fyrir að upplýsingar hjá öðrum aðilum, bæði einkaaðilum og opinberum stofnunum, eigi að vera aðgengilegar með sambærilegum hætti. Framangreind rammaákvörðun myndi m.a. hafa að markmiði að koma á umræddri reglu. Sem dæmi um upplýsingaskipti, sem segja má að falli undir hana, má nefna skipti á upplýsingum fyrir tilstilli Schengen-gagnagrunnsins (sjá umfjöllun í kafla 4.6.6 hér á eftir) og VIS-upplýsingakerfisins (sjá umfjöllun um álit nr. 3/2007 frá vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB í kafla 4.6.4 hér að framan).

Í yfirlýsingunni segir að notkun persónuupplýsinga með vísan til meginreglunnar um aðgengi geti aðeins verið heimil þegar mælt er fyrir um hana í lögum og hún er nauðsynleg til að gæta þjóðar- og almännaöryggis og til að koma í veg fyrir afbrot, rannsaka þau, hafa á þeim gætur og saksækja fyrir þau. Lög þurfi að vera skýr og skiljanleg og hafa að geyma ákvæði um sjálfstætt eftirlit með að farið sé eftir þeim. Vinnsla persónuupplýsinga megi ekki fara fram úr því sem málefnalegt og nauðsynlegt er. Áður en sett sé löggjöf um ný úrræði verði því að meta hvort úrræði á grundvelli fyrirliggjandi löggjafar séu ekki nægileg. Íhlutun í friðhelgi einkalífs eigi að halda í lágmarki og þegar slíka íhlutun megi réttlæta með því að verið sé að berjast gegn hryðjuverkum merki það ekki að íhlutunin sé heimil til að berjast gegn minniháttar brotum. Auk þess verði að gera greinarmun á einstökum flokkum upplýsinga og vinnslutegunda þannig að t.d. sé gerður greinarmunur á upplýsingum um vitni, sakborninga, sakfellda einstaklinga og þá sem hafa verið sýknaðir; að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að tryggja persónuvernd við notkun lífkenna (s.s. fingrafara og augnmynstur); og að með sama hætti séu gerðar sérstakar ráðstafanir þegar um ræðir vinnslutegundir sem fela í sér sérstaka hættu, t.d. ákveðnar tegundir vöktunar. Einnig verði að gæta þess að aðgangur að persónuupplýsingum sé háður því að um sé að ræða einstök mál eða eftirlitsaðgerðir. Þá verði að vera virkt eftirlit með því að farið sé að kröfum um vernd persónuupplýsinga.

4.6.6. Um starf Sameiginlegu Schengen-efirlitsstofnunarinnar – JSA

Hér er um að ræða sjálfstæða stofnun sem starfar samkvæmt 115. gr. samnings frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum. Stofnunin hefur aðsetur í Brussel. Persónuvernd tekur þátt í starfsemi stofnunarinnar í samræmi við 18. gr. laga nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi þar sem kveðið er á um að hún hafi eftirlit með því upplýsingakerfi.

Upplýsingakerfum Schengen má skipta í þrjá meginhluta, þ.e. „Schengen Information System“ (SIS), „Supplementary Information Request at National Entry“ (SIRENE) og „Visa Inquiry Open Border Network“ (VISION). Þessi upplýsingakerfi eru notuð til að tryggja framgang Schengen-samkomulagsins, s.s. til að framfylgja megi banni við endurkomu útlendings inn á Schengen-svæðið og til að tryggja að fara megi að beiðni um að handtaka eftirlýstan mann.

SIS er byggt upp í kringum miðlægan gagnagrunn, þ.e. „Central SIS“ (C.SIS) þar sem varðveittar eru upplýsingar um m.a. brottvísanir frá aðildarríkjum Schengen, en gagnagrunnurinn er staðsettur í Strassborg í Frakklandi. Í hverju Schengen-þátttökulandi eru svokölluð „National SIS“ (N.SIS) sem hafa að geyma afrit af C.SIS-gagnagrunninum. Aðilar í hverju landi leita í sínu N.SIS. Nýjar upplýsingar eru færðar inn í C.SIS og uppfærðar þaðan í öll N.SIS, þ.e. skráningarupplýsingar þátttökulands eru ekki færðar beint í N.SIS viðkomandi lands. Schengen-upplýsingakerfið er þannig uppbyggt að aðildarlöndin geta ekki skipst á upplýsingum beint hvert til annars heldur einungis með skeytasendingum til C.SIS sem fullgildir skráningar og varpar þeim síðan til gagnagrunna þátttökulandanna. Með reglubundnu millibili eru N.SIS þátttökulandanna borin saman við C.SIS til að tryggja samræmi í skráningu.

Nú er unnið að framtíðaruppfærslu með algerlega nýrri högun fyrir C.SIS, svonefndu SIS II. Núverandi útgáfa ræður ekki við fleiri en 18 aðildarlönd og á SIS II að bæta úr því. Litið er til stækunar ESB til austurs í þessu sambandi og reiknað með að fleiri lönd eigi eftir að bætast við síðar.

Helstu verkefni JSA-stofnunarinnar eru þessi:

- Persónuverndarmál í tengslum við Schengen.
- Eftirlit með öryggis-, aðgang- og persónuverndarþáttum í rekstri C.SIS í Strassborg.
- Ráðgefandi hlutverk varðandi öryggismál upplýsingakerfisins.
- Samstarf við persónuverndarstofnanir í þátttökulöndum samstarfsins.
- Að samræma innlenda lagaframkvæmd og lagatúlkun í málum er upp koma vegna Schengen-upplýsingakerfisins.

Á árinu 2007 voru haldnir fjórir fundir. Sóttir voru fundir er haldnir voru 6. mars, 27. júní og 18. desember. Fundur, er haldinn var 16. október, var ekki sóttur vegna anna stofnunarinnar.

Á fundunum var m.a. fjallað um sameiginlega úttekt JSA á upplýsingakerfum Schengen samkvæmt 99. gr. Schengen-samningsins, en þar er mælt fyrir um skráningu einstaklinga og ökutækja til að unnt sé að viðhafa leynilegt eftirlit („skyggingu“, eins og það er orðað í íslenski þýðingu samningsins) og svonefnda markvissa leit, þ. á m. líkamsleit og líkamsrannsókn. Skráning í þessu skyni er í fyrsta lagi heimil til að tryggja almannaoöryggi þegar um ræðir rannsókn eða meðferð opinbers máls, enda leiki rökstuddur grunur á um að maður fremji eða muni fremja mjög alvarleg afbrot eða heildarmat á viðkomandi manni, þ.m.t. á þeim brotum sem hann hefur framið, bendir til þess að hann muni fremja slík afbrot. Í öðru lagi er skráning heimil þegar ótvíræð gögn benda til þess að upplýsingar um dvalarstað, ferðaleið, ákvörðunarstað, fylgdarmenn eða farþega, hluti meðferðis eða við hvaða aðstæður maður eða ökutæki finnst séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að alvarleg hætta stafi af viðkomandi manni eða alvarlegar ógnanir fyrir öryggi ríkisins. Taldi JSA nauðsynlegt að gera úttekt á þessu vegna mikils fjölda skráninga samkvæmt 99. gr. í tilteknum aðildarríkjum, m.a. til að ganga úr skugga um að þær væru ekki notaðar til að skrá mótmælendur, umhverfisverndarsinna o.þ.h. Úttektinni lauk í desember 2007 (þeim hluta hennar, sem varðaði Ísland og sem Persónuvernd framkvæmdi, lauk þó árið 2006) og var mjög misjafnt eftir aðildarríkjum hvernig ákvæðinu hafði verið beitt. Sums staðar kom í ljós að upplýsingar höfðu verið skráðar án heimildar. Á Íslandi var hins vegar ekkert skráð með vísan til 99. gr.

Á fundum JSA var einnig m.a. fjallað um SIS II. JSA hefur frá upphafi fylgst með þróun þess gagnagrunns og leitast við að hafa áhrif á uppbyggingu hans með tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Einnig var fjallað um aðgang lögregluþyrvalda og öryggisstofnana að SIS II. Samkvæmt gildandi reglum á aðeins að nota gagnagrunninn í í þágu markmiða sem sérstaklega eru tilgreind í Schengen-samningnum (sbr. 1. mgr. 102. gr. samningsins, sbr. og 9. gr. laga nr. 16/2000)), en í auknum mæli er þrýst á um að nota megi gagnagrunninn í þágu almennari löggæslumarkmiða; mæta þau áform andstöðu frá persónuverndarstofnunum.

Einnig var til umfjöllunar hvernig 111. gr. Schengen-samningsins um rétt einstaklinga til að fá fram eyðingu eða leiðréttingu á upplýsingum hefur verið beitt. Þá var til umfjöllunar hvort skráðar hefðu verið upplýsingar um EES-borgara með vísan til 96. gr. um skráningu til að framfylgja endurkomubanni, en óheimilt er að skrá upplýsingar um EES-borgara samkvæmt því ákvæði. Í mars 2007 greindi Persónuvernd JSA frá niðurstöðum athugunar sinnar á þessu, en í ljós kom að hér á landi var ekki brotið gegn þessu banni.

Að auki var til umfjöllunar hvernig 102. gr. hefði verið beitt þar sem fjallað er um skráningu upplýsinga um ökutæki, m.a. í þeim tilgangi að hafa uppi á mönnum sem rökstuddur grunur er á um að fremja muni hættuleg afbrot. Samkvæmt 102. gr. A eiga yfirvöld, sem fara með skráningu ökutækja, að fá tiltekinn aðgang að upplýsingum um ökutæki og var n.t.t. fjallað um hvernig staðið hefði verið að því.

Tekið skal fram að lokum að miklar breytingar kunna að vera í vændum í tengslum við stjórn-sýslu á þessu sviði. Um það vísast til álits nr. 6/2005 frá vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, en fjallað er um það í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2005 (bls. 69-71).

4.6.7. Um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og starf EDPS í tengslum við hann

Meðal hlutverka EDPS (European Data Protection Supervisor), þ.e. Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, er að hafa eftirlit með Eurodac-fingrafaragagnagrunninum, sbr. reglugerð nr. 2000/2725/EB, sbr. og reglugerð nr. 2002/407/EB. Tók stofnunin við þessu hlutverki af Sameiginlegu Eurodac-eftirlitsnefndinni árið 2005.

Þau ríki, sem eru skuldbundin af framangreindum reglugerðum, eiga að skrá í umræddan gagnagrunn fingraför tiltekinna útlendinga, þ. á m. hælisleitenda, og eiga með rafrænum hætti að geta spurst fyrir um hvort fingraför útlendingis hafi verið skráð í hann. Hlutverk EDPS í þessu sambandi er að tryggja að ekki verði brotið gegn réttindum hinna skráðu við þessa vinnslu persónuupplýsinga og hafa eftirlit með lögmæti miðlunar upplýsinga úr gagnagrunninum til aðildarríkjanna.

Reglugerðum nr. 2000/2725/EB og 2002/407/EB er ætlað að stuðla að því að framfylgja megi Dyflinnarsamningnum frá 15. júní 1990 sem fjallar um í hvaða aðildarríki samningsins eigi að taka umsókn útlendingis um hæli til meðferðar þegar vafi leikur á um hvar fjalla eigi um slíka umsókn. Tryggja á með samningnum að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna þannig að umsækjandi verði ekki sendur frá einu ríki til annars en ábyrgð á meðferð umsóknar hans hvergi viðurkennd.

Samkvæmt samningi við Evrópusambandið frá 19. janúar 2001 ber Íslandi að fara eftir Dyflinnarsamningnum og Evrópulöggjöf um Eurodac og eru nú ákvæði þar að lútandi í 63. og 68. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 53/2003 sem sett er af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með stoð í lögum nr. 106/2002 um sama efni.

Þeir útlendingar, sem taka á af fingraför, eru í fyrsta lagi hælisleitendur, sbr. II. kafla reglugerðar nr. 2000/2725/EB. Upplýsingum um þá á að eyða úr gagnagrunninum tíu árum eftir skráningu eða þegar hælisleitandi öðlast ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjanna, sbr. 6. og 7. gr. Í öðru lagi á að taka fingraför af útlendingum sem reyna að komast ólöglega yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins, sbr. III. kafla. Upplýsingum um þá á að eyða úr gagnagrunninum tveimur árum eftir skráningu eða þegar útlendingur fær dvalarleyfi, hefur yfirgefið landsvæði aðildarríkjanna eða fengið ríkisborgararétt, sbr. 10. gr. Og í þriðja lagi á að taka fingraför af útlendingum sem dveljast ólöglega í einhverju aðildarríkjanna, sbr. IV. kafla. Bera á fingraförin saman við fingraför hælisleitenda í gagnagrunninum og þegar því er lokið á að eyða þeim úr honum.

Um vernd upplýsinga í gagnagrunninum er fjallað í IV. kafla. Kemur þar m.a. fram að koma á í veg fyrir allan óleyfilegan aðgang að gagnagrunninum og aðra óleyfilega vinnslu, þ. á m. skráningu, sbr. 14. gr. Einnig kemur fram að skrá á allar aðgerðir í gagnagrunninum, en skráningin á að sýna tilganginn með notkun hans í hvert sinn, nákvæma tímasetningu aðgerða, hvaða upplýsingar hafa verið sendar í hann, hvaða upplýsingar hafa verið notaðar til að svara fyrirspurnum, hvaða stofnun hefur sent inn upplýsingar eða sótt þær og hvaða einstaklingur hefur verið ábyrgur, sbr. 16. gr. Þar sem einnig segir að einungis megi nota upplýsingar um ofangreind atriði til að vernda persónuupplýsingar og að þeim skuli eyða ári eftir skráningu.

Haldnir voru þrír fundir á vegum EDPS um Eurodac-gagnagrunninn í Brussel, þ.e. 6. mars, 28. júní og 19. desember, og voru þeir allir sóttir. Þar var m.a. fjallað um óskir löggæsluyfirvalda um að geta notað Eurodac-gagnagrunninn til almennra nota við löggæslu, en EDPS hefur lýst yfir andstöðu við þær hugmyndir. Einnig var fjallað um úttektir einstakra aðildarríkja á uppflettingum í gagnagrunninum með það að markmiði að kanna hvort farið væri að þeim reglum sem um hana gilda. Persónuvernd lauk þeim hluta úttektarinnar, sem varðar Ísland, í júní og komu ekki verulegir annmarkar í ljós. Fyrirhugað er að gera fleiri sameiginlegar úttektir seinna meir, en þess má geta að Persónuvernd á frumkvæðið að því ásamt norsku persónuverndarstofnuninni.

4.6.8. Um starf vinnuhóps um lögreglumál

Vinnuhópur um lögreglumál (Police Working Party) fjallar um meðferð persónuupplýsinga í samvinnu í dóms- og löggæslumálum. Hann á að fjalla um þau mál sem falla utan þeirra eftirlitsstofnana sem þegar eru til staðar, s.s. EDPS varðandi Eurodac fingrafaragagnagrunninn og JSA, sbr. umfjöllun í köflum 4.6.6 og 4.6.7 hér framar. Vinnuhópurinn hélt þrjá fundi á árinu, alla í Brussel. Fundir, sem haldnir voru 27. júní og 18. desember, voru sóttir, en fundur, sem haldinn var 17. október, var ekki sóttur. Á fundunum var m.a. fjallað um um drög að rammaákvörðun ESB um vinnslu persónuupplýsinga á sviði samstarfs í löggæslu og dómsmeðferð refsímála. Þá var fjallað um reglur svonefnds Prüm-samnings Belgíu, Þýskalands, Spánar, Frakklands, Lúxemborgar, Hollands og Austurríkis frá 27. maí 2005, en hann lýtur að skiptum löggæsluyfirvalda í aðildarríkjum samningsins á upplýsingum, þ. á m. erfðaupplýsingum. Var í júní 2007 ákveðið að gera reglur Prüm-samningsins að ESB-rétti þannig að hann yrði bindandi fyrir öll aðildarríkin. Hefur vinnuhópurinn verið gagnrýnn á bæði rammaákvörðunina og Prüm-reglurnar.

Þá hefur vinnuhópurinn verið gagnrýnn á fyrirætlanir á vegum ESB um setningu rammaákvörðunar um notkun upplýsinga um flugfarþega í löggæslutilgangi. Hinn 18. desember 2007 gaf hann út sameiginlegt álit með vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um drög að ákvörðun þar að lútandi. Álitid er mjög gagnrýnið, en sú vinnsla persónuupplýsinga, sem lýst er í drögunum, er mjög lík vinnslu bandarískra yfirvalda á sams konar upplýsingum sem hefur verið mjög umdeild. Í álitinu er nefnt að 29.-gr.-vinnuhópurinn hefur áður fjallað um öflun bandaríska yfirvalda á þeim upplýsingum (sjá álit hans nr. 2 og 5/2007 sem fjallað er um í kafla 4.6.4 hér að framan, sem og fleiri álit frá fyrri árum sem talin eru upp í umfjöllun um fyrrnefnda álitid).

Vinnuhóparnir tveir benda á að í baráttu gegn hryðjuverkum og skyldum glæpum verður að virða grundvallarréttindi og frelsi einstaklinga, þ. á m. réttinn til friðhelgi einkalífs og verndar persónuupplýsinga. Allar skerðingar á þeim rétti verði að eiga sér sterka réttlætningu og gæta verði jafnvægis á milli aðgerða til að gæta almannaöryggis og rétti til einkalífsverndar. Í þessu sambandi er bent á að drögin að rammaákvörðuninni lúta að vinnslu um milljónir einstaklinga og að reglur hennar gætu falið í sér alvarlega íhlutun í friðhelgi einkalífs þeirra.

Vikið er að tilskipun 2004/82/EB í þessu sambandi, en samkvæmt henni eiga flugfélög sem fljúga til ríkja ESB að afhenda tilteknar farþegaupplýsingar til yfirvalda til að auðvelda landamæraeftirlit og girða fyrir að fólk flytjist ólöglega til ESB-ríkja (vinnuhópur samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB fjallaði um þessa vinnslu í álit nr. 9/2006 sem reifað er í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2006, bls. 80–81). Þetta eru ekki jafnmiklar upplýsingar og samkvæmt drögum að rammaákvörðuninni. Tilskipunin lýtur að svonefndum API-upplýsingum (API: Advanced Passenger Information), þ.e. þeim upplýsingum sem koma fram í raflesanlegum hluta farmiða, en það eru almennar upplýsingar um nafn farþega, kyn, þjóðerni o.þ.h. Drögin að rammaákvörðuninni lúta hins vegar einnig að svonefndum PNR-upplýsingum (PNR: Passenger Name Record), en það eru mun ítarlegri upplýsingar sem koma fram í bókunarkerfum flugfélaga, m.a. um tölvupóstföng sem fram koma í flugbókunum, símanúmer og kreditkortanúmer.

Vinnuhóparnir telja að ekki hafi verið færð fullnægjandi rök fyrir því að API-upplýsingar nægi ekki í þágu löggæslu vegna komu flugfarþega til ESB frá ríkjum utan sambandsins. Þeir telja ekki heldur hafa komið fram hvernig PNR-upplýsingar eiga að gagnast í því sambandi. Bent er á að auk vinnslu framangreindra API-upplýsinga fer fram vinnsla persónuupplýsinga í SIS-upplýsingakerfi Schengen-svæðisins, auk þess sem fyrirhugað er að koma á svonefndu VIS-upplýsingakerfi til nota við töku ákvarðana um veitingu vegabréfsáritana (sjá umfjöllun um fyrrnefnda upplýsingakerfið í kafla 4.6.6 hér að framan og umfjöllun um álit nr. 3/2007 um hið síðarnefnda frá vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB í kafla 4.6.4). Skýra verði hvers vegna vinnsla API-upplýsinga og upplýsinga í SIS- og VIS-upplýsingakerfunum nægi ekki.

Tilgangur umræddrar vinnslu er í drögunum að rammaákvörðuninni sagður að berjast gegn hryðjuverkum og skipulögðum glæpum og muni yfirvöld í einstökum aðildarríkjum, sem safna slíkum upplýsingum frá flugfélögum, varðveita þær og senda sín á milli í því skyni. Segir í drögunum að

upplýsingarnar séu mjög mikilvægar til að meta áhættu og afla leyniþjónustupplýsinga. Vinnuhóparnir telja að skýra verði nánar hvernig upplýsingarnar nýtist með þessum hætti.

Samkvæmt drögum að ákvörðuninni mun hvert aðildarríki safna upplýsingum í eigin gagnagrunn, en þær munu berast aðildarríkjum um samevrópska upplýsingagátt. Bent er á í álitinu að framkvæmd kann að verða mismunandi eftir aðildarríkjum og því verði persónuverndarstofnanir þeirra að vinna náð saman. Þá verði að líta til ákvæða laga um vernd persónuupplýsinga.

Bent er á að eingöngu löggæslufyrirvöld ættu að koma að umræddri vinnslu. Þá segir að viðkomandi yfirvöld ættu ekki að fá beinan aðgang að bókunarkerfum flugfélaga (e. pull system) heldur ættu flugfélögin sjálf að miðla upplýsingunum til yfirvalda (e. push system). Vinnuhóparnir lýsa yfir ánægju með að fara eigi síðarnefndu leiðina og leggja áherslu á mikilvægi þess. Þá minna þeir á mikilvægi þess að í framkvæmd sé búið svo um hnúta að aldrei þurfi að fara fyrrnefndu leiðina.

Eins og fyrr segir er umrædd vinnsla mjög lík sambærilegri vinnslu í Bandaríkjunum. Vinnuhóparnir benda á hættur sem því fylgja ef ríki eiga að hafa gagnkvæman rétt á skráningu upplýsinga úr bókunarkerfum flugfélaga, en í drögum að ákvörðuninni ræðir um að alþjóðasamningar kynnu að mæla fyrir um slíkt. Ekki aðeins lýðræðisríki kunni að vilja skrá slíkar upplýsingar heldur líka einræðisstjórnir sem gætu notað þær gegn andósmönnum. Sé um að ræða ríki, þar sem spilling er mikil, sé hætta á misnotkun kreditkortaupplýsinga í flugbókunum.

Drögin að ákvörðuninni gera ráð fyrir 13 ára varðveislutíma. Vinnuhóparnir telja þann varðveislutíma fara langt fram úr því sem málefnalegt geti talist. Ekki dugi að réttlæta varðveislutímann með því að hann sé einnig langur í Bandaríkjunum, þ.e. 15 ár, enda hafi ekki verið rök fyrir því að varðveisla upplýsinga svo lengi þar í landi sé nauðsynleg (sjá umfjöllun um álit nr. 5/2007 frá vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB í kafla 4.6.4 hér að framan). Minnt er á að varðveislutími upplýsinga úr bókunarkerfum flugfélaga í Kanada er mun skemmri eða þrjú og hálf t.ár.

Þeir flokkar upplýsinga, sem fyrirhugað er að afla, eru 19 talsins, en vinnuhóparnir telja þá svo rúmt skilgreinda að í raun sé um 35 flokka upplýsinga að ræða. Eru umræddir 19 flokkar skilgreindir með sambærilegum hætti og af bandarískum stjórnvöldum (sjá áðurnefnt álit nr. 5/2007 frá vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB). Vinnuhóparnir minna á að þessum flokkum upplýsinga geta tilheyrt upplýsingar um ekki aðeins farþega heldur einnig aðra (t.d. ef annar en farþegi hefur greitt flugfar). Þeir séu ekki í aðstöðu til að gæta réttinda sinna.

Í ákveðnum upplýsingaflokkum geta verið viðkvæmar persónuupplýsingar, m.a. um uppruna, enda er spurt hvaða tungumál barn tali. Í drögum að ákvörðuninni kemur fram að viðkvæmum persónuupplýsingum á ávallt að eyða þegar þær hafa borist frá flugfélögum. Vinnuhóparnir telja hins vegar að flugfélögin eigi sjálf að hafa eyðingu slíkra upplýsinga með höndum. Þá minna vinnuhóparnir á að kanadísk yfirvöld fara ekki fram á neina flokka upplýsinga þar sem kunna að vera viðkvæmar persónuupplýsingar.

Í drögum að ákvörðuninni er vísað til ákvæða um vernd persónuupplýsinga í drögum að rammaákvörðun ESB um vinnslu persónuupplýsinga vegna samstarfs á sviði löggæslu og dómsmeðferðar refsímála. Vinnuhóparnir minna á að sú rammaákvörðun myndi aðeins taka til miðlunar upplýsinga milli löggæslustofnana ESB. Gildissviðið yrði því annað en samkvæmt drögum að rammaákvörðun um notkun upplýsinga um flugfarþega í löggæslutilgangi. Telja vinnuhóparnir því ekki nóg að gert með umræddri tilvísun og að hafa þurfi skýr ákvæði um vernd persónuupplýsinga í drögunum að síðarnefndu ákvörðuninni sjálfum. Skortur á slíkum ákvæðum sé ósættanlegur.

Minnt er á mikilvægi þess að flugfélögum sé veitt fræðsla um umrædda vinnslu, en í drögum að ákvörðuninni er að finna ákvæði þar að lútandi. Vinnuhóparnir lýsa hins vegar yfir áhyggjum af því að ekki séu ákvæði um til hverra farþegar geti snúið sér til að fá frekari upplýsingar. Þá skorti ákvæði um hvernig framfylgja eigi því að veitt sé fræðsla.

Bent er á að gæta verður víðeigandi öryggis, þ. á m. með dulkóðun upplýsinga. Einnig er vikið að mikilvægi þess að til verði tölfraði (þar sem ekki komi fram persónugreinanlegar upplýsingar) um hver virkni upplýsingakerfa með upplýsingum um flugfarþega verði. Því er fagnað að í drögum að

ákvörðuninni sé gert ráð fyrir að unnin verði slík tölfraði og bent á að líta beri til hennar við mat á því hvort hafa eigi fyrirkomulag upplýsingavinnslu óbreytt eða gera á því breytingar.

Því er fagnað að samkvæmt drögum að ákvörðuninni eigi að skoða hvort breytinga sé þörf á þeim reglum sem hún hefur að geyma. Hins vegar er bent á að í því sambandi er ekki minnst á aðkomu persónuverndarstofnana, en hún sé mikilvæg. Þá segir að framangreind skoðun ætti að fara fram árlega, auk þess sem lagt er til að sett verði ákvæði um að eftir tiltekinn tíma skuli ákvörðunin falla úr gildi.

Gagnrýnt er að aðildarríki eigi, samkvæmt drögum að ákvörðuninni, að hafa frelsi til samninga við önnur ríki um notkun upplýsinga úr bókunarkerfum flugfélaga. Slíkt geti orðið til þess að draga úr samræmingu á þessu sviði, en slík samræming sé þó markmið draganna að ákvörðuninni. Einnig telja vinnuhóparnir að hafa þurfi frekari ákvæði um samræmda framkvæmd þeirra reglna sem fram koma í drögunum. Ella geti orðið mikill munur á upplýsingakerfum einstakra aðildarríkja. Slíkt sé ekki ásættanlegt gagnvart flugfélögum og farþegum.

4.6.9. Um 29. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana

29. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Montréal í Kanada 25.-28. september. Ráðstefnuna sótti forstjóri. Á ráðstefnunni voru samþykktar fimm ályktanir. Ein þeirra varðar inntöku nýrra þátttakenda (persónuverndarstofnananna í Slóveníu, Makedóníu og Nýfundnalandi og Labrador). Önnur varðar verklag á ráðstefnum forstjóra persónuverndarstofnana. Þrjár ályktanir varða tiltekin málefni varðandi vernd persónuupplýsinga. Þær eru sem hér greinir:

Ályktun um þörf á alþjóðlegum staðli um vernd farþegaupplýsinga sem ríkisstjórnir nota til löggæslu og landamæraeftirlits. – Í ályktuninni er vísað til þess að ríkisstjórnir sækja í auknum mæli eftir farþegaupplýsingum til nota í þágu baráttu gegn hryðjuverkum, ólöglegum innflutningi fólks og öðrum afbrotum án þess að nægilega sé tekið tillit til friðhelgi einkalífs og mannréttinda farþega.

Minnt er á að friðhelgi einkalífs nýtur verndar samkvæmt 12. gr. alþjóðasáttmála um borgaraleg og stjórnarmálaleg réttindi. Hvatt er til þess að alþjóðasamtök, ríkisstjórnir og flugfélög hafi samvinnu við persónuverndarstofnanir um að koma á alþjóðlegum lausnum til að tryggja persónuvernd. Not farþegaupplýsinga í umræddu skyni verði að helgast af því að þau séu (a) nauðsynleg til að takast á við tiltekið vandamál, (b) líkleg til gagnast í því skyni, (c) í samræmi við sjónarmið um meðalhóf þegar litið sé til virkni þeirra og (d) feli í sér minni íhlutun í friðhelgi einkalífs en aðrir kostir, auk þess sem (e) reglulega sé farið yfir hvort not upplýsinganna fullnægi enn meðalhófskröfum í ljósi aðstæðna.

Í ályktuninni segir að halda eigi vinnslu farþegaupplýsinga í lágmarki; að hafa eigi skýr takmörk á því hvenær megi nota þær, birta þær eða varðveita þannig að not upplýsinga samrýmist tilganginum með öflun þeirra; að gæta verði að áreiðanleika upplýsinga; að veita verði farþegum rétt til aðgangs að upplýsingum um sig og leiðréttinga; og að með sjálfstæðum hætti verði að fara yfir hvort kröfum til vinnslu sé fullnægt. Auk þess verði m.a. að greina frá tilgangi vinnslu með gagnsæjum hætti, sjá til þess að þjóðerni farþega hafi ekki áhrif á réttindi þeirra og að flugfélög veiti þeim viðeigandi fræðslu.

Ályktun um þróun alþjóðlegra staðla. – Í ályktuninni er vísað til þess að auk þess sem löggjöf sé mikilvæg til að tryggja vernd persónuupplýsinga hafi staðlar þar einnig hlutverki að gegna. Þeir hafi gildi sem tæki til að fara að kröfum til verndar persónuupplýsinga. Þá geti þeir orðið til að samrýma þætti sem varða auðkenningu einstaklinga, notkun lífkenna og persónuvernd við notkun tölvutækni. Lýst er yfir stuðningi við þróun einkalífsverndarstaðla hjá Alþjóðastadlasamtökunum (ISO: International Standards Organisation) og því lýst yfir að persónuverndarstofnanir muni bjóða fram sérþekkingu sína í tengslum við gerð slíkra staðla. Auk þess er hvatt til að persónuverndarstofnanir einstakra ríkja styðji starf landsbundinna staðlasamtaka (hér á Íslandi Staðlaráð Íslands) og hvetji aðra, t.d. fræðimenn, félagasamtök og rannsóknarsetur, til að taka þátt í slíku starfi.

Ályktun um alþjóðasamvinnu. – Í ályktuninni er vísað til þess að fram fer alþjóðleg samvinna um persónuverndarmálefni á fleiri en einum vettvangi, bæði á alþjóðaráðstefnum forstjóra persónuverndarstofnana, sem og m.a. hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD: Organisation for Economic Co-operation and Development), Efnahagssamvinnustofnun Asíu- og Kyrrahafsríkja (APEC: Asia Pacific Economic Cooperation), ríkjum Íberíuskagans og Latnesku Ameríku, Sambandi persónuverndarstofnana frönskumælandi ríkja og vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB.


Hvatt er til þess að alþjóðasamstarf um persónuverndarmálefni verði eftt frekar, en í því felist m.a. stuðningur persónuverndarstofnana við alþjóðastofnanir. Því er fagnað að á þingi OECD í júní hafi verið samþykkt tilmæli um samvinnu yfir landamæri á sviði löggjafar um einkalífsvend. Þá er hvatt til þess að haldið sé áfram miðlun á milli persónuverndarstofnana á upplýsingum um framkvæmd löggjafar í samræmi við það sem ákveðið var á 28. alþjóðaráðstefnunni í London 2006 (e. London Initiative). Auk þess er hvatt til að frekar verði leitast við að efla meðvitund um persónuvernd, m.a. með ráðstöfunum á borð við persónuverndardag Evrópuráðsins (22. janúar ár hvert).

4.6.10. Um samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (Consultative Committee of the Convention for the Protection of Individuals with Regard to Automatic Processing of Personal Data (ETS 108) (T-PD)) hélt fund í Strassborg 15.-16. mars. Fundinn sótti Þórður Sveinsson. Á fundinum var m.a. fjallað um það efsta á baugi í hverju aðildarríki, álitafni varðandi persónuvernd í alþjóðlegum fjar-skiptakerfum, vernd persónuupplýsinga sem grundvallarmannréttindi, persónuverndardag Evrópuráðsins (22. janúar ár hvert), álitafni varðandi persónuvernd í löggæslu- og dómsmálum og alþjóðlegan gagnagrunn um lyfjanotkun í íþróttum.

Nefndin starfar á grundvelli 13. gr. Evrópusamnings nr. 108 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga sem gerður var í Strassborg 28. janúar 1981. Fullgildingarskjal Íslands vegna þessa samnings var afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins 25. mars 1991, en hann hafði verið undirritaður fyrir Íslands hönd 27. september 1982 með fyrirvara um fullgildingu. Með ályktun 17. desember 1990 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda samninginn og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 1991.

Nánari umfjöllun um starf nefndarinnar er að finna á heimasíðu Evrópuráðsins. Tengil við hana er að finna á heimasíðu Persónuverndar.



5. Lög og reglur

5.1. Lög nr. 77/2000, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 90/2001, lögum nr. 81/2002, lögum nr. 46/2003, lögum nr. 72/2003 og lögum nr. 50/2006

Lögin, eins og þau voru í árslok 2006, eru birt hér fyrir neðan og á heimasíðu stofnunarinnar (www.personuvernd.is).

I. kafli.

Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagsvæðisins.

Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Persónuupplýsingar*: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. *Vinnsla*: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
3. *Skrá*: Sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
4. *Ábyrgðaraðili*: Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
5. *Vinnsluaðili*: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
6. *[Rafræn vöktun*: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrdum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
 - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
 - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.]¹⁾

7. *Samþykki*: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
8. *Viðkvæmar persónuupplýsingar*:
 - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.
 - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknáð.
 - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
 - e. Upplýsingar um stéttarfélagasáild.
9. *Sértæk ákvörðun*: Ákvörðun sem afmarkar rétt og/eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.
¹⁾ L. 46/2003, 1. gr.

3. gr.

Efnislegt gildissvið.

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

4. gr.

[Rafræn vöktun.

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.]¹⁾

¹⁾ L. 46/2003, 2. gr.

5. gr.

Tengsl við tjáningarfrelsi.

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

6. gr.

Landfræðilegt gildissvið.

[Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, [í aðildarríki stofnsam-

ings Fríverslunarsamtaka Evrópu]¹⁾ eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.²⁾

[Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagsvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.]¹⁾

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Þegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.]³⁾

¹⁾ L. 72/2003, 5. gr. ²⁾ Augl. 638/2005, sbr. augl. 1041/2006. ³⁾ L. 90/2001, 1. gr.

II. kafli.

Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

[Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.]¹⁾

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

1. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
2. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

[Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.]¹⁾

¹⁾ L. 90/2001, 2. gr.

8. gr.

[Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.]¹⁾

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. [hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.]¹⁾
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er mið-

að til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

...²⁾

[Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírátt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.]¹⁾

¹⁾ L. 90/2001, 3. gr. ²⁾ L. 46/2003, 3. gr.

9. gr.

[Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.]¹⁾

[Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:]¹⁾

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

[Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknad en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.]²⁾

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í [1. og 2. mgr.]²⁾ telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkið þess er óskað.

Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.

¹⁾ L. 90/2001, 4. gr. ²⁾ L. 81/2002, 1. gr.

10. gr.

Notkun kennitölu.

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

11. gr.

[Áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur¹⁾ og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.]²⁾

¹⁾ Rgl. 299/2001. ²⁾ L. 90/2001, 5. gr.

12. gr.

Innra eftirlit.

[Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli¹⁾ um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.]²⁾

¹⁾ Rgl. 299/2001. ²⁾ L. 90/2001, 6. gr.

13. gr.

[Trúnaðarskylda vinnsluadila við meðferð persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því

skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu¹⁾ í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.]²⁾

[Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.]³⁾

¹⁾ Augl. 638/2005, sbr. augl. 1041/2006. ²⁾ L. 90/2001, 7. gr. ³⁾ L. 72/2003, 6. gr.

14. gr.

Frestur til að fullnægja skyldum.

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

15. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af dómsmálaráðherra með reglugerð.

III. kafli.

Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda. Fræðslu- og viðvörðunarskylda. Réttur til rökstuðnings.

16. gr.

Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;

5. hvaðan upplýsingar koma;
6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til hverra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegrar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

17. gr.

Opinber skrá um veittar heimildir og mótteknar tilkynningar.

Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

18. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

19. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfraeðivinnslu eða vísindarannsóknna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tilteknar upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar.

Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.

20. gr.

[Fræðsluskýlda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki,
 - c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1.mgr.]¹⁾

¹⁾ L. 81/2002, 2. gr.

21. gr.

[Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætlun ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
 - b. hvaðan upplýsingarnar koma,
 - c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirnri má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða

4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.]]¹⁾
1) L. 81/2002, 3. gr.

22. gr.

Rökstuðningur sértækra ákvarðana sem byggjast á sjálfvirkri upplýsingavinnslu.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

23. gr.

Viðvaranir um notkun persónusníða.

Þegar persónusníð sem skilgreinir tiltekið hátterni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. eða
2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv., getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörðun er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngrri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

24. gr.

Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannaþæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

IV. kafli.

Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.

25. gr.

Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

26. gr.

Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlætanlegt út frá heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra

persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröf-
unni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notk-
un slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

27. gr.

Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkri vinnslu upplýsinga.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri
vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðun beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum
hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónu-
lega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuvernd-
arhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirmælum laga eða tengist gerð
eða efndum samnings.

28. gr.

[[Um andmálarétt hins skráða og um bannskrá Þjóðskrár.]¹⁾

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lög-
mætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum
lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

[Þjóðskrá skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetn-
ingarstarfsemi. Dómsmálaráðherra setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur²⁾ um gerð og
notkun slíkrar skrár og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.]¹⁾ Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni
markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og
þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er
notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá [Þjóðskrár] til að koma í veg fyrir að markpóstur
verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað
undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir
sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á
að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grund-
vallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin
viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur. [Ef markpóstur er sendur
með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er móttækinn að um
slíkan póst sé að ræða.]³⁾

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda féлага-, starfsmanna eða viðskiptamannaskrár til nota í
tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum
fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við [Þjóð-
skrá,]¹⁾ sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota
við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.]⁴⁾

¹⁾ L. 50/2006, 23. gr. ²⁾ Rgl. 36/2005 ³⁾ L. 30/2002, 23. gr. ⁴⁾ L. 90/2001, 8. gr.

V. kafli.

Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

29. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir¹⁾] í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.]²⁾

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana sem viðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

¹⁾ Augl. 638/2005, sbr. augl. 1041/2006. ²⁾ L. 90/2001, 9. gr.

30. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða
3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða
4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða
5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða,
7. [ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur,
8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að]¹⁾

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. [Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnununin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyriræli um flutning persónuupplýsinga úr landi.]¹⁾

¹⁾ L. 90/2001, 10. gr.

VI. kafli. Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.

31. gr. *Tilkynningarskylda.*

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu.

Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða.

¹⁾ Rgl. 698/2004, sbr. rgl. 836/2006 og rgl. 1042/2006.

32. gr. *Efni tilkynninga.*

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. [hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.]¹⁾

Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli²⁾ um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfræst eftir tegund og eðli vinnslu.

¹⁾ L. 81/2002, 4. gr. ²⁾ Rgl. 698/2004, sbr. rgl. 836/2006 og rgl. 1042/2006

33. gr. *Leyfisskyld vinnsla.*

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið¹⁾ að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu

sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið²⁾ að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

¹⁾ Rgl. 698/2004, sbr. rgl. 836/2006 og rgl. 1042/2006 ²⁾ Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 157/2003.

34. gr.

Forsendur leyfisveitingar o.fl.

Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögnum eða fyrirmælum Persónuverndar.

Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

35. gr.

Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

1. hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögnum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
2. hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
3. hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
4. hvort skipulagt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar, innan þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;
5. hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagnarskyldu um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

VII. kafli.
Eftirlit og viðurlög.

36. gr.

Skipulag Persónuverndar og stjórnýsla.

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir dómsmálaráðherra.

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar.

Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

37. gr.

Verkefni Persónuverndar.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna]¹⁾ Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,²⁾
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,
3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitæfni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,³⁾
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum

fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.

[Persónuvernd setur reglur⁴⁾ um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.]⁵⁾

¹⁾ L. 90/2001, 11. gr. ²⁾ Rgl. 340/2003. ³⁾ Augl. 1001/2001. ⁴⁾ L. 837/2006. ⁵⁾ L. 81/2005, 5. gr.

38. gr.

Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.

Persónuvernd getur krafðið ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

39. gr.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

40. gr.

Stöðvun vinnslu o.fl.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráð eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Viðmat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a. taka tillit til þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Sinni aðili ekki fyrirmælum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

41. gr.
Dagsektir.

Ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

42. gr.
Refsingar.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.
Bætur.

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga þessara, reglna eða fyrirmæla Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluaðila.

VIII. kafli.
Lagatengsl, gildistaka o.fl.

44. gr.
Tengsl við ákvæði annarra laga.

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnýslulögum.

45. gr.
Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstéttum.

Í reglugerð¹⁾ skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluaðila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvörðunarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr. um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfisskylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð²⁾ mæla nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnárítanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

¹⁾ Rg. 246/2001. ²⁾ Rg. 322/2001, sbr. 926/2004

46. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001. . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

[...]